

# Stjórnartíðindi

## 1949 - A-deild

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

### Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

### Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

### Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

### Athugasemdir um þessa útgáfu

Gallar á bls. 78, 118, og 209.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

# STJÓRNARTÍÐINDI

1949

A-DEILD



REYKJAVÍK 1949  
RÍKISPRENTSMÍÐJAN GUTENBERG





# Efnisyfirlit.

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
1	26. jan.	Lög um veitingu ríkisborgararéttar .....	1
2	13. febr.	Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda .....	1
3	14. febr.	Lög um samkomudag reglulegs Alþingis 1949 .....	2
4	S. d.	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa innflutning á síldarbræðsluskipti .....	2
5	22. febr.	Lög um kjötmat o. fl. ....	3—6
6	23. febr.	Lög um afnám laga nr. 54 31. maí 1927, um breyting á lögum nr. 30 20. október 1913, um umboð þjóðjarða	6—7
7	24. febr.	Forsetabréf um heiðursmerki Rauðakross Íslands ....	7—8
8	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 42 5. apríl 1948, um útflutning og innflutning á íslenskum og erlendum gjaldeyri .....	8
9	26. febr.	Lög um breyting á lögum nr. 64 23. júní 1932, um kirkjugarða .....	9
10	28. febr.	Lög um framlenging á gildi laga nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h.f. Eimskipafélags Íslands .....	9
11	8. marz	Lög um afhending skyldueintaka til bókasafna .....	10—11
12	14. marz	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja f. h. ríkissjóðs lóð á horni Þverholts og Stakkholts í lög-sagnarumdæmi Reykjavíkur .....	11
13	16. marz	Lög um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenzkra berklasjúklinga .....	12
14	S. d.	Lög um breyting á lögum frá 29. des. 1948, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1949 með viðauka .....	12—13
15	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 59 7. maí 1946, um sérstakar fyrningarafskriftir .....	13
16	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 6 9. janúar 1935, um tekju-skatt og eignarskatt .....	13—14
23	21. marz	Auglýsing um framboð og kjör forseta Íslands .....	28
17	22. marz	Lög um bæjarstjórn í Keflavík .....	14—18
18	S. d.	Lög um kyrrsetningu og lögbann .....	18—26
19	S. d.	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja landræmu úr Öskjuholtslandi í Landsveit .....	26

## IV

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
20	22. marz	Lög um viðauka við lög nr. 128/1947, um dýrtíðar-ráðstafanir .....	26
21	S. d.	Lög um sölu á steinolíu, hráolíu, benzíni og smurningsolíu .....	27
22	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 112/1941, um lax- og silungsveiði .....	28
32	30. marz	Auglýsing varðandi gengistryggingarsamning milli Íslands og Frakklands .....	36
69	13. apríl	Auglýsing um vegabréfsáritanir til hernámssvæða vesturveldanna í Þýzkalandi .....	201
75	19. apríl	Auglýsing um afnám vegabréfsáritana .....	206
24	20. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 33 12. febr. 1945, um breyting á lögum nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl. ....	29
25	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur .....	29
26	3. maí	Lög um hvalveiðar .....	30—31
27	S. d.	Lög um breyting á framfærslulögum nr. 80/1947 ....	32
28	S. d.	Lög um veitingu ríkisborgararéttar .....	32—34
29	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 20 20. maí 1942 um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt .....	34
30	6. maí	Lög um breyting á lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki .....	35
31	9. maí	Lög um breyting á lögum nr. 42 1948, um útflutning og innflutning á íslenskum og erlendum gjaldeyri ....	35—36
34	16. maí	Lög um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins .....	39
35	S. d.	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Hafnarhreppi Þjóðjörðina Hafnarnes .....	40
36	17. maí	Bréf handhafa valds forseta Íslands um þinglausnir	40
63	S. d.	Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands .....	196
64	20. maí	Auglýsing um samning milli Íslands og alþjóðaflugmálastofnunarinnar varðandi flugþjónustu .....	196
37	23. maí	Lög um eignarnámsheimild fyrir Siglufjarðarkaupstað á jörðunum Efri-Skútu og Neðri-Skútu í Siglufirði	41
38	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 28 18. febr. 1943, um stækkun lögsagnarumdæmis Neskaupstaðar .....	41
40	S. d.	Lög um áburðarverksmiðju .....	118—120
42	S. d.	Erfðalög .....	136—141
43	S. d.	Lög um innflutning og úthlutun jeppabifreiða til landbúnaðarþarfa o. fl. ....	141—144
39	25. maí	Fjárlög fyrir árið 1949 .....	42—117
41	S. d.	Lög um gildistöku alþjóðasamnings um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa .	120—136
44	S. d.	Lög um Landsbókasafn .....	144—145
45	S. d.	Fjáraukalög fyrir árið 1945 .....	146—157

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
46	25. maí	Lög um iðnfræðslu .....	157—162
47	S. d.	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka á móti og ráðstafa framlögum samkvæmt áætlun um fjárhagslega viðreisn Evrópu .....	163
48	S. d.	Lög um hlutatryggingasjóð bátaútsvegsins .....	163—166
49	S. d.	Lög um breyting á lögum um menntaskóla, nr. 58 frá 7. maí 1946 .....	167
50	S. d.	Lög um viðauka við lög nr. 109 31. des. 1945, um togarakaup ríkisins .....	167—168
51	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, og lögum nr. 35 12. febr. 1940, um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir .....	168
52	S. d.	Lög um fiskiðjuver ríkisins í Reykjavík .....	169—170
53	S. d.	Lög um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 56/1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús .....	170—171
54	S. d.	Lög um Laxárvirkjunina .....	171—173
55	S. d.	Lög um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra .	173—175
56	S. d.	Lög um eyðingu refa og minka .....	176—178
57	S. d.	Lög um nauðungaruppböð .....	178—191
58	S. d.	Lög um breyting á raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946	192
59	S. d.	Lög um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1945. ....	193—194
60	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt .....	194
61	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 37 29. apríl 1946, um áhrif kjötverðs á framfærsluvisitölu .....	195
62	S. d.	Lög um eignarnám á lóðum vegna bygginga fyrir Menntaskólann í Reykjavík .....	195—196
65	S. d.	Auglýsing um afnám vegabréfsáritana .....	197
68	S. d.	Lög um bifreiðaskatt o. fl. ....	198—200
66	30. maí	Auglýsing um staðfestingu alþjóðasamnings varðandi loftflutninga milli landa .....	197
67	31. maí	Auglýsing um viðbótarsamning milli Íslands og Póllands .....	197—198
70	S. d.	Auglýsing um viðskiptasamning milli Íslands og Finnlands .....	201—202
71	S. d.	Auglýsing um viðskiptasamning milli Íslands og Bretlands 1949 .....	202
76	S. d.	Auglýsing um viðskiptasamning milli Íslands og Tékkóslóvakíu .....	206
77	S. d.	Auglýsing um viðskiptasamning milli Íslands og Hollands .....	206—208
72	29. júní	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 85 15. desember 1948, um aðstoð til útvegsmanna, er sildveiðar stunduðu sumarið 1948 .....	203
78	S. d.	Tilskipun um viðauka við tilskipun nr 8 11. apríl 1933, um alþjóðlegar sjóferðareglur, sem fylgt skal á islenzkum skipum .....	209

## VI

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðatal
73	2. júlí	Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 100 29. desember 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna	204
74	S. d.	Bráðabirgðalög um togarakaup ríkisins	204—205
79	9. júlí	Auglýsing um viðskiptasamning milli Íslands og Danmerkur	210—211
86	20. júlí	Auglýsing um viðskiptasamkomulag milli Íslands og Svíþjóðar	215
81	21. júlí	Auglýsing um, að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum	212
88	22. júlí	Lög um innflutningsbann á niðursoðinni mjólk og þurrmjólk	216
80	29. júlí	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 30 1. febrúar 1936, um breyting á lögum og viðauka við siglingalög nr. 56 30. nóvember 1914	212
93	4. ágúst	Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 15 8. marz 1948, um innflutning búfjár	218—219
84	12. ágúst	Forsetabréf um þingrof	214
85	S. d.	Forsetabréf um kosningar til Alþingis	215
98	S. d.	Bráðabirgðalög um heimild fyrir ríkisstjórnina að ábyrgjast allt að 2 500 000 króna lán til útgerðarmanna, er stunduðu sildveiðar á þessu sumri	228—229
82	16. ágúst	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 3 14. febrúar 1949, um samkomudag reglulegs Alþingis 1949	213
83	S. d.	Bráðabirgðalög um breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 80 7. sept. 1942	213—214
87	19. ágúst	Auglýsing um framlengingu gengistryggingarsamnings milli Íslands og Frakklands	215
89	28. ágúst	Auglýsing varðandi ferðalög milli Íslands og Saar	216
91	21. sept.	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 56 7. maí 1946 um breyting á lögum nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis	217
92	S. d.	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 51/1940, um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi	218
94	S. d.	Tilskipun um að vernd sú, sem heimilud er fyrir vörumerki með lögum 13. nóv. 1903, skuli einnig ná til Hollands	220
97	S. d.	Auglýsing um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 47 frá 30. júní 1942	226—228
95	27. sept.	Auglýsing um fullgildingu alþjóðasamnings um ráðstafanir gegn hópmorðum	221
96	11. okt.	Auglýsing um fullgildingu Norður-Atlantshafssamningsins	221—225
99	28. okt.	Bráðabirgðalög um framkvæmd gildandi viðskiptasamninga milli Íslands og Póllands	229—230
102	2. nóv.	Auglýsing um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 47 30. júní 1942, fyrir Háskóla Íslands	234—235

## VII

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
100	3. nóv.	Auglýsing um Norðurlandasamning um gagnkvæma veitingu ellilífeyris .....	230—233
101	8. nóv.	Forsetabréf um að reglulegt Alþingi 1949 skuli koma saman til fundar mánudaginn 14. nóvember 1949 ..	233
104	12. nóv.	Auglýsing um viðskiptasamning milli Íslands og Frakklands .....	236—238
103	29. nóv.	Forsetabréf um breyting á forsetabréfi 11. júlí 1944, um hina íslenzku fálkaorðu .....	235
105	6. des.	Forsetaúrskurður um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl. ....	239—240
106	14. des.	Auglýsing um afnám vegabréfsáritana .....	240
107	30. des.	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1950 með viðauka .....	241
108	S. d.	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1950 .....	241
109	S. d.	Lög um bæjarstjórn á Húsavík .....	242—245
110	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 61 31. maí 1947, um váttryggingarfélag fyrir fiskiskip .....	245—246
111	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 8 1944, um breyting á lögum nr. 44/1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna .....	246
112	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 98 9. júlí 1941, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna .....	247
113	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 60 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum .....	247
114	S. d.	Lög um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1950 .....	248
115	S. d.	Lög um framlengingu heimilda í lögum nr. 92 29. des. 1948, um viðauka við lög nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar .....	248
116	S. d.	Lög um framlenging á III. kafla laga nr. 100 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna .....	249
117	S. d.	Lög um tekjuskattsviðauka 1950 .....	249—250

# Yfirlit

## eftir stafrófsröð.

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
<b>Áburðarverksmiðja.</b>			
40	23. maí	Lög um áburðarverksmiðju .....	118—120
<b>Almannatryggingar.</b>			
115	30. des.	Lög um framlengingu heimilda í l. nr. 92 29. des. 1948, um viðauka við lög nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar .....	248
<b>Alþingi, alþingiskosningar.</b>			
2	13. febr.	Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda .....	1
3	14. febr.	Lög um samkomudag reglulegs Alþingis 1949 .....	2
36	17. maí	Bréf handhafa valds forseta Íslands um þinglausnir ..	40
84	12. ágúst	Forsetabréf um þingrof .....	214
85	S. d.	Forsetabréf um kosningar til Alþingis .....	215
82	16. ágúst	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 3 14. febrúar 1949, um samkomudag reglulegs Alþingis 1949 ..	213
83	S. d.	Bráðabirgðalög um breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 80 7. sept. 1942 .....	213—214
91	21. sept.	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 56 7. maí 1946 um breyting á lögum nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis .....	217
101	8. nóv.	Forsetabréf um að reglulegt Alþingi 1949 skuli koma saman til fundar mánudaginn 14. nóvember 1949 ..	233
<b>Bátaútvegur, sjá fiskveiðar.</b>			
<b>Benzínsala.</b>			
21	22. marz	Lög um sölu á steinolíu, hráolíu, benzíni og smurningsolíu .....	27
<b>Berklasjúklingar.</b>			
13	16. marz	Lög um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenzkra berkla-sjúklinga .....	12

## IX

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
		<b>Bifreiðar.</b>	
68	25. maí	Lög um bifreiðaskatt o. fl. ....	198—200
		<b>Bókasöfn.</b>	
11	8. marz	Lög um afhending skyldueintaka til bókasafna .....	10—11
		<b>Bæjarmálefni.</b>	
17	22. marz	Lög um bæjarstjórn í Keflavík .....	14—18
38	23. maí	Lög um breyting á lögum nr. 28 18. febr. 1943, um stækkun lögsagnarumdæmis Neskaupstaðar .....	41
109	30. des.	Lög um bæjarstjórn á Húsavík .....	242—245
		<b>Drykkjumannahæli.</b>	
55	25. maí	Lög um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra ..	173—175
		<b>Dýrtíðarráðstafanir.</b>	
20	22. marz	Lög um viðauka við lög nr. 128/1947, um dýrtíðar-ráðstafanir .....	26
73	2. júlí	Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 100 29. desember 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna .....	204
112	30. des.	Lög um breyting á lögum nr. 98 9. júlí 1941, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna .....	247
116	S. d.	Lög um framlenging á III. kafla laga nr. 100 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna .....	249
		<b>Eignarnám</b>	
37	23. maí	Lög um eignarnámsheimild fyrir Siglufjarðarkaupstað á jörðunum Efri-Skútu og Neðri-Skútu í Siglufirði .....	41
		<b>Eimskipafélag Íslands.</b>	
10	28. febr.	Lög um framlenging á gildi laga nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands .....	9
		<b>Erfðalög.</b>	
42	23. maí	Erfðalög .....	136—141
		<b>Fálkaorðan, sjá heiðursmerki.</b>	
		<b>Fiskveiðar, fiskiðjuver.</b>	
48	25. maí	Lög um hlutatryggingasjóð bátatúvegsins .....	163—166
50	S. d.	Lög um viðauka við lög nr. 109 31. des. 1945, um togara-kaup ríkisins .....	167—168
52	S. d.	Lög um fiskiðjuver ríkisins í Reykjavík .....	169—170
72	29. júní	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 85 15. desember 1948, um aðstoð til útvegsmanna, er síldveiðar stunduðu sumarið 1948 .....	203
74	2. júlí	Bráðabirgðalög um togarakaup ríkisins .....	204—205



Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðatal
98	12. ágúst	Bráðabirgðalög um heimild fyrir ríkisstjórnina að ábyrgjast allt að 2 500 000 króna lán til útgerðarmanna, er stunduðu síldveiðar á þessu sumri .....	228—229
<b>Fjárlög, fjárukalög o. fl.</b>			
39	25. maí	Fjárlög fyrir árið 1949 .....	42—117
45	S. d.	Fjárukalög fyrir árið 1945 .....	146—157
47	S. d.	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka á móti og ráðstafa framlögum samkvæmt áætlun um fjárhagslega viðreisn Evrópu .....	163
114	30. des.	Lög um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1950 .....	248
<b>Flugmál.</b>			
64	20. maí	Auglýsing um samning milli Íslands og alþjóðaflugmálastofnunarinnar varðandi flugþjónustu .....	196
41	25. maí	Lög um gildistöku alþjóðasamnings um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa .....	120—136
66	30. maí	Auglýsing um staðfestingu alþjóðasamnings varðandi loftflutninga milli landa .....	197
<b>Framfærslulög.</b>			
27	3. maí	Lög um breyting á framfærslulögum nr. 80/1947 ....	32
<b>Framfærsluvísitala.</b>			
61	25. maí	Lög um breyting á lögum nr. 37 29. apríl 1946, um áhrif kjötverðs á framfærsluvísitölu .....	195
<b>Fyrningarafskriftir</b>			
15	16. marz	Lög um breyting á lögum nr. 59 7. maí 1946, um sérstakar fyrningarafskriftir .....	13
<b>Gjaldeyrismál.</b>			
8	24. febr.	Lög um breyting á lögum nr. 42 5. apríl 1948, um útflutning og innflutning á íslenskum og erlendum gjaldeyri .....	8
31	9. maí	Lög um breyting á lögum nr. 42 1948, um útflutning og innflutning á íslenskum og erlendum gjaldeyri .....	35—36
32	30. marz	Auglýsing varðandi gengistryggingarsamning milli Íslands og Frakklands .....	36
87	19. ágúst	Auglýsing um framlengingu gengistryggingarsamnings milli Íslands og Frakklands .....	215
92	21. sept.	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 51/1940, um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi ....	218
<b>Hafnarmál.</b>			
25	20. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur .....	29

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðatal
<b>Hafnarnes, sjá söluheimild.</b>			
<b>Háskólinn.</b>			
97	21. sept.	Auglýsing um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 47 frá 30. júní 1942 .....	226—228
102	2. nóv.	Auglýsing um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 47 30. júní 1942, fyrir Háskóla Íslands	234—235
<b>Heiðursmerki.</b>			
7	24. febr.	Forsetabréf um heiðursmerki Rauðakross Íslands ..	7—8
103	29. nóv.	Forsetabréf um breyting á forsetabréfi 11. júlí 1944, um hina islenzku fálkaorðu .....	235
<b>Heilbrigðismál.</b>			
24	20. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 33 12. febr. 1945, um breyting á l. nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl.	29
51	25. maí	Lög um breyting á lögum nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, og lögum nr. 35 12. febr. 1940, um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir ....	168
111	30. des.	Lög um breyting á lögum nr. 8/1944, um breyting á lögum nr. 44/1932, um skipun læknishéraða, verk-svið landlæknis og störf héraðslækna .....	246
<b>Hlutatryggingasjóður, sjá fiskveiðar.</b>			
<b>Hópmorð, sjá milliríkjasamningar.</b>			
<b>Húsavík.</b>			
109	S. d.	Lög um bæjarstjórn á Húsavík .....	242—245
<b>Hvalveiðar.</b>			
26	3. maí	Lög um hvalveiðar .....	30—31
<b>Iðnfræðsla.</b>			
46	25. maí	Lög um iðnfræðslu .....	157—162
<b>Innflutningsbann.</b>			
88	22. júlí	Lög um innflutningsbann á niðursoðinni mjólk og þurrmjólk .....	216
<b>Jeppabílar.</b>			
43	23. maí	Lög um innflutning og úthlutun jeppabíreiða til land-búnaðarþarfa o. fl. ....	141—144
<b>Keflavík.</b>			
17	22. marz	Lög um bæjarstjórn í Keflavík .....	14—18

## XII

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
9	26. febr.	<b>Kirkjugarðar.</b> Lög um breyting á lögum nr. 64 23. júní 1932, um kirkju- garða .....	9
		<b>Kjötmat, sjá landbúnaður.</b>	
18	22. marz	<b>Kyrrsetning og lögbann.</b> Lög um kyrrsetningu og lögbann .....	18—26
		<b>Landbúnaður.</b>	
2	22. febr.	Lög um kjötmat o. fl. ....	3—6
43	23. maí	Lög um innflutning og úthlutun jeppabifreiða til land- búnaðarþarfa o. fl. ....	141—144
88	22. júlí	Lög um innflutningsbann á niðursoðinni mjólk og þurr- mjólk .....	216
93	4. ágúst	Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 15 8. marz 1948, um innflutning búfjár .....	218—219
		<b>Landsbókasafn.</b>	
44	25. maí	Lög um Landsbókasafn .....	144—145
		<b>Laxárvirkjun, sjá rafmagn.</b>	
		<b>Laxveiði, sjá veiði.</b>	
		<b>Lendingarbætur.</b>	
25	20. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafn- argerðir og lendingarbætur .....	29
		<b>Lóðarsala.</b>	
12	14. marz	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja f. h. ríkissjóðs lóð á horni Þverholts og Stakkholts í lög- sagnarumdæmi Reykjavíkur .....	11
		<b>Loftflutningar, sjá flugmál.</b>	
		<b>Læknishéruð, sjá heilbrigðismál.</b>	
		<b>Lögbann, sjá kyrrsetning.</b>	
		<b>Meindýr.</b>	
56	25. maí	Lög um eyðingu refa og minka .....	176—178
		<b>Menntaskólar.</b>	
49	S. d.	Lög um breyting á lögum um menntaskóla nr. 58 frá 7. maí 1946 .....	167
62	S. d.	Lög um eignarnám á lóðum vegna bygginga fyrir Menntaskólann í Reykjavík .....	195—196

## XIII

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
<b>Milliríkjasamningar.</b>			
32	30. marz	Auglýsing varðandi gengistryggingarsamning milli Íslands og Frakklands .....	36
67	31. maí	Auglýsing um viðbótarsamning milli Íslands og Póllands .....	197—198
70	S. d.	Auglýsing um viðskiptasamning milli Íslands og Finnlands .....	201—202
71	S. d.	Auglýsing um viðskiptasamning milli Íslands og Bretlands 1949 .....	202
76	S. d.	Auglýsing um viðskiptasamning milli Íslands og Tékkóslóvakíu .....	206
77	S. d.	Auglýsing um viðskiptasamning milli Íslands og Hollands .....	206—208
79	9. júlí	Auglýsing um viðskiptasamning milli Íslands og Danmerkur .....	210—211
86	20. júlí	Auglýsing um viðskiptasamkomulag milli Íslands og Svíþjóðar .....	215
87	19. ágúst	Auglýsing um framlengingu gengistryggingarsamnings milli Íslands og Frakklands .....	215
94	21. sept.	Tilskipun um að vernd sú, sem heimiluð er fyrir vörumerki með lögum 13. nóv. 1903, skuli einnig ná til Hollands .....	220
95	27. sept.	Auglýsing um fullgildingu alþjóðasamnings um ráðstafanir gegn hóp morðum .....	221
96	11. okt.	Auglýsing um fullgildingu Norður-Atlantshafssamningsins .....	221—225
99	28. okt.	Bráðabirgðalög um framkvæmd gildandi viðskiptasamninga milli Íslands og Póllands .....	229—230
100	3. nóv.	Auglýsing um Norðurlandasamning um gagnkvæma veitingu ellilífeyris ..	230—233
104	12. nóv.	Auglýsing um viðskiptasamning milli Íslands og Frakklands .....	236—238
<b>Minkar.</b>			
56	25. maí	Lög um eyðingu refa og minka .....	176—178
<b>Mjól, sjá innflutningsbann.</b>			
<b>Nauðungaruppboð.</b>			
57	S. d.	Lög um nauðungaruppboð .....	178—191
<b>Neskaupstaður.</b>			
38	23. maí	Lög um breyting á lögum nr. 28 18. febr. 1943, um stækkun lögsagnarumdæmis Neskaupstaðar .....	41
<b>Olíusala.</b>			
21	22. marz	Lög um sölu á steinolíu, hráolíu, benzíni og smurningsolíu .....	27

## XIV

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
		<b>Orkuver, sjá rafmagn.</b>	
		<b>Prentsmiðjur.</b>	
11	8. marz	Lög um afhending skyldueintaka til bókasafna . . . . .	10—11
		<b>Rafmagn.</b>	
34	16. maí	Lög um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagns- veitna ríkisins . . . . .	39
54	25. maí	Lög um Laxárvirkjunina . . . . .	171—173
58	S. d.	Lög um breyting á raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946	192
		<b>Rauðikross Íslands.</b>	
7	24. febr.	Forsetabréf um heiðursmerki Rauðakross Íslands . . . .	7—8
		<b>Refir og minkar.</b>	
56	25. maí	Lög um eyðingu refa og minka . . . . .	176—178
		<b>Ríkisábyrgð.</b>	
72	29. júní	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 85 15. desem- ber 1948, um aðstoð til útvegsmanna, er sildveiðar stunduðu sumarið 1948 . . . . .	203
98	12. ágúst	Bráðabirgðalög um heimild fyrir ríkisstjórnina að ábyrgjast allt að 2 500 000 króna lán til útgerðar- manna, er stunduðu sildveiðar á þessu sumri . . . . .	228—229
		<b>Ríkisborgararéttur.</b>	
1	26. jan.	Lög um veitingu ríkisborgararéttar . . . . .	1
28	3. maí	Lög um veitingu ríkisborgararéttar . . . . .	32—34
		<b>Ríkisreikningur.</b>	
59	25. maí	Lög um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1945	193—194
		<b>Ríkisstjórn.</b>	
23	21. marz	Auglýsing um framboð og kjör forseta Íslands . . . . .	28
63	17. maí	Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands . . . . .	196
81	21. júlí	Auglýsing um, að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstórfum . . . . .	212
105	6. des.	Forsetaúrskurður um skipun og skipting starfa ráð- herra o. fl. . . . .	239—240
		<b>Saar, sjá utanferðir.</b>	
		<b>Siglingar, skip.</b>	
78	29. júní	Tilskipun um viðauka við tilskipun nr. 8 11. apríl 1933, um alþjóðlegar sjóferðareglur, sem fylgt skal á ís- lenzkum skipum . . . . .	209
80	29. júlí	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 30 1. febrúar	

XV

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðatal
110	30. des.	1936, um breyting á lögum og viðauka við siglingalög, nr. 56 30. nóvember 1914 ..... Lög um breyting á lögum nr. 61 31. maí 1947, um vátryggingarfélag fyrir fiskiskip .....	212 245—246
<b>Síld.</b>			
4	14. febr.	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa innflutning á síldarbræðsluskipi .....	2
72	29. júní	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 85 15. desember 1948, um aðstoð til útvegsmanna, er síldveiðar stunduðu sumarið 1948 .....	203
98	12. ágúst	Bráðabirgðalög um heimild fyrir ríkisstjórnina að ábyrgjast allt að 2 500 000 króna lán til útgerðarmanna, þer stunduðu síldveiðar á þessu sumri ....	228—229
<b>Sjúkrahús.</b>			
24	20. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 33 12. febr. 1945, um breyting á lögum nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl. ....	29
<b>Skattar, tollar.</b>			
10	28. febr.	Lög um framlenging á gildi laga nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands .....	9
14	16. marz	Lög um breyting á lögum frá 29. des. 1948, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1949 með viðauka .....	12—13
16	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 6 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt .....	13—14
20	22. marz	Lög um viðauka við lög nr. 128/1947, um dýrtíðarráðstafanir .....	26
29	3. maí	Lög um breyting á lögum nr. 20 20. maí 1942, um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt .....	34
53	25. maí	Lög um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 56/1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús .....	170—171
60	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt .....	194
68	S. d.	Lög um bifreiðaskatt o. fl. ....	198—200
73	2. júlí	Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 100 29. desember 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna .....	204
107	30. des.	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1950 með viðauka .....	241
108	S. d.	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1950 .....	241
112	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 98 9. júlí 1941, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna .....	247

## XVI

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
113	30. des.	Lög um breyting á lögum nr. 60 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum .....	247
116	S. d.	Lög um framlenging á III. kafla laga nr. 100 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna .....	249
117	S. d.	Lög um tekjuskattsviðauka 1950 .....	249—250
<b>Skólamál.</b>			
49	25. maí	Lög um breyting á lögum um menntaskóla, nr. 58 frá 7. maí 1946 .....	167
62	S. d.	Lög um eignarnám á lóðum vegna bygginga fyrir Menntaskólann í Reykjavík .....	195—196
<b>Söluheimild.</b>			
12	14. marz	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja f. h. ríkissjóðs lóð á horni Þverholts og Stakkholts í lög-sagnarumdæmi Reykjavíkur .....	11
19	22. marz	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja landræmu úr Öskjuholtslandi í Landsveit .....	26
35	16. maí	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Hafnarhreppi Þjóðjörðina Hafnarnes .....	40
<b>Tóbakseinkasala.</b>			
30	6. maí	Lög um breyting á lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki .....	35
<b>Togarakaup, sjá fiskveiðar.</b>			
<b>Utanferðir.</b>			
89	28. ágúst	Auglýsing varðandi ferðalög milli Íslands og Saar ..	216
<b>Útvegsmenn, sjá ríkisábyrgð.</b>			
<b>Vátryggingarfélög.</b>			
110	30. des.	Lög um breyting á lögum nr. 61 31. maí 1947, um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip .....	245—246
<b>Vegabréf.</b>			
69	13. apríl	Auglýsing um vegabréfsáritanir til hernámssvæða vesturveldanna í Þýzkalandi .....	201
75	19. apríl	Auglýsing um afnám vegabréfsáritana .....	206
65	25. maí	Auglýsing um afnám vegabréfsáritana .....	197
106	14. des.	Auglýsing um afnám vegabréfsáritana .....	240
<b>Veiði.</b>			
22	22. marz	Lög um breyting á lögum nr. 112/1941, um lax- og silungsveiði .....	28

## XVII

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
<b>Vöruhappdrætti.</b>			
13	16. marz	Lög um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenzkra berklasjúklinga .....	12
<b>Vörumerki.</b>			
94	21. sept.	Tilskipun um að vernd sú, sem heimiluð er fyrir vöru-merki með lögum 13. nóv. 1903, skuli einnig ná til Hollands .....	220
<b>Þjóðjarðir.</b>			
6	23. febr.	Lög um afnám laga nr. 54 31. maí 1927, um breyting á lögum nr. 30 20. október 1913, um umboð þjóðjarða	6—7
35	16. maí	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Hafnarhreppi þjóðjörðina Hafnarnes .....	40
<b>Þjóðleikhús.</b>			
53	25. maí	Lög um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 56/1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús .....	170—171
<p>Þurrmjólk, sjá innflutningsbann.</p> <p>Þverholt og Stakkholt, sjá söluheimild.</p> <p>Öskjuholtsland, sjá söluheimild.</p>			





**L Ö G****um veitingu ríkisborgararéttar.**

1

26. jan.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Með lögum þessum er islenzkur ríkisborgararéttur veittur eftirtöldum aðilum:

1. a. Dr. phil. Karl Max Herbert Metzner, fæddur 20. nóvember 1900 í Dessau.
- b. Frú Johanne Jenny Dora Metzner, fædd Hansen, fædd 6. febrúar 1904 í Hamburg.
- c. Hans Herbert Brix Metzner, fæddur 27. september 1935.
2. a. Bernhard Albert Fritz Wiencke, fæddur 28. júní 1913 í Hamburg.
- b. Frú Elsa Frida Wiencke, fædd Peterhänsel, ekkja Nottelmann, fædd 27. apríl 1920 í Hamburg.
- c. Karin Lena Peterhänsel, nefnd Nottelmann, fædd 10. marz 1938 í Hamburg.
- d. Peter Peterhänsel, nefndur Nottelmann, fæddur 14. ágúst 1941 í Hamburg.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 26. janúar 1949.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Jóhann P. Jósefsson.*

**FORSETA BRÉF****um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda.**

2

13. febr.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:*

Ég hef ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi, 68. löggjafarþing, skuli koma saman til framhaldsfunda föstudaginn 21. janúar 1949, kl. 13.30.

*Gjört í Reykjavík, 13. janúar 1949.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Stefán Jóh. Stefánsson.*

1

3  
14. febr.

## L Ö G

um samkomudag reglulegs Alþingis 1949.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Reglulegt Alþingi 1949 skal koma saman ellefta dag októbermánaðar, hafi forseti Íslands eigi tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 14. febrúar 1949.*

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

*Stefán Jóh. Stefánsson.*

4  
14. febr.

## L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa innflutning á sildarbræðsluskipti.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ráðherra er heimilt að leyfa innflutning skips, sem í verða sett sildarbræðslutæki, þótt eldra sé en 12 ára, sbr. 38. gr. laga nr. 68/1947.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 14. febrúar 1949.*

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

*Emil Jónsson.*

## L Ö G

5

22. febr.

## um kjötmat o. fl.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Í lögum þessum merkir:

*Sláturfénaður:* Sauðfé, nautgripi, hross, svín, alifugla o. s. frv.

*Læknir:* Dýralækni þann, er kjötskoðunina annast, eða hvern þann lækni eða læknanema, sem löggiltur hefur verið til starfsins samkvæmt 7. gr. laga þessara.

*Kjötmatmaður:* Hvern þann undirkjötmatsmann, er lýtur yfirkjötmatsmanni.

## 2. gr.

Sláturfénaði, sem slátra á í því augnamiði að flytja kjötið nýtt, fryst, saltað eða á annan hátt verkað á erlendan markað eða til sölu og neyzlu innanlands, í kjötbúðum og öðrum opinberum sölustöðum, skal slátra í löggiltum sláturhúsum og frysting kjötsins fara fram í löggiltum frystihúsum. Atvinnumálaráðuneytið löggildir sláturhús og frystihús, að fengnum meðmælum frá yfirdýralækni eða hlutaðeigandi héraðsdýralækni, ef húsin eru að dómi þeirra svo fullkomin að gerð og öllum útbúnaði, að hægt sé þess vegna að fullnægja nauðsynlegum heilbrigðis- og hreinlætiskröfum.

Ráðherra getur þó, þar sem brýn nauðsyn krefur, leyft slátrun til eins árs í senn í sláturhúsum, sem ekki eru svo úr garði gerð, að löggilding geti farið fram á þeim, ef yfirdýralæknir eða hlutaðeigandi héraðsdýralæknir telja, að slátrun geti tekizt þar á viðunandi hátt, en stefna skal að því, að sem allra fyrst verði málum svo komið, að öll slátrun fari fram í löggiltum sláturhúsum, ef afurðirnar eru ætlaðar til sölu á opinberum markaðsstöðum, og getur ráðherra sett hlutaðeigandi aðilum ákveðinn frest til úrbóta.

Ráðherra setur reglur um útbúnað sláturhúsa og frystihúsa, að fengnum tilögum yfirdýralæknis og kjötmatformanns.

## 3. gr.

Við gildistöku þessara laga skulu allir sláturleyfishafar senda atvinnumálaráðuneytinu umsóknir, þar sem þeir óska eftir, að fram fari löggilding húsa til slátrunar og frystingar á sláturafurðum, söltunar o. s. frv. Ráðuneytið sendir síðan yfirdýralækni eða hlutaðeigandi héraðsdýralækni umsóknirnar til umsagnar, sbr. 2. gr.

Hver sá, sem síðar hyggst að hefja slátrun sauðfjár eða annars sláturfénaðar í þeim tilgangi að selja afurðir á opinberum markaðsstöðum, skal senda atvinnumálaráðuneytinu slíka umsókn. Eftir fyrstu löggildingu annast yfirdýralæknir eða héraðsdýralæknar eftirlit með slátur- og frystihúsum í hlutaðeigandi umdæmum. Ráðuneytið heldur skrá yfir löggilt sláturhús og frystihús, þar sem hvert þeirra hefur sérstakt löggildingarmerki eða löggildingarnúmer, og skal númer þetta eða merki koma fram í kjötstimpli, sem notaður er til auðkennis í hlutaðeigandi sláturhúsi.

## 4. gr.

Nú fullnægir löggilt slátur- eða frystihús eigi lengur skilyrðum þeim, sem sett voru fyrir löggildingu, og ber þá dýralækni, sem eftirlitið hefur annast, að skýra ráðuneytinu frá því tafarlaust. Setur ráðuneytið umráðamönnum hússins hæfilegan

5 22. febr. frest til að lagfæra það, sem ábótavant er, og fellur löggildingin niður, ef eigi er bætt úr göllunum innan hins ákveðna frests. Ráðuneytið tilkynnir þá jafnframt aðilum þeim, sem sláturleyfin veita, að slátrun á þeim stað skuli þá þegar niður lögð, unz úr sé bætt.

#### 5. gr.

Læknisskoðun skal fram fara á öllum sláturfénaði, sem um getur í lögum þessum, áður en slátrun fer fram, og mega ekki líða meira en 12 klst. frá þeirri skoðun og til slátrunar. Enn fremur skal heilbrigðisskoðun á öllu kjöti og innyflum af þeim sláturfénaði, sem um getur í lögum þessum, fara fram áður en afurðirnar eru boðnar til sölu nýjar á opinberum markaði og enn fremur áður en kæling, frysting, söltun eða önnur verkun fer fram. Að skoðun lokinni skal dýralæknir eða hver sá, sem löggiltur hefur verið til starfsins, merkja kjötið samkvæmt reglugerð, er ráðherra setur um heilbrigðisskoðun og merkingu á kjöti og innyflum. Enn fremur getur ráðherra sett reglur, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, um læknisskoðun og merkingu annarra sláturfjárafurða, ef þörf krefur.

Í reglum þeim, sem ráðherra setur samkvæmt þessari grein, má ákveða hámarksþóknun fyrir læknisskoðun og merkingu kjöts og annarra sláturfjárafurða.

#### 6. gr.

Sláturfjárafurðir, sem reynast spilltar eða sýktar, svo að hætta geti stafað af að nota þær til manneldis, eftir úrskurði kjötskoðunarlæknis, skulu þegar í stað ónýttar samkvæmt fyrirmælum ráðuneytisins, á þann hátt að tryggt sé, að engin hætta geti stafað af þeim.

Ekki má slátra í sláturhúsi sjúku sláturfé, er nokkur sýkingarhætta getur stafað af að álitu kjötskoðunarlæknis, nema sérstakur klefi sé til þeirra afnota einna í sláturhúsinu. Sjálfdauðar skepnur má ekki flytja inn í sláturhús né á lóð þess, nema til komi leyfi kjötskoðunarlæknis, enda geri hann sér þá þegar ljóst, hver dauðaorsökin hafi verið, og fyrirskipar ráðstafanir samkvæmt því.

#### 7. gr.

Dýralæknar annast kjötskoðun og merkingu á kjöti og öðrum sláturfjárafurðum, sbr. 5. gr. laga þessara. Náist ekki til dýralæknis, skipar ráðherra, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, lækni til starfsins, enda hafi hann lokið kjötskoðunarprófi hjá dýralækni hér á landi.

#### 8. gr.

Allt kjöt og innyfli af sláturfénaði, sem um getur í lögum þessum, sem flutt er á erlendan markað eða til sölu innanlands í kjötbúðum og öðrum opinberum sölustöðum, skal metið, flokkað og merkt eftir tegundum og gæðum af kjötmatsmönnum, sem starfa undir umsjón yfirkjötmatsmanna.

Ráðuneytið setur reglugerð um flokkun, merkingu, frystingu, söltun, umbúðir, flutning og meðferð kjöts og innyfla, að fengnum tillögum kjötmatsformanns, framleiðslaráðs landbúnaðarins og helztu kjötsöluaðila.

Ef þörf þykir, getur ráðherra sett sérstakar reglur um slátrun, mat og merkingu á kjöti og innyflum til ákveðinna landa, eftir því hvaða kröfur eru gerðar í því efni.

#### 9. gr.

Ráðherra skipar 4 yfirkjötmatsmenn, og hafi hver þeirra ákveðið starfssvæði. Einn þeirra fjögurra skal ráðherra skipa kjötmatsformann, og skal hann hafa forgöngu um þau atriði í lögum þessum, er snerta verksvið yfirkjötmatsmanna. Einnig skal hann, eftir því sem við verður komið, gera athugun á kjöti og öðrum sláturfjár-

afurðum, sem fluttar eru á erlendan markað og til helztu sölustaða innanlands, og framkvæma yfirmat á þeim, er þurfa þykir.

5  
22. febr.

Yfirkjötmatmenn skulu hafa sem bezta þekkingu á kjöti og öðrum sláturfjár-afurðum og öllu því, er lýtur að meðferð sláturfjár-afurða.

Ráðuneytið setur yfirkjötmatmönnum reglur um störf þeirra og ákveður um-  
dæmi þeirra.

Ekki mega yfirkjötmatmenn þiggja neina þóknun hjá þeim, er við kjötsölu eru riðnir, né heldur hafa með höndum sölu á kjöti utanlands né innan eða milli-  
göngu í því efni, er þeir geti haft hagnað af.

Árslaun yfirkjötmatsmanna skulu vera kr. 900.00 og kjötmatformanns  
kr. 1800.00.

Ferðakostnað í þágu yfirmatsins skulu þeir og fá greiddan samkvæmt reikningi,  
sem ráðuneytið úrskurðar.

Allan kostnað, sem af yfirmatinu leiðir, skal greiða úr rikissjóði.

#### 10. gr.

Lögreglustjóri skipar kjötmatmenn, einn eða fleiri á hverjum slátrunarstað. Fer  
um tölu þeirra og val eftir tillögum yfirkjötmatsmanns.

Kjötmatmenn annast hlutverk það og starf, sem þeim er falið með lögum þess-  
um, samkvæmt reglugerð, sem ráðuneytið setur. Kaup kjötmatsmanna skal vera  
25% hærra en venjulegt verkamannakaup á staðnum, þar sem matið fer fram, og  
greiða sláturleyfishafar, sem slátrunina framkvæma, kaupið.

Eigi mega kjötmatmenn þiggja neina aukabóknun eða hlunnindi hjá þeim,  
sem kjötverzlun annast, né sjálfir vera riðnir við sölu þess, svo að ætla megi þá  
hlutdræga í matinu.

Nú vanrækir kjötmatmaður starf sitt, sýnir hlutdrægni við matið eða leysir  
það illa af hendi á einhvern hátt að dómi yfirkjötmatsmanns, og er yfirkjötmat-  
manni þá heimilt að víkja honum frá um stundarsakir, en tilkynna skal hann hlut-  
aðeigandi lögreglustjóra samstundis þessa ráðstöfun, sem þá vikur hinum brotlega  
kjötmatsmanni endanlega frá störfum og skipar annan matsmann í hans stað.

#### 11. gr.

Í kaupstöðum og kauptúnum, þar sem eru 500 íbúar eða fleiri, skal allt kjöt  
af skepnum, sem slátrað er þar eða flutt þangað nýtt og ætlað til sölu þar, skoðað  
og merkt af lækni þeim, er kjötskoðun annast þar á staðnum, og getur ráðuneytið  
sett nánari reglur þar um. Ákvæði þetta tekur þó ekki til kjöts, er áður hefur verið  
merkt og skoðað af kjötskoðunarlækni í löggiltu sláturhúsi. Kjöt, sem flutt er að  
frosið, kælt eða nýtt, skal flutt í þar til gerðum umbúðum, er lækni tekur gildar.  
Ráðuneytið getur einnig, ef ástæður þykja til, fyrirskipað sams konar kjötskoðun  
í kauptúnum, þar sem búa færri en 500 manns.

Nú eru nýjar sláturfjár-afurðir fluttar til sölustaðar, án þess að læknisskoðun  
hafi farið fram á þeim, og skal þá bæjarfélag eða hreppsfélag sjá fyrir löggiltu  
húsnæði til skoðunar á þeim gegn sanngjörnu gjaldi, er eigandi greiðir, samkvæmt  
nánari fyrirmælum ráðuneytisins.

Sé sláturhús á móttökustað eða sérstakar kjötmiðstöðvar, skal læknisskoðun  
fara þar fram og enn fremur gæðamat, samkvæmt reglugerð, sbr. 8. gr.

#### 12. gr.

Í kaupstöðum og kauptúnum, sem lög þessi taka til, má eigi hafa ómerkt kjöt,  
nýtt eða frosið, í kjötbúðum eða öðrum sölustöðum.

5

22. febr.

## 13. gr.

Ráðherra getur sett reglur, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, um útbúnað kjötbúða og annað, sem lýtur að verzlun með sláturfjárafurðir, og um það, hverjar vörur aðrar megi selja í kjötbúðum en þær, sem um ræðir í lögum þessum. Ráðherra getur einnig sett reglur, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, um atvinnurekstur við tilbúning matvæla úr sláturfjárafurðum, svo sem pylsugerð, niðursuðu sláturfjárafurða og annað því um líkt.

## 14. gr.

Nú flytur einhver eða lætur flytja út kjöt til sölu á erlendan markað eða til sölu innanlands án þess að gæta fyrirmæla laga þessara um læknisskoðun, merkingu, mat og flokkun, og varðar það sektum frá kr. 500.00 til 25 000.00. Önnur brot gegn lögum þessum eða reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum allt að kr. 10 000.00. Fara skal með mál út af brotum þessum sem almenn lögreglumál.

Um refsingu fyrir brot kjötskoðunarlækna, yfirkjötmatsmanna og kjötmatsmanna gegn ákvæðum þessara laga fer sem um refsingu fyrir brot opinberra starfsmanna.

## 15. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 39 frá 19. júní 1933, um kjötmat o. fl., lög nr. 3 frá 1. febrúar 1936 og lög nr. 115 30. des. 1943, um breyting á lögum nr. 39 19. júní 1933, svo og reglugerðir þær, sem settar hafa verið, og auglýsingar, sem út hafa verið gefnar samkvæmt þeim lögum.

## 16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Bráðabirgðaákvæði.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laga þessara skal heimilt fyrst um sinn, þar til öðruvísi verður ákveðið, að selja afurðir af sláturfénaði, öðrum en sauðfé, sem slátrað hefur verið utan löggiltra sláturhúsa, enda séu afurðirnar skoðaðar og merktar af dýralækni eða öðrum þeim, er kjötskoðun annast, og metnar af kjötmatsmanni og meðferð vörunnar óaðfinnanleg að þeirra dómi.

*Gjört að Bessastöðum, 22. febrúar 1949.*

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

*Bjarni Ásgeirsson.*

6

23. febr.

## L Ö G

um afnám laga nr. 54 31. maí 1927, um breyting á lögum nr. 30 20. október 1913, um umboð þjóðjarða.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Lög nr. 54 31. maí 1927, um breyting á lögum nr. 30 20. október 1913, um umboð þjóðjarða, skulu úr gildi felld.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

2. gr.

6

23. febr.

*Gjört að Bessastöðum, 23. febrúar 1949.*

**Sveinn Björnsson.**  
(L. S.)

*Bjarni Ásgeirsson.*

## FORSETA BRÉF

7

24. febr.

um heiðursmerki Rauðakross Íslands.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Stjórnendur Rauðakross Íslands hafa farið þess á leit, að gert verði heiðursmerki, sem sæma megi íslenzka menn og erlenda, er inna af höndum mannúðarstörf, sem mikils þykir um vert. Að ráði forsætisráðherra fellst ég á, að efnt verði til slíks heiðursmerkis, og skulu um það gilda eftirfarandi reglur:

#### 1. gr.

Heiðursmerkið er í tveimur stigum. Fyrra stigið er hvítsteindur kross, gullbryddur. Armar krossins eru breiðastir yzt og tjúgumyndaðir. Á framhlið krossmarksins er blár hringur og á hann mörkuð gullnu letri kjörorð Rauðakross Íslands: CARITATE SANITATE. Milli arma krossmarksins, utan bláa hringsins, eru felldir mislangir geislar úr gulli. Innan bláa hringsins er hvítur flötur og á hann dregið hið alþjóðlega merki Rauðakrossins. Bakhlið merkisins er um það eitt frábrugðin, að áletrunin er þar: BENEFactorIBUS RKÍ.

Heiðursmerki fyrra stigs er 4.5 sentimetrar að þvermáli.

Annað stig heiðursmerkisins er eins og hitt, nema fimmtungi minna og silfur í stað gulls.

Heiðursmerki fyrra stigs skal bera um hálsinn í silkibandi með fánalitum Íslands, þannig að rautt sé í miðju, hvítt til hvorrar hliðar, en blátt yzt. Bláu rendurnar skulu hvor um sig jafnbreiðar báðum hinum.

Heiðursmerki annars stigs skal borið á brjóstinu vinstra megin í litbandi sömu gerðar.

Eigi má bera litbandið eitt í neins konar formi sem orðumerki.

#### 2. gr.

Heiðursmerki þessu má sæma íslenzka menn og erlenda, er þess þykja verðir af störfum sínum að mannúðarmálum.

#### 3. gr.

Forseti veitir heiðursmerkið.

#### 4. gr.

Forseti skipar þrjá menn í nefnd, er geri tillögur um veiting heiðursmerkisins. Einn skal skipa eftir tillögu forsætisráðherra og sé hann félagi Rauðakross Íslands, annar sé formaður Rauðakross Íslands, en hinn þriðji formaður orðunefndar hinnar íslenzku fálkaorðu. Forseti skipar einhvern þeirra formann nefndarinnar, samkvæmt tillögu forsætisráðherra.



7

24. febr.

5. gr.

Engan má sæma heiðursmerkinu, nema nefndarmenn allir séu því samþykkir og sérstök ástæða þyki til. Ef um erlendan ríkisborgara er að ræða, skal leita um-sagnar utanríkisráðherra Íslands áður en ákvörðun er tekin um veiting heiðurs-merkisins.

6. gr.

Eigi má veita fleiri heiðursmerki árlega en fimm, þó aldrei nema eitt fyrra stigs. Sá, er hlýtur æðra stig merkisins, skal skila hinu aftur, hafi hann verið sæmdur því.

Veiting heiðursmerkja skal að jafnaði fram fara á stofndegi Rauðakross Íslands, 10. desember.

Birta skal í Lögbirtingablaði og Stjórnartíðindum hverjir heiðursmerkið hljóta.

7. gr.

Rauðikross Íslands ber allan kostnað af heiðursmerki þessu.

8. gr.

Við andlát þess, er heiðursmerkið hefur hlotið, ber erfingjum að skila for-manni nefndarinnar merkinu aftur.

*Gjört að Bessastöðum, 24. febrúar 1949.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Stefán Jóh. Stefánsson.*

8

24. febr.

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 42 5. apríl 1948, um útflutning og innflutning á íslenskum og erlendum gjaldeyri.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-þykki mínu:

1. gr.

2. og 3. málsliður 1. mgr. 3. gr. laganna orðist svo:

Erlendan gjaldeyri, sem menn flytja til landsins, er eigi heimilt að selja öðrum en Landsbanka Íslands eða Útvegsbanka Íslands h/f, og skulu bankarnir færa upp-hæð hins selda gjaldeyris inn í vegabréf seljanda, ef hann er búsettur erlendis.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

*Gjört að Bessastöðum, 24. febrúar 1949.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Emil Jónsson.*

## L Ö G

9

26. febr.

um breyting á lögum nr. 64 23. júní 1932, um kirkjugarða.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

1. og 2. málsg. 16. gr. laganna hljóði þannig:

Nú nota tveir eða fleiri söfnuðir, sem hafa 1000 eða fleiri gjaldskylda meðlimi hver, sama kirkjugarð, og skulu þá sóknarnefndir þjóðkirkjusafnaða og stjórnir utanþjóðkirkjusafnaða þeirra, sem hlut eiga að máli, kjósa hver úr sinum hópi fulltrúa í sameiginlega kirkjugarðsstjórn, til 6 ára í senn, og jafnmarga varamenn. Sé hálstofa starfandi í sambandi við kirkjugarð, skal Bálfarafélag Íslands eða félagsdeildir þess utan Reykjavíkur, þar sem hálstofa starfar, hafa rétt til að kjósa einn fulltrúa í kirkjugarðsstjórn á sama hátt og starfandi söfnuðir.

Nú er tala kjörinna fulltrúa jöfn, og skal þá á sameiginlegum fundi hlutaðeigandi sóknarnefnda eða safnaðarstjórna kjósa oddamann í kirkjugarðsstjórnina fyrir kjörtímabilið, svo og varamann hans.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 26. febrúar 1949.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

## L Ö G

10

28. febr.

um framlenging á gildi laga nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Lög nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands, skulu gilda árin 1949 og 1950, enda verji félagið tekjuafgangi sínum, þá er það hefur greitt hluthöfum 4% arð, venjuleg sjóðstillög og útsvar samkvæmt framangreindum lögum, til kaupa á skipum eða á annan hátt í þágu samgöngumála.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 28. febrúar 1949.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

Jóhann P. Jósefsson.

## L Ö G

## um afhending skyldueintaka til bókasafna.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Öllum prentsmiðjum hér á landi og öðrum fyrirtækjum, sem margfalda prentað eða ritað mál, nótur, myndir og uppdrætti (með ljósprentun, steinprentun, koparstungu, fjölrítun o. s. frv.), er skylt að láta Landsbókasafni í té ókeypis af framleiðslu sinni sem hér segir:

- a. fjögur eintök af smáprenti öllu, sem minna er en ein örk, þar með taldar myndir og uppdrættir, sem ekki eru hluti bóka eða blaða, svo og bókum, tímaritum og blöðum, sem fjölrítuð eru í 50 eintökum eða fleiri;
- b. átta eintök af blöðum, sem út koma einu sinni á viku eða oftár;
- c. tólf eintök af öllu öðru prentmáli.

Af bókum og ritum, sem íslenzkir bókaútgefendur láta prenta erlendis, skal kostnaðarmaður skyldur að afhenda Landsbókasafni ókeypis eintök eftir sömu reglum, sem að ofan greinir.

Bækur og tímarit skulu afhent heft, og sé rit prentað á fleiri tegundir pappírs en eina, skulu að minnsta kosti þrjú eintök vera á þeirri pappírstegund, sem bezt er.

Afhendingarskyldar eru endurprentanir og sérprentanir úr blöðum og tímaritum, nýjar útgáfur og endurprentanir bóka, séu breytingar gerðar á efni þeirra eða fyrirkomulagi, enda þótt sama letursteypa sé notuð og bókin ekki talin ný útgáfa.

## 2. gr.

Enn fremur skulu útgefendur þeir, stofnanir, félag eða einstaklingar, sem njóta styrks af almannafé til útgáfu á ritum, afhenda Landsbókasafni ókeypis allt að 10 eintökum hvers slíks rits, ef landsbókavörður óskar þess.

## 3. gr.

Það prentað mál, sem er algert trúnaðar- eða einkamál og aðeins ætlað ákveðnum þröngum hópi manna, getur útgefandi ákveðið, að bókasafn leyfi ekki að nota, fyrr en að ákveðnum tíma liðnum. Sá tími má þó ekki fara fram úr 50 árum, og geymast þessi rit á meðan hvergi nema í Landsbókasafni, ef útgefandi óskar.

Undanþegin afhendingarskyldu eru verðbréf og hlutabréf, bankaseðlar og annar prentaður gjaldmiðill.

## 4. gr.

Landsbókasafn veitir skyldueintökum viðtöku. Menntamálaráðuneytið ákveður í reglugerð að fengnum tillögum landsbókavarðar, hve oft og hvar afhending skuli fara fram á ári hverju. Í lok hvers árs skulu allar prentsmiðjur og aðrar stofnanir, sem lög þessi ná til, senda landsbókaverði skrá í minnst 10 eintökum um allt prentmál, smátt og stórt, sem í þeim hefur verið prentað eða margfaldað á árinu.

## 5. gr.

Af skyldueintökum þeim, sem talin eru í 1. gr., skal Landsbókasafn varðveita tvö, eitt skal lagt til Háskólabókasafns og eitt til bókasafns Norðurlands á Akureyri. Öðrum skyldueintökum skal Landsbókasafn ráðstafa til bókasafna og vis-

indastofnana. Menntamálaráðuneytið setur í reglugerð að fengnum tillögum lands-  
lókavarðar nánari ákvæði um skiptingu þeirra.

11  
8. marz

6. gr.

Verði prentsmiðja gjaldþrota eða hætti störfum, áður en afhending skyldu-  
eintaka hefur farið fram, er þrotabúinu eða kostnaðarmönnum prentmálsins skylt  
að sjá um, að ákvæðum 1. gr. sé fullnægt.

7. gr.

Vanskil á prentmáli varða sektum frá 50—5000 kr., sé eigi bætt úr vanrækslu,  
þegar áminnt er um það. Mál um brot gegn lögum þessum skulu rekin sem almenn  
lögreglumál.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög um prentsmiðjur nr. 23 4. des. 1886,  
með þeim breytingum, sem gerðar hafa verið á þeim fram að þessu.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 8. marz 1949.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*

**L Ö G**

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja f. h. rikissjóðs lóð á horni Þverholts  
og Stakkholts í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.

12  
14. marz

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-  
þykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að selja fyrir hönd rikissjóðs lóð á horni Þverholts  
og Stakkholts, í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, að stærð 525,5 fermetrar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 14. marz 1949.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*

## L Ö G

## um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenzkra berklasjúklinga.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Heimilt skal Sambandi íslenzkra berklasjúklinga að stofna vöruhappdrætti með eftirfarandi skilyrðum:

- a. Hlutatalan má ekki fara fram úr fimmtíu þúsund, er skiptist í sex flokka á ári hverju, og skal dráttur fara fram fyrir einn flokk 5. dag annars hvers mánaðar frá febrúar til desember ár hvert.
- b. Hlutina má aðeins selja í heilu lagi. Iðgjald fyrir hvern hlut ákveður fjármálaráðherra, að fengnum tillögum frá stjórn Sambands íslenzkra berklasjúklinga.
- c. Vinningar skulu vera að verðmæti samtals að minnsta kosti 40% af iðgjöldunum samantöldum í öllum 6 flokkum.
- d. Drættirnir fara fram opinberlega í Reykjavík.

## 2. gr.

Heimild þessi gildir í 10 ár frá því að lögin öðlast gildi. Öllum ágóða af happdrættinu skal varið til að greiða stofnkostnað við byggingarframkvæmdir vistheimilisins í Reykjalundi.

## 3. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um starfsemi happdrættisins.

## 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 16. marz 1949.*

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

*Jóhann Þ. Jósefsson.*

## L Ö G

## um breyting á lögum frá 29. des. 1948, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1949 með viðauka.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Síðari málsgrein 1. gr. laga frá 29. des. 1948, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1949 með viðauka, orðist þannig:

Enn fremur heimilast ríkisstjórninni að innheimta á sama tíma með 50% við- 14  
 auka eignarskatt samkvæmt 14. gr. l. nr. 6 9. jan. 1935, álagðan á árinu 1949, svo 16. marz  
 og gjöld til ríkissjóðs samkv. IX. kafla laga nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með  
 skipun, að undanskildum gjöldum samkvæmt 58. gr. laganna, með 200% viðauka.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1949.

*Gjört að Bessastöðum, 16. marz 1949.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

Jóhann P. Jósefsson.

## L Ö G

15

16. marz

um breyting á lögum nr. 59 7. maí 1946, um sérstakar fyrningarafskriftir.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-  
 þykki mínu:

1. gr.

Heimild 1. gr. laga nr. 59 7. maí 1946 til sérstakra afskrifta skal einnig ná til  
 eigna af þeirri tegund, sem þar eru taldar og teknar verða í fyrstu notkun á árun-  
 um 1949 og 1950.

Öll önnur ákvæði fyrrgreindra laga gilda einnig um þessar eignir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 16. marz 1949.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

Jóhann P. Jósefsson.

## L Ö G

16

16. marz

um breyting á lögum nr. 6 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-  
 þykki mínu:

1. gr.

Aftan við 9. grein laga nr. 6 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, komi nýr staf-  
 liður, svo hljóðandi:

- 16 e. **Eignaauki**, er stafar af aukavinnu, sem einstaklingar leggja fram utan reglu-  
16. marz legs vinnutíma við byggingu íbúða til eigin afnota. Þessi ívilnun fellur þó burt  
að því leyti, sem vinnan kann að fást endurgreidd með söluhagnaði af íbúðinni  
samkv. e-lið 7. greinar. Fjármálaráðherra setur um þetta nánari reglur.

2. gr.

Tekjuskatt álagðan árið 1948 skal ákveða að nýju í samræmi við ákvæði 1. greinar, ef skattgreiðandi krefst þess innan þriggja mánaða frá gildistöku þessara laga.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 16. marz 1949.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Jóhann Þ. Jósefsson.*

17

22. marz

**L Ö G**

um bæjarstjórn í Keflavík.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Keflavíkurkaupþún skal vera kaupstaður og sérstakt lögsagnarumdæmi. Nær umdæmið yfir allan núverandi Keflavíkurhrepp og heitir Keflavíkurkaupstaður.

Umdæmi þetta skal hér eftir sem hingað til vera í alþingiskjördæmi Gullbringu- og Kjósarsýslu. Þar sem í lögum þessum er talað um kaupstað og kaupstaðarbúa, er átt við hið nýja umdæmi og íbúa þess.

2. gr.

Ríkisstjórnin skipar fyrir um, hvernig málum þeim í Keflavíkurhreyppi, sem ekki eru útkljáð, þegar lög þessi öðlast gildi, skuli skipt milli sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu og bæjarfógetans í Keflavík.

3. gr.

Verzlunarlóð kaupstaðarins skal vera landsvæði allt innan núverandi takmarka Keflavíkurhrepps.

4. gr.

Bæjarfógetinn í Keflavík tekur laun eftir VI. flokki launalaganna, nr. 60/1945. Hann hefur á hendi sömu störf og sýslumönnum og bæjarfógetum eru falin, hverjum í sínu umdæmi, dómastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu á tekjum ríkissjóðs og önnur störf, gegn þóknun þeirri, er sýslumönnum og bæjarfógetum er

ákveðin að lögum. Lögsaga á Keflavíkurlflugvelli skal þó áfram heyra undir sýslumanninn í Gullbringu- og Kjósarsýslu, á sama hátt og verið hefur.

17  
22. marz

#### 5. gr.

Málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af bæjarstjórn. Í henni eru kjörnir bæjarfulltrúar, kosnir af bæjarbúum, sem kosningarrétt hafa eftir gildandi lögum. Bæjarstjórn kys bæjarstjóra og ákveður laun hans, enda greiðist þau úr bæjarsjóði.

#### 6. gr.

Um kosningu bæjarfulltrúa, tölu þeirra og kjörtímabil fer samkv. lögum um sveitarstjórnarkosningar.

#### 7. gr.

Bæjarstjórn kys sér forseta úr flokki bæjarfulltrúa, og stjórnar hann umræðum á fundum og sér um, að það, sem ályktað er, sé ritað í gerðabók. Fundir bæjarstjórnar skulu fara fram í heyranda hljóði. Einstök mál má þó ræða innan luktra dyra, þegar bæjarstjórn ákveður.

Til þess að lögmaet ákvörðun sé gerð, verður minnst helmingur bæjarfulltrúa að vera á fundi. Atkvæðamagn skal ávallt ráða. Séu jafnmörg atkvæði með og móti, fellur atkvæðisefnið, nema við kosningar, þá ræður hlutkesti. Um kosningu nefnda skal farið samkv. lögum um sveitarstjórnarkosningar.

Það skal kunnbert bæjarbúum, hvar og hvenær bæjarstjórnin heldur almenna fundi. Aukafundi má halda, þegar bæjarstjórn þykir nauðsyn til bera eða þegar minnst helmingur bæjarfulltrúa æskir þess. Bæjarstjóri skal á undan fundum skýra bæjarfulltrúum frá, hver málefni koma fyrir. Allir bæjarfulltrúar, sem eru á fundi, skulu rita nöfn sín undir gerðabókina, strax og bókun er lokið, og á sérhver fulltrúi rétt á að fá ágreiningsatriði sitt stuttlega bókað. Bæjarstjórn setur sjálf fundarsköp sín, en ráðherra staðfestir þau.

#### 8. gr.

Framkvæmd ákvarðana þeirra, sem bæjarstjórn tekur, og forstaða bæjarmálafna er í hendi bæjarstjóra, nema þar, sem annað er sérstaklega ákveðið af bæjarstjórn.

Virðist forseta einhver ákvörðun bæjarstjórnar ganga út yfir valdssvið hennar, vera gagnstæð lögum eða skaðleg fyrir bæjarfélagið eða miði til að færast undan skyldum þeim, er á því hvíla, má hann fella hana úr gildi um sinn með því að rita álit sitt um hana í gerðabókina. Um þetta skal hann, svo fljótt sem verða má, senda ráðherra skýrslu, og leggur hann úrskurð á málið. Eftirrit af skýrslu forseta skal senda bæjarstjórninni, svo að hún geti gert athugasemdir sínar við hana áður en hún fer til ráðherra.

Með samþykkt, er ráðherra staðfestir, skal setja fastar nefndir til að fara með einstök bæjarmál, og skal í henni kveðið á um skipun, verksvið og vald þeirra. Þó má bæjarstjórn fela einum eða fleiri bæjarfulltrúanna framkvæmd einstakra bæjarstarfa eftir reglum, er hún setur um það.

Allir bæjarfulltrúar eru skyldir að taka að sér þau sérstöku bæjarstörf, sem þeim eru falin á hendur. Fyrir nefndarmenn, kosna utan bæjarstjórnar, gilda sömu synjunarástæður og starfstímatakmörk og um bæjarfulltrúana.

#### 9. gr.

Í málefnum, er snerta uppeldi og fræðslu barna, hefur formaður skólanefndar sæti og tillögurétt á fundum bæjarstjórnar, en atkvæðisrétt því aðeins, að hann sé bæjarfulltrúi.



17

22. marz

10. gr.

Bæjarstjórn skipar sýslunarmenn bæjarins og veitir þeim lausn. Lögregluþjóna og næturverði skipar bæjarstjórn eftir tillögum bæjarfógeta, en hann getur veitt þeim lausn án samþykkis bæjarstjórnar.

Bæjarstjórnin gerir tillögur um skipun yfirsetukvenna og sáttanefndarmanna.

11. gr.

Bæjarstjórn ræður byggingarmálum bæjarins, en byggingarnefnd annast framkvæmd þeirra. Skipa hana bæjarstjóri, sem er formaður hennar, og fjórir menn, er bæjarstjórn kýs, tvo úr sínum flokki.

Þyki lóðareiganda eða lóðarhafa rétti sínum hallað með úrskurði bæjarstjórnar eða byggingarnefndar, má skjóta honum til ráðherra.

Nú þykir bæjarstjórn rétt, að sett verði fyllri ákvæði um byggingarmál bæjarins en þá eru í lögum, og má þá setja þau með samþykkt, er bæjarstjórn semur eftir tillögum byggingarnefndar og ráðherra staðfestir.

Í byggingarsamþykkt má ákveða sektir fyrir brot, svo og setja reglur um greiðslu þess kostnaðar, er ákvæði byggingarsamþykktarinnar hafa í för með sér. Svo má og ákveða þar hæfileg gjöld fyrir leyfi þau, sem bæjarstjórn og byggingarnefnd veita.

12. gr.

Bæjarstjórn ræður hafnarmálum bæjarins samkv. lögum, sbr. þó lög nr. 25 23. apríl 1946, um landshöfn í Keflavík- og Njarðvíkurhreppum.

13. gr.

Bæjarstjórn og bæjarstjóri sérstaklega skal hafa nákvæmar gætur á fjárstjórn bæjarins og sjá um, að skattar, útsvör og aðrar tekjur séu rétt heimtar og í tækan tíma og teknar lögtaki, ef þess þarf með; enn fremur gæta þess, að geymt sé og eftir atvikum ávaxtað fé bæjarins, þangað til á því þarf að halda til þess að greiða gjöld hans. Bæjarstjórn hefur ábyrgð á innistæðum, skuldabréfum og öðrum eignum bæjarins.

14. gr.

Gjaldkeri skal, þegar þess er krafizt, gefa bæjarstjórninni nákvæma skýrslu, er sýni bæði hvað goldizt hafi í bæjarsjóð og hvað úr honum hafi verið greitt. Eigi má greiða neitt úr bæjarsjóði nema eftir ávísun bæjarstjóra. Bæjarstjóri ávísar útgjöldum kaupstaðarins samkvæmt reglum þeim, sem um það eru settar í samþykktinni um stjórn málefna kaupstaðarins.

15. gr.

Fyrir opinber uppboðsþing, sem bærinn lætur halda í sínar þarfir, skal ekkert gjald greiða í rikissjóð.

16. gr.

Bæjarstjórninni er skylt að láta rikisstjórninni og hagstofunni í té skýrslur þær, sem beðið er um, svo sem um fólkstölu, skepnuhöld, atvinnuvegi og annað ástand.

17. gr.

Bæjarstjórnin má ekki án samþykkis ráðherra takast á hendur neina skuldbindingu til langframa, sem hvílir ekki á henni samkv. lögum, ekki taka af innistæðufé bæjarins, ekki selja né veðsetja fasteignir hans né kaupa nýja fasteign, ekki taka stærri lán eða til lengri tíma en svo, að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem í hönd fer, né heldur endurnýja slík lán eða fresta greiðslu þeirra.

## 18. gr.

17

Þegar við lok hvers reikningsárs skal gjaldkeri semja reikning um tekjur og gjöld bæjarins umliðið ár og senda bæjarstjórn fyrir lok marzmánaðar. Lætur bæjarstjórnin reikninginn liggja bæjarbúum til sýnis fimmtán daga á hentugum, auglýstum stað.

22. marz

Endurskoðendur kaupstaðarins eru tveir, og kýs bæjarstjórn þá hlutfallskosningu. Starf það hafa þeir á hendi í þrjú ár og mega ekki eiga sæti í bæjarstjórn þann tíma. Þeir hafa þóknun úr bæjarsjóði fyrir starfa sinn. Auk reikninga bæjarsjóðs skulu þeir rannsaka reikninga þeirra sjóða og stofnana, sem bæjarstjórn hefur umsjón með. Þeir skulu hafa lokið rannsókn á reikningunum innan mánaðar frá því, er þeir fengu þá í hendur.

Þegar gjaldkeri hefur svarað athugasemdum endurskoðenda — en það skal hann hafa gert innan fimmtán daga —, skal leggja reikninginn fyrir bæjarstjórn, er úrskurðar hann og veitir gjaldkera kvittun. Þó má enginn taka þátt í úrskurði, er snertir þau störf, er honum hafa verið sérstaklega á hendur falin.

Nú vill reikningshaldari eða annar, sem hlut á að máli, eigi viðurkenna, að úrskurður bæjarstjórnar sé réttur, enda sá honum lögð peningaábyrgð á hendur, og má hann þá skjóta málinu til dómstólanna.

Þegar lagður hefur verið úrskurður á reikning gjaldkera, á að auglýsa ágríp af honum, er bæjarstjórn semur. Á ágríp þetta að vera svo fullkomið, að í því séu tilgreind aðalatriði í tekjum og gjöldum bæjarins.

## 19. gr.

Fyrir lok septembermánaðar ár hvert skal senda ráðherra reikninga yfir umliðið reikningsár.

Komi það fram, að bæjarstjórn hafi greitt ólögmaet gjöld, neitað að greiða gjöld, er hvíla á bænum að lögum, eða á annan hátt ranglega beitt valdi sínu, skal ráðherra gera þær ráðstafanir, er við þarf, og — ef nauðsyn krefur — með lögsókn koma fram ábyrgð á hendur þeim bæjarfulltrúum, sem átt hafa þátt í þessum ályktunum.

## 20. gr.

Bæjarstjórn semur reglugerð fyrir slökkviliðið, en ráðherra staðfestir hana. Má ákveða sektir fyrir brot gegn ákvæðum reglugerðarinnar, og renna þær í bæjarsjóð. Með mál út af þeirri reglugerð skal farið sem almenn lögreglumál.

## 21. gr.

Bæjarstjórn hefur umsjón með öllum þeim fyrirtækjum, er bærinn á eða starfærkir, en falið getur hún sérstökum mönnum alla nánari stjórn og umsjón stofnana þessara.

## 22. gr.

Með samþykkt þeirri, er um getur í 8. gr., má setja nánari reglur um sérhvert atriði í stjórn bæjarins samkv. grundvallareglum þessara laga, þar á meðal ákveða sektir fyrir brot gegn þeim.

## 23. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gerir ráðherra ráðstafanir til, að þau komi þá þegar til framkvæmda. Falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 16 25. jan. 1934, um lögreglustjóra í Keflavík.

## Ákvæði um stundarsakir.

1. Hreppsnefnd Keflavíkurhrepps fer með stjórn kaupstaðarins í stað bæjarstjórnar, þar til næstu almennar sveitarstjórnarkosningar fara fram árið 1950. Skal bæjarstjóri kosinn í fyrsta sinn eftir þær kosningar.

- 17 2. Skipti á eignum og skuldum Gullbringusýslu svo og ábyrgðarskuldbindingum  
22. marz milli sýslunnar og Keflavíkurkaupstaðar skulu fara fram hið fyrsta.  
Rísi nokkur ágreiningur, sker ráðherra úr.

*Gjört að Bessastöðum, 22. marz 1949.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Stefán Jóh. Stefánsson.*

18

22. marz

## L Ö G

um kyrrsetningu og lögbann.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### I. KAFLI

Almenn ákvæði.

##### 1. gr.

Ákvæði laga þessara taka til bráðabirgðagerða fógétadóms, kyrrsetningar á fjármunum og mönnum og lögbanns. Fógétagerðir þessar má framkvæma, þótt eigi sé heimild til aðfarar.

Eigi er það skilyrði til framkvæmdar gerða þessara, að sönnur séu leiddar að rétti gerðarbeiðanda, en synja skal beiðni um þær, ef tvímælalaust má telja, að gerðarhafi eigi ekki réttindi þau, er hann hyggst að tryggja, eða að mál um þau sæti ekki úrlausn dómstóla.

##### 2. gr.

Fógétagerðir samkvæmt lögum þessum framkvæmir héraðsdómari (í Reykjavík borgarfógeti) á þeim stað, er gerð skal fram fara, og nefnist þá fógeti. Þar sem sérstakur lögreglustjóri er skipaður í kaupþúni, framkvæmir hann þar gerðir þessar.

Nú er svo skjótrar aðgerðar þörf, að ekki næst nægilega fljótt til fógeta, og getur hreppstjóri þá framkvæmt kyrrsetningu á fjármunum og lagt farbann á menn eða lagt lögbann við tiltekinni athöfn. Hreppstjóri skal hafa votta tvo við og skrá má gerð í hreppsþók, enda gæti hann ákvæða laga þessara um skilyrði til kyrrsetningar eigna, um tryggingu aðilja, bókanir, uppskrift og virðingu kyrrsettra muna, skilyrða 8. gr. til farbanns og skilyrða 26. gr. til lögbanns. Veita skal hreppstjóri gerðarbeiðanda eftirrit af gerðinni, og skal gerðarbeiðandi senda það fógeta með beiðni um staðfesting hans á henni, enda sé beiðnin komin til fógeta innan viku frá lokum gerðar. Annarskostar fellur gerð þegar niður. Fógeti sker síðan, svo fljótt sem unnt er, úr því fyrir dómi og að öðru samkvæmt lögum þessum, hvort gerðin skuli, með breytingum eða óbreytt, standa. Ef fógeti fellir gerð niður, getur hann framkvæmt nýja gerð, ef efni standa til.

##### 3. gr.

Hverju héraðsdómaraembætti skal fylgja fógetabók samkvæmt fyrirmælum 42. gr. laga nr. 85/1936, enda skal þar skrá nöfn aðilja og umboðsmanna þeirra, ef því er að skipta, kröfur aðilja og helztu rök til þeirra, um tryggingu, er sett kann að

verða, og annað, er að framkvæmd og úrslitum gerðar lýtur, um þýðingu hennar, bann við brotum á henni og hvað við þeim liggi.

18  
22. marz

#### 4. gr.

Votta tvo skal hafa við hverja gerð. Þar, er virða þarf fjármuni, má láta votta framkvæma virðingu, nema sérþekkingar sé þörf, enda skal þá kveðja til menn, er starfann megi leysa af hendi. Virðingamenn skulu undirrita heit um samvizkusama framkvæmd virðingar, áður en þeir taka til starfa.

#### 5. gr.

Ákvæði laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði taka til fógetagerða samkvæmt lögum þessum, eftir því sem við getur átt, nema öðruvísi sé sérstaklega mælt.

## II. KAFLI

### Um kyrrsetningu.

#### 6. gr.

Fjármuni skuldunauts má kyrrsetja til tryggingar fullnustu lögvarinnar kröfu til peninga eða peningaverðmætis, enda sé krafan fallin í gjalddaga, eigi nægilega tryggð og eigi megi tryggja hana með aðför.

Kyrrsetning má þó gera, enda þótt krafa sé ekki fallin í gjalddaga:

1. Ef ástæða er til ótta um undanskot, eyðslu eða spjöll á fjármunum, þar á meðal á veði, af hálfu skuldunauts eða annarra, áður en aðför verði gerð.
2. Ef annars má óttast það eftir högum eða framferði skuldunauts, að hann muni sérstaklega torvelða fullnustu kröfu, eða ef aðför þyrfti að gera erlendis, ef fjármunir hans yrðu ekki kyrrsettir hér á landi.

Um sjólánsveð fer eftir ákvæðum siglingalaga.

Eigi má kyrrsetningu gera til tryggingar sektagreiðslu, nema svo sé sérstaklega mælt í lögum.

#### 7. gr.

Eigi má kyrrsetja verðmæti, sem undan aðför eru þegin að lögum, né innstæður eða vöxtu þar af í stofnunum, sem undan kyrrsetningu eru þegnar lögum samkvæmt.

#### 8. gr.

Kyrrsetja má mann, ef svo er farið, að hann er á förum eða hyggst bráðlega að fara af landi burt án afturkomu eða líklegt má telja, að hann hyggi ekki á afturkomu til landsins, og hann á að svara til kröfu, sem sækja má fyrir hérlendum dómi, enda megi telja kyrrsetningu nauðsynlega til tryggingar fullnustu þeirrar kröfu og eigi sé fullnægjandi trygging sett eða næg verðmæti finnist hér á landi til kyrrsetningar.

Kyrrsetning á manni má verða með tvennum hætti:

1. Varðhaldsvist. Þá má aðbúnaður og meðferð gerðarþola eigi lakari vera en fanga í gæzluvarðhaldi, enda skal taka til greina sérhagi hans með sama hætti sem sérhagi gæzlufanga. Gerðarhafi skal greiða fyrir fram á hverjum tveggja vikna fresti fúlgu með gerðarþola eftir ákvörðun fangavarðar, sem bera má þó undir fógeta til fullnaðarúrlausnar.
2. Farbann. Skal þá bjóða gerðarþola að halda sig í ákveðnu marki, enda má þá fela tilteknum manni að hafa eftirlit með honum. Fógeti ákveður þá hverju sinni, hvort fúlgu skuli greiða og hversu mikla. Nú rýfur gerðarþoli farbann, og má þá varðhaldsvist beita.

18 Kyrretsetning fellur niður, jafnskjótt sem aðför má gera til tryggingar kröfu, og  
22. marz ef fólga greiðist ekki svo sem mælt er.

Eigi má varðhaldsvist hafa, ef krafa að innstæðu til nemur minna en 500 krón-  
um eða 500 kr. virði, og aldrei má kyrretsetning á manni standa sex mánuðum lengur.

Sama mann má einungis einu sinni kyrretsetja vegna sömu kröfu.

Eigi má kyrretsetja skipverja ferðbúins skips, sem skrásett er á landi hér, nema  
skipstjóri leyfi eða útgerðarmaður, ef um skipstjóra er að tefla.

Eigi má kyrretsetja alþingismann, meðan Alþingi stendur.

Haldast skulu ákvæði framfærslulaga um aðgerðir gagnvart þeim, er eigi gegna  
framfærsluskuldum sínum.

#### 9. gr.

Gerðarbeiðni skal vera skrifleg. Skal þar greina nöfn aðilja nægilega skýrt,  
kröfu og af hvaða rót hún sé runnin, gjaldþaga, ef því er að skipta, og rök til beiðni,  
ef krafa er ekki fallin í gjaldþaga. Skjöl þau, sem krafa er reist á, skulu venjulega  
fylgja beiðni.

Fógeti getur sett það skilyrði fyrir aðgerðum af sinni hendi, þegar er beiðni  
hefur verið honum í hendur fengin, að beiðandi setji hæfilega tryggingu fyrir  
greiðslu þess tjóns og miskabóta, er gerðarþola kann að leiða af gerðarbeiðni.

#### 10. gr.

Fógeti tilkynnir gerðarbeiðanda stað og stund til gerðar með hæfilegum fyrir-  
vara. Gerðarþola skal eigi tilkynna gerð fyrir fram, nema gerðarbeiðandi óski þess  
eða ótvírætt þyki, að slík tilkynning geti ekki valdið gerðarbeiðanda réttarspjöllum.

Ef aðiljar hafa ekki orðið á annað sáttir, hefst kyrretsetning á heimili eða dvalar-  
stað gerðarþola, nema fógeta þyki nauðsyn á að byrja hana annars staðar, svo  
sem ef gerðarþoli á verðmæti utan heimilislögsagnarumdæmis síns, sem hentugra  
þykir að kyrretsetja en verðmæti í því lögsagnarumdæmi, ef hann er útlendingur, ef  
hann er á förum úr landi eða annars þykir vera hætt á spjöllum á rétti gerðar-  
þola.

#### 11. gr.

Í upphafi gerðar skal fógeti spyrja gerðarþola, ef hann er við staddur, um álit  
hans á kröfu þeirri, er kyrretsetning varðar, gjaldþaga, tryggingu og önnur þau atriði,  
er máli skipta. Ef gerðarþoli er fjarstaddur, er fógeta heimilt og eftir atvikum skylt  
að veita honum kost á að koma fyrir dóm, enda verði hagsmunum gerðarbeiðanda  
ekki stofnað þar með í hættu. Rétt er fógeta að láta sækja gerðarþola með valdi,  
ef návist hans telst nauðsynleg vegna framkvæmdar gerðar.

Fresti má að jafnaði ekki veita gerðarþola gegn mótmælum gerðarbeiðanda,  
nema tryggt sé, að rétti hans verði eigi fyrir það spillt.

#### 12. gr.

Áður en kyrretsetning byrjar, skal fógeti krefja beiðanda hæfilegrar tryggingar  
fyrir greiðslu tjóns og miskabóta, sem gerðarþola kann að stafa af gerðinni, nema:

1. Þegar hafi verið sett nægileg trygging, sbr. 9. gr., enda hafi fógeti borið það  
atriði undir gerðarþola, ef hann er við staddur eða eftir að til hans náðist.
2. Gerðarþoli hafi afsalað sér berum orðum tryggingu.
3. Krafa hafi verið eða sé berum orðum viðurkennd fyrir dómi og telja megi hana  
nægilega háa til greiðslu bóta, enda samþykki gerðarbeiðandi, að hún verði látin  
ganga upp í skaðabótakröfu eftir þörfum, ef því verður að skipta.
4. Ef krafa gerðarbeiðanda er slík, að eigi þurfi tryggingu að setja lögum sam-  
kvæmt.

Fógeti metur eða lætur meta tryggingu, ef með þarf, og gerir nauðsynlegar ráðstafanir aðrar, er hana varða. 18

Skylt er að skila tryggingarfé eða tryggingarskjali, ef gerðarþoli hefur ekki höfðað mál til bóta innan þess frests, sem í 3. málsgr. 24. gr. segir, eða gerðarbeiðandi hefur verið sýknaður af bótakröfu. Fógeti getur og skilað tryggingu, ef gerðarþoli hefur hvorki haft uppi bótakröfu í staðfestingarmáli né slegið þar varnagla um hana, enda eigi höfðað sérstakt mál í því skyni. 22. marz

### 13. gr.

Nú er nægileg trygging sett fyrir greiðslu kröfu með vöxtum til áætlaðs greiðsludags eða gjalddaga, ef krafa er ekki fallin í gjalddaga, og kostnaði, og má kyrrsetning þá ekki fram fara, enda skal fella hana niður, jafnskjótt sem nægileg trygging kann síðar að verða sett. Um mat tryggingar fer samkvæmt 12. gr.

Tryggingu skal skila, þegar krafa sú fellur niður, sem tryggð er. Sama er, ef gerðarbeiðandi gerir ekki reka að viðurkenningu kröfu sinnar fyrir sátt eða dómi innan 4 vikna frá því, er trygging var sett, ef krafa var þá fallin í gjalddaga, en ella innan 4 vikna frá gjalddaga.

Rétt er gerðarþola að höfða mál til lausnar tryggingar.

### 14. gr.

Fógeti bókar þau verðmæti, er kyrrsetja skal, og áætlað verð hvers þeirra fyrir sig, nema kyrrsett sé eitt einstakt verðmæti, sem tvímælalaust megi telja nægilegt. Rétt er að kyrrsetja til bráðabirgða í einu lagi safn samkynja muna eða muna, sem nefndir eru sameiginlegu heiti, svo sem bókasafn, vörubirgðir, útistandandi skuldir samkvæmt verzlunarbók o. s. frv., enda séu varnir við því settar eftir föngum, að slíku munasafni verði raskað, enda skal gerðin tekin upp aftur, svo fljótt sem unnt er, og þá gerð sundurliðuð skrá um munina og áætlað verð þeirra eftir föngum.

Nú eru útistandandi skuldir kyrrsettar, og tekur kyrrsetning þá einnig til óheimtra vaxta, enda má kyrrsetja kröfu til þeirra sér. Rétt er, að fógeti eða sá, er hann nefnir til, heimti skuldir og vexti, og gerir fógeti skil í því efni, jafnskjótt sem fullnaðardómur gengur eða sátt er gerð um kyrrsetningarkröfu.

### 15. gr.

Gerðarþola er rétt og skylt að boði fógeta að benda á fjármuni til kyrrsetningar, enda skal fara að óskum hans um það, hvað kyrrsetja skuli, gerðarbeiðanda að meina-lausu. Brýna skal fógeti fyrir gerðarþola að segja satt og rétt til um eignir sínar og benda honum á þá refsíabýrgð, sem visvitandi rangar skýrslur um það efni hafa í för með sér. Rétt er fógeta, ef boð hans stoðar ekki og að undangengnum úrskurði, að opna hús og hirzlur gerðarþola og annarra, sem líklegir eru til að hafa fjármuni hans í vörzlu, og leita þar fjármuna hans, svo og leita á honum sjálfum, og öðrum undir sama skilorði. En jafnan skal svo með fara, að sem minnstur miski eða óhagræði verði af. Fógeti getur úrskurðað sömu refsingu þeim á hendur, sem þverskallast við að láta upplýsingar í té samkvæmt þessari grein, og beita má við vitni.

Nú er gerðarþoli ekki viðstaddur, og getur fógeti þá skorað á einhvern þann fulltíða mann, sem við kann að vera, svo sem konu gerðarþola, börn eða heima-menn, að segja til um eignir hans.

Skylt er fógeta að benda á rétt gerðarþola til þess að taka frá tiltekna muni og verðmæti að tilteknu marki samkvæmt ákvæðum aðfararlaga, enda skal hann jafnan gæta þess, að eigi séu kyrrsettir munir þeir, er lögum samkvæmt er bannað að taka fjárnámi.

Tilkynna skal gerðarþola kyrrsetningu, ef hann var ekki við hana staddur.

18 22. marz Þriðji maður, sem telur rétti sínum hallað, getur horið fram kröfur sínar fyrir fógeta til úrlausnar, meðan gerð er framkvæmd, enda getur þriðji maður þá kært úrskurð fógeta með venjulegum hætti.

## 16. gr.

Kyrrsettir munir skulu framvegis vera í vörzlu gerðarþola eða annarra, sem hann hefur falið geymslu þeirra. Þó skal fógeti eftir kröfu gerðarbeiðanda taka verðmæti til geymslu eða fá öðrum hana, ef þeim er svo varið eða högum eða framkomu vörzlumanns er svo háttað, að ástæða er til að telja gerðarbeiðanda hættu búna af varðveizlu þeirra í höndum hans, enda standi réttur þriðja manns vörzlu-skiptum ekki í vegi. Fógeti kveður á um tryggingu gerðarbeiðanda til handa gerðarþola og eftir kröfu hans vegna spjalla eða afnotamissis á kyrrsettum munum, er vörzluskiptum hafa sætt.

## 17. gr.

Gerðarþola er óheimilt að eyða eða spilla kyrrsettum munum, heimta eða semja um kyrrsettar kröfur eða flytja til kyrrsetta muni, svo að hætta sé á réttarspjöllum þar af, eða skjóta þeim undan. Venjuleg notkun, sem ekki hefur í för með sér eyðingu eða spjöll, er honum heimil, enda er honum skylt að geyma kyrrsetta muni eftir mætti og halda þeim við eins og venja er um samskonar muni.

Nú er fasteign kyrrsett með lausafjármunum, er henni fylgja, og er gerðarþola þá heimilt að eyða þeim og skipta á þeim og öðrum slíkum munum, að því leyti sem það er venjulegt til notkunar eignarinnar, enda tekur kyrrsetningin þá einnig til slíkra þeirra muna, sem aflað er til eignarinnar.

## 18. gr.

Óheimilt er gerðarþola að ráðstafa kyrrsettum munum með samningum, þannig að í bága fari við rétt gerðarbeiðanda, enda er gerðarbeiðandi ekki bundinn gagnvart þriðja manni við slíkar ráðstafanir. Þó vinnur grandlaus þriðji maður rétt yfir fasteign, skipi 5 smálesta og stærra og skrásettu loftfari, nema kyrrsetning hafi verið þinglesin (innrituð í Reykjavík), og yfir viðskiptabréfum, nema athugasemd um kyrrsetningu hafi verið á þau skráð. Tilkynta þarf skuldunaut, ef krafa er kyrrsett og geymslumanni kyrrsetts hlutar kyrrsetningu. Annars kostar er þeim rétt að greiða gerðarþola skuld eða skila honum hlut, ef þeir eru grandlausir um kyrrsetningu. Sama er um vaxtagreiðslur af skuld samkvæmt viðskiptabréfi.

## 19. gr.

Kyrrsetning vikur fyrir fjárnámi. Niður fellur kyrrsetning, er nauðasamningur milli gerðarþola og lánardrottna hans hlýtur staðfestingu, þú hans er tekið til gjaldþrotaskipta eða til skipta án ábyrgðar erfingja hans á skuldum.

## 20. gr.

Innan viku frá lokum kyrrsetningargerðar skal gerðarhafi gefa út og birta eða láta gefa út stefnu til héraðsdóms á því varnarþingi, er sækja má mál til greiðslu kröfunnar, til staðfestingar kyrrsetningar, enda sé stefnufrestur hæfilegur.

Nú hefur mál eigi verið höfðað um kröfu þá, er tryggja skyldi, og skal þá í einu lagi sækja mál til staðfestingar kyrrsetningu og til viðurkenningar kröfu, ef hún er ekki í gjalddaga fallin, en ella til aðfarardóms. Koma má að öllum vörnum, sem annars eru heimilar, bæði um kröfu sjálfa og kyrrsetningargerð að formi og efni, hvort sem varnarástæða er eldri eða yngri en gerðin og hvort sem vörn hefur verið uppi höfð fyrir fógetaþómi eða ekki.

Nú er mál um kröfu fyrir héraðsdómi, þá er kyrrsetning fór fram, og skal þá sameina staðfestingarmál því máli, enda skal taka það upp af nýju, ef það hefur

þegar verið tekið til dóms, en dómur enn eigi upp kveðinn. Skal síðan kveða upp dóm bæði um kröfu og kyrrsetningu í einu lagi. 18

22. marz

Nú hefur dómur þegar verið kveðinn upp í héraði, er staðfestingarmál er þingfest, og er héraðsdómara þá rétt að fresta staðfestingarmáli, ef héraðsdómi hefur verið áfrýjað, áður en dómur gengur um það, unz dómur gengur í hæstarétti, enda er rétt að taka staðfestingarmál upp af nýju, þótt það hafi verið dómtekið, áður en dómur hæstaréttar gekk.

Nú hefur beiðni um kyrrsetningu verið synjað eða kyrrsetning fellur niður, áður en frestur samkvæmt 1. málsg. er liðinn, og er gerðarbeiðanda þá rétt að höfða mál til viðurkenningar á réttmæti gerða sinna eða kyrrsetningar, enda fer um það mál samkvæmt því, er mælt var, eftir því sem við á.

Þriðji maður, sem telur rétti sínum hallað í sambandi við kyrrsetningargerð, getur og haft uppi kröfur sínar þess vegna með meðalgöngu í staðfestingarmáli eða í sérstöku máli, hvort sem er til niðurfellingar kyrrsetningar, sem hann telur ranglega gerða á réttindum sínum, eða til skaðabóta af þeim sökum.

Eigi verður kyrrsetningargerð áfrýjað.

#### 21. gr.

Nú hefur eign erlendis búsetts manns verið kyrrsett hér á landi, og er þá rétt að birta stefnu til staðfestingarmáls vörzlumanni fjármunanna eða einhverjum þeirra, ef þeir eru fleiri en einn. Ef fjármunir eru kyrrsettir í tveimur lögsagnarumdæmum eða fleirum, má mál sækja í hvoru eða hverju þeirra, er gerðarhafi kýs. Í slíku máli verður einungis dæmt um lögmæti kyrrsetningar og veitt heimild til aðfarar í munum þeim, sem kyrrsettir voru, nema skuldunautur komi sjálfur fyrir dóm eða löghæfur maður með umboði hans til flutnings málsins.

Ákvæði greinar þessarar koma því aðeins til framkvæmda, að ekki standi milliríkjasamningur því í vegi.

#### 22. gr.

Nú verður staðfestingarmál ekki þingfest sækjanda að vítalausu, því er vísað frá dómi eða það er hafið samkvæmt 3. eða 4. tölul. 119. gr. laga nr. 85/1936, og er þá rétt að höfða mál af nýju innan viku frá því, er sækjanda varð kunnugt um málalok. En eigi má oftur svo með fara, nema það megi telja sækjanda óviðráðanlegt, að máli hans lauk með þeim hætti.

Nú skyldi mál hafið samkvæmt 1. tölul. 119. gr. laga nr. 85/1936 eða kyrrsetning er niður fallin samkvæmt 19. eða 25. gr., og heldur þá mál til staðfestingar áfram, nema varnaraðili tjái sig engar kröfur gera vegna kyrrsetningar.

#### 23. gr.

Nú er eigi að lögum leitað staðfestingar á kyrrsetningu, og er hún þá niður fallin frá því, er gerðarhafi mátti í síðasta lagi gefa út og birta eða láta gefa út stefnu til staðfestingar hennar samkvæmt 1. málsg. 20. gr. eða 1. málsg. 22. gr.

Nú er staðfestingar leitað, en kyrrsetning er felld niður með héraðsdómi, og stendur hún þó næstu 3 vikur talið frá dómsuppsögu, ef gerðarhafi var við hana staddur, en ella frá birtingu dóms fyrir honum. Að loknum fresti fellur kyrrsetning niður, nema gerðarhafi sanni innan þessa tíma fyrir fógeta, að hann hafi tekið út áfrýjunarstefnu til staðfestingar kyrrsetningu fyrir æðra dómi. Ef æðri dómur staðfestir ákvæði héraðsdóms um niðurfall kyrrsetningar, telst hún niður fallin frá dómsuppsögu.

Eigi má aflýsa innritaðri eða þinglýstri kyrrsetningu án samþykkis gerðarhafa, nema vottorð fógeta komi til um það, að eigi hafi verið áfrýjað samkvæmt 2. málsg.

Um vörzluskipti kyrrsettra muna ber gerðarþola jafnan að leita aðgerða fógeta,



18 þegar svo stendur á sem í 2. málsg. segir, enda mega þau ekki verða, meðan gerðarhafa er kostur áfrýjunar samkvæmt henni.

## 24. gr.

Nú fellur kyrrsetning niður, hvort sem það er vegna sýknunar af kröfu þeirri, er tryggja skyldi, vegna galla á gerðinni sjálfri eða vegna þess, að henni hefur ekki verið réttilega haldið til laga, og ber gerðarbeiðanda þá að bæta gerðarþola þann miska og fjártjón, þar á meðal lánstraustsspjöll, er telja má hann hafa liðið sakir gerðarinnar. Bæta skal og, þótt kyrrsetning reynist aðeins að nokkru ólögmet og þótt hún falli niður sakir atvika, er gerðust eftir framkvæmd hennar, ef ætla má, að hún hefði haft bótaskyldu í för með sér annars. Þegar meta skal bætur, má bæði hafa hliðsjón til þess, hvort gerðarbeiðandi hefur sýnt af sér vanrækslu eða gáleysi, og til þess, hvort gerðarþoli kann að hafa veitt sérstakt efni til aðgerðanna eða tilhögunar þeirra með framkomu sinni í sambandi við þær.

Bótakröfu má hafa uppi í staðfestingarmáli bæði til skuldajafnaðar og til sjálfstæðs dóms. Annars kostar má höfða sjálfstætt mál á varnarþingi kyrrsetningar, þar sem dómari leitar sátta, innan þriggja mánaða frá því, er gerðarþola varð kunnugt um synjun kyrrsetningarbeiðni, frá úrslitum staðfestingarmáls eða niðurfalli kyrrsetningar annars, ef því er að skipta.

Um aðilaskipti að kröfu um miskabætur eftir lögum þessum fer samkvæmt 3. málsg. 264. gr. almennra hegningarlaga.

## 25. gr.

Samkvæmt kröfu gerðarhafa skal fógeti taka kyrrsetningargerð upp af nýju:

1. Ef nauðsynlegt má teljast til verndar hagsmunum hans, svo sem til þess að kyrrsetja meira en áður var gert, til vörzluskipta kyrrsettra muna o. s. frv.
2. Til skila á tryggingu, er hann hefur sett.

Samkvæmt kröfu gerðarþola skal fógeti taka upp kyrrsetningargerð af nýju:

1. Ef munir hafa teknir verið, er eigi skyldi kyrrsetja, kyrrsett hefur verið að mun meira en þörf var til, nauðsyn þykir vera á vörzluskiptum kyrrsettra muna o. s. frv.
2. Ef gerðarþoli leysist undan kröfu eftir að kyrrsetningargerð fór fram, svo sem vegna greiðslu eða sýknudóms, eða fram er boðin lögleg greiðslu eða trygging, fúlga greiðist ekki, frestur um kyrrsetning á honum sjálfum er liðinn o. s. frv.
3. Ef staðfestingar er ekki löglega leitað eða kyrrsetning hefur verið felld úr gildi með úrslitadómi, enda sé gerðarþola nauðsynlegt, að ráðstafanir séu gerðar til þess að afmá þær takmarkanir, sem gerðar hafa verið í umráðaheimild hans yfir kyrrsettum munum eða umráðamöguleika.

Samkvæmt kröfu þriðja manns skal fógeti taka gerð upp, ef þriðji maður telur hafa verið gengið ólöglega á rétt sinn með kyrrsetningu, svo sem ef telja má hann eiga þann hlut, sem kyrrsettur var o. s. frv.

Fógeti getur breytt fyrri ályktunum sínum, bæði ef ný atriði koma fram og atriði eldri en gerðin, ef þau hafa ekki komið áður fram eða eigi komið til greina við fyrri ákvarðanir fógeta.

Kæra má ákvarðanir fógeta, en ekki frestar kæra framkvæmd þeirra, nema sýnt megi þykja að dómi fógeta, að engin réttarspjöll stafi af frestun.

Nú fellir æðri dómur synjun fógeta um lausnargerð eða aðrar aðgerðir samkvæmt þessari grein úr gildi, og getur aðili þá heimtað bætur af gerðarhafa fyrir tjón það, er synjun kann að hafa bakað honum, eftir almennum skaðabótareglum.

Nú ónýtir æðri dómur lausnargerð, og ber fógeta þá að koma því í samt lag, er raskast hefur vegna lausnargerðar hans, eftir því sem kostur er.

### III. KAFLI

#### Um lögbann.

18

22. marz

#### 26. gr.

Lögbann má leggja við byrjaðri eða yfirvofandi athöfn einstaklings eða fyrirsvarsmanns félags eða stofnunar, er raskar eða raska myndi með ólögmetum hætti rétti gerðarbeiðanda. Við athöfn þeirra, er fara með framkvæmdavald ríkis eða sveitarfélaga, má undir sama skilorði beita lögbanni, ef athöfn varðar meðferð einstaklingsréttinda eða hanna skal athöfn í þágu einstaks manns, enda eigi dómstólar úrlausn málsins, eða telja má aðilja fara út fyrir valdsvið sitt.

#### 27. gr.

Ákvæði 9. gr., upphafsákvæði 10. gr., 11., 12., 15. gr. 2. málsgr., 16.—18. gr., 20. gr., 1. málsgr. 22. gr. og 23.—25 gr taka og til lögbanns, eftir því sem við á og eigi er öðru vísi mælt, sbr. 28. gr.

#### 28. gr.

Lögbann hefst, þar sem sú eign er, er bann varðar, og annars, þar sem aðiljar verða á sáttir eða fógæti ákveður hverju sinni.

Fógæti kveður gerðarþola til, ef þess er kostur. Annarskostar skal birta honum bann.

Lögbanni verður venjulega ekki afstýrt með tryggingu, nema gerðarbeiðandi samþykki.

Um bætur fyrir miska- og lánstraustsspjöll sakir lögbanns fer eftir því, sem mælt er fyrir í 1. málsgr. 24. gr.

Greina skal glöggt í fógætabók þann verknað, sem bannaður er, og þá eign, sem bann varðar, ef því er að skipta.

#### 29. gr.

Nú brýtur gerðarþoli vísvitandi eða af stórvægilegu gáleysi lögbann, og varðar það sektum til ríkissjóðs eða varðhaldi, nema þyngri refsing liggir við að lögum.

Gerðarhafi á sókn þess máls.

#### 30. gr.

Skylt er lögreglumönnum að veita aðstoð sína til þess að halda uppi lögbanni, enda er þeim rétt að beita valdi því til varnar, ef með þarf.

#### 31. gr.

Gerðarþola er skylt að bæta skaða þann, er brot hans eða manna hans, framin af ásetningi eða gáleysi, á lögbanni, hafa í för með sér. Sama er um tjón á munum eða réttindum, er lögbann varðar.

### IV. KAFLI

#### Niðurlagsákvæði.

#### 32. gr.

Lög þessi koma til framkvæmdar 1. júní 1949.

Frá sama tíma eru úr lögum numin ákvæði N. L. 1—19, sbr. konungsbr. 2. maí 1732, tilsk. 10. des. 1790, opið bréf 30. nóv. 1821 og önnur ákvæði laga, sem í bága fara við lög þessi.

#### 33. gr.

Nú hafa aðgerðir, sem lög þessi taka til, farið fram fyrir 1. júní 1949, og skal þá telja fresti þá, sem ákveðnir eru í lögum þessum, frá þeim tíma.

18 Um gerð, er kynni að hafa verið framkvæmd af tveimur mönnum, skal fara eftir  
22. marz 2. málsgr. 2. gr. laga þessara, nema hún hafi verið lögð til dóms fyrir 1. júní 1949.

*Gjört að Bessastöðum, 22. marz 1949.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Bjarni Benediktsson.*

19

22. marz

## L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja landræmu úr  
Öskjuholtslandi í Landsveit.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að selja landræmu, utan sandgræðslugirðingar, úr Öskjuholtslandi í Landsveit.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 22. marz 1949.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Bjarni Ásgeirsson.*

20

22. marz

## L Ö G

um viðauka við lög nr. 128/1947, um dýrtíðarráðstafanir.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 12. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Við umreikning á tekjum og ákvörðun skatta af þeim samkv. 14. gr. laga nr. 20/1942, um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, skal miðað við vísitölu 315, á meðan lög þessi eru í gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 22. marz 1949.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Jóhann Þ. Jósefsson.*

## L Ö G

21

22. marz

um sölu á steinolíu, hráolíu, benzíni og smurningsolíu.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Steinolíu, hráolíu, benzín og smurningsolíu skal selja eftir vigt eða um mæli.

## 2. gr.

Á hverju íláti, sem inniheldur steinolíu, hráolíu, benzín eða spurningsolíu, skal vera merkt:

- a. nafn firma þess, félags eða einstaks manns, er vöruna selur;
- b. nafn tegundarinnar, sem ílátið inniheldur;
- c. þyngd ílátsins með innihaldi (brúttóvigti);
- d. þyngd innihaldsins (nettóvigti);
- e. tala (númer) ílátsins.

Þessi ákvæði ná þó eigi til smásölu, þótt seljandi leggi til ílát eða selji þau með vörunni.

## 3. gr.

Hverjum sölureikningi skal fylgja sundurliðun yfir hvert ílát, þar sem tilgreint er:

- a. tala (númer) ílátsins;
- b. nafn tegundar;
- c. þyngd ílátsins með innihaldi;
- d. þyngd ílátsins (sjálfs);
- e. þyngd innihaldsins.

## 4. gr.

Löggildingarstofan löggildir mæla samkv. 1. gr. og hefur eftirlit með þeim, og er sala um mæla óheimil nema löggilding hafi áður farið fram. Nánari ákvæði um framkvæmd löggildingar og eftirlits skal setja með reglugerð.

## 5. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 500 til 10000 kr., er renna í ríkissjóð.

## 6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla jafnframt úr gildi lög nr. 55 3. nóvember 1915, um sölu á steinolíu, benzíni og áburðarolíu.

*Gjört að Bessastöðum, 22. marz 1949.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Bjarni Ásgeirsson.*

22

22. marz

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 112/1941, um lax- og silungsveiði.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „1. september“ í 3. tölul. 16. gr. laganna kemur: 15. september.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 22. marz 1949.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Bjarni Ásgeirsson.*

23

21. marz

## AUGLÝSING

um framboð og kjör forseta Íslands.

Kjör forseta Íslands skal fara fram sunnudaginn 26. júní 1949.

Framboðum til forsetakjörs skal skila í hendur dómismálaráðuneytinu ásamt samþykki forsetaefnis, nægilegri tölu meðmælenda og vottorðum yfirkjörstjórna um að þeir séu á kjörskrá, eigi síðar en fimm vikum fyrir kjördag.

Forsetaefni skal hafa meðmæli minnst 1500 kosningabærra manna og mest 3000, er skiptist þannig eftir landsfjórðungum:

Úr Sunnlendingafjórðungi (V.-Skaftafellssýslu—Borgarfjarðarsýslu, að báðum meðtöldum) séu minnst 890 meðmælendur, en mest 1780.

Úr Vestfirðingafjórðungi (Mýrasýslu—Strandasýslu, að báðum meðtöldum) séu minnst 200 meðmælendur, en mest 400.

Úr Norðlendingafjórðungi (V.-Húnavatnssýslu—S.-Þingeyjarsýslu, að báðum meðtöldum) séu minnst 285 meðmælendur, en mest 570.

Úr Austfirðingafjórðungi (N.-Þingeyjarsýslu—A.-Skaftafellssýslu, að báðum meðtöldum) séu minnst 125 meðmælendur, en mest 250.

Þetta auglýsist hér með samkvæmt lögum nr. 36 12. febrúar 1945, um framboð og kjör forseta Íslands.

*Forsælisráðuneytið, 21. marz 1949.*

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

*Birgir Thorlacius.*

**L Ö G**

um breyting á lögum nr. 33 12. febr. 1945, um breyting  
á lögum nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl.

24

20. apríl

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-  
þykki mínu:

## 1. gr.

Fyrsta efnismálgrein 1. gr. laganna orðast svo:

Ríkissjóður greiðir bæjarfélögum allt að tveim fimmtu kostnaðar, en öðrum sveitarfélögum allt að tveim þriðju kostnaðar af að reisa almenn sjúkrahús, sjúkra-  
skýli eða læknisbústaði, sem reistir verða samkvæmt ákvæðum laga þessara, enda fallist ráðherra á þörf þeirra framkvæmda og meti þær við hæfi.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 20. apríl 1949.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*

**L Ö G**

um breyting á lögum nr. 29 23. apríl 1946,  
um hafnargerðir og landingarbætur.

25

20. apríl

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-  
þykki mínu:

## 1. gr.

Á eftir 60. tölulið B. í 2. gr. laganna kemur nýr liður:  
Svalbarðseyri.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 20. apríl 1949.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Emil Jónsson.*

26  
3. maí

## L Ö G

### um hvalveiðar.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

##### 1. gr.

Rétt til að stunda hvalveiðar í íslenskri landhelgi og til að landa hvalatla, þótt utan landhelgi sé veitt, svo og til að verka slíkan afla, hafa þeir einir, er fengið hafa til þess leyfi atvinnumálaráðuneytisins. Slík leyfi má aðeins veita íslenskum ríkisborgurum, enda hafi þeir verið búsettir hér á landi í 1 ár að minnsta kosti. Áður en leyfi er veitt, skal ráðherra leita umsagnar Fiskifélags Íslands og Atvinnudeildar háskólans (fiskideildar). Ef báðar þessar stofnanir telja, að gengið sé of nærri hvalastofninum með nýjum veiðileyfum, skal umsókn synjað.

Ef um félag er að ræða, skal meira en helmingur hlutafjárins vera í eigu manna, sem uppfylla skilyrði fyrstu málsgreinar þessarar greinar, enda sé stjórn félagsins skipuð slíkum mönnum, er eigi heimilisfang og varnarþing á Íslandi.

Leyfishafi skal á hverjum tíma veita allar þær upplýsingar um starfsemi sína og starfsháttu, sem atvinnumálaráðuneytið telur nauðsynlegar.

##### 2. gr.

Erlend skip má ekki nota til hvalveiða nema með leyfi atvinnumálaráðherra. Skulu slík leyfi eigi veitt til lengri tíma en eins árs í senn. Eigi skal þetta þó skerða þau leyfi, sem þegar hafa verið veitt.

##### 3. gr.

Óheimilt er að veiða

- a. hvalkálfa og hvali, sem kálfar fylgja;
- b. tilteknar tegundir hvala og hvali undir tiltekinni lágmarksstærð, eftir því sem atvinnumálaráðuneytið ákveður nánar í reglugerð með hliðsjón af alþjóðasamningum um hvalveiðar, sem Ísland er eða kann að gerast aðili að.

##### 4. gr.

Með reglugerð getur atvinnumálaráðuneytið

- a. bannað hvalveiðar á tilteknum svæðum;
- b. takmarkað veiðar við ákveðinn tíma árs;
- c. takmarkað heildarveiðimagn, veiðimagn ákveðins fyrirtækis, leiðangurs eða landstöðvar;
- d. takmarkað veiðiútbúnað;
- e. bannað íslenskum ríkisborgurum og þeim, sem heimilisfang eiga á Íslandi, að taka þátt í hvalveiðum, sem ekki eru háðar jafnströngum fyrirmælum og þeim, sem á Íslandi gilda, og
- f. sett hvers konar önnur ákvæði, sem talin eru nauðsynleg vegna þátttöku Íslands í alþjóðasamningum um hvalveiðar.

##### 5. gr.

Verkun hvalafla má einungis fara fram á þeim stöðum, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir. Ráðuneytið setur nánari fyrirmæli um fyrirkomulag verkunarinnar, þannig, að af henni hljótist sem minnst ónæði fyrir aðra. Jafnframt skulu sett fyrirmæli um nýtingu hvals til fullnustu.

## 6. gr.

26

Atvinnumálaráðuneytið setur reglur um eftirlit með hvalveiðum samkvæmt lögum þessum, og skal þar gert ráð fyrir, að skipaðir verði opinberir eftirlitsmenn, er laun taki úr ríkissjóði. 3. maí

Jafnframt skal ákveða gjald fyrir leyfi samkvæmt 1. gr. laga þessara til að standast kostnaðinn af eftirlitinu.

## 7. gr.

Útgerðarmaður hvalveiðiskips ber ábyrgð á því, að ekki sé brotið í bága við lög þessi með notkun skipsins.

## 8. gr.

Atvinnumálaráðuneytið getur gefið sérstakt leyfi til hvalveiða í vísindalegu augnamiði. Leyfið skal háð þeim skilyrðum, sem ráðuneytið ákveður, og þarf þá ekki að fylgja fyrirmælum laga þessara.

## 9. gr.

Ráðningarkjör hvalveiðimanna skulu ákveðin þannig, að tekjur byggist að miklu leyti á tegund, stærð og verðmæti veiddra hvala, en ekki einungis á fjölda þeirra.

Engin laun má greiða fyrir ólöglega hvalveiði, jafnvel þótt fullnægjandi ástæður séu færðar fyrir veiði hvalsins.

## 10. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 10000—100000 kr., og fangelsi allt að 6 mánuðum. Sömu refsingu skal sá sæta, sem sekur er um hlutdeild í slíku broti. Ólöglegur afli og veiðarfæri skulu upptæk.

Á skipinu skal hvíla lögveð til tryggingar greiðslu á sektum og kostnaði.

## 11. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu sæta meðferð opinberra mála.

## 12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 72 7. maí 1928, um hvalveiðar, og lög nr. 6 6. marz 1896, um hvalleifar.

*Gjört í Reykjavík, 3. maí 1949.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Jóhann P. Jósefsson.*



27  
3. maí

## L Ö G

um breyting á framfærslulögum nr. 80/1947.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Orðin „að frádregnum 10%“ í 69. gr. laganna falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 3. maí 1949.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Stefán Jóh. Stefánsson.*

28  
3. maí

## L Ö G

um veitingu ríkisborgararéttar.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Christensen, Rannveig Halldórsdóttir, frú í Reykjavík, fædd 18. júlí 1903 á Íslandi.
2. Gunnar Már Nehm Pétursson, skrifstofumaður í Reykjavík, fæddur 16. okt. 1919.
3. Grímur Hákonarson, bóndi í Auðsholti í Ölfusi, fæddur 1. sept. 1887 á Íslandi.
4. Hansen, Margrét Lund, nemandi, fædd 21. ágúst 1924 á Íslandi.
5. Henckell, María Bjarnadóttir, frú í Reykjavík, fædd 25. júní 1911 á Íslandi.
6. Hulda Laufey Sigurðardóttir, frú í Reykjavík, fædd 11. marz 1918 á Íslandi.
7. Jensen, Guðlaug Aðalheiður Benediktsdóttir, frú í Reykjavík, fædd 29. sept. 1913 á Íslandi.
8. Jón Ebenezersson Halldórsson, lögreglumaður í Reykjavík, fæddur 23. febr. 1919 á Íslandi.
9. Klingbeil, Kristín Guðmundsdóttir, frú í Reykjavík, fædd 30. júlí 1911 á Íslandi.
10. Münch, Helga Einarsdóttir, frú í Reykjavík, fædd 4. ágúst 1897 á Íslandi.
11. Nagel, Salome Þorleifsdóttir, frú í Reykjavík, fædd 19. ágúst 1897 á Íslandi.
12. Philip, Sigurlaug Guðmundsdóttir, frú, Reykjavík, fædd 24. febrúar 1919 á Íslandi.
13. Rasmussen, Birna Halldórsdóttir Melsted, frú, fædd 29. jan. 1910 á Íslandi.
14. Sigurður Sveinbjörnsson, trúboði í Reykjavík, fæddur 1. apríl 1875 á Íslandi.
15. Strand, Þórdís Einarsdóttir, frú í Reykjavík, fædd 3. sept. 1898 á Íslandi.

16. Susanna Þórðardóttir, frú, fædd 2. febr. 1913 á Íslandi. 28
17. Timmermann, Þóra Ingibjörg Bjarnadóttir, bókari í Reykjavík, fædd 28. apríl 3. maí 1912 á Íslandi.
18. Bender, Carl Christian, verzlunarmaður í Reykjavík, fæddur 26. apríl 1880 í Danmörku.
19. Billich, Karl, píanóleikari í Reykjavík, fæddur 23. júlí 1911 í Austurríki.
20. Christensen, Gísli Halldór, verkamaður, fæddur 9. okt. 1929 í Danmörku.
21. Christensen, Sýlvía María, ungfrú, fædd 15. febr. 1918 í Danmörku.
22. Christiansen, Erik, verkstjóri, fæddur 27. maí 1911 í Danmörku.
23. Eberhardt, Konstantin Alexander, iðnverkamaður í Reykjavík, fæddur 11. nóv. 1893 í Þýzkalandi.
24. Edelstein, Heinz Theodor, dr., tónlistarkennari í Reykjavík, fæddur 5. júní 1902 í Þýzkalandi.
25. Edelstein, Stefan Emanuel, námsmaður í Reykjavík, fæddur 28. desember 1931 í Þýzkalandi.
26. Edelstein, Wolfgang Michael, námsmaður í Reykjavík, fæddur 15. júní 1929 í Þýzkalandi.
27. Eikesdal, Bent, fyrrv. bóndi, Meiri-Hattardal, Álftafirði, fæddur 5. júlí 1875 í Noregi.
28. Farestveit, Einar Knutsen, verzlunarmaður í Reykjavík, fæddur 9. apríl 1911 í Noregi.
29. Felixson, Aaslaug, þjónustustúlka í Reykjavík, fædd 23. júlí 1901 í Noregi.
30. Gjoveraa, Joen Frederik Sofus, sjómaður í Neskaupstað, fæddur 14. des. 1890 í Færeyjum.
31. Goldstein, Peter Lothar, loftskemtamaður, fæddur 7. nóv. 1927 í Þýzkalandi.
32. Hagvaag, Analius Georg, vélamaður, fæddur 23. sept. 1907 í Noregi.
33. Hansen, Aage, landbúnaðarverkamaður, fæddur 25. des. 1919 í Danmörku.
34. Helland, Knut Ó., verzlunarmaður á Siglufirði, fæddur 6. nóvember 1914 í Noregi.
35. Jakobsen, Johan Viktor, verkamaður í Reykjavík, fæddur 15. júní 1878 í Svíþjóð.
36. Johannessen, Marie, verkakona, Háteigsvegi bragga 16 í Reykjavík, fædd 3. marz 1902 í Noregi.
37. Johansen, Aage Boyum, kafari á Siglufirði, fæddur 7. apríl 1914 í Danmörku.
38. Lindberg, Johan Vilhelm, umboðssali í Reykjavík, fæddur 11. júní 1882 í Danmörku.
39. Magnús Jón Ernst Magnússon, nemandi, fæddur 14. febr. 1935 í Þýzkalandi.
40. Meyer, Gerhard Paul Wilhelm, Álafossi, fæddur 15. september 1907 í Þýzkalandi.
41. Montanus, Gísli Ólafsson, nemandi, fæddur 16. okt. 1933 í Belgíu.
42. Ormslev, Gunnar, tannsmíðanemi, fæddur 22. marz 1928 í Danmörku.
43. Pedersen, Martin Schönning Kristian, rafsuðumaður á Raufarhöfn, fæddur 27. júní 1887 í Noregi.
44. Rasmussen, Olgeir Möller, nemandi, fæddur 15. júlí 1928 í Danmörku.
45. Stangeland, Arne, verzlunarmaður, Fáskrúðsfirði, fæddur 23. ágúst 1919 í Noregi.
46. Svansson, Karl Johan Heinrich, verzlunarmaður á Patreksfirði, fæddur 13. október 1912 í Þýzkalandi.
47. Urbantschitsch, Peter Paul Martin, námsmaður í Reykjavík, fæddur 4. júlí 1931 í Austurríki.
48. Urbantschitsch, Victor Ernest Johann, dr., tónlistarkennari í Reykjavík, fæddur 9. ágúst 1903 í Austurríki.
49. Versteeg, Nanna Nagtglas, ungfrú, fædd 9. marz 1930 á Java.
50. Albina, Maria, Hafnarfirði, fædd 7. maí 1887 í Þýzkalandi.

- 28 51. Barbara, Maria, Hafnarfirði, fædd 5. marz 1904 í Þýzkalandi.  
 3. maí 52. Cyrilla, Maria, fædd 28. ágúst 1880 í Þýzkalandi.  
 53. Elise, Maria, Reykjavík, fædd 21. okt. 1902 í Þýzkalandi.  
 54. Emerentia, Maria, Reykjavík, fædd 4. apríl 1906 í Þýzkalandi.  
 55. Felicia, Maria, Hafnarfirði, fædd 20. júlí 1901 í Þýzkalandi.  
 56. Gabrielle, Maria, Reykjavík, fædd 24. júní 1904 í Þýzkalandi.  
 57. Julitta, Maria, Reykjavík, fædd 25. sept. 1896 í Póllandi.  
 58. Monika, Maria, Hafnarfirði, fædd 2. maí 1908 í Þýzkalandi.  
 59. Poulina, Anne, Reykjavík, fædd 17. febr. 1911 í Þýzkalandi.  
 60. Remberta, Maria, Hafnarfirði, fædd 22. sept. 1877 í Þýzkalandi.  
 61. Xaveria, Maria, Hafnarfirði, fædd 12. júlí 1896 í Þýzkalandi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 3. maí 1949.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Bjarni Benediktsson.*

29

3. maí

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 20 20. maí 1942, um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935,  
 um tekjuskatt og eignarskatt.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við fyrri málsgr. c-liðar 14. gr. laganna bætist nýr málslíður:

Enn fremur er þeim bátaútvegsmönnum, sem í árslok 1948 áttu í nýbyggingarsjóði lægri fjárhæð en kr. 25000.00 á skip, eða hafa á síðustu tveim árum tapað meiru á útgerðinni en svarar innieign þeirra í sjóðnum, heimilt að taka eign sína úr nýbyggingarsjóði og nota sem rekstrarfé.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 3. maí 1949.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Jóhann Þ. Jósefsson.*

## L Ö G

30

6. maí

um breyting á lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Tóbakseinkasalan má leggja frá 10 til 350 af hundraði á tóbak, eftir því sem henta þykir fyrir hverja tegund.

Álagningu þessu skal miða við verð vörunnar, kominnar í hús hér á landi, að meðtöldum tolli.

Tóbak til sauðfjárbaðana og inngjafar sauðfjár við ormaveiki skal selja án hagnaðar.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Lög nr. 69 7. sept. 1943 og nr. 17 12. marz 1947 eru úr gildi numin.

*Gjört í Reykjavík, 6. maí 1949.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Jóhann P. Jósefsson.*

## L Ö G

31

9. maí

um breyting á lögum nr. 42 1948, um útflutning og innflutning á íslenskum og erlendum gjaldeyri.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

3. gr. laga nr. 42 1948 orðast þannig:

Hver sá, er til landsins kemur frá útlöndum, skal gefa tollyfirvöldunum sundurliðaða skýrslu um þann gjaldeyri, er hann hefur meðferðis. Skulu einstaklingar búsettir hér á landi skila þeim gjaldeyri, sem þeir eiga, til þeirra banka, er rétt hafa til að verzla með erlendan gjaldeyri, og greiða þeir andvirðið í íslenskum krónum.

Einstaklingar búsettir erlendis skulu við komu sína til landsins undirrita yfirlýsingu um, að þeir selji gjaldeyri aðeins til þeirra stofnana, sem rétt hafa til gjald-eyrisverzlunar. Skal sala þeirra á gjaldeyri færð í vegabréf þeirra.

Hver sá, sem fer af landi burt, skal gefa skriflega skýrslu um gjaldeyri þann, er hann hefur meðferðis, og gera grein fyrir, að hans hafi verið aflað á löglegan hátt.

31

9. maí

4. gr. sömu laga orðast þannig:  
Eigi má setja reglur samkvæmt lögum þessum, er banna mönnum brottför úr landi.

2. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 9. maí 1949.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Emil Jónsson.*

32

30. marz

## AUGLÝSING

varðandi gengistryggingarsamning milli Íslands og Frakklands.

Með orðsendingum dags. 9. og 11. febrúar 1949 hafa sendiráð Íslands í París og utanríkisráðuneyti Frakklands samið um framlengingu til 6 mánaða, frá 1. janúar 1949 að telja, á gengistryggingu þeirri, sem felst í íslensk-franska viðskiptasamkomulaginu frá 25. júní 1948 (Stjt. A. 69/1948) í eftirfarandi breyttri mynd:

„a) Við greiðslur skulu Frakklandsbanki og Landsbanki Íslands miða við gengi milli franska frankans og íslensku krónunnar, sem styðst við gengi sterlingspundsins í París og Reykjavík.

Gengi sterlingspundsins í Reykjavík er hið opinbera meðalgengi þess gjaldmiðils. Gengi sterlingspundsins í París er ákveðið í byrjun hvers mánaðar með hliðsjón af gengi U.S.A.-dollara í London og París. Gengi U.S.A.-dollars í London er hið opinbera skráða gengi þess gjaldeyris. Gengi U.S.A.-dollars í París er ákveðið sem aritmetískt meðaltal, annars vegar þess opinbera gengis U.S.A.-dollara, sem skráð er af gengisfestingarsjóðnum, og hins vegar meðaltals U.S.A.-dollaragengisins á frjáls-um markaði í París yfir ákveðið tímabil.

Frakklandsbanki mun tilkynna Landsbanka Íslands það tímabil, sem útreikningur U.S.A.-dollaragengisins í París miðast við samkvæmt ofansögðu, svo og reglur þær, sem farið hefur verið eftir við ákvörðun opinbers gengis sterlingspunds og verður farið eftir við breytingar á því.

b) Í hvert skipti sem breytt er því gengi sterlingspundsins í París, sem ákveðið er samkvæmt reglunum í a) hér að framan, mun Frakklandsbanki hækka eða lækka frankainneignina á reikningi Landsbanka Íslands í hlutfalli við breytinguna.“

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 30. marz 1949.*

F. r.

**Agnar Kl. Jónsson.**

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald og skatt af bifreiðum sem hér segir:

- a. af benzíni 31 eyri innflutningsgjald af hverjum lítra, og tekur gjald þetta einnig til benzínbirgða innflytjenda, sem til eru í landinu, þá er lög þessi ganga í gildi, og sömuleiðis til birgða einstakra manna eða félaga, en undanþegnir hækkun þessari skulu þó vera 300 lítrar hjá hverjum eiganda;
- b. af hjólbörðum og gúmmíslöngum á bifreiðar 3 — þrjár — krónur í innflutningsgjald af hverju kg;
- c. af bifreiðum, sem aðallega eru gerðar til fólksflutninga, 36 — þrjátíu og sex — krónur á ári af hverjum fullum 100 kg af þunga þeirra;
- d. af bifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzín, 90 — níutíu — krónur í þungaskatt árlega af hverjum fullum 100 kg af þunga þeirra.

Verði ágreiningur um gerð bifreiðar, sker fjármálaráðherra úr;

- e. af bifhjólum 60 — sextíu — krónur árlega af hverju hjóli.

Undanþegnar gjaldi samkvæmt c- og d-liðum eru skólabifreiðar.

## 2. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein, svolátandi:

Eigendur jeepbifreiða eigi rétt á endurgreiðslu skatts samkvæmt c-lið 1. gr., ef þeir sanna með vottorðum frá hlutaðeigandi skattanefndum, að bifreiðarnar hafi verið notaðar næstliðið ár að mestu eða öllu leyti við framleiðslu og jarðyrkjustörf.

## 3. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Eindagi skatts þess, sem um ræðir í 1. gr., c—e-lið, er 1. janúar ár hvert, og skal skatturinn innheimtast þar, sem bifreið er skrásett. Skattskyldan telst frá afhendingu bifreiðamerkis, ef um nýskrásetta bifreið er að ræða, en ella frá 1. janúar næsta ár á undan, og reiknast skatturinn hlutfallslega fyrir hluta úr ári, hvort svo sem stendur á, að merki hefur verið afhent á skattárinu eða skattskyld bifreið hefur ónýtt. Skatturinn telst aðeins fyrir heila mánuði, þannig að 15 dagar eða meira telst heill mánuður, en minna broti er sleppt. Lækka skal þó skattinn samkvæmt c—e-lið 1. gr. að rétttri tiltölu, ef einkennismerki bifreiðar er afhent lögreglustjóra í skrásetningarumdæmi hennar til geymslu um tíma, þó aldrei skemur en 3 mánuði, en sleppa skal broti úr mánuði við frádrátt skattsins, þannig að meira en hálfur mánuður skal reiknast sem heill mánuður, en hálfum mánuði eða minna broti skal sleppt.

Skattinn skal sá greiða, sem er skráður eigandi á gjalddaga eða síðast var það, ef bifreið er ónýtt. Hafi bifreið skipt um eiganda (nothafa), án þess að það hafi verið tilkynnt til skráningar, hvílir greiðsluskyldan jafnframt á hinum nýja eiganda (nothafa).

Við aðalskoðun bifreiðar ár hvert skal eigandi hennar eða umráðamaður færa sönnur á, að greiddur hafi verið af henni bifreiðaskattur fyrir síðastliðið skattár,

**33** svo og skoðunargjald og váttryggingariðgjald ökumanns fyrir sama tímabil. Að  
14. maí öðrum kosti skal skoðunarmaður neita um skoðun á henni, taka af henni einkennis-  
merki hennar og afhenda þau lögreglustjóra, en lögreglustjóri skal ekki afhenda  
þau aftur, fyrir en færðar hafa verði sönnur á greiðslu fyrrgreindra gjalda.

Sé ekki komið með bifreið til skoðunar á tilsettum tíma og gjöldin af henni  
eru ekki greidd, skal lögreglustjóri eftir kröfu skattheimtumanns eða skoðunarmanns  
stöðva bifreiðina, hvar sem hún hittist, og taka merki hennar til geymslu, svo sem  
að framan segir

Bifreiðaskatturinn, skoðunargjald af bifreiðum og váttryggingariðgjald öku-  
manns hafa lögtaksrétt, og skal bifreiðin vera að veði fyrir gjöldum þessum, og  
skal það veð ganga fyrir öðrum veðum.

#### 4. gr.

Aftan við 7. gr. laganna bætist svo hljóðandi málsgrein:

Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að setja reglur um atvinnuréttindi bif-  
reiðastjóra samtímis því, sem benzínskömmtunin væri afnumin.

#### 5. gr.

8. gr. laganna, sem felld var niður með lögum nr. 27 14. apríl 1947, komi inn  
aftur og orðist svo:

Tekjum samkvæmt lögum þessum skal varið sem hér segir:

- a. Í brúasjóð renni fjárhæð, sem svarar 5 auru innflutningsgjaldi af hverjum lítra af benzíni, er Alþingi ráðstafar, og skulu fyrstu tekjur hans ganga til byggingar Þjórsárbrúar.
- b. Til viðhalds og umbóta akvegum renni fjárhæð, sem svarar 21 eyris innflutningsgjaldi af hverjum lítra af benzíni og tekjum samkvæmt b—e-lið 1. gr.

#### 6. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 27 14. apríl 1947, lög nr. 53 7.  
maí 1946 og lög nr. 101 29. des. 1948.

#### 7. gr

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal fella meginmál þeirra og 3. gr. laga nr. 34  
1933 inn í lög nr. 84 1932 og gefa þau síðan út svo breytt.

#### Ákvæði til bráðabirgða.

Næsta bifreiðaskattsár skal vera 1. apríl til 31. desember 1949, að báðum dög-  
um meðtöldum. Fyrir það ár skal einungis greiða  $\frac{3}{4}$  af þeim bifreiðaskatti, sem  
lögum samkvæmt átti að greiða á skattárinu 1. apríl 1949 til 31. marz 1950.

*Gjört í Reykjavík, 14. maí 1949.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Jóhann P. Jósefsson.*

## L Ö G

34

16. maí

um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt er fela rafmagnsveitum ríkisins:

1. að virkja Laxá fremri í Austur-Húnavatnssýslu til raforkuvinnslu í 1900 hestafla orkuveri og leggja þaðan aðalorkuveitu til Blönduóss og Skagastrandar;
2. að virkja Þverá úr Þiðriksvallavatni í Strandasýslu í allt að 1400 hestafla orkuveri og leggja aðalorkuveitu þaðan til Hólmavíkur;
3. að virkja vatnsfallið Þrándargil í Laxárdal í allt að 700 hestafla orkuveri og leggja þaðan aðalorkuveitu til Búðardals.

## 2. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs eða ábyrgjast lán, sem rafmagnsveitur ríkisins taka, að upphæð allt að 11 milljónum króna, til greiðslu stofnkostnaðar þeirra mannvirkja, sem um getur í 1. gr. Af þeirri upphæð má taka sem lán úr raforkusjóði samkv. 1. lið 35. gr. raforkulaganna allt að 3½ milljón króna, þó eigi meira en sem nemur ⅓ hluta af stofnkostnaði mannvirkjanna.

## 3. gr.

Framkvæmdir samkv. 1. gr. mega ekki hefjast nema fyrir liggja nákvæmar kostnaðaráætlanir um virkjanirnar og tryggt hafi verið nægilegt fé til framkvæmdanna.

## 4. gr.

Um stofnun og rekstur orkuvera þeirra og orkuveitna, sem um ræðir í 1. og 2. gr., fer að öðru leyti eftir ákvæðum raforkulaga, nr. 12 2. apríl 1946.

## 5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 16. maí 1949.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Bjarni Ásgeirsson.*



35  
16. maí

## L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja  
Hafnarhreppi þjóðjörðina Hafnarnes.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki minu:

#### 1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Hafnarhreppi þjóðjörðina Hafnarnes. Land það og lóðir, sem Hafnarhreppur kaupir samkvæmt lögum þessum, er honum heimilt að leigja, en óheimilt að selja öðrum en ríkinu.

Hreppnum skal skylt að afsala ríkinu með kaupverði hluta af landi því eða lóðum, er hann eignast samkvæmt lögum þessum, þurfi ríkið síðar á því að halda vegna opinberra framkvæmda.

#### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 16. maí 1949.*

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Bjarni Ásgeirsson.

36  
17. maí

## B R É F

HANDHAFA VALDS FORSETA ÍSLANDS

um þinglausnir.

### HANDHAFAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:*

Að vér veitum hér með forsætisráðherra, Stefáni Jóh. Stefánssyni, umboð til þess í voru nafni að slíta Alþingi, 68. löggjafarþingi, er það hefur lokið störfum.

*Gjört í Reykjavík, 17. maí 1949.*

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Árni Tryggvason.

(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson.

## L Ö G

37

23. maí

um eignarnámsheimild fyrir Siglufjarðarkaupstað  
á jörðunum Efri-Skútu og Neðri-Skútu í Siglufirði.

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

## 1. gr.

Bæjarstjórn Siglufjarðar er heimilt að taka eignarnámi jarðirnar Efri-Skútu og Neðri-Skútu í Siglufirði.

## 2. gr.

Um framkvæmd eignarnámsins skal fara eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá jafnframt úr gildi l. nr. 58 4. júlí 1942, um eignarnámsheimild fyrir Siglufjarðarkaupstað á heitu vatni og landi í Skútu-dal í Siglufirði.

*Gjört í Reykjavík, 23. maí 1949.*

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Árni Tryggvason.

(L. S.)

---

*Stefán Jóh. Stefánsson.*

## L Ö G

38

23. maí

um breyting á lögum nr. 28 18. febr. 1943, um stækkun  
lögsagnarumdæmis Neskaupstaðar.

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

## 1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist: svo og landsspilda sú, er liggur milli Naustalækjar að austan og Ormsstaða að vestan.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 23. maí 1949.*

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Árni Tryggvason.

(L. S.)

---

*Stefán Jóh. Stefánsson.*

39  
25. maí

## FJÁRLÖG

fyrir árið 1949.

### HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

#### I. KAFLI

#### Tekjur:

##### 1. gr.

Árið 1949 er ætlað til, að tekjur ríkissjóðs verði svo sem talið er í 2.—5. gr. og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

##### 2. gr.

Áætlað er, að þessir skattar og tollar nemi:

	kr.	kr.
1. Tekju- og eignarskattur, að meðtöldum tekjuskattsauka	40 000 000	
2. Stríðsgróðaskattur .....	6000000	
Þar af hluti bæjar- og sveitarfélaga .....	3000000	
	3 000 000	43 000 000
3. Vörumagnstollur .....	23 000 000	
4. Verðtollur .....	64000000	
Þar af til dýrtíðarsjóðs samkv. 29. gr. l. 19. des 1948 .....	12000000	
	52 000 000	
5. Innflutningsgjald af benzíni .....	9 500 000	
6. Gjald af innlendum tollvörum .....	5 000 000	
	89 500 000	
7. Fasteignaskattur .....	600 000	
8. Lestagjald af skipum .....	250 000	
9. Bifreiðaskattur .....	3 500 000	
	4 350 000	
10. Aukatekjur .....	1 800 000	
11. Stimpilgjald .....	4 500 000	
12. Vitagjald .....	900 000	
13. Leyfisbréflagjald .....	150 000	
14. Erfðafjárskattur .....	300 000	
15. Veitingaskattur .....	2 500 000	
16. Útflutningsleyfisgjald .....	300 000	
17. Tekjur dýrtíðarsjóðs samkv. lögum:		
a. Af tolltekjum (sbr. tölul. 4) .....	12000000	
b. Söluskattur .....	36000000	
c. Leyfisgjald samkv. 29. gr. dýrtíðarl. ....	10240000	
d. Söluskattur bifreiða samkv. 31. gr. ....	5000000	

2. gr.

39  
25. maí

		kr.	kr.
e. Vöruleyfisgjöld .....	3500000		
÷ kostnaður við viðskipta- og verðlagsmál .....	2100000		
	1400000		
		64 640 000	
			75 090 000
Samtals ...		. . .	211 940 000

3. gr.

Tekjur af rekstri ríkisstofnana eru áætlaðar:

	kr.	kr.
<b>A.</b>		
1. Rekstrarhagnaður landssímans .....	719 000	
2. — áfengisverzlunar .....	47 530 000	
3. — tóbakseinkasölu .....	20 047 000	
4. — ríkisútvarps .....	1 111 672	
5. — ríkisprentsmiðju .....	200 000	
6. — landssmiðju .....	24 000	
7. — trésmiðju .....	90 000	
8. — oliuflutningaskipsins Þyrils .....	600 000	
		70 321 672
÷ tap á rekstri Bessastaðabús .....		21 300
Samtals ...	. . .	70 300 372
<b>Sundurliðun.</b>		
<b>1. Póstsjóður.</b>		
I. Tekjur .....		6 850 000
II. Gjöld:		
1. Póststjórnarkostnaður .....	357 000	
2. Póststofan í Reykjavík .....	2 600 000	
3. Önnur pósthús .....	1 550 000	
4. Póstflutningar .....	1 950 000	
5. Önnur gjöld .....	389 000	
6. Fyrning .....	4 000	
		6 850 000
<b>2. Landssiminn.</b>		
I. Tekjur .....		19 460 000
II. Gjöld:		
a. Til notendasíma í sveitum að frádregnum stofngjöldum .....	800 000	

39  
25. maí

	kr.	kr.
<b>b. Til starfrækslu landssímanna m. m.:</b>		
1. Kostnaður af aðalskrifstofu landssímans .....	825000	
2. Ritsíminn í Reykjavík .....	2514000	
3. Loftskæptastöðin í Reykjavík .....	295000	
4. Stuttbylgjustöðin í Reykjavík .....	470000	
5. Bæjarsíminn í Reykjavík og Hafnarfirði að frádrögnum stofngjöldum ..	3300000	
6. Áhaldahúsið .....	290000	
7. Ritsíminn á Akureyri .....	631000	
8. Ritsíminn á Seyðisfirði .....	300000	
9. Ritsímastöðin á Ísafirði .....	325000	
10. Símastöðin á Borðeyri .....	195000	
11. Símastöðin í Vestmannaeyjum .....	296000	
12. Símastöðin á Siglufirði .....	400000	
13. Til annarra símastöðva og eftirlitsstöðva	2300000	
	<hr/>	
	12 141 000	
c. Eyðublöð, prentkostnaður, rittföng m. m. ....	300 000	
d. Viðbót og viðhald stöðva .....	1 100 000	
e. Viðhald landssímanna .....	3 300 000	
f. Framhaldsgjald .....	190 000	
g. Ýmis gjöld .....	100 000	
h. Fyrning á húsum og áhöldum .....	330 000	
i. Vextir af lánnum .....	480 000	
	<hr/>	
		18 741 000
		<hr/>
Fært á 3. gr. A. 1	. . .	719 000
		<hr/>
<b>Eignabreytingar landssímans.</b>		
Út.		
I. Afborganir af lánnum og til húsakaupa .....		600 000
II. Til viðauka símakerfa, smærri efnis- og áhaldakaupa		500 000
III. Til talstöðva í báta og skip .....		150 000
IV. Til loftskæptastöðva í skip .....		100 000
V. Til stækkunar á sjálfvirku stöðinni í Reykjavík ..		500 000
VI. Til stuttbylgjusambands við Vestmannaeyjar .....		400 000
		<hr/>
Fært á 20. gr. Út I. 2. og III.	. . .	2 250 000
		<hr/>
<b>3. Áfengisverzlun ríkisins.</b>		
I. Tekjur (brúttó hagnaður) .....		51 790 000
II. Gjöld:		
1. a. Grunnlaun .....	391080	
b. Verðlagsuppbót .....	782160	
	<hr/>	
2. Kostnaður við áfengisútsölur .....	1 173 240	
3. Annar rekstrarkostnaður .....	415 000	
4. Útvar .....	671 760	
	<hr/>	
	2 000 000	
	<hr/>	
		4 260 000
		<hr/>
Fært á 3. gr. A. 2	. . .	47 530 000

3. gr.

39  
25. maí

	kr.	kr.
<i>4. Tóbakseinkasala ríkisins.</i>		
I. Tekjur (brúttó hagnaður) .....		22 070 000
II. Gjöld:		
a. Laun:		
1. Grunnlaun .....	180946	
2. Verðlagsuppbót .....	361892	
	542 838	
b. Annar rekstrarkostnaður .....	730 162	
c. Útsvar .....	750 000	
	2 023 000	
Fært á 3. gr. A. 3	. . .	20 047 000
<i>5. Ríkisútvarpið.</i>		
I. Tekjur:		
a. Afnotagjöld .....	3 500 000	
b. Aðrar tekjur .....	700 000	
	4 200 000	
II. Gjöld:		
a. Laun:		
1. Grunnlaun .....	430000	
2. Verðlagsuppbót .....	860000	
	1 290 000	
b. Útvarpsefni .....	900 000	
c. Skrifstofukostnaður .....	325 000	
d. Húsaleiga, ljós og hiti .....	130 000	
e. Til útvarpsstöðva .....	500 000	
f. Til hleðslustöðva, viðgerðaferða o. fl. ....	40 000	
g. Iðgjöld í Lífeyrissjóð og til Tryggingastofnunar ríkisins .....	85 000	
h. Óviss útgjöld .....	30 000	
i. Vextir .....	5 000	
j. Fyrning á húsum og vélum .....	85 000	
	3 390 000	
	810 000	
III. Rekstur viðtækjaverzlunar:		
a. Tekjur .....	600 000	
b. Gjöld:		
1. Laun:		
a. Grunnlaun .....	69600	
b. Verðlagsuppbót .....	139200	
	208800	
2. Annar kostnaður .....	109528	
	318 328	
	281 672	

39  
25. maí

	kr.	kr.
IV. Rekstur viðgerðarstofu og viðtækjasmiðju:		
a. Tekjur .....	415 275	
b. Gjöld:		
1. Laun:		
a. Grunnlaun .....	70925	
b. Verðlagsuppbót .....	141850	
	<u>212775</u>	
2. Efni .....	110000	
3. Annar kostnaður .....	72500	
	<u>395 275</u>	
		20 000
Fært á 3. gr. A. 4	. . .	1 111 672
Eignabreytingar:		
Afborgun af láni til stækkunar .....		33 525
Fært á 20. gr. Út I. 2.	. . .	33 525
<i>6. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.</i>		
I. Tekjur (prentvinna) .....		2 100 000
II. Gjöld:		
1. a. Laun starfsmanna:		
1. Grunnlaun .....	49133	
2. Verðlagsuppbót .....	98266	
	<u>147399</u>	
b. Vinnulaun og aðkeypt vinna:		
1. Grunnlaun .....	360000	
2. Verðlagsuppbót .....	720000	
	<u>1080000</u>	
2. Efnivörur .....	1 227 399	
3. Vélarekstur og viðhald .....	410 000	
4. Annar kostnaður .....	60 000	
5. Fyrning .....	172 601	
	<u>30 000</u>	
		1 900 000
Fært á 3. gr. A. 5	. . .	200 000
<i>7. Áburðarsala ríkisins.</i>		
a. Laun:		
1. Grunnlaun .....	28745	
2. Verðlagsuppbót .....	57491	
	<u>86236</u>	
b. Annar kostnaður .....	193764	
÷ Tekjur af vörusölu og fasteignum .....	280 000	280 000

3. gr.

	kr.	kr.	39 25. maí
<b>8. Grænmetisverzlun ríkisins.</b>			
<b>a. Laun:</b>			
1. Grunnlaun .....	43118		
2. Verðlagsuppbót .....	86237		
	<u>129355</u>		
<b>b. Annar kostnaður .....</b>	<b>200645</b>		
		330 000	
÷ Tekjur af vörusölu og fasteignum .....		330 000	
<b>9. Landssmiðjan.</b>			
I. Tekjur (ágóði af seldri vinnu og vörum) .....			1 203 000
II. Gjöld:			
1. Laun starfsmanna:			
a. Grunnlaun .....	107070		
b. Verðlagsuppbót .....	214140		
	<u>321 210</u>		
2. Vextir .....	163 000		
3. Fyrning .....	315 000		
4. Annar kostnaður .....	379 790		
			1 179 000
Fært á 3. gr. A. 6	. . .		24 000
<b>10. Trésmiðja ríkisins.</b>			
I. Tekjur (ágóði af seldri vinnu og vörum) .....			730 000
II. Gjöld:			
1. Laun starfsmanna:			
a. Grunnlaun .....	155000		
b. Verðlagsuppbót .....	310000		
	<u>465 000</u>		
2. Vextir .....	25 000		
3. Ýmis kostnaður .....	75 000		
4. Fyrning .....	75 000		
			640 000
Fært á 3. gr. A. 7	. . .		90 000
<b>Eignabreytingar:</b>			
Afborganir af lánum .....			75 000
Fært á 20. gr. Út I. 2.	. . .		75 000
<b>11. Tunnuverksmiðjur ríkisins.</b>			
I. Tekjur .....			2 753 400
II. Gjöld:			
1. Laun stjórnar og fastra starfsmanna .....	51 500		
2. Skrifstofu-, ferða- og símakostnaður .....	50 000		
3. Efniskaup (tunnustafir og járn) .....	1 785 000		
4. Verkalaun .....	381 000		



39  
25. maí

	kr.	kr.
5. Geymslugjald og flutningur á efni og tunnum í geymsluhús .....	93 000	
6. Vextir .....	240 000	
7. Varasjóðstillag .....	144 000	
8. Rafmagn .....	8 900	
		2 753 400
<i>12. Oliuflutningaskipið Þyrill.</i>		
I. Tekjur (farmgjöld) .....		1 805 000
II. Gjöld:		
1. Laun og fæðiskostnaður skipshafnar .....	662 000	
2. Eldsneyti .....	85 000	
3. Vátryggingar .....	86 000	
4. Hafnargjöld, hafnsögugjöld, vatnsgjöld o. fl. ....	110 000	
5. Viðhald og endurbætur .....	120 000	
6. Annar kostnaður .....	142 000	
		1 205 000
Fært á 3. gr. A. 8	. . .	600 000
<i>13. Ríkisbúið á Bessastöðum.</i>		
I. Tekjur .....		90 000
II. Gjöld .....		111 300
Mismunur (halli) ...	. . .	21 300
<b>B.</b>		
Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru áætlaðar .....		10 000

## 4. gr.

## Tekjur af verðbréfum, bankainnstæðum, hlutafjareign o. fl.

	kr.	kr.
1. Vextir af veðdeildarbréfum Landsbanka Íslands .....		47 385
2. Vextir af stofnfé Landsbanka Íslands 6% af 3 millj. ..		180 000
3. Aðrir vextir .....		370 000
4. Arður af hlutafjareign .....		367 070
Samtals ...	. . .	964 455

## 5. gr.

Óvissar tekjur eru áætlaðar 1 500 000 krónur.

## II. KAFLI

## Gjöld:

## 6. gr.

Árið 1949 eru veittar til gjalda fjárhæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—19. gr.

## 7. gr.

Vextir af lánnum ríkissjóðs eru taldir:

	kr.	kr.
1. Innlend lán .....		3 127 574
2. Lán í dönskum krónum .....		201 733
3. Lán í dollurum .....		374 037
4. Lausaskuldir .....		3 600 000
Samtals ...	. . .	7 303 344

## 8. gr.

	kr.	kr.
Kostnaður við æðstu stjórn landsins .....		287 344

## 9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga er veitt:

	kr.	kr.
1. Til alþingiskostnaðar .....		2 300 000
2. Til yfirskoðunar ríkisreikninga .....		13 406
3. Fyrning á alþingishúsi (sjá 20. gr.) .....		2 170
Samtals ...	. . .	2 315 576

## Til ríkisstjórnarinnar er veitt:

	kr.	kr.
<b>I. Stjórnarráðið:</b>		
<b>1. Til ráðherra:</b>		
<b>a. Laun:</b>		
1. Grunnlaun .....	90000	
2. Verðlagsuppbót .....	180000	
	<u>270000</u>	
<b>b. Til risnu samkvæmt reikningi .....</b>	<b>25000</b>	
<b>c. 1. Húsaleiga forsætisráðherra</b>	<b>3000</b>	
2. Húsaleiguuppbót .....	1260	
	<u>4260</u>	
		<b>299 260</b>
<b>2. Til ráðuneytanna:</b>		
<b>a. Atvinnumálaráðuneytið, laun:</b>		
1. Grunnlaun .....	78825	
2. Verðlagsuppbót .....	157650	
	<u>236475</u>	
<b>b. Dómsmálaráðuneytið, laun:</b>		
1. Grunnlaun .....	84600	
2. Verðlagsuppbót .....	169200	
	<u>253800</u>	
<b>c. Félagsmálaráðuneytið, laun:</b>		
1. Grunnlaun .....	44750	
2. Verðlagsuppbót .....	89500	
	<u>134250</u>	
<b>d. I. Fjármálaráðuneytið, laun:</b>		
1. Grunnlaun .....	72475	
2. Verðlagsuppbót .....	144950	
	<u>217425</u>	
<b>II. Endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins, laun:</b>		
1. Grunnlaun .....	111690	
2. Verðlagsuppbót .....	223380	
	<u>335070</u>	
<b>e. Forsætis- og menntamálaráðuneytið, laun:</b>		
1. Grunnlaun .....	39225	
2. Verðlagsuppbót .....	78450	
3. Ríkisráð .....	9000	
4. Hin íslenska fálkaorða ..	30000	
	<u>156675</u>	
<b>f. Samgöngumálaráðuneytið, laun:</b>		
1. Grunnlaun .....	21300	
2. Verðlagsuppbót .....	42600	
	<u>63900</u>	
<b>g. Utanríkisráðuneytið, laun:</b>		
1. Grunnlaun .....	105535	
2. Verðlagsuppbót .....	211070	
	<u>316605</u>	

		kr.	kr.	39 25. maí
h. Viðskiptamálaráðuneytið, laun:				
1. Grunnlaun	26100			
2. Verðlagsuppbót	52200			
	<u>78300</u>			
i. Aðrir starfsmenn, laun:				
1. Grunnlaun	21570			
2. Verðlagsuppbót	43140			
	<u>64710</u>			
j. Annar kostnaður ráðuneytanna	300000			
	<u>2 157 210</u>			
3. Ríkisféhirzla og ríkisbókhald:				
a. Laun:				
1. Grunnlaun	122817			
2. Verðlagsuppbót	245634			
	<u>368451</u>			
b. Annar kostnaður	30000			
	<u>398 451</u>			
4. Ýmis kostnaður:				
a. Pappír, prentun og hefting ríkisreikninga (áætlað)		20000		
b. Til þess að gefa út stjórnartíðindi:				
1. Þóknun fyrir ritstjórn tíðindanna o. fl.	1200			
2. Til pappírs og prentunar (áætlað)	100000			
3. Til kostnaðar af sendingu með póstum	7000			
	<u>108200</u>			
c. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústað	30000			
d. Fyrning á stjórnarráðshúsi og ráðherrabústað (sjá 20. gr.)	2046			
	<u>160 246</u>			
II. Hagstofan:				
a. Laun:				
1. Grunnlaun	91392			
2. Verðlagsuppbót	182783			
	<u>274 175</u>			
b. Pappír, prentun og hefting hagskýrslna	60 000			
c. Prentun eyðublaða	6 000			
d. Húsaleiga, hiti og ljós	30 000			
e. Annar kostnaður	15 000			
	<u>385 175</u>			
III. Utanríkismál:				
1. Sendiráðið í Kaupmannahöfn:				
a. Laun sendiherra og annarra starfsmanna skv. launalögum	27000			
b. Laun annarra starfsmanna utan launalaga	7300			
	<u>34300</u>			
c. Risna og staðaruppbót á laun	64200			
d. Annar kostnaður	23100			
	<u>121 600</u>			

39  
25. maí

		kr.	kr.
<b>2. Sendiráðið í Stokkhólmi:</b>			
a.	Laun sendifulltrúa og annarra starfsmanna .....	15200	
b.	Laun starfsfólks utan launagala .....	13000	
		<u>28200</u>	
c.	Risna og staðaruppbót á laun .....	63000	
d.	Annar kostnaður .....	31100	
			122 300
<b>3. Sendiráðið í London:</b>			
a.	Laun sendiherra og annarra starfsmanna .....	41400	
b.	Laun starfsfólks utan launagala .....	9500	
		<u>50900</u>	
c.	Risna og staðaruppbót á laun .....	144600	
d.	Annar kostnaður .....	68000	
			263 500
<b>4. Sendiráðið í Washington:</b>			
a.	Laun sendiherra og annarra starfsmanna .....	21600	
b.	Laun starfsfólks utan launagala .....	50900	
		<u>72500</u>	
c.	Risna og staðaruppbót á laun .....	103200	
d.	Annar kostnaður .....	44500	
			220 200
<b>5. Sendiráðið í Moskva:</b>			
a.	Laun sendiráðsritara samkv. launalögum .....	9000	
b.	Laun starfsfólks utan launagala .....	42000	
		<u>51000</u>	
c.	Risna og staðaruppbót á laun .....	132600	
d.	Annar kostnaður .....	62700	
			246 300
<b>6. Sendiráðið í París:</b>			
a.	Laun sendiherra og annarra starfsmanna skv. launalögum .....	33200	
b.	Laun starfsfólks utan launagala .....	5500	
		<u>38700</u>	
c.	Risna og staðaruppbót .....	185500	
d.	Annar kostnaður .....	31000	
			255 200
<b>7. Sendiráðið í Oslo:</b>			
a.	Laun sendiherra og annarra starfsmanna skv. launalögum .....	25400	
b.	Risna og staðaruppbót á laun .....	74600	
c.	Annar kostnaður .....	17300	
			117 300

		10. gr.		
		kr.	kr.	39 25. mai
8.	Aðalræðismannsskrifstofan í Þýzkalandi:			
a.	Laun aðalræðismanns og annarra starfsmanna skv. launalögum (grunnlaun) .....	16200		
b.	Risna og staðaruppbót á laun .....	63800		
c.	Annar kostnaður .....	20000		
			100 000	
9.	Aðalræðismannsskrifstofan í New-York:			
a.	Laun .....	3900		
b.	Staðaruppbót .....	13100		
c.	Annar kostnaður .....	6500		
			23 500	
10.	Ferðakostnaður (áætlað) .....		75 000	
11.	Kostnaður vegna samninga við erlend ríki .....		250 000	
12.	Kostnaður vegna þátttöku í alþjóðaráðstefnum ..		250 000	
13.	Til upplýsingastarfsemi .....		10 000	
14.	Kostnaður vegna kjörræðismanna .....		5 000	
				2 059 900
	Samtals ...	. . .		5 460 242

Til dómgæzlu, lögreglustjórnar, kostnaðar við opinbert eftirlit, skatta- og tollainnheimtu o. fl. er veitt:

	kr.	kr.
<i>A. Dómgæzla og lögreglustjórn.</i>		
1. Hæstiréttur:		
a. Laun hæstaréttardómara og hæstaréttarritara:		
1. Grunnlaun .....	96600	
2. Verðlagsuppbót .....	193200	
	289 800	
b. Risna dómsforseta .....	5 500	
c. Útgáfa hæstaréttardóma .....	50 000	
d. Annar kostnaður .....	50 000	
		395 300
2. Borgardómaraembættið í Reykjavík:		
a. Laun:		
1. Grunnlaun .....	74034	
2. Verðlagsuppbót .....	148068	
	222 102	
b. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting .....	24 000	
c. Annar kostnaður .....	12 000	
		258 102
3. Borgarfógetaembættið í Reykjavík:		
a. Laun:		
1. Grunnlaun .....	81417	
2. Verðlagsuppbót .....	162833	
	244 250	
b. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting .....	30 000	
c. Annar kostnaður .....	18 000	
		292 250
4. Sakadómaraembættið í Reykjavík:		
a. Laun:		
1. Grunnlaun .....	115188	
2. Verðlagsuppbót .....	230377	
	345 565	
b. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting .....	67 835	
c. Annar kostnaður .....	130 000	
		543 400
5. Lögreglustjóraembættið í Reykjavík:		
a. Laun:		
1. Grunnlaun .....	89036	
2. Verðlagsuppbót .....	178072	
	267 108	
b. Aukavinna .....	75 000	
c. Ljós, hiti, ræsting, húskostnaður .....	99 674	
d. Annar kostnaður .....	75 500	
		517 282
6. Embætti sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustjóra utan Reykjavíkur:		
a. Laun:		
1. Grunnlaun .....	230100	
2. Verðlagsuppbót .....	460200	
	690 300	

		11. gr.	
		kr.	kr.
			39 25. maí
<b>b. Skrifstofukostnaður:</b>			
1. Grunnlaun .....	422350		
2. Verðlagsuppbót .....	844700		
3. Annar kostnaður .....	300000		
	1567050		
÷ Frá Tryggingastofnun ríkisins .....	300000	1 267 050	1 957 350
<b>7. Laun hreppstjóra:</b>			
a. Grunnlaun .....		160 000	
b. Verðlagsuppbót .....		320 000	480 000
<b>8. Lögreglukostnaður:</b>			
<b>a. Ríkislögregla:</b>			
1. Laun lögregluþjóna:			
a. Grunnlaun .....	347317		
b. Verðlagsuppbót .....	694634		
	1041951		
2. Einkennisfatnaður .....	77500		
3. Tryggingakostnaður .....	20700		
4. Ríkislögreglan í Reykjavík:			
a. Bifreiðakostnaður .....	200000		
b. Æfingaskáli lögregluþjóna og gufubaðstofa .....	25000		
c. Áhöld, námskeiðakostnaður o. fl. ....	60000		
	285000		
5. Varðstofan í Keflavík:			
a. Bifreiðakostnaður .....	30000		
b. Húsaleiga, ljós, hiti, ræsting o. fl. ....	16000		
	46000		
6. Kostnaður við sumarlöggæzlu á Siglu- firði .....	80000		
7. Ýmis annar löggæzlukostnaður .....	45000		
	1 596 151	1 596 151	
b. Hluti ríkissjóðs af lögreglukostnaði í Reykjavík ..		450 000	2 046 151
9. Til kostnaðar við landhelgisgæzlu .....			4 500 000
<b>10. Til hegningarhúsa og vinnuhæla:</b>			
<b>a. Hegningarhúsið í Reykjavík:</b>			
1. Laun:			
a. Grunnlaun .....	19425		
b. Verðlagsuppbót .....	38850		
	58275		



39  
25. maí

		kr.	kr.
2. Annar kostnaður .....	86256		
	144531		
(Þar af fyrning kr. 5300, sjá 20. gr.)			
÷ Framlag Reykjavíkurbæjar .....	72266	72 265	
<b>b. Vinnuhælið á Litla-Hrauni:</b>			
1. Laun:			
a. Grunnlaun .....	62800		
b. Verðlagsuppbót .....	125600		
	188400		
2. Annar kostnaður .....	242600		
	431000		
(Þar af fyrning kr. 5300, sjá 20. gr.)			
÷ Tekjur .....	162000	269 000	
<b>c. Fangaklefar lögreglustöðvarinnar í Reykjavík:</b>			
1. Laun:			
a. Grunnlaun .....	7275		
b. Verðlagsuppbót .....	14550		
	21825		
2. Annar kostnaður .....	17050		
	38875		
÷ Framlag Reykjavíkurbæjar .....	19437	19 438	
<b>d. Kostnaður við önnur fangahús .....</b>		10 000	
11. Kostnaður við sakamál og lögreglumál .....			370 703
12. Laun sjódomsmanna .....			200 000
13. Kostnaður við störf setu- og varadómara .....			25 000
14. Kostnaður við félagsdóm:			50 000
a. Laun félagsdómsmanna:			
1. Grunnlaun .....	17100		
2. Verðlagsuppbót .....	34200		
	51 300		
b. Útgáfa dómasafns .....		15 000	
c. Annar kostnaður .....		2 000	
			68 300
15. a. Laun sáttamanna í vinnudeilum:			
1. Grunnlaun .....	5750		
2. Verðlagsuppbót .....	11500		
	17 250		
b. Annar kostnaður .....		35 000	
			52 250
<b>Samtals A. ...</b>			11 756 088

*B. Opinbert eftirlit.*

## 1. Skipaskoðun ríkisins:

## a. Laun:

1. Grunnlaun .....	75400
2. Verðlagsuppbót .....	150800

226 200

b. Þóknun til skipaskoðunarmanna, sem ekki eru á föstum launum úr ríkissjóði (áætlað) .....

63 000

c. Ferðakostnaður .....

20 000

d. Annar kostnaður .....

31 000

340 200

÷ Tekjur .....

300 000

40 200

## 2. Eftirlit með verksmiðjum og vélum:

## a. Laun:

1. Grunnlaun .....	22800
2. Verðlagsuppbót .....	45600

68 400

b. Þóknun til skoðunarmanna, sem ekki taka föst laun úr ríkissjóði (áætlað) .....

14 000

c. Ferðakostnaður .....

15 000

d. Annar kostnaður .....

13 600

111 000

÷ Tekjur .....

111 000

## 3. Bifreiðæftirlit ríkisins:

## a. Laun:

1. Grunnlaun .....	116400
2. Verðlagsuppbót .....	232800

349 200

b. Annar kostnaður .....

200 000

549 200

÷ Tekjur .....

549 200

## 4. Löggildingarstofan:

## a. Laun:

1. Grunnlaun .....	31800
2. Verðlagsuppbót .....	63600

95 400

b. Annar kostnaður .....

40 000

135 400

÷ Tekjur .....

100 000

35 400

## 5. Eftirlit með skipulagi bæja og sjávarþorpa:

## a. Laun:

1. Grunnlaun .....	59700
2. Verðlagsuppbót .....	119400

179 100

39  
25. maí

	kr.	kr.
b. Ferðakostnaður við eftirlit .....	25 000	
c. Mælingarkostnaður, helmingsþátttaka ríkissjóðs ..	25 000	
d. Annar kostnaður .....	40 000	
	269 100	
÷ Tekjur .....	250 000	19 100
<b>6. Matvælaeftirlitið:</b>		
a. Laun:		
1. Grunnlaun .....	19920	
2. Verðlagsuppbót .....	39840	
	59 760	
b. Annar kostnaður .....	90 000	
	149 760	
÷ Tekjur .....	149 760	
<b>7. Kostnaður við mat á afurðum:</b>		
a. Fiskimat:		
1. Laun:		
a. Grunnlaun .....	64000	
b. Verðlagsuppbót .....	128000	
	192000	
2. Skrifstofukostnaður .....	45000	
	237 000	
b. Sildarmat:		
1. Laun:		
a. Grunnlaun .....	31600	
b. Verðlagsuppbót .....	63200	
	94800	
2. Annar kostnaður .....	16000	
	110 800	
c. Laun kjötmatsmanna:		
1. Grunnlaun .....	3900	
2. Verðlagsuppbót .....	7800	
	11 700	
d. Laun ullarmatsmanna:		
1. Grunnlaun .....	6300	
2. Verðlagsuppbót .....	12600	
	18 900	
e. Laun lýsismatsmanns:		
1. Grunnlaun .....	3000	
2. Verðlagsuppbót .....	6000	
	9 000	
f. Ferðakostnaður matsmanna (áætlað) .....	90 000	477 400
<b>8. Kostnaður við vörumerkjaskráningu:</b>		
a. Grunnlaun .....	2 000	
b. Verðlagsuppbót .....	4 000	
		6 000
<b>9. Eftirlit með opinberum sjóðum:</b>		
a. Grunnlaun .....	2 860	
b. Verðlagsuppbót .....	5 720	
		8 580

	kr.	kr.
		<b>39</b> 25. maí
<b>10. Kostnaður við eftirlit á vegum:</b>		
a. Laun:		
1. Grunnlaun .....	7800	
2. Verðlagsuppbót .....	15600	
	<u>23 400</u>	
b. Annar kostnaður .....	31 600	55 000
<b>11. Eftirlit með sparisjóðum:</b>		
a. Laun:		
1. Grunnlaun .....	6600	
2. Verðlagsuppbót .....	13200	
	<u>19 800</u>	
b. Ferðakostnaður .....	5 000	24 800
<b>12. a. Eftirlit með viðskipta- og verðlagsmálum .....</b>	<b>1 600 000</b>	
<b>b. Kostnaður við skömmunarskrifstofu .....</b>	<b>500 000</b>	
	<u>2 100 000</u>	
÷ Tekjur samkv. 17. lið 2. gr. ....	2 100 000	
<b>13. Húsaleiguetfirlit:</b>		
a. Laun yfirhúsaleigunefndar:		
1. Grunnlaun .....	13200	
2. Verðlagsuppbót .....	26400	
	<u>39 600</u>	
b. Laun húsaleigunefndar Reykjavíkur:		
1. Grunnlaun .....	34860	
2. Verðlagsuppbót .....	69720	
	<u>104 580</u>	
c. Annar kostnaður .....	35 000	179 180
<b>14. Kostnaður við embættiseftirlitsferðir .....</b>		<b>12 500</b>
		<u>858 160</u>
<b>Samtals B. ...</b>	. . .	<b>858 160</b>
 <i>C. Kostnaður vegna innheimtu tolla og skatta.</i>		
<b>I. Tollar:</b>		
a. Tollstjóraembættið í Reykjavík:		
1. Laun tollstjóra og annarra starfsmanna:		
a. Grunnlaun .....	464955	
b. Verðlagsuppbót .....	929910	
	<u>1394865</u>	
2. Húsaleiga, ljós og hiti .....	75000	
3. Annar kostnaður .....	250000	
	<u>1 719 865</u>	

39  
25. maí

		kr.	kr.
b. Tollgæzla:			
1. Í Reykjavík:			
a. Laun tollgæzlumanna:			
1. Grunnlaun .....	260777		
2. Verðlagsuppbót .....	521554		
	<u>782331</u>		
b. Húsaleiga, ljós og hiti .....	80000		
c. Annar kostnaður .....	220000		
	<u>1 082 331</u>		
2. Utan Reykjavíkur:			
a. Laun tollgæzlumanna:			
1. Grunnlaun .....	115475		
2. Verðlagsuppbót .....	230950		
	<u>346425</u>		
b. Annar kostnaður .....	89000		
	<u>435 425</u>		
			3 237 621
II. Skattar:			
a. Ríkisskattanevnd:			
1. Laun nefndarmanna og annarra starfsmanna:			
a. Grunnlaun .....	69620		
b. Verðlagsuppbót .....	53440		
	<u>123060</u>		
2. Annar kostnaður .....	24000		
	<u>147 060</u>		
b. Skattstofan í Reykjavík:			
1. Laun skattstjóra og annarra starfsmanna:			
a. Grunnlaun .....	138000		
b. Verðlagsuppbót .....	276000		
	<u>414000</u>		
2. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting .....	100000		
3. Tímavinna .....	363000		
4. Annar kostnaður .....	100000		
	<u>977000</u>		
÷ hluti bæjarsjóðs Reykjavíkur af kostnaðinum .....	325667		
	<u>651 333</u>		
c. Skattstofur utan Reykjavíkur .....	290 000		
d. Undirskattanevndir .....	430 000		
e. Yfirskattanevndir .....	160 000		
f. Laun skattdómara:			
1. Grunnlaun .....	10200		
2. Verðlagsuppbót .....	20400		
	<u>30 600</u>		
g. Millimatskostnaður .....	40 000		
	<u>1 748 993</u>		
Samtals C. ...		...	4 986 614

11. gr.

	kr.	kr.
<i>D. Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur.</i>		
1. Símakostnaður endurgreiddur embættismönnum og opinberum skrifstofum .....		600 000
2. Burðargjöld .....		225 000
3. Eyðublöð, bókkband, auglýsingar o. fl. í þágu stjórnarráðsins og opinberra embætta .....		475 000
Samtals D. ...	. . .	1 300 000

39

25. mai

## Til læknaþingun og heilbrigðismála er veitt:

	kr.	kr.
<b>I. Landlæknisembættið:</b>		
Samningur þessi gildir eigi um loftflutning milli landa, sem framkvæmdur er af loftflutningafyrirtæki sem fyrsta tilraun með það fyrir augum að stofna til skipulagðra loftflutninga, eða um flutning í alveg sérstökum tilvikum, sem ekki getur talizt eðlilegur og venjulegur loftflutningur.

### 35. gr.

Með hugtakinu dagur í samningi þessum er átt við vikudag en ekki vinnudag.

### 36. gr.

Samningur þessi er gerður á frönsku í einu eintaki, sem geymt skal í skjalasafni

2) Rien dans la présente Convention n'empêche les parties, dans le cas de transports combinés, d'insérer dans le titre de transport aérien des conditions relatives à d'autres modes de transport, à condition que les stipulations de la présente Convention soient respectées en ce qui concerne le transport par air.

41  
25. mai

## CHAPITRE V.

### Dispositions générales et finales.

#### Article 32.

Sont nulles toutes clauses du contrat de transport et toutes conventions particulières antérieures au dommage par lesquelles les parties dérogeraient aux règles de la présente Convention soit par une détermination de la loi applicable, soit par une modification des règles de compétence. Toutefois, dans le transport des marchandises, les clauses d'arbitrage sont admises dans les limites de la présente Convention, lorsque l'arbitrage doit s'effectuer dans les lieux de compétence des tribunaux prévus à l'article 28 alinéa 1.

#### Article 33.

Rien dans la présente Convention ne peut empêcher un transporteur de refuser la conclusion d'un contrat de transport ou de formuler des règlements qui ne sont pas en contradiction avec les dispositions de la présente Convention.

#### Article 34.

La présente Convention n'est applicable ni aux transports aériens internationaux exécutés à titre de premiers essais par des entreprises de navigation aérienne en vue de l'établissement de lignes régulières de navigation aérienne ni aux transports effectués dans des circonstances extraordinaires en dehors de toute opération normale de l'exploitation aérienne.

#### Article 35.

Lorsque dans la présente Convention il est question de jours, il s'agit de jours courants et non de jours ouvrables.

#### Article 36.

La présente Convention est rédigée en français en un seul exemplaire qui restera

41 utanríkisráðuneytis Póllands. Staðfest  
25. maí afrit samningsins skal ríkisstjórn Póllands láta hverjum samningsaðila í té.

### 37. gr.

1. Samning þennan skal fullgilda. Fullgildingarskjöl skal varðveita í skjalasafni utanríkisráðuneytis Póllands, sem skal tilkynna afhendingu fullgildingarskjala öllum samningsaðilum.

2. Þegar fimm aðilar hafa fullgilt samning þennan skal hann ganga í gildi þeirra í milli á níutugasta degi eftir að fimmta fullgildingarskjalið var afhent. Hann skal ganga í gildi milli ríkja, sem hafa fullgilt hann, og ríkis, sem síðar afhendir fullgildingarskjal sitt, á níutugasta degi eftir þá afhendingu.

3. Ríkisstjórn lýðveldisins Póllands skal tilkynna ríkisstjórn hvers aðila hvenær samningur gengur í gildi og hve nær hvert fullgildingarskjal er afhent.

### 38. gr.

1. Þegar samningur þessi er genginn í gildi, skal hverju ríki heimilt að gerast aðili að honum.

2. Aðild fer fram með tilkynningu til ríkisstjórnar lýðveldisins Póllands, er skal skýra öðrum aðilum frá aðildinni.

3. Aðild tekur gildi á níutugasta degi eftir að ríkisstjórn lýðveldisins Póllands hefur verið tilkynnt um hana.

### 39. gr.

1. Sérhver aðili samnings þessa getur sagt honum upp með því að tilkynna uppsögnina ríkisstjórn lýðveldisins Póllands, en hún skal án tafar skýra öllum aðilum frá uppsögninni.

2. Uppsögnin gengur í gildi sex mánuðum eftir að tilkynning um uppsögn hefur

déposé aux archives du Ministère des Affaires Etrangères de Pologne, et dont une copie certifiée conforme sera transmise par les soins du Gouvernement Polonais au Gouvernement de chacune des Hautes Parties Contractantes.

### Article 37.

1) La présente Convention sera ratifiée. Les instruments de ratification seront déposés aux archives du Ministère des Affaires Etrangères de Pologne, qui en notifiera le dépôt au Gouvernement de chacune des Hautes Parties Contractantes.

2) Dès que la présente Convention aura été ratifiée par cinq des Hautes Parties Contractantes, elle entrera en vigueur entre Elles le quatre-vingt-dixième jour après le dépôt de la cinquième ratification. Ultérieurement elle entrera en vigueur entre les Hautes Parties Contractantes qui l'auront ratifiée et la Haute Partie Contractante qui déposera son instrument de ratification le quatre-vingt-dixième jour après son dépôt.

3) Il appartiendra au Gouvernement de la République de Pologne de notifier au Gouvernement de chacune des Hautes Parties Contractantes la date de l'entrée en vigueur de la présente Convention ainsi que la date du dépôt de chaque ratification.

### Article 38.

1) La présente Convention, après son entrée en vigueur, restera ouverte à l'adhésion de tous les Etats.

2) L'adhésion sera effectuée par une notification adressée au Gouvernement de la République de Pologne, qui en fera part au Gouvernement de chacune des Hautes Parties Contractantes.

3) L'adhésion produira ses effets à partir du quatre-vingt-dixième jour après la notification faite au Gouvernement de la République de Pologne.

### Article 39.

1) Chacune des Hautes Parties Contractantes pourra dénoncer la présente Convention par une notification faite au Gouvernement de la République de Pologne, qui en avisera immédiatement le Gouvernement de chacune des Hautes Parties Contractantes.

farið fram, en einungis að því er varðar þann aðila, sem uppsögn hefur tilkynnt.

#### 40. gr.

1. Samningsaðilar geta við undirritun, afhendingu fullgildingarskjals eða um leið og þeir gerast aðilar að samningi þessum lýst yfir því, að þeir undanskilji ákvæðum samnings þessa allar eða nokkrar nýlendna sinna, verndarlönd, gæzlusvæði eða aðrar lendur, er lúta þeirra fullveldi, yfirráðum eða umráðum.

2. Aðilar geta og síðar staðfest samninginn sérstaklega að því er varðar allar eða nokkrar af nýlendum þeirra, verndarlöndum, gæzlusvæðum eða öðrum lendum, er lúta þeirra fullveldi, yfirráðum eða umráðum og voru undanskildar ákvæðum samningsins í hinni upphaflegu yfirlýsingu þeirra.

3) Loks geta aðilar samkvæmt ákvæðum þessum sagt upp samningi þessum sérstaklega, að því er varðar allar eða nokkrar af nýlendum sínum, verndarlöndum, gæzlusvæðum eða öðrum lendum, er lúta fullveldi þeirra, yfirráðum eða umráðum.

#### 41. gr.

Hver samningsaðili getur, þegar tvö ár eru liðin frá gildistöku samnings þessa óskað eftir því að ný alþjóðaráðstefna verði kölluð saman til þess að rannsaka á hvern hátt muni hægt að endurbæta samning þennan. Hlutaðeigandi aðili skal í þessu skyni snúa sér til ríkisstjórnar Frakklands, sem skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að undirbúa ráðstefnuna.

Samningur þessi, sem gerður er í Var-sjá hinn 12. október 1929, skal liggja frammi til undirskriftar til 31. janúar 1930.

(Undirskriftir.)

2) La dénonciation produira ses effets six mois après la notification de la dénonciation et seulement à l'égard de la Partie qui y aura procédé.

41  
25. mai

#### Article 40.

1) Les Hautes Parties Contractantes pourront, au moment de la signature, du dépôt des ratifications, ou de leur adhésion, déclarer que l'acceptation qu'Elles donnent à la présente Convention ne s'applique pas à tout ou partie de leurs colonies, protectorats, territoires sous mandat, ou tout autre territoire soumis à leur souveraineté ou à leur autorité, ou à tout autre territoire sous suzeraineté.

2) En conséquence Elles pourront ultérieurement adhérer séparément au nom de tout ou partie de leurs colonies, protectorats, territoires sous mandats, ou tout autre territoire soumis à leur souveraineté ou à leur autorité, ou tout territoire sous suzeraineté ainsi exclus de leur déclaration originelle.

3) Elles pourront aussi, en se conformant à ses dispositions, dénoncer la présente Convention séparément ou pour tout ou partie de leurs colonies, protectorats, territoires sous mandat, ou tout autre territoire soumis à leur souveraineté ou à leur autorité, ou tout autre territoire sous suzeraineté.

#### Article 41.

Chacune des Hautes Parties Contractantes aura la faculté au plus tôt deux ans après la mise en vigueur de la présente Convention de provoquer la réunion d'une nouvelle Conférence Internationale dans le but de rechercher les améliorations qui pourraient être apportées à la présente Convention. Elle s'adressera dans ce but au Gouvernement de la République Française qui prendra les mesures nécessaires pour préparer cette Conférence.

La présente Convention, faite à Varsovie le 12 octobre 1929 restera ouverte à la signature jusqu'au 31 janvier 1930.

(Signatures.)



41

## Viðbótarbókun.

## Protocole additionnel.

25. maí

## Við 2. gr.

## Ad article 2.

Samningsaðilar áskilja sér rétt til þess að lýsa því yfir við fullgildingu eða staðfestingu samningsins, að ákvæði 1. mgr. 2. gr. hans taki ekki til loftflutninga milli landa, sem framkvæmdir eru beinlínis af ríkinu, nýlendum þess, verndarlendum, gæzlulendum eða öðrum lendum, sem eru undir fullveldi þess, vernd eða yfirráðum.

Les Hautes Parties Contractantes se réservant le droit de déclarer au moment de la ratification ou de l'adhésion que l'article 2 alinéa premier, de la présente Convention ne s'appliquera pas aux transports internationaux aériens effectués directement par l'Etat, ses colonies, protectorats, territoires sous mandat ou tout autre territoire sous sa souveraineté, sa suzeraineté ou son autorité.

(Undirskriftir.)

(Signatures.)

*Gjört í Reykjavík, 25. maí 1949.*

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Arni Tryggvason.

(L. S.)

*Bjarni Benediktsson.*

42

## ERFDALÖG

23. maí

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:*

## I. KAFLI

## Um arf ættingja og hjóna.

## 1. gr.

Börn taka arf eftir föður sinn og móður, og erfa þau hina látnu að jöfnu. Ef barn andast á undan foreldri sínu, erfa börn hins látna þann hluta, er því barni hefði horið, ef lifað hefði arfleifanda. Nú er barnsbarn einnig andað á undan arfleifanda, en börn þess lifa, þá koma þau í stað barnsbarnsins og svo framvegis meðan nokkur niðji er til.

## 2. gr.

Um erfðarétt óskilgetins barns og arf eftir það fer á sama hátt og væri það skilgetið, þó svo, að óskilgetið barn erfir því aðeins föður og föðurfrændur og þeir það, að hann hafi gengizt við faðerni þess, hann verið dæmdur faðir þess eða talinn faðir barns, er honum hefur orðið eiðsfall, samkvæmt dómi. Hafi sambúð karls og konu, sem ógift eru, verið óslitin frá því 10 mánuðum fyrir fæðingu barns og þangað til 3 árum eftir hana, jafngildir hún faðernisjátningu, þá er um erfðarétt barns eftir föður og föðurfrændur ræðir, eða þeirra eftir það.

## 3. gr.

Ef hinn látni á engan niðja á lífi, kjörbarn eða niðja þess, en faðir og móðir hans lifandi, erfa þau hann að jöfnu.

## 4. gr.

Ef annað foreldri arfleifanda er andað, en hitt lifir, þá tekur það, sem á lifi er, helming arfs, en hinn helmingurinn hverfur til barna eða barnabarna hins látna foreldris á sama hátt og segir í 1. gr.

Nú eru hvorki börn né barnabörn hins látna foreldris á lifi, og tekur þá hitt foreldrið allan arfinn.

## 5. gr.

Nú eru báðir foreldrar látnir, og taka þá systkini arfleifanda allan arf eftir hann, að jöfnu ef alsystkini eru, en hálsystkini hálfan arfshluta móti þeim. Ef systkini eru dáið, erfa börn þeirra þann arfshluta, er hinu látna systkini bar, ef lifað hefði.

## 6. gr.

Ef ekki eru á lifi niðjar arfleifanda, kjörbarn eða niðjar þess, foreldri hans, börn þeirra eða barnabörn, taka afar og ömmur arf eftir hinn látna, þannig að föðurfóreltrar og móðurfóreltrar taka sinn helming hvort. Nú er afi eða amma arfleifanda önduð, og erfa þá börn þess þeirra, sem látið er, þann arfshluta, er hinum látna (afa eða ömmu) hefði hlotnast, ef lifað hefði.

Ef móðurfóreltrar arfleifanda eru dánir og börn þeirra, taka föðurfóreltrar eða börn þeirra allan arf og vice versa.

## 7. gr.

Það hjóna, sem lengur lifir, erfir einn fjórða af eignum maka síns, ef arfleifandi á niðja, kjörbarn eða niðja þess á lifi. Séu hvorugir á lifi, en lifandi lögerfingjar samkv. 2.—6. gr., erfir makinn helming eignanna, en allar eignirnar, ef enginn framantaldra erfingja er á lifi.

## 8. gr.

Nú andast það hjóna, sem lengur lifir, án þess að hafa gifzt aftur, en á ekki lifandi niðja eða kjörniðja og hefur ekki ráðstafað eignum sínum, og skulu þá eftirlátnar eigur þess skiptast milli lögmæltra erfingja þeirra beggja að jöfnu, þó þannig, að arfur sá, er áður kann að hafa verið greiddur eftir hinn fyrr látna maka, verður við arfskiptin talinn arftaka fyrirfram greiddur arfur, og lækkar arfshlutann um þá upphæð.

## 9. gr.

Barn arfleifanda, getið en ófætt þegar hann andast, en fæðist síðar lifandi, eignast erfðarétt í dánarbúinu við fæðinguna, eins og það hefði verið fætt fyrir andlát hans. Fresta skal skiptingu þess arfshluta, þar til séð er, hvort það fæðist lifandi.

## 10. gr.

Erfðaréttur hjóna á milli fellur niður við skilnað að borði og sæng og við algeran hjónaskilnað.

## 11. gr.

Föður og föðurfrændum ber ekki arfur eftir barn, ef faðirinn hefur hlotið refsíðóm samkv. 194.—201. gr. almennra hegningarlaga vegna getnaðar þess, sbr. þó 205. gr. sömu laga.

## 12. gr.

Sá missir rétt til arfs, er varnar arfleifanda að ráðstafa eignum sínum á löglegan hátt fyrir andlát sitt.

42

23. maí

## 13. gr.

Nú leggur faðir eða móðir fram allverulega fjárupphæð, — miðað við efni þeirra, — til eins eða fleiri barna sinna, eða kjörbarna, þeim til menningar, til búsmuna- eða bústofnskaupa við giftingu, til þess að koma fótum undir framtíðar- atvinnu barnsins, til að greiða skuldir þess, eða kaupa því eða maka þess lífeyri, eða á annan hátt því til framdráttar, og skal upphæðin dregin frá arfshluta barnsins eftir annað eða hvort tveggja foreldri, enda séu færðar sönnur á, að foreldri hafi ætlazt til, að svo skuli vera, eða barnið kannast við, að svo hafi verið umsamið, en ekki hefur verið samið um hið gagnstæða.

Það telst styrkur frá móður, þótt seinni maður hennar, með ráðstöfun á fé- lagsbúinu, veiti hann.

Ekki kemur til frádráttar arfshluta barns kostnaður foreldra vegna sjúkleika þess eða gjafir vegna þess, að þau telja, að störf þess í þeirra þágu hafi ekki verið fulllaunuð.

Sá, er fengið hefur arf fyrirfram greiddan samkv. framantöldu, skal eiga þess kost að skila aftur fasteign eða grip þannig fengnum, en þó jafngóðum. Meta skal yfirleitt verðmæti hins fyrirfram greidda eftir gangverði þess, er erfinginn veitti því móttöku, og ekki hærra en sanngjarnt er, svo að jöfnuður verði á við hina erf- ingjana.

Ákvæði gefanda um, að greiðsla til barnsins skuli teljast fyrirfram greiddur arfur, ber ekki að taka til greina, ef það bersýnilega miðar að því, að barnið fái ekki fullrétti á við samarfa sína.

## 14. gr.

Ef barn hefur fengið fyrirfram meira fé en nemur arfshluta þeim, er því ber, fær það engan arf, en ekki verður það sem skuldunautur skyldað til þess að endur- greiða fé, sem það hefur fyrirfram tekið á móti upp í arfsvon sína, fari sú upphæð ekki fram úr arfshlutanum, að viðbættum þeim hluta eignar, er foreldrunum var heimilt að ráðstafa samkv. 20. gr.

En hafi foreldri af rangsleitni við skuldheimtumenn sína gefið börnum sin- um svo miklar gjafir, að eignir þeirra hrökkvi ekki til að greiða skuldheimtumönn- um, skulu slíkar gjafir ógildar að lögum.

## 15. gr.

Um styrk, er föður- eða móðurforeldri veita barnabarni sínu fyrirfram upp í arf, fer á sama hátt og fyrir er mælt í 13. gr. um styrk foreldra til barna.

## 16. gr.

Nú hefur barn fengið styrk fyrirfram upp í arf sinn eftir foreldri sín, eða annaðhvort þeirra, og deyr fyrri, en á börn á lífi, og skal þá draga þann styrk frá arfshluta þeirra eftir afa og ömmu, á sama hátt og með sömu skilmálum sem fyrir er mælt um barnið sjálft.

## 17. gr.

Bannað er að selja eða veðsetja arf þann, er maður á í vændum, ekki má heldur gefa slíkan arf, þó skal eigi varna erfingjum að afsala sér arfstökurétti í hendur þeim, er þeir eiga arfsvon að, hvort sem það er gert fyrir nokkuð eða ekkert, séu þeir fullveðja og fjár síns ráðandi. Sé eigi annars getið og sett skilyrði eru ekki því til fyrirstöðu, skal það vera jafnskuldbindandi fyrir börn þess, er afsalar sér arfinum, eins og fyrir hann sjálfan.

## II. KAFLI

42

## Um arf kjörbarna og kjörforeldra.

23. maí

## 18. gr.

Kjörbarn og niðjar þess öðlast erfðarétt eftir kjörforeldri sem væri það getið og fætt barn þeirra. Kjörforeldri og börn þeirra að þeim látnum eiga rétt til arfs eftir kjörbarn á undan ættingjum þess, öðrum en niðjum, en aldrei hærri upp-hæðar en verðmæti arfs eða gjafa, er kjörbarnið hefur þegið af kjörforeldri.

Erfðaréttur helzt þrátt fyrir ættleiðsluna milli kjörbarns og niðja þess annars vegar og foreldra þess og ættingja hins vegar.

Nú andast kjörbarn og á ekki lifandi lögerfingja samkv. 1. til 6. gr., sbr. 2. málsg. þessarar greinar, og taka þá kjörforeldri eða börn þeirra allan arf.

Ákvæði 13. til 16. gr. laga þessara ná einnig til kjörbarna og barna þeirra.

## III. KAFLI

## Um erfðaskrá.

## 19. gr.

Hver sá, sem orðinn er fullra 18 ára, getur ráðstafað eignum sínum með erfðaskrá, enda sé hann andlega svo heill, að hann sé fær um að gera þá ráðstöfun á skynsamlegan hátt.

## 20. gr.

Nú á arfleifandi niðja á lífi, og er honum ekki heimilt að ráðstafa með erfðaskrá meiru en einum fjórða hluta eigna sinna. Ef enginn niðja er á lífi, en maki lifandi, er honum heimilt að ráðstafa helming eigna sinna.

## 21. gr.

Ef sá, sem gera vill erfðaskrá, er yngri en 18 ára, eða er settur undir forráð annarra vegna eyðslusemi eða af öðrum orsökum, verður erfðaskrá því aðeins gild, að dómsmálaráðuneytið veiti leyfi til að hann geri hana. Slikur maður þarf einnig leyfi dómsmálaráðuneytisins til þess að afturkalla erfðaskrá.

## 22. gr.

Erfðaskrárákvörðun er ógild, ef arfleifandi hefur verið kúgaður eða prettaður til þess að gera hana eða hún er gerð vegna misskilnings arfleifanda og forsendur fyrir arfleifðslunni hafa verið rangar og hafi þessi atriði ráðið úrslitum um erfðaskrárákvæðið.

## 23. gr.

Ef fyrirmæli eru í erfðaskrá um eyðing verðmæta arfleifanda, án þess að skynsamleg ástæða sé til, ber ekki að hlíta slíkum ákvæðum.

## 24. gr.

Erfðaskrá skal vera skrifleg og arfleifandi sjálfur undirrita hana eða viðurkenna efni hennar fyrir notario publico, eða tveimur vottum.

Geri arfleifandi erfðaskrá erlendis, er áritun sendiherra Íslands eða ræðis-manna þess jafngild og áritun notarii publici. Ef arfleifandi er ólæs á letur það, sem erfðaskráin er rituð á, skal þess getið, að hún hafi verið lesin skilmerkilega upp fyrir arfleifanda.

## 25. gr.

Þess skal getið í áritun votta á erfðaskrá, að þeir hafi verið sérstaklega kall-aðir af arfleifanda til að votta undirskrift hans, og að hann hafi undirritað erfða-

42 skrána eða kannazt við undirskrift sína að þeim samtímis viðstöddum, og að  
23. maí þeim hafi verið kunnugt, að um erfðaskrá var að ræða, og skulu þeir samstundis undirrita þá yfirlýsingu.

Þá skulu vottarnir í áritun sinni tilgreina stað og dag, þegar erfðaskráin var undirrituð eða arfleifandi lýsti yfir, að efni hennar væri vilji sinn. Þeir skulu þar geta þess, hver staða þeirra sé og heimilisfang.

Yfirlýsing votta samkv. 1. málsg. skal metin gild sönnun nema sérstök atvik bendi á hið gagnstæða.

#### 26. gr.

Þegar vottað er um erfðaskrá samkv. 24. gr., skal þess getið, hvort arfleifandi hafi verið svo andlega heill heilsu, að hann væri fær um að gera erfðaskrána. Einnig er rétt að geta annarra atriða, ef fyrir hendi eru, sem gætu haft áhrif á, hvort arfleifðsluskráin yrði gild metin.

#### 27. gr.

Vottar þeir, er á erfðaskrá rita, skulu ekki yngri vera en 21 árs. Þeir skulu vera þekktir að samvirkusemi, hvorki andlega sljóir né truflaðir. Erfðaskráin má ekki varða hagsmuni þeirra og þeir hvorki vera í náinni frændsemi né mægðum við þann, er góðs nýtur, — svo verulega munar, — af erfðaskránni, og ekki heldur í þjónustu hans.

#### 28. gr.

Verði maður snögglega og hættulega veikur, eða lendi í bráðri hættu og vilji gera erfðaskrá, má víkja frá þeirri reglu, að erfðaskráin sé skrifleg. Má arfleifðslan þá fara fram munnlega fyrir tveimur tilkvöddum vottum. Þeir skulu skrásetja efni erfðaskrárinnar undireins og þeir geta komið því við og staðfesta með undirskrift sinni. Slík erfðaskrá verður ógild, ef arfleifandi hefur ekki endurnýjað hana áður en mánuður er liðinn frá því, að umgetnar tálmanir voru liðnar hjá, og arfleifandi hafði tækifæri að gera erfðaskrána samkv. 24. til 27. gr.

#### 29. gr.

Ef arfleifandi arfleifir tvo eða fleiri í erfðaskrá sinni, en ákveður þar hvorki um arfahluta þeirra né röð arftaka, fá arftakar allir jafna upphæð.

Nú er ákveðið í erfðaskrá, að einhver arftaki hljóti sérstakan grip, þá hlýtur arftaki hann, þótt aðrir arftakar fái ekki þá upphæð, er erfðaskráin ánafnar þeim.

Ef arfleifandi lætur eftir sig tvær eða fleiri erfðaskrár, gengur sú fyrir, er síðast var gerð, ef ósamræmi er.

#### 30. gr.

Arfleifandi getur tilnefnt í erfðaskrá skiptaforstjóra í búi sínu og tiltekið verksvið hans eða þeirra.

Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, eins og óregla eða ráðdeildarleysi erfingja, er arfleifanda heimilt að setja í erfðaskrá sína ákvæði um það, hvornig fari um skylduvarf til einstakra niðja hans eða maka, svo sem að erfingjum sé skipaður fjárráðamaður, að því leyti er arfinn snertir, og greidd sé árlega ákveðin upphæð af arfinum til erfingjans. Slík ráðstöfun verður því aðeins gild, að dómsmálaráðherra samþykki hana. Heimilt er ráðherra að fella niður skilyrðin að nokkru eða öllu leyti, þegar erfinginn er orðinn 21 árs og hefur fært sönnur á, að forsendur þær, sem voru fyrir skilyrðunum, eru ekki lengur fyrir hendi. Einnig getur ráðherra leyft, að arftaka séu greiddar hærri upphæðir af arfinum en erfðaskráin ákveður, ef óumflýjanleg nauðsyn arftaka eða fjölskyldu hans krefur.

Skilyrðið fellur niður í síðasta lagi við andlát erfingjans.

## 31. gr.

42

Meðan skilyrði samkv. undanfarandi grein hvila á arfshluta geta skuldheimtummenn ekki krafizt þess að fá skuldir erfingjans af því fé, nema tildæmdar skaðabætur út af verknaði erfingjans, frömdum af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.

23. maí

## 32. gr.

Framangreindar reglur um erfðaskrár skulu einnig gilda um breytingar og viðauka við hana og um þau gjafabréf, sem ekki er ætlað til, að komi til framkvæmda fyrir en að gefandanum látnum, þó með þeim breytingum, sem leiðir af því, að gjafabréfið er nokkurs konar samningur.

Erfðaskrá fellur úr gildi, þegar arfleifandi hefur ótvírætt látið það í ljós, að hann vilji svo vera láta. Þó skal hann, ef erfðaskráin er gagnkvæm, tilkynna það hinum aðila, ef þess er nokkur kostur.

## 33. gr.

Nú á maður engan lögmæltan erfingja, eða erfingja arfleiddan með erfðaskrá, eða réttur erfingi vitjar ekki arfsins áður en 5 ár eru liðin frá því, að kunnugt var um andlát arfleifanda, og hlýtur ríkissjóður þá allan arfinn.

## 34. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1949.

Hafi arfleifandi andaqt fyrir gildistöku laganna, skulu eldri lagaákvæði halda gildi um erfð eftir hann.

## 35. gr.

Frá því lög þessi koma til framkvæmda falla eftirtalin lagaákvæði úr gildi: N.L. 5. bók, 2. kap., 11., 30. og 75.

Tilskipun um nokkrar breytingar á erfðalögunum á Íslandi frá 25. sept. 1850.

87.—89. gr. laga nr. 20 27. júní 1923, um skyldur og réttindi hjóna, svo og öll eldri lagaákvæði, er brjóta í bág við lög þessi.

*Gjört í Reykjavík, 23. maí 1949.*

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.  
(L. S.)

Árni Tryggvason.

*Bjarni Benediktsson.*

## L Ö G

43

um innflutning og úthlutun jeppabifreiða til landbúnaðarþarfa o. fl.

23. maí

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

## 1. gr.

Þar, sem talað er um jeppabifreiðar í lögum þessum, er einnig átt við aðrar þær tegundir bifreiða, er hentugar þykja og fluttar kunna að verða inn til landbúnaðarþarfa.

Meðan innflutningur og gjaldeyrisviðskipti eru háð ákvörðunum ríkisvaldsins, ákveður ríkisstjórnin eða sá aðili, er fer með þessi mál fyrir hennar hönd, tölu

43 þeirra jeppabifreiða eða annarra slíkra bifreiða, sem heimilt er að flytja til lands-  
23. maí ins ár hvert. Með innflutningi þessum skal að því stefnt að fullnægja svo fljótt sem verða má þörfum landsbúa fyrir þessar bifreiðar og að nægur forði af varahlutum til þeirra sé ávallt fyrirliggjandi í landinu. Gjaldeyris- og innflutningsleyfi fyrir þessum bifreiðum skal bundið því skilyrði, að innflytjandi afhendi þeim, er öðlazzt hafa kauprétt samkvæmt lögum þessum, bifreiðarnar fyrir hæfilegt verð að dómi verðlagsyfirvaldanna.

## 2. gr.

Úthlutun þeirra bifreiða, er um ræðir í 1. gr., annast 5 manna nefnd. Skulu 2 þeirra kosnir af stjórn Búnaðarfélagis Íslands, 2 af stjórn Stéttarsambands bænda og einn af landbúnaðarnefndum Alþingis. Kosning þeirra gildir til 2 ára. Sömu aðilar kjósa jafnmarga varamenn. Nefndin kýs sér sjálf formann. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist af hlutaðeigandi aðilum í réttu hlutfalli við þátttöku þeirra í nefndinni.

## 3. gr.

Fjóra fimmtu hluta þeirra bifreiða, sem nefndin fær til ráðstöfunar, má hún aðeins afhenda bændum eða mönnum, er starfa að búum þeirra og í félagi við þá og eru heimilisfastir í sveitinni og stofnunum landbúnaðarins og starfsmönnum þeirra, skógrækt og sandgræðsla með talin, sem verða vegna starfa sinna í sveitunum að ferðast mikið með bifreiðum.

## 4. gr.

Nefndin aftar sér árlega svo áreiðanlegra upplýsinga sem föng eru á um tölu þeirra býla á landinu, er geta haft full not jeppabifreiða til flutninga og annarra heimilisparfa. Að fengnum þessum upplýsingum og tilkynningu gjaldeyrisyfirvaldanna um væntanlegan innflutning jeppabifreiða á árinu, tekur nefndin ákvörðun um skiptingu bifreiðanna milli sveitarfélaga. Við skiptin skal þess gætt, að bifreiðarnar skiptist milli búnaðarfélaganna í sem réttustu hlutfalli við tölu þeirra búenda í hverju búnaðarfélagi, sem geta haft bifreiðanna not, eins og áður er sagt. enda sé þá tekið fullt tillit til þeirra jeppabifreiða, sem áður hefur verið úthlutað. Að skiptum loknum tilkynnir nefndin formönnum búnaðarfélaganna tölu þeirra bifreiða, sem væntanlega koma til úthlutunar í félagið á því ári.

## 5. gr.

Stjórnir hreppabúnaðarféлага taka á móti umsóknum bænda um jeppabifreiðar, hver af sínu félagssvæði. Nú berast búnaðarfélagisstjórn umsóknir um fleiri jeppabifreiðar en úthlutað verður í hreppinn á því ári, og gerir hún þá tillögu um, hverjum af umsækjendunum hún vill mæla með að því sinni, og sendir tillöguna að því búnu ásamt rökstuddri greinargerð fyrir henni til úthlutunarnefndar. Verði búnaðarfélagisstjórn ekki á eitt sátt, er minni hlutanum heimilt að senda einnig tillögur sínar ásamt greinargerð fyrir þeim til nefndarinnar.

## 6. gr.

Stjórnir hreppabúnaðarféлага skulu leitast við í tillögum sínum um úthlutun jeppabifreiða að fylgja eftirgreindum reglum:

1. Að þeir einir komi til greina, er geta vegna samgönguskilyrða haft full not bifreiðanna til flutnings á fólki og vörum að og frá heimilum sínum.
2. Að bændur gangi fyrir öðrum hreppsúum.
3. Að þeir bændur sitji í fyrirrúmi, er afskekktast búa eða eiga lengsta leið á þjóðveg og mesta hafa flutningsþörfina.

4. Nú er ekki teljandi munur á aðstöðu umsækjenda, og skal þá láta tvo eða fleiri bændur, sem sameinast um eina bifreið, ganga fyrir einstaklingum. **43**

23. maí

Óheimilt er að úthluta jeppabifreiðum til þeirra, sem áður hafa fengið slíkar bifreiðar við úthlutun, eiga keyrslufæra fólksbifreið eða hafa keyrslufæra fólksbifreið á heimili sínu. Nú hefur sveitarheimili keyrslufæra vörubifreið, og kemur það heimili því aðeins til greina við úthlutun, að ekki liggi fyrir umsóknir frá öðrum, er hafa óskoraðan rétt til úthlutunar jeppabifreiða.

#### 7. gr.

Þegar úthlutunarnefnd hafa borizt tillögur frá stjórnnum hreppabúnaðarfélaganna og hefur athugað þær ásamt öðrum upplýsingum, ef fyrir liggja og að þessu lúta, úthlutar hún bifreiðunum. Að lokinni úthlutun sendir nefndin stofnunum landbúnaðarins og stjórnnum hreppabúnaðarféлага tilkynningu um, hverjir af umsækjendum þeirra fái úthlutað jeppabifreið. Óheimilt er að afhendi bifreið fyrir en úthlutunarnefnd hefur borizt skrifleg yfirlýsing frá stjórn hlutaðeigandi stofnunar eða búnaðarfélags um, að hún skuldbindi sig að hlutast til um, að eigandi bifreiðarinnar hlíti fyrir mælum laganna í öllum greinum, og tilkynna nefndinni, ef út af ber.

#### 8. gr.

Bifreiðar, sem úthlutað er til landbúnaðarstofnana eða starfsmönnum þeirra samkv. 3. gr., er óheimilt að selja án samþykkis úthlutunarnefndar. Nú hættir slíkur starfsmaður störfum hjá félaginu eða stofnuninni, er hann hefur unnið hjá, og skal hann þá afhenda bifreiðina þeim aðila, er útvegaði honum bifreiðina, nema úthlutunarnefnd heimili annað eftir tillögum hlutaðeigandi forstöðumanns eða félagsstjórnar.

Aðrar jeppabifreiðar, sem úthlutað er samkv. ákvæðum laga þessara til afnota í ákveðnum sveitarfélögum, er óheimilt að selja, gefa eða flytja burt úr hreppnum án samþykkis stjórnar hlutaðeigandi búnaðarfélags, sem hlutast til um, að bifreiðin sé áður auglýst til kaups fyrir hreppsúa.

Nú vilja hreppsúar ekki kaupa bifreiðina, og skal eigandi þá bjóða hana úthlutunarnefnd til ráðstöfunar, enda ábyrgist hún honum andvirði bifreiðarinnar. Vilji nefndin ekki sinna boði seljanda, eða honum hefur ekki borizt svar frá nefndinni mánuði eftir að víst er, að tilboðið barst henni í hendur, er eiganda heimilt að ráðstafa bifreiðinni.

Engar bifreiðar, sem um ræðir í lögum þessum, má selja nema með leyfi nefndarinnar og ekki yfir kostnaðarverði að meðtöldum söluskatti, þó að frádreginni hæfilegri fyrningu og skemmdum á bifreiðinni, ef einhverjar eru.

#### 9. gr.

Nú þykir augljóst, að kaupandi, sem fengið hefur jeppabifreið fyrir atbeina úthlutunarnefndar, hefur notað sér yfirvarp til að eignast hana, þ. e. notar hana t. d. ekki á heimili sínu eða í sambandi við starf sitt eða atvinnurekstur, og ber nefndinni þá að krefjast þess, að bifreiðinni verði skilað aftur til nefndarinnar.

#### 10. gr.

Bifreið, sem ráðstafað hefur verið gagnstætt ákvæðum laga þessara, skal afhent úthlutunarnefnd gegn upphaflegu kostnaðarverði að frádreginni fyrningu og skemmdum, er dómkvaddir menn meta.

#### 11. gr.

Stjórnnum hreppabúnaðarféлага ber skylda til, hverri á sínu félagssvæði, að fylgjast með því, að fyrir mælum þessara laga sé fylgt, og tilkynna úthlutunarnefnd, ef út af ber, en úthlutunarnefnd hlutast til um rannsókn málsins.



43

23. maí

12. gr.  
Heimilt er landbúnaðarráðherra að setja með reglugerð samkvæmt tillögum útlutunarnefndar ákvæði, er tryggi réttláta dreifingu stærri og minni dráttarvéla til landbúnaðarþarfa.

13. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerð varða sektum frá 200—10000 kr.

#### Bráðabirgðaákvæði.

Þeir aðilar, sem áður hafa fengið gjaldeyris- og innflutningsleyfi fyrir jeppa-bifreiðum, greitt hluta andvirðis fyrir árslok 1947, en ekki fengið bifreiðarnar, skulu ganga fyrir um úthlutun að öðru jöfnu.

*Gjört í Reykjavík, 23. maí 1949.*

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Árni Tryggvason.

(L. S.)

---

*Bjarni Ásgeirsson.*

44

25. maí

## L Ö G

### um Landsbókasafn.

#### HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

**gjöra kunnugt:** Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Landsbókasafnið er þjóðbókasafn Íslands.

2. gr.

Hlutverk Landsbókasafns er:

1. að annast söfnun og varðveislu íslenzkra rita og rita, er varða Ísland eða íslenzk efni, fornra og nýrra, prentaðra og óprentaðra;
2. að halda uppi safni erlendra bókmennta í öllum greinum vísinda, lista, tækni og samtíðarmálefna;
3. að annast rannsóknir í íslenzkri bókfræði;
4. að vinna að kynningu íslenzkra bókmennta og íslenzkrar menningar á erlendum vettvangi.
5. að efla bókfræðiiðkanir, m. a. með því að gefa landsmönnum kost á að kynna sér innlendar og erlendar bækur, sem í safninu eru.

3. gr.

Landsbókasafn skal þaulsafna öllu prentuðu máli á íslenzku eða því, sem Ísland og íslenzk málefni varðar. Það skal varðveita ónotað eitt eintak af öllu íslenzku prentmáli, sem kostur er á, og skal þeim eintökum fengin sérstaklega örugg geymsla.

## 4. gr.

Landsbókasafnið varðveitir handritasafn og skal vinna að söfnun íslenzkra handrita og erlendra handrita, er varða íslenzk efni, og greiða fyrir rannsókn þeirra og útgáfu. Það skal vinna að öflun eftirrita eða mynda af íslenzkum handritum, ef frumritin eru eigi fáanleg.

## 5. gr.

Landsbókasafn skal halda uppi rannsóknum í íslenzkri bókfræði og gefa út skrár íslenzkra bóka og handrita og önnur rit, er íslenzka bókfræði varða, eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

## 6. gr.

Landsbókasafn veitir viðtöku skyldueintökum frá íslenzkum prentsmiðjum og annast ráðstöfun þeirra samkvæmt reglugerð.

Safnið skal reka miðstöð bókaskipta við erlend söfn og vísindastofnanir.

## 7. gr.

Landsbókasafn skal hafa samvinnu við Háskólabókasafn og sérfræðibókasöfn, sem ríkisstofnanir og félög eiga, um bókakaup og bókalán. Halda skal uppi sérstakri skráningarmiðstöð fyrir söfn þessi, og má fela Háskólabókasafni forstöðu hennar að fengnu samþykki háskólaráðs.

## 8. gr.

Forseti skipar landsbókavörð. Landsbókavörður stýrir safninu undir yfirstjórn menntamálaráðuneytisins.

Menntamálaráðherra skipar allt að 6 bókaverði, að fengnum tillögum landsbókavarðar.

## 9. gr.

Laun landsbókavarðar og bókavarða fara eftir launalögum.

## 10. gr.

Landsbókavörður ræður bókakaupum til safnsins, eftir því sem fé endist til. Háskólaráð skipar safninu ráðunauta um bókaval, svo marga og í þeim fræðigreinum, sem ástæða þykir til. Starf þeirra er ólaunað.

Landsbókavörður skal leita tillagna ráðunautanna um bókakaup til safnsins.

## 11. gr.

Íslenzk tónverk og prentmyndir falla undir ákvæði laga þessara.

## 12. gr.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um stjórn og starfshætti safnsins, samvinnu þess við önnur bókasöfn og önnur atriði, er ástæða þykir til. Í reglugerð má ákveða viðurlög við brotum notenda á starfsreglum safnsins.

## 13. gr.

Með lögum þessum falla úr gildi lög nr. 56 22. nóv. 1907, um stjórn landsbókasafnsins, og lög 33 4. júní 1924, um sameiningu yfirskjalavarðarembættisins og landsbókavarðarembættisins.

## 14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 25. maí 1949.*

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Árni Tryggvason.

(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*

45  
25. maí

## FJÁRAUKALÖG

fyrir árið 1945.

### HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

#### 1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í fjárlögum fyrir árið 1945, eru veittar kr. 9 659 431.99 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2. gr., og kr. 56 900 528.73 til þeirra gjalda, sem talin eru í 3.—13. gr. hér á eftir, samtals kr. 66 559 960.72.

Til viðbótar fé því, sem veitt er til eignaaukningar, eru veittar kr. 35 868 441.27.

#### 2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 3. gr. er veitt:

#### A.

##### 1. Póstsjóður:

1. Póststjórnarkostnaður .....	kr.	20 304.82
2. Póststofan í Reykjavík .....	—	503 563.61
3. Önnur pósthús .....	—	365 003.96
4. Póstflutningur .....	—	432 281.81
5. Önnur gjöld .....	—	158 125.99

\_\_\_\_\_

samtals kr. 1 479 280.19

af kr. 1 601 690.23 tekjum umfram fjárlagaáætlun.

##### 2. Landssíminn:

a. Til notendasíma í sveitum .....	kr.	123 579.15
b. Til starfrækslu landssímanna m. m.:		
1. Kostnaður við aðalskrifstofu landssímans .....	—	120 328.97
2. Ritsímastöðin í Reykjavík .....	—	241 479.88
3. Loftskreytastöðin í Reykjavík .....	—	58 209.79
4. Stuttbylgjustöðin í Reykjavík .....	—	57 299.03
5. Bæjarsíminn í Reykjavík og Hafnarfirði .....	—	840 854.07
6. Áhaldahúsið .....	—	89 261.93
7. Ritsímastöðin á Akureyri .....	—	147 038.80
8. Ritsímastöðin á Seyðisfirði .....	—	17 573.34
9. Ritsímastöðin á Ísafirði .....	—	115 952.73
10. Símastöðin á Borðeyri .....	—	24 629.57
11. Símastöðin í Vestmannaeyjum .....	—	42 986.34
12. Símastöðin á Siglufirði .....	—	67 145.72
13. Til annarra símastöðva og eftirlitsstöðva .....	—	329 303.24
c. Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng o. fl. ....	—	95 388.03
d. Viðbót og viðhald stöðva .....	—	381 442.32
e. Viðhald landssímans .....	—	833 650.19

f. Framhaldsgjald .....	kr.	12 469.80
g. Ýmis gjöld .....	—	25 506.21
h. Fyrning húsa og áhalda .....	—	80 000.00

45  
25. maí

\_\_\_\_\_

samtals kr. 3 704 099.11

en tekjur fóru kr. 139 143.18 fram úr fjárlagaáætlun.

**Eignabreytingar:**

I. Afborganir af lánum .....	kr.	74 878.94
II. Til viðb. símakerfa, efnis- og áhaldakaupa .....	—	338 363.86
III. Til talstöðva í báta og skip .....	—	64 140.52
IV. Til loftskýtastöðva í skip .....	—	29 852.94
V. Til birgðahúss í Reykjavík .....	—	322 355.57
VI. Til póst- og símahúss á Akureyri .....	—	60 648.87
VII. Til nýrra símalína .....	—	214 915.57
VIII. Til byggðasíma í Álftaveri .....	—	54 002.23
IX. Fyrningarsjóður lagður í banka .....	—	138 773.31

\_\_\_\_\_

samtals kr. 1 297 931.81

**3. Áfengisverzlun ríkisins:**

II. 1. Laun starfsmanna .....	kr.	139 194.67
2. Ýmislegur rekstrarkostnaður .....	—	129 524.17
3. Kostnaður við áfengisúthlutun .....	—	72 546.99
4. Flutningskostnaður .....	—	56 647.78
5. Útsvar .....	—	936 337.09
6. Bankakostnaður og vextir .....	—	48 987.80
7. Endurbætur á Nýborg .....	—	18 000.00
8. Fyrning .....	—	34 463.29

\_\_\_\_\_

samtals kr. 1 435 701.79

af kr. 13 713 283.78 tekjum umfram fjárlagaáætlun.

**4. Tóbakseinkasala ríkisins:**

II. 1. Laun starfsmanna .....	kr.	34 016.27
2. Annar kostnaður .....	—	91 444.70
3. Útsvar .....	—	185 250.07

\_\_\_\_\_

samtals kr. 310 711.04

af kr. 3 894 296.09 tekjum umfram fjárlagaáætlun.

**5. Ríkisútvarpið:**

II. 1. Laun starfsmanna .....	kr.	411 855.08
2. Útvarpsefni .....	—	7 824.88
3. Skrifstofukostnaður .....	—	75 155.12
4. Húsaleiga, ljós og hiti .....	—	13 928.51
5. Til útvarpsstöðva .....	—	84 470.50
6. Til hleðslustöðva, viðgerðaferða o. fl. ....	—	6 605.35
7. Óviss útgjöld .....	—	28 568.96
8. Fyrning .....	—	5 323.86

\_\_\_\_\_

samtals kr. 633 732.26

af kr. 887 467.46 tekjum umfram fjárlagaáætlun.

		<b>Viðtækjaverzlun ríkisins:</b>	
45 25. maí	b. Gjöld	kr.	33 823.89
		af kr. 430 431.08 brúttóhagnaði.	
		<b>Viðgerðarstofa ríkisútvarpsins:</b>	
	b. Gjöld	kr.	96 844.43
		af kr. 336 207.61 brúttótekjum.	
		<b>Viðtækjasmiðja ríkisútvarpsins:</b>	
	b. Gjöld	kr.	47 771.72
		af kr. 215 746.54 brúttótekjum.	
<b>6. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg:</b>			
II.	1. Vinnulaun	kr.	67 218.15
	2. Efnivörur	—	38 456.36
	3. Fyrning	—	172.40
	4. Framlag til lífeyrissjóðs starfsmanna	—	24 203.63
	5. Lagt til hliðar fyrir útsvari	—	15 398.42
		samtals	kr. 145 448.96
		af brúttótekjum kr. 1 868 931.30.	
<b>7. Landssmiðjan:</b>			
II.	Gjöld 1.—6.	kr.	442 846.23
		af kr. 462 078.31 tekjum umfram áætlun.	
<b>9. Grænmetisverzlun ríkisins:</b>			
II.	Gjöld	kr.	891.80
		af kr. 105 276.73 umfram fjárlagaáætlun.	
<b>10. Vífilsstaðabúið:</b>			
II.	Gjöld	kr.	216 047.00
		af kr. 229 002.10 brúttótekjum.	
<b>11. Kleppsúið:</b>			
II.	Gjöld	kr.	175 747.71
		af kr. 194 184.51 brúttótekjum.	
<b>12. Bessastaðabúið:</b>			
II.	Gjöld	kr.	138 371.79
		en brúttótekjur búsinu voru kr. 114 708.74.	
<b>13. Skólabúið á Reykjum í Ölfusi:</b>			
II.	Gjöld	kr.	192 690.46
		af kr. 208 201.34 brúttótekjum.	
<b>14. Skólabúið á Hólum:</b>			
II.	Gjöld	kr.	173 407.09
		af kr. 182 595.47 brúttótekjum.	
<b>15. Skólabúið á Hvanneyri:</b>			
II.	Gjöld	kr.	406 181.91
		en brúttótekjur námu kr. 303 888.86.	

## B.

45

25. maí

## 1. Arnarhvoll:

II. Gjöld .....	kr.	25 834.61
af kr. 29 198.00 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		

## 3. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 8. gr. er veitt:

Forsetaembættið .....	kr.	115 326.27
-----------------------	-----	------------

## 4. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 10. gr. er veitt:

## I. Stjórnarráðið o. fl.

1. Til ráðherra .....	kr.	78 480.70
2. a.—f. Laun starfsmanna stjórnarráðsins .	—	347 941.27
g. Annar kostnaður ráðuneytanna .....	—	178 251.08
3. Ríkisfjárhirzla og ríkisbókhald .....	—	102 978.63
4. Ýmis kostnaður .....	—	56 817.67

## III. Utanríkismál:

1. Sendiráðið í Kaupmannahöfn .....	—	18 852.93
2. Sendiráðið í Stokkhólmi .....	—	58 654.15
3. Sendiráðið í London .....	—	59 796.51
5. Sendiráðið í Moskvu .....	—	40 719.97
6. Aðalræðismannsskrifstofan í New York .	—	1 369.19
7. Ferðakostnaður .....	—	62 845.85
8. Kostnaður vegna samninga við erlend ríki	—	158 642.79

— 1 165 350.74

## 5. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 11. gr. er veitt:

## A. Dómgæzla og lögreglustjórn:

1. Hæstiréttur .....	kr.	139 208.40
2. Borgardómaraembættið í Reykjavík .....	—	85 275.06
3. Borgarfógetaembættið í Reykjavík .....	—	44 501.73
4. Sakadómaraembættið í Reykjavík .....	—	90 898.62
5. Lögreglustjóraembættið í Reykjavík .....	—	82 257.85
6. Embætti sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustjóra utan Reykjavíkur:		
a. Laun .....	—	193 142.49
b. Skrifstofukostnaður .....	—	200 236.02
8. a. Ríkislögregla .....	—	438 417.00
b. Hluti ríkissjóðs af lögreglukostnaði í Rvík	—	46 877.03
9. Kostnaður við landhelgisgæzlu .....	—	455 618.11
10. a. Hegningarhúsið í Reykjavík .....	—	50 218.60
b. Vinnuhælið á Litla-Hrauni .....	—	222 111.43
11. Kostnaður við sakamál og lögreglumál .....	—	57 732.98
12. Laun sjódomsmanna .....	—	4 875.45
13. Kostnaður við störf setu- og varadómara ..	—	20 320.00
14. Kostnaður við félagsdóm .....	—	16 493.60
15. Laun sáttamanna í vinnudeilum .....	—	8 021.98

45	16. Kostnaður vegna laga nr. 85/1936, um með-		
25. maí	ferð einkamála í héraði .....	kr.	26 120.35
	17. Viðgerð og breyting sýslumannsbústaða ....	—	85 903.92
			<hr/>
			kr. 2 168 230.62

### B. Opinbert eftirlit:

1.	Skipaskoðun ríkisins .....	kr.	27 592.03
2.	Rafmagnseftirlit ríkisins .....	—	264 756.43
3.	Eftirlit með verksmiðjum og vélum .....	—	2 571.66
4.	Bifreiðaeftirlit ríkisins .....	—	89 822.26
5.	Löggildingarstofan .....	—	23 507.06
6.	Eftirlit með skipulagi bæja og sjávarþorpa	—	107 305.61
7.	Matvælaeftirlitið .....	—	3 466.70
8.	Kostnaður við mat á afurðum:		
	a. Fiskimat .....	—	36 132.95
	d. Ullarmat .....	—	1 594.14
	e. Lýsismat .....	—	429.38
	f. Ferðakostnaður matsmanna .....	—	40 097.27
9.	Kostnaður við vörumerkjaskráningu .....	—	545.00
10.	Eftirlit með opinberum sjóðum .....	—	722.97
11.	Kostnaður við eftirlit á vegum .....	—	33 674.54
12.	Eftirlit með sparisjóðum .....	—	3 808.45
13.	a. Viðskiptaráð .....	—	185 260.03
14.	Kostnaður við húsaleigunefndir .....	—	72 409.82
15.	Kostnaður við embættiseftirlitsferðir .....	—	5 211.65
16.	Kostnaður vegna laga nr. 62/1938, um bókhald	—	21 455.95
17.	Kostnaður vegna laga nr. 92/1941, um eftirlit		
	með ölframleiðslu .....	—	5 500.00
18.	Kostnaður vegna laga nr. 62/1944, um nýbygg-		
	ingarráð .....	—	509 570.00
			<hr/>
			— 1 435 433.90

### C. Kostnaður vegna innheimtu tolla og skatta:

1.	a. Tollstjóraembættið í Reykjavík .....	kr.	113 719.64
	b. 1. Tollgæzlan í Reykjavík .....	—	143 667.23
	2. Tollgæzlan utan Reykjavíkur .....	—	42 667.77
2.	a. Ríkisskattanevnd .....	—	52 051.67
	b. Skattstofan í Reykjavík .....	—	75 643.09
	c. Skattanevndir og skattstofur utan Rvíkur	—	143 396.20
	d. Kostnaður við nýbyggingarsjóðsnevnd ..	—	862.65
	e. Fasteignamatkostnaður .....	—	63 940.85
			<hr/>
			— 635 949.10

### D. Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur:

1.	Símakostnaður endurgreiddur embættismönn-		
	um og opinberum skrifstofum .....	kr.	127 325.33
2.	Burðargjöld .....	—	27 822.76
3.	Eyðublöð, bókbænd, auglýsingar o. fl. ....	—	9 301.44
			<hr/>
			— 164 449.53

## 6. gr.

45

25. maí

Til viðbótar við gjöldin í 12. gr. er veitt:

I. Landlæknisembættið .....	kr.	25 089.03
II. Laun héraðslækna .....	—	347 661.67
III. A. Landsspítalinn .....	kr. 682 111.20	
÷ tekjur umfram áætlun .....	—	577 175.21
		104 935.99
B. Ljósmaðra- og hjúkrunarkvennaskólinn .....	—	4 424.23
D. Heilsuhælið á Vífilsst. kr. 534 446.60		
÷ tekjur umfram áætlun .....	—	527 639.42
		6 807.18
F. Holdsveikrah. í Kópav. kr. 25 873.99		
÷ tekjur umfram áætlun .....	—	6 587.50
		19 286.49
IV. Til berklavarna .....	—	521 475.61
V. Styrkur til sjúklinga samkv. lögum nr. 78 1936, um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla .....	—	692 161.84
X. Bólusetningarkostnaður .....	—	1 566.72
XIII. Styrkur til augnlækningaferða .....	—	636.00
XIV. Laun kynsjúkdómalækni .....	—	1 280.83
XVI. Kostnaður við heilbrigðiseftirlit lækna með alþýðuskólum .....	—	5 309.87
XVIII. Til Halldórs Arnórssonar umbúðasmiðs .....	—	1 054.58
XXI. Til styrktar afskekktum stöðum til að hafa lærða hjúkrunarkonu .....	—	1 798.00
XXII. Kostnaður vegna laga nr. 21/1937, um störf héraðslækna .....	—	21 898.50
XXIII. Kostnaður vegna laga nr. 14/1942, um lækna ráð .....	—	4 158.75
XXIV. Kostnaður vegna laga nr. 108/1943, um heilsuhæli fyrir drykkjumenn .....	—	551 554.12
XXV. Kostnaður vegna laga nr. 27/1945, um eyðingu á rottum .....	—	1 251.16
XXVI. Laun læknis að Reykjalandi .....	—	28 320.21
		kr. 2 340 670.78

## 7. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 13. gr. er veitt:

## A. Vegamál:

I. Stjórn og undirbúningur vegamála .....	kr.	160 006.89
II. Þjóðvegir:		
a. Til nýrra akvega .....	—	683 977.11
b. Viðhald og endurbætur .....	—	3 243 197.35
c. Til þjóðvega af benzinskatti .....	—	122 834.25
III. Brúargerðir .....	—	1 338 720.22
IV. Til brúasjóðs .....	—	262 661.52
V. Til fjallvega .....	—	27 396.19
VI. 1. Til áhaldna .....	—	44 750.50
3. Til bókasafns verkamanna .....	—	116.20
VII. 1. Tillög til akfærra sýsluvega .....	—	9 663.09



45	2. Tillög til sýsluvegasjóðs .....	kr.	51 053.16	
25. mai	IX. Til ferjuhalds .....	—	3 319.23	
	XV. Iðgjöld til slysatrygginga .....	—	70 467.00	
	XVI. Orlofsfé .....	—	202 048.40	
	XVIII. Til samgöngubóta milli Ólafsvíkur og Hellissands .....	—	50 000.00	
				kr. 6 270 211.11

### C. Vitamál og hafnargerðir:

I. Stjórn og undirbúningur vita- og hafnar- mála .....	kr.	42 872.79	
II. Laun vitavarða .....	—	620.76	
III. Rekstrarkostnaður vitanna .....	—	165 759.15	
V. Sjómerki og viðhald sæluhúsa .....	—	15 258.84	
VII. Ýmislegt .....	—	51 933.74	
VIII. Fyrning .....	—	18 564.50	
IX. b. Til bryggjugerða og lendingarbóta ....	—	21 836.15	
			— 316 845.00

### 8. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 14. gr. er veitt:

### A. Kirkjumál:

I. Biskupsembættið .....	kr.	27 197.67	
II. 1. Laun sóknarpresta .....	—	285 203.68	
3. Embættiskostnaður presta .....	—	11 392.79	
Eftirlaun presta .....	—	21 950.40	
5. Til endurbóta á íbúðarhúsum á prests- setrum .....	—	48 754.14	
6. Til dómkirkjuprestsins í Reykjavík, til skýrslugerða .....	—	708.50	
III. Viðbótareftirlaun fátækra uppgjafapresta og prestsekkna .....	—	17 533.32	
IV. Til söngmálastjóra þjóðkirkjunnar .....	—	1 745.70	
V. Kostnaður við kirkjuráð .....	—	2 225.42	
IX. Kostnaður vegna laga nr. 57/1931, um bóka- söfn prestakalla .....	—	474.95	
X. Kostnaður vegna laga nr. 64/1932, um eftir- lit með kirkjugörðum .....	—	6 078.60	
XI. Kostnaður vegna laga nr. 98/1933, um læknishéraða- og prestakallasjóði .....	—	95 567.71	
XII. Kostnaður vegna laga nr. 15/1942, um sölu á prestsmötu .....	—	150 000.00	
XIII. Til viðgerðar kirkjunnar á Bessastöðum ..	—	8 348.18	
			— 677 181.06

### B. Kennslumál:

I. Háskólinn .....	kr.	390 612.46
III. Fræðslumálastjóraembættið .....	—	51 223.15
IV. Menntaskólinn í Reykjavík .....	—	320 656.83
V. Menntaskólinn á Akureyri .....	—	175 710.16

VI.	Kennaraskólinn .....	kr.	98 710.97
VIII.	Stýrimannaskólinn .....	—	61 461.28
XIX.	Véltjóraskólinn .....	—	44 244.07
X.	1. Bændaskólinn á Hólum .....	—	31 508.77
	2. Bændaskólinn á Hvanneyri .....	—	122 652.03
	3. Garðyrkjuskólinn á Reykjum .....	—	61 887.50
XII.	c. Kostnaður við próf löggiltra endurskoðenda .....	—	89.15
XIV.	Almenn barnafræðsla:		
	1. Laun kennara í föstum skólum ....	—	2 349 926.26
	2. Laun farkennara .....	—	319 649.10
	3. Til aukakennslu og eftirlits með heimafræðslu .....	—	44 022.42
	4. Til kennslueftirlits .....	—	24 572.20
	5. Til framkvæmda sundskyldu í barnaskólum .....	—	60 205.28
	7. Til fyrrv. barnakennara .....	—	3 542.50
	8. Ráðskonukaup við heimavistarbarnaskóla .....	—	37 267.73
	10. Til kennaranámskeiða eða utanfara .....	—	8 637.10
	11. Til ferðakennslu í íþróttum .....	—	1 320.00
XV.	Unglinga- og alþýðuskólar:		
	1. Alþýðuskólinn á Eiðum .....	—	35 283.31
	2. Til héraðsskóla samkv. lögum nr. 33 1940 .....	—	168 106.90
	7. Til gagnfræðaskóla samkv. lögum nr. 48/1930 .....	—	206 988.03
	9. Til unglingafræðslu utan kaupstaða .....	—	23 425.00
	13. Til handíðaskólans .....	—	10 876.50
	14. Til námsflokkestarfsemi .....	—	12 633.13
XVI.	Húsmæðrafræðsla:		
	1. Styrkur til húsmæðraskóla samkv. lögum .....	—	182 637.94
	4. Til húsmæðrafræðslu Árnýjar Filippusdóttur .....	—	1 362.50
XVII.	Til íþróttamála:		
	1. Til íþróttakennaraskóla ríkisins ...	—	9 055.97
	3. Laun Ólafs Pálssonar .....	—	5 496.95
	4. Laun Lárusar Rist .....	—	708.50
XVIII.	Til kennslu heyrnar- og málleysingja .	—	62 095.87
XX.	Til Geirs Þormar til tréskurðarkennslu .....	—	245.25
XXI.	Til Kr. Geirmundssonar, til að setja upp fugla .....	—	408.75
XXII.	Til Sigurðar Skúlasonar, til kennslu í framsagnarlist .....	—	817.50
XXIII.	Til Hallgríms Helgasonar, til að vinna að endurbótum á söngkennslu í skólum ..	—	953.75
XXVIII.	Til að kenna kennslukonuefnum á Hallormsstað vefnað .....	—	5 000.00
XXIX.	Til íþróttasambands Íslands, styrkur til að hafa fastráðinn framkvæmdastjóra .	—	8 000.00

45	XXX.	Kostnaður vegna laga nr. 100/1938, um iðnaðarnám .....	kr.	11 650.20
25. maí	XXXI.	Kostnaður vegna laga nr. 1/1944, um lestrarfélög og kennslukvikmyndir ....	—	50 000.00
	XXXII.	Viðgerð og breyting á Menntaskólahúsinu í Reykjavík .....	—	88 869.10
	XXXIII.	Til húsmæðraskólans á Laugalandi ...	—	30 000.00

---

 kr. 5 122 514.11

## 9. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 15. gr. er veitt:

## A. Til opinberra safna, bókaútgáfu og listastarfsemi:

I.	Landsbókasafnið .....	kr.	38 912.14
II.	Þjóðskjalasafnið .....	—	46 614.68
III.	Þjóðminjasafnið .....	—	14 567.26
V.	Safnahúsið .....	—	75 111.30
VI. 1.	Til amtsbókasafnsins á Akureyri ...	—	884.76
2.	Til bókasafnsins á Ísafirði .....	—	884.76
3.	Til bókasafnsins í Hafnarfirði .....	—	884.76
VII. 1.	Til hins íslenska bókmenntafélags, til útgáfu fornbréfasafns og annarra rita .....	—	4 087.50
2.	Til þjóðvinafélagsins .....	—	381.50
3.	Til fornleifafélagsins .....	—	817.50
4.	Til sögufélagsins, til þess að gefa út Alþingisbækur o. fl. ....	—	1 090.00
5.	Til hins íslenska fræðafélags, til útgáfu jarðabókar Á. M. og P. V. ....	—	15 096.54
6.	Til fornritaútgáfunnar:		
a.	Til útgáfu á Íslendingasögum ....	—	1 090.00
b.	Til útgáfu á Heimskringlu .....	—	1 090.00
9.	Til vísindafélags Íslendinga, til útgáfu rita .....	—	817.50
10.	Til Steins Dofra ættfræðings .....	—	1 054.58
11.	Til dr. Jóns Dúasonar, vegna útgáfu rita hans .....	—	1 200.00
12.	Til samningar samheitaorðabókar ....	—	1 362.50
VIII.	Til skálda, rithöfunda og listamanna ....	—	70 238.34
IX.	Til vísindamanna og fræðimanna .....	—	3 183.47
X. 2.	Til leiklistarskóla .....	—	1 862.08
XI.	Til tónlistarstarfsemi:		
1.	Til tónlistarskólans .....	—	4 616.50
4.	Til Páls Ísólfssonar, til tónlistarstarfa .....	—	1 258.95
5.	Til kennslu í orgelleik í kirkjum og barnaskólum .....	—	531.37
6.	Til sambands íslenskra karlakóra ....	—	1 635.00
7.	Til landssambands blandaðra kóra og kvennakóra .....	—	817.50
XII.	Til listasafns Einarssonar .....	—	71 992.91
XIII.	Til bandalags íslenskra listamanna .....	—	1 308.00
XVII.	Kostnaður við friðun Þingvalla .....	—	30 193.77

XVIII. Til umbóta á Þingvöllum .....	kr.	7 367.02	<b>45</b>
XIX. Kostn. vegna Þjóðskjalasafns á Flúðum	—	7 104.23	<b>25. maí</b>
XX. Til eflingar menningarsambands við Vestur-Íslendinga .....	—	8 000.00	
		<hr/>	kr. 416 056.42

**B. Til ýmissa rannsókna í opinbera þágu:**

II. Rannsóknarstofa háskólans .....	kr.	46 257.42	
III. Til rannsóknarráðs .....	—	4 368.54	
VII. Til sjómælinga .....	—	6 405.00	
IX. Til húsameistara ríkisins .....	—	24 793.71	
X. Jarðboranir .....	—	145 518.40	
XI. Rafmagnsrannsóknir .....	—	50 000.00	
XII. Til tilraunastöðvar á Keldum .....	—	20 000.00	
		<hr/>	297 343.07

**10. gr.**

Til viðbótar við gjöldin í 16. gr. er veitt:

**A. Landbúnaðarmál:**

1. Til Búnaðarfélags Íslands .....	kr.	31 993.96	
4. Gjöld samkv. jarðræktarlögunum .....	—	402 794.80	
5. Til búfjárræktar .....	—	37 258.82	
7. Til bygginga í sveitum .....	—	641 250.00	
10. Til Áveitufélags Ölfusínga .....	—	7 263.50	
13. Til fyrirhleðslu í Hjaltadalsá .....	—	2 450.00	
17. Til fyrirhleðslu á Þverárþökkum .....	—	10 898.34	
18. Tillag til mannvirkja á Flóaáveitusvæðinu	—	960.00	
27. Kostnaður vegna lax- og silungsveiði .....	—	19 558.40	
29. Til loðdýraræktar .....	—	3 704.70	
32. Kostnaður vegna sauðfjárveiki .....	—	139 000.00	
40. Verðlagsuppbót á endurbyggingarstyrki til sveitabýla .....	—	100 000.00	
41. Kostnaður vegna laga nr. 28/1940, um friðun hreindýra .....	—	3 270.00	
42. Kostnaður vegna laga nr. 89/1941, um eyðing svarthaks .....	—	622.01	
43. Kostnaður vegna laga nr. 79/1945, um verðlagningu landbúnaðarvara .....	—	110 000.00	
44. Kostnaður vegna landbrots í Vestm.eyjum	—	14 575.34	
45. Viðhald húsa á Þjóðjörðum .....	—	37 950.56	
46. Viðhald húsa á kirkjujörðum .....	—	18 258.93	
47. Tilraunir með heypurrkunaraðferð .....	—	20 000.00	
		<hr/>	1 601 809.36

**B. Sjávarútvegsmál:**

1. Til Fiskifélags Íslands .....	kr.	50 445.64	
2. Til skuldaskilasjóðs vélbátæigenda .....	—	9 371.04	
3. Til alþjóðahafrannsóknna .....	—	71 342.00	
5. Til undirbúnings kaupum á fiskrannsóknaskipi .....	—	47 859.51	

45	6. Kostnaður vegna laga nr. 110/1943, til að		
25. maí	koma upp olíugeymi í Hrisey .....	kr.	34 761.02
	7. Skipaleiga vegna freðfiskflutnings fiskimála-		
	nefndar .....	—	996 638.89
	8. Styrkur til h/f Kaldbaks á Þingeyri .....	—	20 000.00
			kr. 1 230 418.10

### C. Iðnaðarmál:

6.	Til Guðm. Kristjánssonar myndskera .....	—	136.25
----	--	---	--------

#### 11. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 17. gr. er veitt:

1.	Tillag til bjargráðasjóðs .....	kr.	951.25
2.	Til alþýðutrygginga .....	—	210 706.03
3.	Gjöld samkv. lögum um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna .....	—	11 756.39
8.	Til barnaheimila og barnaverndar .....	—	24 036.29
14.	Til hjálpar nauðstöddum Íslendingum erlendis .....	—	8 697.44
15.	Til bindindisstarfsemi .....	—	18 839.78
16.	Til vinnumiðlunar .....	—	59 454.68
30.	Kostnaður vegna framfærslulaga, nr. 52/1940 .....	—	32 188.74
31.	Kostnaður vegna laga um verkamannabústaði, nr. 81/1941 .....	—	750 000.00
32.	Kostnaður vegna laga nr. 106/1943, um stríðstryggingu íslenskra skipshafna .....	—	860 688.00
33.	Alþýðutrygginganefnd .....	—	25 000.00
			— 2 002 318.60

#### 12. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 18. gr. er veitt:

I.—II.	Eftirlaun og styrktarfé .....	kr.	543 981.25
III.	Framlag ríkissjóðs til lífeyrissjóðs starfsmanna .....	—	1 153 654.52
IV.	Framlag ríkissjóðs samkv. rgl. 24. nóv. 1944 .....	—	161 727.42
V.	Kostnaður vegna laga nr. 114/1940, um lífeyrissjóð ljósmæðra .....	—	72 771.87
VI.	Kostnaður vegna laga nr. 103/1943, um lífeyrissjóð hjúkrunkvenna .....	—	50 000.00
			— 1 982 135.06

#### 13. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 19. gr. er veitt:

3.	Óviss útgjöld .....	kr.	1 707 006.69
4.	Kostnaður vegna laga nr. 20/1942, um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt ..	—	28 615.95
5.	Kostnaður vegna laga nr. 48/1942, um greiðslu ómagastyrkja til opinberra embættismanna .	—	30 352.50
6.	Kostnaður vegna laga nr. 42/1943, um dýrtíðarráðstafanir (kjötneiðurgreiðsla) .....	—	11 353 055.87
7.	Kostnaður vegna laga nr. 58/1945, um dýrtíðarráðstafanir .....	—	11 383 210.85
8.	Kostnaður vegna laga nr. 76/1945, um heim-		

ild fyrir ríkisstjórnina til þess að halda niðri dýrtíðarvísitölu með fjárgreiðslum úr ríkissjóði (mjólkurniðurgreiðsla) .....	kr. 785 401.81	
9. Kostnaður vegna laga nr. 81/1945, um áhrif kjötverðs á framfærsluvísitölu .....	— 2 966 211.10	
10. Breytingar og viðgerð á húsum á Bessastöðum .....	— 61 524.82	
11. Húsgögn til Bessastaða .....	— 45 481.95	
12. Ræktun og fegrun umhverfis þar .....	— 217 843.55	
13. Vegagerð þar .....	— 57 758.54	
14. Kostnaður við að gera hlað þar .....	— 50 000.00	
15. Vatnsveitukostnaður s. st. ....	— 58 080.00	
16. Greitt vegna þjóðhátíðarkvikmynda .....	— 10 840.20	
17. Kostnaður vegna heimfarar Íslendinga frá Norðurlöndum með Esju .....	— 98 703.05	
18. Kostnaður vegna heimfarar Íslendinga frá Norðurlöndum með Lagarfossi .....	— 7 253.94	
19. Loftvarnakostnaður .....	— 7 386.13	
20. Til sögu Alþingis .....	— 89 422.70	
		kr. 28 958 149.65
		<u>Samtals kr. 56 850 528.73</u>

*Gjört í Reykjavík, 25. maí 1949.*

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Arni Tryggvason.

(L. S.)

Jóhann P. Jósefsson.

## L Ö G

### um iðnfræðslu.

46

25. maí

#### HANDIAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

#### 1. gr.

Iðnfræðslu til sveinsprófs skal halda uppi í þeim iðngreinum, sem löggiltar eru, og fer um framkvæmd hennar eftir því, sem segir í lögum þessum.

Með reglugerð skal ákveða, hverjar skuli vera iðngreinar, svo og um kennslu í þeim, eftirlit með kennslunni og prófkröfur. Þar skal og setja ákvæði um verkleg námskeið, er stofnað kann að verða til.

#### 2. gr.

Iðnfræðsluráð stýrir framkvæmdum í iðnfræðslumálum undir yfirstjórn ráðherra.

#### 3. gr.

Ráðherra skipar iðnfræðsluráð til 4 ára í senn. Það skal skipað 5 mönnum búsettum í Reykjavík og nágrenni. Skulu tveir þeirra vera meistarar, tilnefndir af

46 Landssambandi iðnaðarmanna, og tveir þeirra sveinar, tilnefndir af Alþýðusambandi 25. maí Íslands, að fengnum tillögum iðnsveinaráðs þess. Formann skipar ráðherra án tilnefningar.

4. gr.

Iðnfræðsluráð skipar iðnfulltrúa á þeim stöðum í landinu, er það telur þörf á, og ákveður umdæmi þeirra.

Iðnfulltrúar skulu hafa eftirlit með iðnnámi hver í sínu umdæmi í umboði iðnfræðsluráðs, eftir því sem segir í lögum þessum. Nánari fyrirmæli um störf iðnfulltrúa setur iðnfræðsluráð í erindisbréfi.

5. gr.

Iðnfræðsluráð skipar prófnefndir innan hvernar iðngreinar og á þeim stöðum, sem þörf er á.

Það er hlutverk prófnefnda:

1. Að vera iðnfulltrúum til aðstoðar við eftirlit með iðnnámi.
2. Að sjá um sveinspróf og dæma þau.

6. gr.

Leita skal iðnfræðsluráð tillagna iðnráða og iðnaðarmannafélaga, þar sem ekki eru iðnráð, um skipun iðnfulltrúa og prófnefnda.

7. gr.

Iðnfræðsluráð skal löggilda meistara sem hæfa til að taka nemendur til náms og ákveða, hversu marga nemendur megi hafa, út frá því sjónarmiði einu, að nemendur fái notið fullkominnar kennslu í iðninni. Á sama hátt skal löggilda iðnfyrirtæki, sem hafa hæfa meistara í þjónustu sinni. Við ákvörðun sína skal iðnfræðsluráð taka tillit til venjulegs fjölda sveina á vinnustöð, húsnæðis, vélakosts, áhalda og verkefna.

Nú hefur meistari eða iðnfyrirtæki rofið námssamning tvisvar eða vanrækt kennslu eða brotið á annan hátt gegn lögum og reglugerðum um iðnfræðslu í verulegum atriðum, og getur þá iðnfræðsluráð svipt hlutaðeiganda rétti til þess að hafa nemendur um tiltekinn tíma eða að fullu. Úrskurði iðnfræðsluráðs samkv. þessari grein má þó áfrýja til dómstóla, enda sé það gert innan 30 daga frá því að úrskurðurinn er birtur hlutaðeigandi aðila.

8. gr.

Iðnfræðsluráð skal halda uppi leiðbeiningastarfsemi um stöðuval.

Iðnfræðsluráð skal í því skyni fylgjast með afkomu og atvinnuhorfum innan einstakra iðngreina. Það skal leita þar um árlega álits félagssamtaka meistara og sveina.

Iðnfræðsluráð skal og eins fljótt og kostur er á koma á fót hæfnisprófum fyrir umsækjendur um iðnaðarnám, og ber því að neita að ráða umsækjendur til náms, ef árangur prófsins er neikvæður.

9. gr.

Sá, sem vill komast í iðnnám, skal sækja um það til iðnfulltrúa og geta þess í umsókninni, hvort hann eigi kost á kennslu hjá ákveðnum meistara eða fyrirtæki. Sé svo ekki, skulu iðnfulltrúar aðstoða umsækjanda við að koma sér í nám eða beina umsókninni til iðnfræðsluráðs.

## 10. gr.

46

25. maí

Ekki má unglingur hefja iðnnám yngri en 16 ára. Þó er heimilt, með sérstöku samþykki iðnfræðsluráðs í hvert sinn, að veita nemendum í léttum iðngreinum undanþágu í þessu efni, enda sé umsækjandi orðinn fullra 15 ára.

## 11. gr.

Þegar meistari eða iðnfyrirtæki tekur nemanda til iðnnáms, skal gera um það skriflegan námssamning í samræmi við lög þessi og reglugerðir, er settar verða samkvæmt þeim. Iðnfulltrúar skulu staðfesta námssamninga með áritun sinni, og eru þeir ógildir ella.

Nú neita iðnfulltrúar að samþykkja námssamning, og má þá áfrýja því til iðnfræðsluráðs.

Námstími telst hafinn frá dagsetningardegi námssamnings, sem staðfestingu hefur hlotið, enda hafi nemandinn þá byrjað nám sitt.

Iðnfulltrúar skulu, eftir ráðstöfun iðnfræðsluráðs, hafa í höndum eyðublöð undir námssamninga og afhenda þau ókeypis.

Iðnfræðsluráð skal halda skrá yfir þá námssamninga, sem í gildi eru á hverjum tíma, og eiga iðnaðarmenn og aðrir rétt á að fá upplýsingar um þá, ef óskað er.

## 12. gr.

Námstími skal vera svo langur sem í reglugerð segir. Nú hefur nemandi áður stundað nám í verklegum skóla eða námskeiði, og skal iðnfræðsluráð þá ákveða, hversu námstími styttest.

Hafi nemandi áður stundað nám hjá öðrum meistara, en slitið námssamningi við hann á löglegan hátt, skal sá tími, er hann vann hjá honum, dragast frá fullum námstíma hjá hinum síðari. Rísi ágreiningur um það, hvort námssamningi hafi verið slitið á löglegan hátt, ákveður iðnfræðsluráð, að hve miklu leyti sá tími, er nemandi hefur stundað nám, skuli dragast frá fullum námstíma hjá öðrum.

## 13. gr.

Þegar námstíminn er á enda, skal nemandinn hjálparlaust leysa af hendi prófsmíð eða inna af hendi eitthvert það verk, er sýni, að hann sé fullnuma í iðn sinni. Prófdómendur ákveða í samráði við meistara, hver prófverk skuli vera. Standist nemandi prófið, ber að gefa út handa honum prófskírteini, er sé undirritað af meistara hans og prófdómendum svo og hlutaðeigandi skólastjóra og lögreglustjóra, og heitir það prófskírteini sveinsbréf.

Nú hefur nemandi ekki staðizt próf það, sem um ræðir í 1. málsg., og skal hann þá eiga rétt á að ganga undir það á ný, þegar það er næst haldið í iðngreininni, enda sé hann sjálfráður um það, hvar og á hvern hátt hann heldur náminu áfram. Enginn nemandi getur þó átt rétt til að ganga undir próf í sömu iðngrein oftari en þrisvar sinnum.

## 14. gr.

Heimilt er iðnfræðsluráði að ákveða lágmarkskaup nemenda með hliðsjón af gildandi kjarasamningum í hverri iðngrein og á hverjum stað. Heimilt er að breyta kaupákvörðunum, meðan á samningstíma stendur, ef kaupbreytingar verða í iðninni. Leita skal álits hlutaðeigandi iðngreina, áður en slíkar ákvarðanir eru teknar.

## 15. gr.

Daglegur vinnutími nemenda skal vera hinn sami sem sveina á hlutaðeigandi vinnustöð, sbr. þó 23. gr.



46 Nemendum er ekki skylt að inna af höndum eftirvinnu eða helgidagavinnu, og ekki má fá þeim neina vinnu, sem þeim er um megn eða skaðleg getur talizt heilsu þeirra.

16. gr.

Sumarleyfi iðnnema skal vera 12 dagar virkir með fullu kaupi.

17. gr.

Skylt er meistara eða iðnfyrirtæki að greiða iðgjöld fyrir nemendur sína samkvæmt gildandi lögum um almannatryggingar.

Í veikindaförföllum skal nemandi fá fullt kaup í allt að 6 mánuði samtals yfir allan námstímann.

18. gr.

Nú hefur nemandi verið veikur meira en 6 mánuði samtals á námstímanum, og getur þá iðnfræðsluráð ákveðið, að námstíminn skuli framlengjast um hæfilegan tíma.

19. gr.

Meistari skal veita nemanda sínum kennslu í iðngreininni og sjá svo um, að hann hafi að námstíma loknum hlotið hæfilega æfingu í öllum þeim störfum, er iðngreinin tekur til venjum samkvæmt, og hafi lært meðferð, hirðingu og beitingu allra áhalda, er tíðkuð eru í iðngreininni.

Iðnfræðsluráð getur sett námsreglur fyrir hverja iðngrein, að fengnum tillögum hlutaðeigandi iðngreina, þar sem sagt sé fyrir um störf þau, er nemendur skulu hljóta æfingu í á hverju ári námstímans. Það getur fyrirskipað, að færðar skuli vinnuskýrslur fyrir nemendur, þar sem í er skráð, hvaða verk þeir stundi daglega og hve lengi á dag. Skulu slíkar vinnuskýrslur gerðar eftir fyrirmynd, er iðnfræðsluráð samþykkir. Enn fremur skal iðnfræðsluráð gefa út eyðublöð undir missirislega umsögn meistarans um skólavist nemenda, hæfni þeirra, iðni og hegðun.

20. gr.

Iðnfulltrúar skulu hafa eftirlit með kennslunni, koma á vinnustöðvarnar, er nemendur eru að verki, skoða vinnuskýrslur að minnsta kosti árlega og árita þær þar um. Hafi nemandi að þeirra dómi ekki hlotið fullnægjandi fræðslu eða æfingu, miðað við það, sem á er liðið námstímann, geta þeir lagt fyrir meistaran að bæta úr því innan ákveðins tíma.

Skjóta má ákvörðun iðnfulltrúa undir iðnfræðsluráð.

Iðnfulltrúar kveðja prófnefndir sér til aðstoðar við eftirlit samkvæmt þessari grein, eftir því sem fyrir er mælt í reglugerð.

21. gr.

Nemendur skulu ganga til þeirra starfa, er þeim er skipað til, sbr. þó 15. gr. Þeir skulu sýna ástundunarsemi og trúmennsku við starfið.

22. gr.

Nú stendur yfir verkfall eða verkban á vinnustöð þeirri, er nemandi stundar nám sitt á, og skal hann þá ekki taka þátt í framleiðslustörfum á meðan. Aftur á móti er nemandi skylt að mæta til æfinga og meðferðar véla og verkfæra á vinnustöð, þar sem því verður við komið.

Nú stendur vinnudeila svo lengi, að telja má, að nemandi missi verulega í verklegu námi hennar vegna, og getur þá iðnfræðsluráð ákveðið að framlengja námssamninginn um hæfilegan tíma.

## 23. gr.

46

Meistari og iðnfyrirtæki skulu láta nemendur ganga í iðnskóla og greiða fyrir þá skólagjöld, pappír, bækur og áhöld, sem námið útheimtir. Um skólanámið fer svo sem lög og reglur um iðnskóla segja til um.

Meðan skólavist stendur, skal vinnutími nemanda á vinnustöð vera 12 stundum styttri á viku en vinnutími sveina. Nú fer kennslan fram í dagskóla með fullum kennslustundum, og heldur þá nemandi kaupí sínu, en mætir ekki til vinnu.

## 24. gr.

Iðnfræðsluráð getur veitt undanþágu frá skólanámi:

1. Hafi nemandi þegar lokið iðnskólaprófi eða prófi við annan skóla, sem ekki hefur veitt minni fræðslu í neinni grein en heintuð er til burtfararprófs úr iðnskóla.
2. Hafi meistari séð nemanda fyrir annarri kennslu, fullgildri að dómi iðnfræðsluráðs, enda ljúki hann fullnaðarprófi frá iðnskóla.

## 25. gr.

1. Fyrstu 3 mánuðir samningstímans skoðast sem reynslutími. Hvenær sem er á reynslutímanum getur hvor samningsaðila um sig slitið námssamningi án þess að tilgreina ástæður.
2. Meistari eða iðnfyrirtæki getur slitið námssamningi:
  - a. Ef nemandi vanrækir nám sitt, verklegt eða bóklegt, eða gerir sig sekan um brot gegn öðrum samningsskyldum sínum.
  - b. Hafi nemandi verið 6 mánuði samfleytt frá verki sakir sjúkleika síns.
  - c. Ef nemandi að álitni embættislæknis hefur ekki heilsu til að stunda iðnina.
3. Nemandi getur slitið námssamningi:
  - a. Ef komið er ósæmilega fram við hann á vinnustöð.
  - b. Ef meistari eða iðnfyrirtæki brýtur samningsskyldur sínar.
  - c. Ef meistari eða iðnfyrirtæki verður gjaldþrota eða hættir að reka iðn sína af öðrum ástæðum.
  - d. Ef nemandi sakir sjúkdóms eða annarra orsaka verður óhæfur til þess að geta unnið að iðninni, eða ef það að álitni embættislæknis er hættulegt fyrir líf hans eða heilsu að stunda iðnina.
  - e. Ef námsstúlka giftist.
4. Nú er svo ástatt, sem í 3. a.—b. greinir, og nemandi slitur ekki samningi, og geta þá iðnfulltrúar slitið samningi, að undangenginni rannsókn. Skjóta má þó ákvörðun iðnfulltrúa til iðnfræðsluráðs.
5. Aðilum er heimilt að slíta námssamningi, ef þeir koma sér saman um það. Jafnan er námssamningi er slitið, skal það tilkynnt iðnfulltrúum.

## 26. gr.

Nemandi á rétt á skaðabótum, ef námssamningi er slitið af þeim orsökum, er greinir í 25. gr. 3. a.—c.

Skaðabótakröfur þessar skulu vera forgangskröfur í bú hlutaðeigandi meistara eða iðnfyrirtækis, og fer um þær samkvæmt 83. gr. laga nr. 3 12. apríl 1878, eins og vinnulaunakröfur væru, þær er þar koma til greina.

## 27. gr.

Ágreiningur milli nemanda og meistara eða iðnfyrirtækis út af námssamningi skal koma í gerð, nema aðilar komi sér saman um annað.

64 Í gerðardómi skal sitja lögreglustjóri, þar sem námið fer fram, og er hann odd-  
25. maí viti, og tveir menn aðrir, sinn tilnefndur af hvorum málsaðila.

Nú vill einhver beiðast gerðar, og skal hann þá snúa sér til oddvita, og ákveður hann síðan gerðarfund og kveður báða málsaðila til að sækja þann fund ásamt gerðarmönnum þeirra, með 8 daga fyrirvara í mesta lagi. Skal á þeim fundi leggja úrskurð á málið, og ræður afl atkvæða úrslitum. Heimilt er oddvita að fresta fundi, þó ekki oftari en þrisvar sinnum og ekki lengur en 8 daga í hvert skipti, enda hafi gerðarmaður tjáð honum lögleg forföll eða oddvita þykir nauðsyn bera til, til þess að réttur úrskurður verði á lagður. Nú sækir annar hvor gerðarmanna ekki fund og hefur ekki tjáð lögleg forföll, og getur þá oddviti og hinn gerðarmaðurinn lagt fullnaðarúrskurð á málið.

Gerðardómur á úrskurð um slit námssamninga og dæmir skaðabætur.

Úrskurður gerðardóms skal vera aðfararhæfur.

Úrskurði gerðardóms má þó áfrýja til dómstóla, og skal áfrýjunarfrestur til héraðsdóms vera 30 dagar frá birtingu úrskurðarins.

#### 28. gr.

Það varðar sektum að:

1. Taka nemanda til náms gagnstætt ákvæðum laga þessara.
2. Brjóta gegn ákvæðum laga þessara um daglegan vinnutíma nemanda.
3. Vanrækja að láta nemanda stunda skólanám.
4. Koma ósæmilega fram við nemanda.
5. Óhlýðnast fyrirmælum iðnfulltrúa eða iðnfræðsluráðs um kennslu nemanda.

Sektir skulu renna í ríkissjóð.

Mál út af brotum þessum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

#### 29. gr.

Kostnaður við starf iðnfræðsluráðs, iðnfulltrúa og prófnefnda greiðist úr ríkissjóði.

Í reglugerð skulu ákveðin prófgjöld. Þau renna í ríkissjóð.

#### 30. gr.

Ráðherra gefur út reglugerðir þær, sem gert er ráð fyrir í lögum þessum, að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs.

#### 31. gr.

Með lögum þessum eru numin úr gildi lög nr. 100 11. júní 1938, um iðnaðarnám, og lög nr. 43 12. febr. 1940, um viðauka við og breytingar á lögum nr. 100/1938, um iðnaðarnám, þegar lokið er öllum námssamningum, er gerðir hafa verið eftir þeim.

#### 32. gr.

Lög þessi taka aðeins til þeirra námssamninga, sem gerðir eru eftir að þau hafa öðlazzt gildi.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1950.

*Gjört í Reykjavík, 25. maí 1949.*

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Árni Tryggvason.

(L. S.)

*Emil Jónsson.*

## L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka á móti og ráðstafa  
framlögum samkvæmt áætlun um fjárhagslega viðreisn Evrópu.

47  
25. maí

## HANDHAFAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

## 1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka á móti framlögum án endurgjalds samkvæmt samningi frá 3. júlí 1948 milli Íslands og Bandaríkja Ameríku um efnahagssamvinnu.

## 2. gr.

Að svo miklu leyti sem framlög þessi eru ekki notuð til kaupa á efnavörum, vélum og tækjum til framkvæmda, sem taldar eru í áætlun þeirri til langs tíma, sem lögð hefur verið til grundvallar efnahagssamvinnunni af Íslands hálfu, skal leggja til hliðar jafnvirði þeirra í erlendum gjaldeyri til kaupa á þessum vörum.

## 3. gr.

Jafnvirði framlags án endurgjalds í islenzkum gjaldeyri, að frádregnum 5%, má ekki ráðstafa nema með samþykki Alþingis.

## 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 25. maí 1949.*

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.  
(L. S.)

Árni Tryggvason.

*Emil Jónsson.*

## L Ö G

um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins.

48  
25. maí

## HANDHAFAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

## 1. gr.

Stofna skal sjóð, er heiti hlutatryggingasjóður bátaútvegsins. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

## 2. gr.

Hlutverk sjóðsins er að bæta aflahlutí útgerðar og skipshafna, þegar almennan aflabrest ber að höndum. Trygging samkvæmt lögum þessum er skyldutrygging.

48

25. maí

## 3. gr.

Sjóðurinn skiptist í tvær deildir, sildveiðideild og almenna fiskideild.

Réttindi í sildveiðideild eiga öll íslensk skip bátaflotans, sem gerð eru út á sildveiðar með herpinót eða svipuðum veiðarfærum.

Réttindi í almennu fiskideildinni eiga þau skip bátaflotans, sem þorskveiðar stunda með línu, botnvörpu, dragnót, netum o. s. frv., ef skipshöfn er ráðin upp á hlut eða hundraðshluta af aflaverðmæti.

## 4. gr.

Með reglugerð, er sjóðstjórnin semur og samþykkt hefur verið af stjórnnum eftirfarandi aðila: Landssambands íslenskra útvegsmanna, Alþýðusambands Íslands og Fiskifélags Íslands, og staðfest af ráðherra, skal ákveða:

1. Bótatímabil, er miðist við vertíðarskipti í hverri veiðistöð. Stundi skip ekki veiði allt bótatímabilð, skerðist bótaréttur þess við það hlutfallslega.
2. Skiptingu veiðisvæða og verstöðva í flokka, þannig að í sama flokki séu þau veiðisvæði og þær verstöðvar, sem líkust hafa skilyrði fyrir sama meðalveiðimagni á hverri vertíð, hvort heldur um er að ræða sildveiði eða þorskveiði.
3. Skiptingu veiðiskipa í flokka, þannig að í sama flokki séu skip, sem líkust hafa skilyrði fyrir sama meðalveiðimagni, með tilliti til stærðar, veiðiútbúnaðar o. fl.
4. Meðalveiðimagn skipa í hverjum flokki fyrir sig, eftir því á hvaða svæði skipin veiða, hvaða tíma árs þau veiða og hvaða veiði þau stunda.

Meðalveiðimagn, sem þannig er ákveðið fyrir hvern flokk skipa, skal gilda sem meðalveiðimagn, er reikna skal út bótagreiðslur úr sjóðnum, þar til sömu aðilar hafa á sama hátt ákveðið annað. Verði ágreiningur um einstök ákvæði reglugerðarinnar, sker ráðherra úr.

## 5. gr.

Skýlt er útgerðarmanni að láta innrita veiðiskip sitt hjá sjóðstjórninni eigi síðar en degi áður en það byrjar og tilkynna þá jafnframt, hvar og hvers konar veiði skipinu er ætlað að stunda. Skipar sjóðstjórnin þá skipinu þegar í ákveðinn flokk, sbr. 4. gr. Skýlt er einnig að tilkynna stjórninni, þegar skip hættir veiðum eða breytir um veiðiaðferð. Vanræksla á tilkynningu varðar réttindamissi til bótagreiðslu úr sjóðnum.

## 6. gr.

Það telst almennur aflabrestur, ef meðalafli skipa í einhverjum flokki er minni en 75% af hinu ákveðna meðalveiðimagni, sbr. 4. gr. Kemur þá til aðstoðar sjóðsins, með þeim takmörkunum, sem lög þessi ákveða.

## 7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn. Skulu þeir skipaðir af ráðherra til 4 ára í senn, á þann hátt sem hér segir: einn samkvæmt tilnefningu Landssambands ísl. útvegsmanna, annar samkv. tilnefningu Alþýðusambands Íslands og þriðji án tilnefningar, og er hann formaður stjórnarinnar. — Enn fremur skipar ráðherra tvo endurskoðendur.

Ráðherra ákveður þóknun sjóðstjórnarinnar og endurskoðenda.

Fiskifélag Íslands annast afgreiðslu sjóðsins undir eftirliti sjóðstjórnar og yfirstjórn ráðherra. Stjórnar- og afgreiðslukostnaður greiðist af fé sjóðsins, og skiptist hann á fiskideild og sildveiðideild í réttu hlutfalli við tekjur þeirra seinasta reikningsár.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu birtir í B-deild stjórnartíðindanna.

## 8. gr.

48

25. maí

Stofnfé sjóðsins er:

Helmingur eignaraukaskatts, sem innheimtur verður samkvæmt II. kafla laga nr. 128 1947, um dýrtíðarráðstafanir.

Nú nær stofnfé samkvæmt þessari grein ekki fimm milljónum króna, og skal ríkissjóður þá leggja fram það, sem til vantar.

Stofnfé sjóðsins skiptist að jöfnu milli fiskideildar og sildveiðideildar.

## 9. gr.

Árlegar tekjur sjóðsins eru:

1.  $\frac{1}{2}$  % útflutningsgjald af öllum útfluttum sjávarafurðum, öðrum en þeim, sem koma frá botnvörpuskipum, hvalveiðum og selveiðum. Skal gjald þetta reiknað á sama hátt og annað útflutningsgjald af sömu vöru.
2. Framlag úr ríkissjóði á móti 1. lið.
3. Vextir og aðrar tekjur af eignum sjóðsins. Ríkissjóður sér um innheimtu tekna samkvæmt 1. og 2. tölulið þessarar greinar. Tekjur samkvæmt 1. tölulið skiptast á deildirnar þannig, að tekjur vegna sildveiða falla til sildveiðideildar, en tekjur vegna þorskveiða til þorskveiðideildar. Tekjur samkvæmt 2. lið skiptast til deildanna í sömu hlutföllum.

## 10. gr.

Nú hefur almennur aflabrestur orðið á einhverju veiðisvæði, svo að til sjóðsins kasta kemur um bætur. Skal þá hvert það skip, sem aflar 45 % eða minna af meðalafli skipa þess flokks á viðkomandi veiðisvæði, fá bætt 40 % af því, sem vantar á meðalafli, og síðan, með vaxandi afla, lækkandi hundraðshluta bóta samkv. eftirfarandi reglu:

Skip	sem	aflar	45 %	af	meðalafli	fær	40 %	bætur	af	því	sem	á	vantar	meðaltal.
—	—	—	46	—	—	—	39	—	—	—	—	—	—	—
—	—	—	47	—	—	—	38	—	—	—	—	—	—	—
—	—	—	48	—	—	—	37	—	—	—	—	—	—	—
—	—	—	49	—	—	—	36	—	—	—	—	—	—	—
—	—	—	50	—	—	—	35	—	—	—	—	—	—	—
—	—	—	51	—	—	—	34	—	—	—	—	—	—	—
—	—	—	52	—	—	—	33	—	—	—	—	—	—	—
—	—	—	53	—	—	—	32	—	—	—	—	—	—	—
—	—	—	54	—	—	—	31	—	—	—	—	—	—	—
—	—	—	55	—	—	—	30	—	—	—	—	—	—	—
—	—	—	56	—	—	—	29	—	—	—	—	—	—	—
—	—	—	57	—	—	—	28	—	—	—	—	—	—	—
—	—	—	58	—	—	—	27	—	—	—	—	—	—	—
—	—	—	59	—	—	—	26	—	—	—	—	—	—	—
—	—	—	60	—	—	—	25	—	—	—	—	—	—	—
—	—	—	61	—	—	—	24	—	—	—	—	—	—	—
—	—	—	62	—	—	—	23	—	—	—	—	—	—	—
—	—	—	63	—	—	—	22	—	—	—	—	—	—	—
—	—	—	64	—	—	—	21	—	—	—	—	—	—	—
—	—	—	65	—	—	—	20	—	—	—	—	—	—	—
—	—	—	66	—	—	—	19	—	—	—	—	—	—	—
—	—	—	67	—	—	—	18	—	—	—	—	—	—	—
—	—	—	68	—	—	—	17	—	—	—	—	—	—	—
—	—	—	69	—	—	—	16	—	—	—	—	—	—	—
—	—	—	70	—	—	—	15	—	—	—	—	—	—	—

48 Skip, sem fá 71—74% af meðalafla, fá bætt þannig, að þau fái það, sem á vantar, 25. maí að afli þeirra nái 74,5% að meðaltali. Þau skip, sem náð hafa aflaverðmæti yfir 75% að meðaltali, njóta ekki bóta úr sjóðnum.

Hrökkvi fé sjóðsins ekki til úthlutunar samkvæmt ofanskráðu, skal úthlutun lækkuð hlutfallslega. Á sama hátt má stjórn sjóðsins, að fengnu samþykki ráðherra, hækka úthlutun, ef mikil þörf er fyrir bætur og fjárhagur sjóðsins leyfir.

Aldrei má ganga nær sjóðnum en svo, að eftir standi allt stofnfé hans.

#### 11. gr.

Ef skip veiða minna en 20% af meðalafla viðkomandi flokks, skal sjóðstjórnin rannsaka sérstaklega, hvernig á slíku aflaleyfi stendur. Ef þá kemur í ljós, að víta-verð vanræksla eða óstjórn á útgerðinni á verulegan þátt í aflaleyfinu, er sjóðstjórninni heimilt að draga úr þeim bótum, sem viðkomandi skipum bæri samkv. hinni almennu reglu 10. greinar, eða fella bæturnar alveg niður, ef um mikil víti er að ræða.

#### 12. gr.

Nú fær útgerðarmaður fé úr sjóðnum, og getur stjórn hans þá krafizt þeirrar tryggingar af útgerðarmanninum, sem henni þykir þörf, fyrir því, að fénu verði varið til greiðslu á eftirtöldum gjaldaliðum í þeirri röð, sem hér er talið: Kaup og fæði skipverja, váttryggingargjöld og önnur hliðstæð gjöld, eftir því sem greiðslur hrökkva til hverju sinni.

#### 13. gr.

Sjóðurinn telst stofnaður með gildistöku laga þessara, og skulu tekjur samkv. 9. gr. innheimtar frá þeim tíma, en þó skulu bætur úr sjóðnum fyrst greiddar, er hann hefur starfað minnst eitt ár.

#### 14. gr.

Þeir, sem fá bætur samkvæmt lögum þessum, eru skyldir að láta reikningaskrifstofu sjávarútvegsins í té reikninga um rekstur skipa þeirra, sem bætur eru miðaðar við, í því formi, sem reikningaskrifstofan ákveður.

#### 15. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

#### 16. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 109 30. des. 1943, um hluta-tryggingafélög.

#### 17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 25. maí 1949.*

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Árni Tryggvason.

(L. S.)

*Jóhann P. Jósefsson.*

## L Ö G

49

25. maí

um breyting á lögum um menntaskóla nr. 58 frá 7. maí 1946.

## HANDHAFAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Aftan við lögin komi:

## IX. KAFLI

## Ákvæði til bráðabirgða.

Í næstu tvö ár skal, ef húsrúm leyfir, starfa við Menntaskólann á Akureyri miðskóladeild, enda starfi þá lærdómsdeild skólans samkvæmt lögum um menntaskóla, nr. 58 frá 7. maí 1946.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 25. maí 1949.*

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Árni Tryggvason.

(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*

## L Ö G

50

25. maí

um viðauka við lög nr. 109 31. des. 1945, um togarakaup ríkisins.

## HANDHAFAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Auk þeirra togara, sem um ræðir í 1. gr. laganna, er ríkisstjórninni heimilt að láta smíða eða kaupa allt að 10 togara erlendis og skal ráðstafa þeim á sama hátt og í lagagreininni segir.

Til þessara framkvæmda er ríkisstjórninni heimilt að taka allt að 30 millj. kr. lán, eða jafngildi þess í erlendum gjaldeyri, er greiðist upp, þegar skipin hafa verið seld.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán eða lána bæjar- og hreppsfélögum, sem kaupa togara, allt að 10% af kostnaðarverði skipanna, enda þarfnist viðkomandi bæjar- eða hreppsfélög þessa fjárhagsstuðnings að áliti ríkisstjórnarinnar.



50 25. maí Ábyrgðirnar eða lánin eru bundin því skilyrði, að viðkomandi skip verði rekin af bæjar- eða hreppsfélögum eða félögum, sem njóta bakábyrgðar bæjar- eða hreppsfélaga. Lán þessi mega vera afborgunarlaus fyrstu 2 árin, en greiðist síðan upp með jöfnum afborgunum á 10 árum.

Samkvæmt þessu er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs eða lána samtals allt að 1.5 millj. króna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 25. maí 1949.*

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Árni Tryggvason.

(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson

51

## L Ö G

25. maí

um breyting á lögum nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, og lögum nr. 35 12. febr. 1940, um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir.

### HANDHAFAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallið á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

5. gr. laga nr. 44 1932 orðist svo:

Héraðslæknisstörfum í Reykjavíkurborguheraði gegnir borgarlæknir. Skal hann skipaður af ráðherra samkvæmt tilnefningu bæjarstjórnar og taka laun úr bæjarsjóði. Um starfssvið hans fer eftir reglugerð, er bæjarstjórn setur og ráðherra staðfestir.

2. gr.

Fyrir „1000 kr.“ í 1. málsg. 8. gr. laga nr. 35 1940 komi: 5000 kr.

3. gr.

Ákvæði 1. gr. þessara laga öðlast gildi, þegar núverandi héraðslæknir í Reykjavíkurborguheraði lætur af embætti, en þangað til annast borgarlæknir í héraðslæknis stað allt heilbrigðiseftirlit í bænum samkvæmt heilbrigðissamþykkt og á ásamt héraðslækni sæti í heilbrigðisnefnd. Jafnframt falla úr gildi l. nr. 21 13. júní 1937, um breyting á l. nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna. — Að öðru leyti öðlast lög þessi þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 25. maí 1949.*

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Árni Tryggvason.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

## L Ö G

52

25. maí

## um fiskiðjuver ríkisins í Reykjavík.

## HANDIAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

## 1. gr.

Ríkið rekur fiskvinnslustöð í Reykjavík, er nefnist fiskiðjuver ríkisins.

## 2. gr.

Fiskiðjuver ríkisins skal frysta og sjóða niður fisk og sild og verka þessi hráefni á annan þann hátt, sem stjórn þess ákveður í hvert sinn og aðstæður leyfa. Það skal framleiða ís, og enn fremur heimilast því að hafa á hendi fiskisölu til bæjarbúa í Reykjavík.

Það skal og hafa forgöngu um að reyna nýjar aðferðir við verkun á fiski, enda verði veitt fé í því skyni í fjárlögum hverju sinni, ef slíkar tilraunir hafa í för með sér verulegan kostnað. Sérstaklega skal unnið að athugunum á því, hvort niðursuða í stórum stíl sé arðvænleg hér á landi. Við tilraunir þessar skal höfð samvinna við atvinnudeild háskólans og fiskmatsstjóra.

## 3. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að ábyrgjast lán allt að 1200000 króna, er tekið verður innanlands eða utan til þess að fullgera fiskiðjuverið. Enn fremur heimilast henni að ábyrgjast rekstrarlán, allt að 500000 kr., er tekið verður til þess að framleiða nýjar tegundir afurða, sem fiskiðjuverið reynir að afla markaða fyrir erlendis.

## 4. gr.

Stjórn fiskimálasjóðs annast stjórn fiskiðjuvers ríkisins. Fiskiðjuverið skal rekið sem sjálfseignarstofnun með sérstöku reikningshaldi, og skal fjárhagur þess vera algerlega aðskilinn frá fjárhag fiskimálasjóðs. Stjórn fiskimálasjóðs fær ekki sérstaka þóknun fyrir stjórn fiskiðjuvers ríkisins. Til að skuldbinda fiskiðjuverið þarf undirskrift meiri hluta stjórnenda.

## 5. gr.

Ríkissjóður ber ekki ábyrgð á skuldum fiskiðjuversins, nema heimild sé veitt til þess af Alþingi.

## 6. gr.

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra, er hefur á hendi daglega stjórn fiskiðjuversins og umsjón með rekstrinum. Hann annast og sölu afurða í samráði við stjórnina. Framkvæmdastjóri hefur prókúruumboð fyrir fyrirtækið. Stjórnin ákveður með erindisbréfi starfssvið framkvæmdastjórans og laun hans að fengnu samþykki ráðherra. Áður en ráðizt er í meiri háttar framkvæmdir, skal jafnan leitað samþykkis ráðherra og leggja fyrir hann ýtarlega greinargerð og kostnaðaráætlun.

## 7. gr.

Endurskoðendur skulu skipaðir af ráðherra.

52

25. maí

8. gr.

Reikningsár fiskiðjuversins er almanaksárið. Skal stjórn þess gera reiknings-skil fyrir starfsárið eigi síðar en svo, að endurskoðendur geti lokið störfum fyrir 30. apríl ár hvert. Af byggingarkostnaði húsa og annarra mannvirkja skal afskrifa a. m. k. 3% og a. m. k. 10% af kostnaðarverði véla og annarra áhalda. Tekjuafgangur skal lagður í varasjóð. Þegar endurskoðun er lokið, skal senda ráðherra afrit af efnahags- og rekstrarreikningum fiskiðjuversins, undirskrifað af stjórn þess og áritað af endurskoðendum, ásamt skýrslu um störf og rekstur fiskiðjuversins á árinu. Reikningar skulu árlega birtir í B-deild stjórnartíðinda.

9. gr.

Fiskiðjuver ríkisins greiðir ekki útsvar né tekju- og eignarskatt.

10. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, ef meiri hluti hennar samþykkir, að selja fiskiðjuver ríkisins félagi útvegsmanna, útgerðarfyrirtækja eða samtökum samvinnufélaga.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 25. maí 1949.*

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.  
(L. S.)

Árni Tryggvason.

*Jóhann Þ. Jósefsson.*

53

25. maí

## L Ö G

um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 56/1927,  
um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskránnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Skemmtanaskatti þeim, sem innheimtur er samkvæmt lögum þessum og við-  
aukum við þau, skal varið þannig:

- a. 25% skattsins renni í rekstrarsjóð þjóðleikhússins, og skal honum varið samkvæmt ákvæðum laga nr. 86/1947, um þjóðleikhús.
- b. 40% skattsins renni í félagsheimilasjóð, og skal honum varið eftir því sem fyrir er mælt í lögum nr. 77/1947, um félagsheimili.
- c. 10% skattsins renni til lestrarfélaga og til kaupa á kennslukvikmyndum, og skal 1/3 hluti þess fjár renna í styrktarsjóð lestrarfélaga, en 2% til kennslukvikmyndasafns.
- d. 25% skattsins renni í þjóðleikhússjóð, til að ljúka byggingu þjóðleikhússins.

## 2. gr.

Byggingarnefnd þjóðleikhússins er heimilt með samþykki ráðherra að taka lán til að ljúka byggingu þjóðleikhússins, enda skal lánið endurgreitt af tekjum þjóðleikhússins.

53  
25. maí

## 3. gr.

Lög þessi gilda frá 1. janúar 1949 og þangað til byggingarkostnaður þjóðleikhússins er að fullu greiddur.

Meðan þessi lög gilda, frestast framkvæmd laga nr. 85/1947, um breyting á lögum nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

*Gjört í Reykjavík, 25. maí 1949.*

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.  
(L. S.)

Árni Tryggvason.

*Eysteinn Jónsson.*

## L Ö G

## um Laxárvirkjunina.

54  
25. maí

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

## 1. gr.

Laxárvirkjunin nefnist í lögum þessum núverandi virkjun Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu við Brúar og aukningar hennar allt að fullvirkjun fallsins í þeim gljúfrum og tekur yfir orkuverið og aðalorkuveituna til Akureyrar.

Laxárvirkjunin skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi samkvæmt reglugerð, sem ráðherra staðfestir.

Heimili og varnarþing Laxárvirkjunarinnar skal vera á Akureyri.

## 2. gr.

Akureyrarkaupstað er heimilað að reka Laxárvirkjunina og auka hana frá því, sem nú er, samkvæmt lögum þessum.

Ríkissjóður ábyrgist lán, sem Akureyrarkaupstaður tekur til aukningar Laxárvirkjunarinnar, sbr. 1. málsgrein, að upphæð allt að 22 milljónum króna eða tilsvarendi upphæð í erlendum gjaldeyri, þó eigi yfir 85% af kostnaðarverði, enda samþykki fjármálaráðherra lánskjörin.

## 3. gr.

Þegar hafin verður virkjun næst eftir þeirri, sem nú er í undirbúningi, og hvenær sem er eftir það, getur ríkissjóður gerzt meðeigandi að Laxárvirkjuninni með því að kaupa helming mannvirkja hennar. Kaupverðið eða hluta þess má ríkissjóður inna af hendi með því að taka á sig ábyrgð að tilsvarendi hluta lána og annarra greiðsluskuldbindinga fyrirtækisins. Kaupverð mannvirkja, sem fyrir eru, þegar lög þessi ganga í gildi, skal, ef samkomulag fæst ekki, ákveðið með mati samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms, en kaupverð þeirra mannvirkja,

54 sem gerð eru eftir þann tíma, skal vera kostnaðarverð þeirra, að frádreginni eðli-  
25. maí legri fyrningu.

Síðari aukningar framkvæma Akureyrarbær og ríkissjóður í félagi og kosta að jöfnu, unz fallið við Brúar er fullvirkjað, nema samkomulag verði milli aðila um aðra tilhögun.

#### 4. gr.

Þegar ríkissjóður er orðinn meðeigandi að Laxárvirkjuninni samkvæmt 3. gr., skal stjórn fyrirtækisins falin nefnd 5 manna, sem nefnist stjórn Laxárvirkjunarinnar, og tilnefnir bæjarstjórn Akureyrar tvo menn í stjórnina, ríkisstjórnin tvo, en hæstiréttur fimmta manninn. Skal hann vera búsettur á orkuveitusvæðinu. Stjórnin skal skipuð til þriggja ára í senn.

Stjórn Laxárvirkjunarinnar hefur á hendi stjórn og rekstur hennar, undirbúning og framkvæmd aukninga og breytinga á mannvirkjum hennar. Hún getur ekki skuldbundið eigendurna að því er snertir ábyrgð á lánnum og greiðsluskuldbindingum til aukinna framkvæmda eða breytinga á mannvirkjum, nema að fengnu samþykki þeirra hvors um sig.

Þegar ríkissjóður er orðinn meðeigandi í Laxárvirkjuninni, skulu nánari fyrir-  
mæli um stjórn og rekstur virkjunarinnar sett í reglugerð, sem stjórn Laxárvirkjunarinnar setur með samþykki beggja eigenda og ráðherra staðfestir, sbr. og 1. gr.

#### 5. gr.

Aður en byrjað er á nýju verki eða aukningu eða breytingu á mannvirkjum, sem fyrir eru, skal senda ráðherra uppdrætti af hinum fyrirhuguðu framkvæmdum, ásamt lýsingu af þeim. Getur ráðherra krafizt þeirra breytinga á fyrirhugaðri tilhögun verksins, sem nauðsynlegar kunna að þykja vegna almenningshagsmuna að dómi sérfræðinga ríkisstjórnarinnar.

#### 6. gr.

Laxárvirkjunin selur rafveitu Akureyrar og rafmagnsveitum ríkisins raforku við kostnaðarverði, að viðbættum allt að 5%. Skal verð þetta, ef samkomulag ekki næst, ákveðið með mati, samkvæmt 147. gr. 1. b. vatnalaganna frá 1923.

Allur tekjuafgangur, sem verða kann af rekstri Laxárvirkjunarinnar, rennur í varasjóð hennar. Varasjóðnum má eingöngu verja í þágu Laxárvirkjunarinnar og til aukninga á mannvirkjum hennar.

#### 7. gr.

Skyllt er Laxárvirkjuninni að selja rafveitu Akureyrar og rafmagnsveitum ríkisins það afl, sem þessir aðilar þurfa til þess að fullnægja rafafliþörfinni hvor á sínum hluta orkuveitusvæðisins, meðan afl virkjunarinnar endist.

Þegar fallið í gljúfrunum við Brúar er fullvirkjað og farið er að afla viðbótarafls frá öðrum orkuverum, skal afl Laxárvirkjunarinnar skiptast á milli eigenda í sama hlutfalli og eignin skiptist milli þeirra, nema samkomulag verði um annað. Hvorugum aðilanum skal þó skylt að láta af hendi það afl, sem hann hefur fest kaup á og tekið í notkun, fyrr en fallið er fullvirkjað og nægilegt afl er fengið annars staðar frá.

#### 8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 43 13. júní 1937, um virkjun Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

25. maí

*Gjört í Reykjavík, 25. maí 1949.*

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.  
(L. S.)

Árni Tryggvason.

*Bjarni Ásgeirsson.*

## L Ö G

55

um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra.

25. maí

### HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

#### I. KAFLI

##### Um meðferð ölvaðra manna.

###### 1. gr.

Þá, sem teknir eru höndum sakir ölvunar og eigi er unnt að sleppa þegar úr haldi, skal lögreglan að fengnu læknisvottorði flytja í þar til gert sjúkrahús eða sjúkrahúsdeild, ef fyrir hendi er, en annars í venjulegt sjúkrahús, sem hefur tök á að veita viðtöku slíkum sjúklingum.

Nú er ekki völ á sjúkrahúsi eða rúmi í sjúkrahúsi í þessu skyni, og skal þá láta hlutaðeigandi sjúklinga sæta læknismeðferð, eftir því sem við verður komið.

###### 2. gr.

Ölvaða menn, sem sæta meðferð samkvæmt ákvæðum 1. greinar, skal hafa í gæzlu, unz af þeim er runnið, og allt að tveimur sólarhringum til læknisrannsóknar, eftir því sem ástæða þykir til samkvæmt ákvæðum 3. greinar.

###### 3. gr.

Læknir, sem stundar ölvaða menn samkvæmt ákvæðum 1. og 2. greinar, skal sjá um, að hlutaðeigandi sjúklingum sé látin í té viðeigandi aðhlynning, en auk þess gerir hann sér far um að kynna sér líkamlegt og andlegt ásigkomulag þeirra, svo og allar aðstæður með tilliti til drykkjuhneigðar þeirra og drykkjuskapar. Komist hann að raun um, að um drykkjusýki eða yfirvofandi drykkjusýki sé að ræða, tilkynnir hann hlutaðeiganda sjálfum, eða aðstandendum hans, eftir því sem við á, niðurstöður sínar og er til ráðuneytis um, hvernig við skuli bregðast.

###### 4. gr.

Sveitarfélög, sem koma upp sjúkrahúsum eða sjúkrahúsdeildum til fullnægingar ákvæðum 1.—3. gr., njóta til þess ríkisstyrks samkv. ákvæðum l. nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl.

55

25. maí

Ákvæði 1.—3. greinar raska ekki ákvæðum laga um viðurlög við ölvunarbrotum, enda mega ákvæði þessara laga ekki verða því til hindrunar, að þeim viðurlögum verði komið fram.

5. gr.

6. gr.

Kostnað af meðferð ölvaðra manna samkvæmt ákvæðum 1.—5. greinar skal greiða sem kostnað af löggæzlu, á sama hátt sem verið hefur.

7. gr.

Ráðherra setur nánari reglur um meðferð ölvaðra manna samkvæmt ákvæðum 1.—3. greinar, með sérstöku tilliti til þess, ef um endurtekin tilfelli, drykkjusýki eða yfirvofandi drykkjusýki er að ræða, að hlutaðeigendum gefist kostur á sem fullkonnustum leiðbeiningum og aðstoð sér til viðréttingar, og þá sérstaklega, ef unglingar eiga í hlut.

## II. KAFLI

### Um meðferð drykkjusjúkra manna.

8. gr.

Geðveikrahælið á Kleppi hefur með höndum yfirumsjón með gæzlu drykkjusjúkra manna þeim til umönnunar og lækningar samkvæmt ákvæðum laga þessara.

Á kostnað ríkisins skal reisa og reka í sambandi við geðveikrahælið og í hæfilegri nálægð þess gæzlustarhæli fyrir drykkjusjúka menn, er fyrst og fremst sé miðað við þarfir þeirra sjúklinga, sem ætla má, að eigi sér sæmilegar batahorfur.

Nú vilja sveitarfélög, eitt eða fleiri saman, reisa og reka á sinn kostnað gæzlustarhæli fyrir drykkjusjúka menn, er fyrst og fremst sé miðað við þarfir þeirra sjúklinga, sem ætla má að þarfnist vistar og umönnunar í slíku hæli í langan tíma, og fer þá um þær framkvæmdir og ríkissjóðsstyrk til þeirra eftir lögum nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl., og síðari breytingum á þeim lögum.

Eftir athugun sjúklinganna á geðveikrahælinu á Kleppi, að svo miklu leyti sem því verður við komið, skal þeim ráðstafað í gæzluvist á þeim hælum, sem fyrir hendi eru, og skipt á hælun eftir því, hvers eðlis drykkjusýki þeirra er og hversu þeir eiga saman. Á sama hátt ráðstafar geðveikrahælið sjúklingum þessum þeim til viðréttingar í gæzluvist á völdum einkaheimilum, eftir því, sem á hverjum tíma telst henta. Læknar geðveikrahælisins hafa á hendi lækniseftirlit með sjúklingum, sem ráðstafað hefur verið í gæzluvist samkvæmt ákvæðum þessarar greinar. Sérstakt eftirlit skal haft með aðbúnaði, atlæti, líðan og framferði sjúklinga, sem ráðstafað hefur verið í gæzluvist á einkaheimilum, og ræður geðveikrahælið til þess eftirlitsstarfs ármenn eða árkonur eftir þörfum.

9. gr.

Í gæzlu samkvæmt 8. gr. verða teknir:

1. Þeir, sem dæmdir eru til hælsvistar, sbr. 65. gr. laga nr. 19 12. febrúar 1940.
2. Þeir, sem sækja sjálfir um að verða aðnjótandi slíkrar gæzlu, eða lögráðamaður fyrir þeirra hönd, ef sjálfir eru ólögráða, eða dómsmálaráðuneytið samkvæmt ákvæðum 7. greinar, 6. b. í lögum nr. 95 5. júní 1947, um lögræði.

Taka skal fram í umsókn, hversu lengi umsækjandi skuldbindi sig til að hlíta gæzlunni, svo og að hann undirgangist að virða í einu og öllu reglur þær, sem um gæzlu og gæzluvistir eru settar.

10. gr.

Sá, sem tekinn hefur verið í gæzlu samkvæmt 1. tölulið 9. greinar, skal hlíta gæzlunni svo lengi sem segir í 65. gr. laga nr. 19 12. febrúar 1940.

Sá, sem tekinn hefur verið í gæzlu samkvæmt 2. tölulið 9. greinar, skal hlíta 55  
gæzlunni svo lengi sem yfirlæknir geðveikrahælis á Kleppi ákveður, þó aldrei lengur 25. maí  
en sjúklingurinn samkvæmt umsókn er skuldbundinn til, nema samþykki hans eða  
lögráðamanns hans komi af nýju til.

Nú fer sá, sem tekinn hefur verið í gæzlu samkvæmt ákvæðum laga þessara, heimildarlaust af hæli eða heimili, þar sem hann er í gæzluvist, og er þá rétt að þröngva honum, eftir atvikum með lögregluvaldi, í gæzluna á ný og til að hlíta henni, unz lokið er gæzlutíma þeim, sem segir í 1. og 2. málsgrein þessarar greinar.

#### 11. gr.

Gæzluvist fylgir vinnuskylda gæzluvistarmanns, eftir því sem yfirlæknir geðveikrahælisins á Kleppi segir fyrir um eða aðstoðarlæknar hans eða ármenn í hans umboði.

#### 12. gr.

Hver sá, er gefur eða veitir áfengi þeim, sem vitanlega hefur verið tekinn í gæzlu samkvæmt ákvæðum laga þessara, eða aðstoðar hann við útvegum áfengis, skal sæta sektum.

#### 13. gr.

Um greiðslu kostnaðar af meðferð drykkjusjúkra manna samkvæmt ákvæðum 8.—11. greinar fer á sama hátt sem um greiðslur fyrir aðra sjúklinga í sjúkrahúsum ríkisins.

#### 14. gr.

Ráðherra setur nánari reglur um meðferð drykkjusjúkra manna samkvæmt lögum þessum, þ. á m. með hverjum skilyrðum þeir verði teknir í gæzlu, rekstur gæzluvistarhæla samkvæmt 8. gr., gæzluvist þar og á einkaheimilum, vinnu gæzluvistarmanna, svo og aðrar skyldur þeirra og réttindi.

### III. KAFLI

#### Sjóðstofnun.

#### 15. gr.

Af ágóða Áfengisverzlunar ríkisins skal á árunum 1950—1956 verja 750 þúsund krónum á hverju ári til að leggja í sjóð, gæzluvistarsjóð. Sjóðurinn hafi það hlutverk að standa undir kostnaði af framkvæmd laga þessara, eftir því sem heilbrigðisstjórnin ákveður, og þá fyrst og fremst af að reisa eða hjálpa til að reisa gæzluvistarhæli þau, sem um ræðir í 8. gr. laga þessara.

### IV. KAFLI

#### Niðurlagsákvæði.

#### 16. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og koma til framkvæmda, eftir því sem skilyrði verða fyrir hendi til að fullnægja ákvæðum þeirra. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 108 30. desember 1943, um heilsuhæli fyrir drykkjumenn, svo og ákvæði annarra laga, er kunna að koma í bága við ákvæði laga þessara.

*Gjört í Reykjavík, 25. maí 1949.*

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Árni Tryggvason.

(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*



56  
25. maí

## L Ö G

### um eyðingu refa og minka.

#### HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

#### I. KAFLI

##### Yfirumsjón.

##### 1 gr.

Sýslumenn hafa hver í sínu umdæmi umsjón með framkvæmd þessara laga undir yfirstjórn landbúnaðarráðherra.

##### 2. gr.

Sýslunefndir skulu sjá um, að hreppsnefndir annast eyðingu refa og villiminka. Heimilt er sýslunefnd að ráða í samráði við hreppsnefndir einn mann (refaeyðingarstjóra) til að stjórna refa- og minkaveiðum í allri sýslunni eða nokkrum hluta hennar.

#### II. KAFLI

##### Eyðing refa og minka.

##### 3. gr.

Sérhver hreppsnefnd skal á hverju vori annast um grenja- og minkaleitir í heima- og afréttarlöndum hreppsins, hvort sem lönd þessi liggja utan eða innan sýslufélagsins eða hreppsins, svo og um vinnslu grenja- og minkabæla. Þar, sem tveir eða fleiri hreppar eiga afréttarlönd saman, annast þeir í sameiningu, eða stjórn upprekstrarfélagsins, leitina og vinnslu dýranna á afréttinni.

Ef unnt er, skal skotmaður eða skotmenn annast grenjaleitina, en bogmaður eða skotmaður, eftir því sem við á, minkaleitina.

##### 4. gr.

Hreppsnefnd, stjórn upprekstrarfélags, þar sem hreppar eiga upprekstrarlönd saman, sbr. 3. gr., eða refaeyðingarstjóri, þar sem hann hefur verið ráðinn, sbr. 2. gr., ráða skotmann eða bogmann, einn eða fleiri, til að vinna greni eða minkabæli í þeim löndum, sem þeim ber að annast um í þessu efni. Skulu skotmenn eða bogmenn reiðubúnir til grenjavinnslu, hvenær sem greni eða minkabæli finnast. Vöku- maður, sem skotmaður tekur gildan, skal vera ráðinn af sama aðila til að vera með skotmanni á grenjum.

##### 5. gr.

Óheimilt er öðrum en þeim, sem til þess eru ráðnir samkvæmt 4. gr., að vinna greni eða taka yrðlinga, nema svo hafi staðið á, að ekki hafi náðst til skotmanns í tæka tíð.

##### 6. gr.

Þegar greni eða minkabæli finnast, hvort heldur er í grenja- eða minkaleit eða þess utan, skal það ekki yfirgefið, ef kostur er. En finni það einn maður

og geti ekki komið vitneskju til næsta bæjar nema fara sjálfur, skal hann hraða **56**  
 för sinni sem mest. Skotmanni eða bogmanni skal síðan gert aðvart tafarlaust. **25. maí**  
 Kostnaður við slíkt telst með öðrum eyðingarkostnaði.

#### 7. gr.

Borgun til skotmanns og vökumanns fer eftir því, sem um semst við hreppsnefnd eða þann aðila, sem sér um grenjavinnslu. Sama gildir um borgun til bogmanns. Heimilt er að semja um verðlaun fyrir unnin dýr, en taka skal tillit til þess, þegar ráðningarkjör skotmanns og bogmanns eru ákveðin. Einnig skal taka tillit til þess við launaákvörðun, ef yrðingar eða minkahvolpar eru verðmætir.

#### 8. gr.

Nú vinnst hlaupadýr, og á þá sá, er vinnur, 60 kr. sem verðlaun fyrir hvert dýr, er hann sannar fyrir oddvita að hafa unnið, og sömu upphæð fyrir hvern mink.

#### 9. gr.

Hreppsnefnd, stjórn upprekstrarfélags eða refaeyðingarstjóri heldur skrá yfir öll þekkt greni og minkabæli og gerir stutta lýsingu á þeim. Gera skal vörður eða skotbyrgi við greni þau, sem þörf er á, og halda þeim við. Heimilt er að laga skemmd greni, ef auðunnin eru, svo og ónýta önnur, sem torunnin eru, telji stjórn refaeyðinganna það hagkvæmt

#### 10. gr.

Skylt er að eitra fyrir refi og minka þriðja hvert ár í afréttum og heimalöndum. Oddvitar sjá um eitrunina, hver á sínu svæði, en þar sem fleiri hreppar eiga afréttir saman, skulu hlutaðeigandi oddvitar hafa samráð um eitrunina eða fá til sérstakan mann að sjá um hana. Héraðslæknar eða lyfjabúðir láta oddvitum í hendur eitur eftir fyrirmælum landbúnaðarráðherra.

### III. KAFLI

#### Bann gegn minka- og refaeldi.

#### 11. gr.

Sýslunefndir og bæjarstjórnir geta bannað minkaeldi í umdæmum sínum og sömuleiðis eldi refa. Verði slíkt bann framkvæmt þar, sem nú eru loðdýrabú, skal sýslusjóður eða bæjarsjóður greiða eigendum skaðabætur samkvæmt mati þriggja dómkvaddra manna.

### IV. KAFLI

#### Skipting kostnaðar.

#### 12. gr.

Hreppsnefndir eða þeir, sem falið hefur verið að sjá um refa- og minkaeyðingu, skulu samhliða hreppsreikningi ár hvert hafa tilbúna reikninga yfir kostnað við starfsemi þessa, sundurliðaða, svo að glöggst sjáist kostnaður við hvort um sig, eyðingu refa og eyðingu minka. Að lokinni endurskoðun skulu þeir leggja fyrir næsta sýslufund til úrskurðar. Nú úrskurðar sýslunefnd, að reikningarnir séu réttir og ekki úr hófi háir, og skal þá sá aðili, er lagt hefur kostnaðinn fram við refaeyðingu, fá hann endurgreiðdan að  $\frac{2}{3}$  hlutum, að hálfu frá sýslunefnd, en að hálfu frá ríkinu. Kostnað við eyðingu minka skal endurgreiða að  $\frac{5}{6}$ ,  $\frac{2}{3}$  frá ríki og  $\frac{1}{6}$  úr sýslusjóði.

56  
25. maí

V. KAFLI  
Almenn ákvæði.

13. gr.

Landbúnaðarráðuneytið setur reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara, svo sem um eitrun fyrir refi og minka.

Enn fremur geta sýslunefndir sett nánari reglur um framkvæmd laganna, en landbúnaðarráðherra skal samþykkja þær, áður en þær öðlast gildi.

14. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum, 200—5000 kr., nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

15. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 108 11. ágúst 1933, svo og önnur lagaákvæði, sem koma í bága við þessi lög.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 25. maí 1949.*

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.  
(L. S.)

Árni Tryggvason.

*Bjarni Ásgeirsson.*

57  
25. maí

L Ö G  
um nauðungaruppboð.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Samkvæmt lögum þessum fara:

1. Uppboð til fullnustu fjárkröfum samkvæmt heimild í
  - a. Aðfarargerð (fjárnámi, lögtaki).
  - b. Samningi um veðrétt í fasteign, þar sem slíkt er heimilað í lögum.
  - c. Samningi um handveð.
  - d. Skiptameðferð þrotabúa, skuldafrágöngu dánarbúa og annarra búa, þar sem enginn ber almennt ábyrgð á skuldum.
  - e. Lögum, þar sem aðila er mæltur lögveðsréttur í verðmætum til tryggingar greiðslu og sala heimiluð án aðfarar.

2. Uppboð til sölu á munum, er uppboðsbeiðandi hefur haldsrétt á sér til trygg- 57  
ingar. 25. maí
3. Uppboð á strandmunum og vogrekum.

### 2. gr.

Sýslumenn í sýslum, bæjarfógetar í kaupstöðum og borgarfógeti í Reykjavík halda uppboð. Í kauptúnum, þar sem sérstakur lögreglustjóri er skipaður, heldur hann uppboð. Nefnast embættismenn þessir uppboðshaldarar, er þeir fara með uppboðsmál.

Athafnir þessara embættismanna eru dómsathafnir, nema öðruvísi sé mælt í lögum. Uppboð skal halda á dómþingi.

Uppboðsbók skal vera við hvert framanefndra embætta, svo úr garði gerð sem lög mæla.

Vottar tveir skulu við uppboð vera, og fer um þá að lögum.

Uppboðshaldari úrskurðar öll atriði varðandi uppboð.

Uppboðshaldari má hvorki gera sjálfur boð á uppboði né láta annan mann gera það fyrir sína hönd.

### 3. gr.

Rétt er, að hreppstjóri haldi uppboð á fjármunum þeim, er í III. kafla laga þessara greinir, enda nemi innstæða hverrar þeirrar kröfu, er selja skal til greiðslu á, eigi yfir 2000 krónur. Uppboðshaldari getur þó falið á sína ábyrgð hreppstjóra að halda uppboð, þótt ofanefndum skilyrðum sé ekki fullnægt, enda megi telja hagsmunum aðila fullkomlega borgið.

Hreppstjóri má skrá uppboð í hreppsbók, ef honum hefur ekki verið fengin sérstök löggilt uppboðsbók.

Ákvæði 2. gr. um votta og bann við boði á uppboði tekur og til hreppstjóra.

### 4. gr.

Ákvæði laga nr. 85/1936 um dómara, þinghöld, aðila, málflytjendur, málf lutning, fresti, hafningu máls, aðilaskýrslur, vitni, skjöl, mat og skoðun, réttarfarssektir, málskostnað, úrskurði, áfrýjun og kæru taka og til uppboðs, eftir því sem við getur átt, nema öðruvísi sé mælt í lögum þessum.

Áfrýjunarfrestur samkvæmt 197. gr. téðra laga skal vera 4 vikur frá lokum þeirrar dómsathafnar, sem áfrýja skal, en veitt getur dómsmálaráðherra þó leyfi til áfrýjunar næstu þrjá mánuði frá sama tíma, ef sérstaklega stendur á.

### 5. gr.

Vörzlumanni þeirra verðmæta, er selja skal, er skylt að veita uppboðshaldara (hreppstjóra) og væntanlegum kaupendum aðgang að þeim eftir þörfum, eftir að uppboð hefur verið auglýst, og fræðslu um þá eftir föngum, þar til er sala fer fram, enda er lögreglumönnum skylt að veita uppboðshaldara (hreppstjóra) nauðsynlega aðstoð í því efni, ef hann krefst þess.

Nú reynist nauðsynlegt að taka muni þá, er selja skal, með valdi úr vörzlumanns, og er uppboðshaldara þá rétt að framkvæma allt þar að lútandi með sama hætti sem fógeta.

### 6. gr.

Beiðni um uppboð skal vera skrifleg. Greina skal þar svo, að ekki verði um villt, nafn, heimili og stöðu uppboðsbeiðanda og uppboðspolanda og eftir föngum aðra menn, er réttindi eiga í söluverðmætum. Greina skal og þau verðmæti nægilega glögg, svo sem fasteign, skip, flugvél, bifreið o. s. frv. með viðeigandi merkjum eða einkennum, verðbréf með flokkstölu, bókstaf og númeri, ef því er að skipta, vöru-

57 tegund, ef vörur skal selja, skepnur, svo sem hross, kýr o. s. frv. Gera skal og 25. maí grein fyrir uppboðsheimild og láta þau skjöl fylgja, er sanna hana, svo sem eftirrit af lögtaksgerð eða fjárnáms, veðskuldabréf, handveðssamning o. s. frv. Uppboðshaldari getur og lagt fyrir uppboðsbeiðanda, að veðbókarvottorð verði lagt fram fyrir hann, ef beiðzt er uppboðs á fasteign eða skipi, bifreið eða flugvél.

Nú fer sá, er uppboð heldur, sjálfur með innheimtu þeirrar kröfu, er greiða skal með uppboðsandvirði, og gilda þá ákvæði 1. málsg. ekki.

Uppboðshaldari (hreppstjóri) tilkynnir uppboðspólанда þegar beiðni með þeim hætti, er hlýða þykir.

#### 7. gr.

Nú er uppboðsheimild skotið til æðra dóms, eftir að uppboðs hefur verið beiðzt, og skal þá uppboði fresta, unz málskot er til lykta leitt. Þó má, þrátt fyrir málskotið, selja muni, sem liggja undir skemmdum eða undirorpnir eru verðryrnun að marki, eða ef geymsla þeirra er sérstökum vandhæfum bundin vegna kostnaðar eða annarra orsaka.

#### 8. gr.

Aðilar uppboðs eru:

1. Uppboðsbeiðandi.
2. Uppboðspólandi.
3. Veðhafar og þeir aðrir, sem tjá sig eiga réttindi í söluverðmætum og koma fram fyrir uppboðshaldara í því skyni.
4. Þriðji maður, er annars kemur fram á uppboði með réttarkröfu varðandi söluverðmæti eða andvirði þess eða til áfrýjunar uppboðs í heild eða einstakra hluta þess.

#### 9. gr.

Kaupréttur, forkaupsréttur, endurkaupsréttur eða innlausnarréttur veita ekki heimild til þess að ganga inn í boð annars manns á uppboðsþingi, nema svo sé sérstaklega mælt í lögum.

Samningur um það, að eigi skuli maður bjóða á uppboði eða einungis bjóða að tilteknu marki, er ógildur.

Nú hefur maður afsalað sér rétti til tilkynninga, sem í lögum þessum eru mæltar, og er þá slíkt afsal ógilt.

#### 10. gr.

Til uppboðskostnaðar telst:

1. Gjöld í ríkissjóð.
2. Vottagjöld, auglýsingakostnaður, burðargjald og símskeyta, ferðakostnaður uppboðshaldara (hreppstjóra), þóknun hreppstjóra, er uppboð heldur, og greiðslur til annarra, sem kvaddir eru til starfa eða skýrslugjafar vegna uppboðs.
3. Sanngjörn þóknun til lögfræðilegs ráðunautar uppboðsbeiðanda, sbr. 1. málsg. 21. gr.
4. Innheimtukostnaður.
5. Annar kostnaður, sem leiðir af nauðsynlegum eða heppilegum aðgerðum vegna uppboðs.

Það skilyrði má setja fyrir því, að uppboðsbeiðni verði tekin til meðferðar, að sett sé trygging fyrir greiðslu áætlaðs kostnaðar af aðgerðum vegna árangurslauss uppboðs eða uppboðs, sem aldrei varð haldið, aflýsinga á uppboði eða ef annars má vafi á því leika, að kostnaður fáið greiddur af uppboðsandvirði.

Nú verður eigi af uppboði, og skal því þá aflýst með auglýsingu, birtri einu sinni í Lögbirtingablaði, ef þess er kostur nægilega fljótt, á kostnað uppboðsbeiðanda eða uppboðspólанда eftir ákvörðun uppboðshaldara (hreppstjóra).

## 11. gr.

57

Skýlt er þeim, er uppboð heldur, að annast innheimtu uppboðsandvirðis, nema allir aðilar verði á annað sáttir.

Innheimtulaun skal eigi greiða af þeim hluta uppboðsandvirðis, sem kaupandi tekur undir sjálfum sér, áfram stendur veðtryggt í eign eða kaupandi og kröfuhafi semja um greiðslu á án nokkurs atbeina þess, er innheimtu annast.

Innheimtulaun uppboðshaldara (hreppstjóra) skal ákveða í gjaldskrá, er dómsmálaráðherra setur að fengnum tillögum stjórnar Félags héraðsdómara.

## II. KAFLI

## Um uppboð á fasteignum og skipum.

## 12. gr.

Samkv. þessum kafla fara og uppboð á erfðafesturétti, erfðaábúðarrétti, grunnleigurétti og öðrum slíkum fasteignaréttindum, að því leyti sem slík réttindi mega ganga kaupum og sölum, svo og uppboð á byggingum og mannvirkjum á slíkum löndum, hvort sem þau eru seld með réttindunum eða sér. Sama er um uppboð á byggingum og öðrum mannvirkjum, sem á annars manns fasteign standa.

Skip í þessum kafla tekur til fljótandi fara fimm smálesta eða stærri.

## 13. gr.

Þá er uppboðshaldara hefur borizt uppboðsbeiðni með viðeigandi gögnum, kynnir hann sér það, hvort uppboðsskilyrðum sé fullnægt, enda getur hann krafist beiðanda allra nauðsynlegra skýringa. Skýlt er og eiganda söluverðmætis að veita allar skýrslur um veðbönd og önnur höft á eign, þar á meðal um sjóveð á skipi og ógreidd opinber gjöld, sem tryggð eru með veði í eign hans, o. s. frv.

Þá er uppboðshaldari hefur gengið úr skugga um það, að uppboðsheimild sé fullnægjandi, gerir hann frumvarp að uppboðsskilmálum. Annars kostar synjar hann uppboðsbeiðni með úrskurði, ef þess er krafizt, enda hafi uppboðsbeiðanda og uppboðspólana verið veittur kostur á að tala máli sinu eftir þörfum.

## 14. gr.

Nú hafa tveir eða fleiri krafizt uppboðs á sömu eign, áður en uppboðsauglýsing hefur verið gefin út, og er þá sá, er réttindi hans ganga fyrir hinum, talinn uppboðsbeiðandi, en ef tveir eða fleiri standa jafnfætis, teljast þeir báðir eða allir uppboðsbeiðendur.

Þá er uppboðsauglýsing hefur verið gefin út, er öðrum óheimilt að krefjast uppboðs á sömu eign, meðan beiðni hins er ekki niður fallin.

Eigi má kyrretning á eign eða aðför, sem gerð er eftir þennan tíma, baka uppboðsbeiðanda eða öðrum, er uppboðssala skiptir máli, kostnað með nokkrum hætti. Þó er veðhafa fasteignar, sem einnig á veð í fylgifié hennar lögum samkvæmt og tekið hefur þá muni fjárnámi, áður en uppboðsauglýsing var gefin út, heimilt að krefjast þess, að uppboð taki einnig til þeirra. Skal þá fyrst bjóða eign upp án fylgífjárins og án skyldu uppboðsbeiðanda til greiðslu uppboðskostnaðar vegna þess, en ef veðhafi þess fær þá eigi fulla greiðslu, þá skal bjóða eign upp með fylgifié eða svo miklu af því, er nægir.

## 15. gr.

Eigi má setja væntanlegum kaupanda í uppboðsskilmálum eða með öðrum hætti að nauðsynjalausu nokkur óvenjulega hörð skilyrði, er ætla má, að torveldi sölu á eign.

25. maí

57 Jafnan skal uppboðshaldari eftir föngum gæta þess, að ekkert það sé í upp-  
25. maí boðsskilmála sett, er horfir þriðja manni ólöglega til tjóns, nema samþykki hans komi til.

## 16. gr.

Greina skal í uppboðsskilmálum, hvort og, ef því er að skipta, hvern kostnað af uppboði kaupandi skuli greiða. Kaupandi greiðir kostnað, þegar boð hans er samþykkt, nema öðruvísi sé mælt. Heildarfjárhæð uppboðskostnaðar skal greina, svo sem næst verður komizt.

Í uppboðsskilmálum skal geta kvaða, ítaka og annarra slíkra hafta, er á eign hvíla og veðbókarvottorð getur ekki.

Geta skal ógreiddra og áfallinna kvaðagjalda, skatta og opinberra gjalda, sem á eign hvíla, og fjárhæð þeirra hvers um sig, eftir því sem unnt er, og hvort kaupandi skuli þau greiða og þá hvenær. Heildarfjárhæð slíkra gjalda skal greina, svo sem næst verður komizt.

Nú ganga bönd þau á eign, er í 2. málsgr. getur, fyrir öllum kröfum, sem greiðast eiga af uppboðsandvirði, og skal þá selja eign með þeim áhvilandi, enda ber kaupanda þá að svara til þeirra að fullu. Annars kostar skal fyrst bjóða eign upp með böndunum áhvilandi eftir söluna. Ef eigi fæst þá nægilegt boð til greiðslu krafna, er framar þeim standa, þá skal færa þau til peningaverðs og bjóða eign síðan upp án þeirra, enda fái rétthafi þá greiðslu af uppboðsandvirði, ef því er að skipta, eftir þann, er næst stendur fyrir framan hann.

## 17. gr.

Nú er maður skuldbundinn samkvæmt samningi til þess að láta veðskuld standa, enda þótt veð fyrir skuldinni sé selt, og getur hann þá krafizt þess eins, að rétti hans sé ekki raskað, sbr. þó 36. gr.

Eigi þarf sá, er krafa hans er ekki í gjalddaga komin, að taka við greiðslu, enda skal uppboðshaldari þá geyma það, er honum skal greiða af uppboðsandvirði, til gjalddaga.

Nú skal greiða skilyrtar eða að öðru óvissar kröfur af uppboðsandvirði, og skal þá með sama hætti geyma það, unz skilyrði rætist eða ljóst er, að það rætist ekki, eða þar til er krafa verður ákveðin.

Kaupandi greiðir samningsbundna vöxtu af veðskuldum þeim, er áfram kunna að standa eftir uppboðsafsal eða hann annars kann að fá gjaldfrest á, nema öðruvísi semji.

## 18. gr.

Í uppboðsskilmálum má setja ákvæði um tryggingu, er kaupandi skuli setja, fyrir efndum á uppboðsskilmálum. Getur uppboðshaldari jafnan sett það skilyrði fyrir því, að boð sé tekið til greina eða eign sé slegin aðila, að hann setji þá þegar tryggingu fyrir greiðslu uppboðsandvirðis, uppboðskostnaðar þess, er honum ber að greiða, eða greiðslu þess taps, er verða mætti af því, ef setja þyrfti eign aftur á uppboð vegna vanefnda hans. Ákveður uppboðshaldari, hverja tryggingu setja skuli, enda leiti hann um það, eftir því sem við á, álits þeirra, er það mál varðar hverju sinni.

Þá er strandfé eða vogrek skal selja, skal veita að minnsta kosti 14 daga gjaldfrest. Þá skal og svo mælt, að skip eða skipsleifar, sem ekki eru fluttar burt úr fjöru innan tveggja ára frá skipstrandi, verði eign ríkissjóðs eða fjöruieganda samkvæmt 29. gr. laga nr. 42/1926.

Ef ekki er öðruvísi mælt í uppboðsskilmálum, skal svo líta á, að eign sé seld svo farin sem hún er, þegar hamar fellur, að kaupandi beri áhættu á henni frá því, er boð hans er samþykkt, að hann fái vörzlur hennar og arð frá afsalsdegi og að

seljandi svári hvorki til vanheimildar né leynandi lasta, enda komi rifting eða afsláttur af kaupverði því aðeins til greina, að krafa þar um komi fyrir uppboðshaldara áður en úthlutunargerð samkvæmt 34. gr. er ráðin. 57  
25. maí

## 19. gr.

Ef eigi er öðruvísi mælt í uppboðsskilmálum, er hver sá, er boð gerir á uppboði, bundinn við boð sitt, þar til er annað boð hefur verið samþykkt, þó ekki lengur en 3 vikur, sbr. þó 4. málsg. 29. gr.

Geta skal þess í uppboðsskilmálum, ef frest skal taka til samþykkis eða synjunar á boði, og hversu langur sá frestur skuli vera.

Nú gera fleiri en einn jafnhátt boð, sem eigi fæst hækkað, og ræður uppboðshaldari þá, hvorum eða hverjum eign er slegin, nema hann vilji láta hlutkesti ráða. Þó skal sá að jafnaði ganga fyrir, sem þegar sannar getu sína til fullnægingar uppboðsskilmálum.

## 20. gr.

Uppboðshaldari nefnir matsmenn eða skoðunar til þess að skoða og meta söluverðmæti, ef hann telur það nauðsynlegt eða heppilegt. Uppboðshaldari gerir það, sem nauðsynlegt er til þess, að mats- og skoðunarmenn geti framkvæmt starfa sinn, enda er skuldunaut og vörzlumönnum söluverðmætis skylt að veita til þess atbeina sinn eftir föngum.

## 21. gr.

Nú tekur uppboðsbeiðandi beiðni sína aftur, áður en uppboðsauglýsing samkvæmt 22. gr. hefur verið gefin út, og er þá aðgerðum samkvæmt þeirri beiðni lokið. Ef beiðni er síðar tekin eða fellur niður, t. d. vegna greiðslu, þá fer með sama hætti, nema einhver sá veðhafi eða aðfararhafi, sem á kröfu gjaldfallna vegna vanskila á henni eða annarra atriða, er hana sjálfa varða, svo sem rýrnunar á veði o. s. frv., krefjist uppboðs á grundvelli þess, er þegar hefur fram farið. Metur uppboðshaldari beiðni hans samkvæmt 13. gr.

Nú fellur uppboðsbeiðni niður, og ber þá uppboðsbeiðanda samkvæmt 1. málsg. að greiða allan löglegan kostnað, er beiðni hans hefur haft í för með sér, enda taki enginn beiðni upp samkvæmt sömu málsgrein.

## 22. gr.

Þá er frumvarp að uppboðsskilmálum hefur verið gert, auglýsir uppboðshaldari þegar uppboð af sjálfsdáðum. Í auglýsingu skal nefna uppboð nauðungaruppboð, enda skal þar greina:

1. Heiti söluverðmætis eða aðra skilgreining þess, eftir því sem við á. Geta skal fylgifjár, ef því er að skipta, svo sem véla með verksmiðju, kúgilda með jörð o. s. frv., og annarra atriða í stuttu máli, er máli kunna að skipta um verðmæti og sölulíkur eignar.
2. Heiti, heimili og stöðu uppboðsbeiðanda og uppboðspólanda, eftir því sem unnt er.
3. Uppboðsdag, stað og stund.
4. Að frumvarp að uppboðsskilmálum sé til sýnis á skrifstofu uppboðshaldara, og að athugasemdir við það skuli vera komnar til uppboðshaldara í síðasta lagi viku fyrir uppboð, enda megi aðili búast við því, að annars verði þeim eigi sinnt.

Uppboðsauglýsingu skal birta þrisvar sinnum í Lögbirtingablaði, þannig að eigi líði minna en 6 vikur milli fyrstu birtingar og uppboðs, og í einu öðru blaði einu sinni, ef uppboðshaldari telur það heppilegt, og með þeim fyrirvara, er hann ákveður. Þegar selja skal strönduð skip, nægir þó birting einu sinni, ef telja má skip lítils



57 25. maí vert, og 14 daga frestur. Rétt er, að uppboð sé birt í öðrum blöðum en áður var sagt, útvarpi eða með öðrum hætti eftir kröfu og á kostnað uppboðsbeiðanda eða uppboðsþolanda. Birting á uppboðum búá, sbr. 1. gr. 1. d., og strandskipa greiðist þó jafnan af fé búá og strandi, ef skiptaráðandi eða lögreglustjóri hafa ráðið birtingarháttum. Loks skal uppboðshaldari festa auglýsingu um uppboð upp á skrifstofu sinni með þeim hætti og þeim fyrirvara, er hann ákveður.

Uppboðshaldari skal senda skuldunaut eða eiganda eignar, ef hann er annar maður, og þeim, er samkvæmt veðmálabókum eða öðrum gögnum eiga eða ætla má eiga réttindi í eign, uppboðsauglýsingu í ábyrgðarbréfi eða tilkynningu um uppboð með öðrum trygguum hætti, svo sem símskeyti, ef þeir eiga kunnugt heimilisfang hér á landi, innan 14 daga fyrir uppboð eða þegar í stað, ef hann hefur síðar fengið vitneskju um réttihafa eða heimilisfang hans.

Nú skal selja hér erlent skip nauðungarsölu, og skal þá uppboðshaldari senda utanríkisráðuneytinu uppboðsauglýsingu, en það sendir hana svo fljótt sem kostur er utanríkisráðuneyti í heimalandi skips.

### 23. gr.

Uppboð skal halda á fasteign þeirri, er selja skal, nema sérstök lagaheimild sé til annars. Nú skal selja réttindi samkvæmt 12. gr., og skal þá einnig uppboð halda á fasteign þeirri, sem réttindin eru við tengd.

Uppboð á skipi skal halda þar, sem skip er.

Víkja má frá ákvæðum greinar þessarar, ef allir aðilar verða á það sáttir.

### 24. gr.

Nú sækir uppboðsbeiðandi, sbr. 1. málsg. 21. gr., ekki uppboðsþing, og verður þá ekki af uppboði, nema einhver sá, er uppboðs mátti krefjast eftir sömu gr., beiðist þess. Fresta skal þó jafnan uppboði, ef uppboðsbeiðandi lýsir forföllum.

### 25. gr.

Á uppboðsstað og áður en uppboðsþing er sett tekur uppboðshaldari til athugunar og úrlausnar þær athugasemdir við frumvarp að uppboðsskilmálum, sem honum kunna að hafa horizt, sbr. 22. gr., nema það hafi þegar verið gert. Ef þeim athugasemdum er ekki andmælt og uppboðshaldari telur sér ekki skylt að hrinda þeim samkvæmt 15. grein, þá breytir hann frumvarpi sínu samkvæmt þeim. Annars kostar reynir hann að jafna ágreining og veitir aðilum kost á að tala máli sínu eftir þörfum. Ef þörf krefur, þá kveður hann upp úrskurð og breytir síðan frumvarpi, ef því er að skipta, samkvæmt úrskurði, eða geymir, ef svo stendur á, aðila rétt sinn til úthlutunargerðar, sbr. 34. gr. Að því loknu eru uppboðsskilmálar ákveðnir.

Á uppboðsþingi verða eigi hafðar uppi aðfinningar við uppboðsskilmála, er eigi hafa komið fram samkvæmt 22. gr., aðrar en þær, er fela í sér það, að uppboðshaldari hafi eigi gætt þeirra atriða einhverra, sem honum beri að gæta af sjálfsdáðum samkvæmt 15. gr. Með slíkar aðfinningar skal fara samkvæmt 1. málsg.

Um málskot fer eftir 27. gr., svo sem við á.

Nú vill aðili veita væntanlegum kaupanda ívilnanir um greiðslu eða tryggingu o. s. frv., eða nauðsyn þykir að bæta við athugasemdum um söluverðmæti eða annað, og getur þá uppboðshaldari gert viðauka eða breytingar í þá átt á uppboðsskilmálum á uppboðsþingi, eftir því sem við þykir eiga, og skráð í uppboðsbók.

### 26. gr.

Áður en tekið er til að bjóða eign upp, les uppboðshaldari uppboðsskilmála með breytingum og viðaukum, sbr. 25. gr., ef því er að skipta, veðbókarvottorð og þau

skjöl önnur, er honum þykir hlýða, enda skulu uppboðsskilmálar og önnur skjöl, 57  
er söluna varða, vera til sýnis á uppboðsstað. Þegar svo er með farið, tjóar engum 25. maí  
að bera fyrir sig ókunnugleika á uppboðsskilmálum eða nokkru því, er sölu varðar  
og skjöl þessi greina.

#### 27. gr.

Uppboðshaldari ákveður minnsta mun boða, nema svo hafi verið gert í upp-  
boðsskilmálum. Hann kallar söluverðmæti upp með þeim hætti, sem honum þykir  
hlýða og samkvæmt uppboðsskilmálum, ef því er að skipta, enda skal rita boð í  
uppboðsbók jafnharðan sem þau eru gerð, og geta nafns bjóðanda við hvert boð.  
Þá er þrisvar sinnum hefur verið skorað á menn að gera yfirboð, en enginn gefur  
sig fram, lýkur sölutilraunum. Veita skal aðilum kost á að gera athugasemdir og  
kröfur um tryggingu, nýtt uppboð, útlagningu samkvæmt 32. gr. o. s. frv., eftir því  
sem efni standa til, enda úrskurðar uppboðshaldari þau atriði eftir þörfum. Til  
marks um það, að sölutilraun sé lokið að því sinni, lætur uppboðshaldari hamar  
sinn falla, og að boð aðila verði tekin til athugunar innan tiltekins tíma, enda verði  
eign ekki öðrum seld á því tímabili.

Málskot á ákvörðun uppboðshaldara samkvæmt þessari grein eða yfirlýsing þar  
um frestar því aðeins uppboði, að ákvörðun verði atriði, sem uppboðshaldið sjálft  
veltur á, t. d. lögmæti greiðsluframboðs af hálfu skuldunautar, eignarrétt þriðja  
manns að söluverðmæti o. s. frv.

#### 28. gr.

Nú fæst ekkert boð í eign eða svo lágt boð, að enginn þeirra, er í 1. málsg. 21.  
gr. segir, fær nokkuð af uppboðsandvirði, og hefur uppboðshaldari þá uppboðsþing.

Rétt er hverjum þeim, er í 1. málsg. getur og á í vonum að fá hluta af upp-  
boðsandvirði, að krefjast þess, að eign verði slegin hæstbjóðanda, nema sýnilegt  
megi telja, að hann geti ekki fullnægt uppboðsskilmálum, enda sé þar ekki öðruvísi  
mælt. Ef engin slík krafa kemur fram, skal hefja uppboðsþing.

#### 29. gr.

Þeim aðilum, er hér greinir, er rétt að krefjast uppboðs af nýju, ef þeir gera  
það þegar á staðnum, áður en uppboði er slitið, og setja nægilega tryggingu fyrir  
greiðslu kostnaðar af nýju uppboði, er ekki kann að fást greiddur af því uppboðs-  
andvirði:

1. Skuldunaut eða eiganda eignar, ef hann er annar maður, ef ekkert eða svo lágt  
boð hefur fengizt, að telja má, að hann bíði fjártjón að marki.
2. Réttindahafa í eign, sem missa mundi réttinda sinna í henni sakir þess, hversu  
lágt boð hefur fengizt.

Fleiri uppboð en tvö skal eigi halda, nema allir þeir, er uppboðsaðgerða geta  
krafizt samkvæmt 1. málsg. 21. gr., samþykki. Hver sá, er eigi mótmælir, telst  
samþykkja.

Í auglýsingu um síðara uppboðsþing skal þess geta, að það sé annað og síðasta  
uppboð. Auglýsing fer eftir síðustu málsg. 22. gr., nema allir þeir, er 1. og 2. tölul.  
1. málsg. segir, samþykki aðra meðferð á því atriði.

Nú fæst ekki svo hátt boð á síðara uppboði sem á hinu fyrra eða boð þykir ekki  
tækt, og eru bjóðendur á fyrra uppboði þá bundnir við boð sín, þó aldrei lengur  
en 6 vikur frá lokum fyrra uppboðs talið.

Nú fæst jafnhátt eða hærra boð á síðara uppboði, og getur þá hver sá, er í  
1. málsg. 21. gr. segir og væntanlega fær hluta af uppboðsandvirði, krafizt þess, að  
eign sé slegin hæstbjóðanda, er fullnægir eða telja má, að muni fullnægja skilmálum.

57

25. maí

Hæstbjóðandi á ekki heimtingu á því, að honum sé slegin eign, nema svo sé mælt í uppboðsskilmálum.

Uppboðshaldara er rétt að setja ókunnnum mönnum eða ógjaldfærum það skilyrði á uppboðsþingi, að trygging verði sett, ef boði þeirra eigi að sinna, enda þótt ekkert sé slíkt mælt í uppboðsskilmálum.

31. gr.

Rétt er þeim, sem slegin hefur verið eign, að framselja rétt sinn, enda hafi þá uppboðsskilmálum verið eða þeim verði þá fullnægt. Telst slíkt framsal stimpilskytt sem framsal réttar samkvæmt kaupsamningi.

32. gr.

Nú hefur veðhafi, þar á meðal handveðhafi að veðskuldabréfi, eða aðfararhafi orðið hæstbjóðandi á uppboði og fær samkvæmt boði sínu greiðslu að nokkru, en ekki að fullu, og er honum þá rétt að krefjast þess, að eign verði honum lögð út til eignar fyrir það verð, er hann hefur boðið, enda segi hann til, meðan þess er enn kostur að gera hærra boð. Nú bíður enginn betur, og skal þá hætta uppboði.

Aðili greiðir gjald í ríkissjóð sem fyrir árangurslaust uppboð.

Nú krefur einhver þeirra, sem í 1. málsg. 21. gr. segir og gerzt hefur kaupandi að eign, án þess að krafa þeirra hafi greiðzt að fullu, skuldunaut eða aðra um eftirstöðvar kröfunnar eða hluta af þeim, og getur dómur þá fært kröfu niður um það, er svarar mismun á sannvirði eignar á uppboðsdegi, svo sem það sannast með mati óvilhallra manna eða með öðrum hætti, og kaupverði.

Rétt er og skuldunaut og öðrum, sem svara eiga til kröfu samkvæmt 1. málsg., að höfða mál á hendur kröfuhafa til ákvörðunar á sannvirði eignar á uppboðsdegi, og getur dómur þá fært kröfu niður undir sama skilorði sem áður var mælt.

33. gr.

Ef engin mótmæli hafa komið fram gegn uppboði, gefur uppboðshaldari út afsal að seldri eign, þegar aðili hefur fullnægt uppboðsskilmálum eða sýnir full skilríki hlutaðeigenda fyrir samþykki þeirra til þess, enda þótt uppboðsskilmálum hafi eigi verið fullnægt að þeirra leyti.

Nú hafa mótmæli komið fram gegn uppboði sjálfu, og má þá eigi gefa út uppboðsafsal, fyrr en áfrýjunarfrestur er liðinn, nema aðili hafi afsalað sér áfrýjunarheimild, enda reyni uppboðshaldari eftir föngum að ganga úr skugga um það, hvort hennar verði neytt.

Eigi getur sá, er veði sínu eða réttindum heldur óskertum áfram þrátt fyrir uppboð, varnað útgáfu afsals, enda taki aðili að sér skyldur þær, er á fyrra eiganda hvíldu í því sambandi.

34. gr.

Þegar eign hefur verið slegin eða krafa um útlagningu eftir 32. gr. er fram komin, skal uppboðshaldari ganga úr skugga um það, hvort aðili fullnægir uppboðsskilmálum. Ef svo reynist, gerir hann skilagrein um kostnað af uppboði og semur frumvarp að úthlutunargerð uppboðsandvirðis, ef þess er þörf, til þeirra, er fá eiga hluta af því, og í þeirri röð, er réttur hvers stendur til. Síðan kveður uppboðshaldari þá, er hluta eiga að fá af uppboðsandvirði samkvæmt þeirri vitneskju, sem þegar er fengin, á fund með þeim fyrirvara, er honum þykir hlýða, enda skal þeim þá skýrt frá því, að frumvarp að úthlutunargerð liggi til sýnis á skrifstofu hans.

Nú koma engar kröfur um breytingar á frumvarpi fram, og greiðir uppboðshaldari þá hverjum það, er honum ber. Sama er um greiðslur til einstakra aðila, sem

enginn mótmælir. Ágreining um atriði, sem krafizt er breytinga á, reynir uppboðshaldari að jafna, en ef það tekst ekki, þá ræður hann ágreiningi til lykta með úrskurði, eftir að aðilar hafa átt kost á að tala máli sínu. Greiðslur samkvæmt úrskurði mega ekki fara fram, fyrr en áfrýjunarfrestur er liðinn eða aðilar lýsa yfir eða sýna í verki, að áfrýjunarheimild verði ekki notuð.

Nú hvíla skilyrtar eða að öðru óvissar kröfur á eign, og kröfuhafi ætti að fá greiðslu af uppboðsandvirði, og leggur uppboðshaldari þá féð til geymslu, þar til er sannreynt er, hvað hverjum ber. Ef ekkert skal greiða eða ef afgangur verður, þá skal greiða þeim, er það fé hefði borið, ef engin slík krafa hefði fram komið.

### 35. gr.

Nú fullnægir kaupandi ekki uppboðsskilmálum, og getur þá uppboðsbeiðandi og hver sá, er í 1. málsgr. 21. gr. segir, krafizt þess, að eign sé boðin upp af nýju á kostnað og áhættu hans og samkvæmt þeim uppboðsskilmálum, sem áður voru ráðnir, svo sem við á. Um auglýsingu uppboðs fer þá samkvæmt 29. gr.

Hinum upphaflega kaupanda er skylt að greiða það, er á þessu uppboði fæst minna fyrir eign en það, er áður var hæst boðið, auk uppboðskostnaðar.

Rétt er og hverjum þeim, er greiðslu mundi hafa fengið af uppboðsandvirði, að lögsækja kaupanda fyrir sitt leyti á varnarþingi uppboðs til greiðslu þess, er honum hefði borið. Slíka heimild hefur og uppboðshaldari fyrir hönd einhvers eða allra þeirra, er svo er farið um, hvort sem ákvæða 1. málsgr. hefur verið neytt eða ekki.

### 36. gr.

Afmá skal í veðmálabókum þau veðbönd og höft á eign, sem uppboðsandvirði hefur ekki hrokkið til að greiða, aðila að kostnaðarlausu, þá er hann sýnir afsal samkvæmt 33. gr., enda skal þess geta í afsali, hver þau eru og að hve miklu leyti þau hafa ekki orðið greidd.

Veðbönd og önnur höft á erlendu skipi, sem hér er selt nauðungarsölu samkvæmt lögum þessum, falla niður undir sama skilorði sem í 1. málsgr. segir.

## III. KAFLI

Um uppboð á öðrum veðmætum en þeim, er í II. kafla laga þessara greinir.

### 37. gr.

Uppboð fer fram þar, sem munir þeir eru, er selja skal, enda er rétt að safna saman á einn stað munum eins manns eða fleiri, eftir því sem á stendur, en greina skal þá glöggst í uppboðsbók, hver muni eigi og uppboðsheimild hvers um sig, og annað það, er nauðsynlegt kann að vera þeim til aðgreiningar.

Útistandandi skuldir og önnur ólíkamleg veðmæti skal selja á heimili uppboðsþolanda, nema uppboðshaldari telji annan stað heppilegri.

Rétt er uppboðsbeiðanda að flytja sölumuni innan hrepps, úr einum hreppi eða lögsagnarumdæmi í annan hrepp eða annað lögsagnarumdæmi, ef vonast má eftir betri sölu með þeim hætti, enda setji hann tryggingu fyrir greiðslu á spjöllum á sölumunum, er af vörzluskriptum, flutningi eða geymslu kunna að stafa, enda ákveður uppboðshaldari, þar sem munir eru fyrir flutninginn, um hann og tryggingu, ef ágreiningur verður.

### 38. gr.

Uppboðshaldari (hreppstjóri) semur uppboðsskilmála, ef hann skal annast innheimtu uppboðsandvirðis. Annars kostar gerir uppboðsbeiðandi eða innheimtu- maður frumvarp að uppboðsskilmálum, en leggja skal þó slíkt frumvarp fyrir

57 uppboðshaldara nægum tíma fyrir uppboð, enda gæti hann þess, að ekkert sé í þeim lögum andstætt eða neitt það, er að nauðsynjalausu megi vera til tjóns skuldunaut, eiganda söluverðmæta eða öðrum. Gerir uppboðshaldari þá breytingar á uppboðsskilmálum eftir þörfum, enda hafi aðilum verið veittur kostur á að tala máli sínu.

Nú annast hreppstjóri uppboð, og skal ágreining þá bera undir uppboðshaldara til úrlausnar.

Nú eiga fleiri en uppboðsbeiðandi veðrétt eða önnur réttindi í söluverðmæti samkvæmt veðmálabók eða öðrum skýrslum, og ber uppboðshaldara þá að senda þeim uppboðsauglýsingu eða tilkynningu samkvæmt 22. gr., enda skal þá svo með fara sem í 25. gr. segir.

Nú skal útistandandi skuld selja, og skal þá tilkynna með sama hætti skuldunaut og ábyrgðarmönnum, ef því er að skipta. Þetta gildir þó ekki, ef selja skal heildarsafn skulda, svo sem útistandandi skuldir verzlunar eða slíks fyrirtækis, nema einhver þeirra, er það skiptir máli, vilji á sinn kostnað tilkynna einstökum skuldunautum eða ábyrgðarmönnum sérstaklega uppboð.

### 39. gr.

Svo skal líta á, nema öðruvísi sé mælt í uppboðsskilmálum eða með öðrum hætti, að:

1. Munir séu seldir svo farnir sem þeir eru, er hamar fellur.
2. Kaupandi beri áhættu á seldum hlut frá hamarshögg.
3. Eigi sé ábyrgð tekin á vanheimild eða leynandi löstum, og að kaupir verði því aðeins rift eða afsláttur af kaupverði vegna slíkra annmarka geti því aðeins komið til mála, að krafa þar um sé gerð til uppboðshaldara (hreppstjóra), innan þess tíma, er í uppboðsskilmálum er mælt, er vera skal áður en reikningskil eru gerð samkvæmt 46. gr.
4. Kaupanda sé rétt að taka solumuni í vörzlur sínar, er honum hafa verið þeir slegnir, að hann verði þá eigandi þeirra og taki af þeim ókominn, áfallinn og óheimtan arð, svo sem vexti af skuld, lamb með á o. s. frv.
5. Greiða skuli við hamarshögg. Ef einhver sá, er það kann að skipta máli, krefst þess, skal setja í uppboðsskilmála fyrirmæli um hæfilegan gjaldfrest til handa kaupendum, sem innheimtumaður telur óhætta skuldunauta, með tryggingu eða án hennar.
6. Uppboðskostnaður, annar en innheimtulaun, sé kaupanda óviðkomandi.

### 40. gr.

Uppboðshaldari (hreppstjóri) auglýsir uppboð. Þar, sem blöð eru gefin út á staðnum, skal birta uppboð í einu þeirra eða fleirum einu sinni, eða tvisvar, ef þess er óskað, með að minnsta kosti viku fyrirvara. Þar, sem ekki er blaðakostur á staðnum eða ekki þykir heppilegt eða einhlítt að auglýsa í blaði, sem ekki er gefið út á staðnum, skal birta uppboð á opinberum mannfundum, ef þess er kostur, eða með auglýsingu, festri upp á þinghús eða á öðrum stöðum, þar sem fjölmenni kemur eða ætla má, að fjölmenni komi, eða með boðum um sveit eða nálægar sveitir, allt eftir því sem uppboðshaldari telur heppilegt og með hliðsjón til þess, hversu mikið og hversu verðmætt á að selja, og hvaðan kaupenda megi helst vænta.

Uppboðsfrest má stytta, ef söluverðmæti eru bráðum skemmdum undirorpin, varðveizla þeirra er sérstaklega kostnaðarsöm eða torveld o. s. frv.

Í uppboðsauglýsingu skal greina glöggst stað og stund, er uppboð skal halda. Þar skal og vera almenn greinargerð um söluverðmæti, sérstaklega um þau, er

verðmest má telja, svo sem bifreiðar, flugför og báta, listaverk, skrautgripi, úrvals-  
skepnur o. s. frv.

57

25. maí

## 41. gr.

Aðfararhafar, hvort sem þeir hafa gert aðför áður en eða eftir að uppboðs-  
beiðandi aflaði sér uppboðsheimildar, geta ekki varnað uppboði samkvæmt ákvæð-  
um þessa kafla, en eigi skal kostnaður af uppboði samkvæmt kröfu þess, er að  
baki stendur, koma eldra aðfararhafa til gjalds, enda skal uppboðsandvirði varið  
til fullnustu hans, áður en nokkur sá, er að baki honum stendur, fái greiðslu.

Rétt er aðfararhafa að krefjast uppboðs eftir birtingu uppboðs samkvæmt  
40. gr., ef uppboðsbeiðandi fellur frá beiðni sinni.

Nú á maður veð í söluverðmæti, og veð það skal víkja fyrir rétti uppboðsbeið-  
anda, og má þá sá veðhafi ekki varna uppboði. Nú skal uppboðsbeiðandi víkja  
fyrir veðhafa, og er uppboðsbeiðanda þá rétt að leysa veðrétt af söluverðmætum,  
hvort sem krafan er fallin í gjalddaga eða ekki, enda kemur hann þá í stað veðhafa.

## 42. gr.

Rétt er uppboðshaldara (hreppstjóra) að láta gera skrá, er hann getur  
látið margfalda eftir þörfum, um verðmæti þau, er selja skal, ef hann telur, að  
það muni verða aðilum til hags, enda er hverjum þeim, er telur hag að því, rétt  
að láta gera slíka skrá á sinn kostnað og undir eftirliti uppboðshaldara innan þess  
tíma, er uppboð skal halda. Uppboðshaldari ákveður, hvernig kynna skuli almenn-  
ingi slíka skrá.

Í skrá skal setja uppboðsskilmála næst á eftir titilblaði.

## 43. gr.

Að settu uppboðsþingi les uppboðshaldari (hreppstjóri) upp uppboðsskilmála  
í heyranda hljóði. Skal venjulega festa þá upp á áberandi stað til sýnis almenn-  
ingi. Skrá um solumuni, ef því er að skipta, skal og liggja frammi til sýnis þeim,  
er vilja kynna sér hana. Enginn getur borið fyrir sig ókunnugleika á uppboðsskil-  
málum, ef svo er með farið.

Síðan býður uppboðshaldari (hreppstjóri) upp hvert einstakt verðmæti  
með stuttri lýsingu á því, eftir því sem á stendur, í þeirri röð, er hann ákveður,  
eftir atvikum í samráði við uppboðsbeiðanda, skuldunaut eða eiganda, ef hann  
er annar maður, enda sé þess gætt, að einskis manns hagsmunir séu skertir í því  
efni. Ef skrá um söluverðmæti hefur verið gerð samkvæmt 42. gr., skal venjulega  
hjóða muni upp í þeirri röð, er þar greinir. Rétt er að selja í einu númeri fleiri en  
einn samkynja muna, ef nauðsynlegt eða hentugt þykir, enda má jafnan auka mun-  
um við hvert númer, ef eigi fæst annars boð í það. Ef selja skal útistandandi skuldir,  
skal og venjulega reyna sölu á hverri skuld sér, en rétt er þó að selja í einu lagi safn  
slíkra skulda samkvæmt bókum lánardrottins, svo sem útistandandi skuldir at-  
vinnufyrirtækis, enda hafi það áður verið athugað eftir föngum, hvers virði ætla  
megi þær, og væntanlegum kaupendum veittur kostur á slíkri athugun. Jafnan skal  
veita mönnum kost á að athuga söluverðmæti eftir föngum, áður en uppboði á því  
er lokið.

## 44. gr.

Uppboðshaldari (hreppstjóri) skal veita mönnum nægan kost á að gera boð og  
eigi láta hamar falla, fyrr en þrisvar sinnum hafi skýrt og glögggt verið skorað á menn  
að hækka boð, og enginn hafi sinnt þeirri áskorun, enda hafi mönnum verið veitt  
nægilegt ráðrúm til þess að hugleiða það, hvort gera skuli herra boð. Nú gera tveir  
eða fleiri jafnhátt boð, og ræður uppboðshaldari (hreppstjóri) þá, hverjum hann

57 slær, en þó gengur sá fyrir, er leggur þegar fram greiðslu, þeim er gjaldfrest vilja fá. Ef boð þykir eigi tækt, er sá, er næst hæst bauð, bundinn við boð sitt, nema öðruvísi sé mælt í uppboðsskilmálum.

Greina skal í uppboðsbók nægilega skýrt hvert verðmæti í framhaldandi töluröð, söluverð þess og kaupanda. Nú er greitt við hamarshögg, og þarf þá ekki að greina kaupanda, nema hann óski þess sérstaklega, en einungis geta þess, að þegar sé greitt.

Enginn á heimtingu á því, að honum sé slegið söluverðmæti, þótt hann hafi boð gert í það, nema öðruvísi sé mælt í uppboðsskilmálum.

#### 45. gr.

Nú þykir það orka tvímælis, hvort nægilega hátt boð hafi fengizt í einstakt söluverðmæti, eða rétt þykir að veita kaupanda frest til þess að fullnægja uppboðsskilmálum, og getur uppboðshaldari (hreppstjóri) þá frestað ákvörðun um það, hvort boð skuli samþykkja, eða til að veita kaupanda færi á fullnægingu skilmála, enda eru hæstbjóðandi og næstbjóðandi þá bundnir við boð sitt næstu viku.

#### 46. gr.

Jafnskjótt sem uppboðsandvirði er komið í hendur uppboðshaldara (hreppstjóra), gerir hann reikning yfir kostnað, þar á meðal innheimtulaun, ef þau hafa eigi þegar verið frá dregin, og uppboðsandvirði og greiðir síðan til uppboðsbeiðanda það, er honum ber, og afganginn til fyrri eiganda, ef því er að skipta.

Ef fleiri kröfuhafar en uppboðsbeiðandi gefa sig fram, skal svo með fara sem í 34. gr. segir, eftir því sem við á.

#### 47. gr.

Taka má uppboðsandvirði lögtaki næstu 12 mánuði eftir gjalddaga.

Heimta má uppboðsandvirði með lögsókn á varnarþingi uppboðs.

Ákvæði 35. og 36. gr. taka til uppboða samkvæmt þessum kafla, eftir því sem við getur átt.

#### 48. gr.

Ef innheimtumaður uppboðsandvirðis er ráðinn, fara innheimtulaun eftir samkomulagi, enda setur hann þá tryggingu, sem allir þeir, er hluta eiga að fá af uppboðsandvirði, verða á sáttir og um er kunnugt. Annars kostar ákveður uppboðshaldari (hreppstjóri) tryggingu.

Sá, er innheimtir uppboðsandvirði, ábyrgist það sem sjálfs sín skuld, enda ræður hann, hvort og hverjum gjaldfrest skuli veita, og hverja tryggingu uppboðskaupandi skuli setja, ef því er að skipta.

Ráðnum innheimtumanni ber að standa skil á uppboðsandvirði til uppboðshaldara (hreppstjóra) með þessum hætti:

1. Því, sem greitt er við hamarshögg, viku eftir lok uppboðs.
2. Því, er síðar skal greiða, 2 vikum að gjaldfresti liðnum.

Uppboðshaldari getur þó veitt lengri frest, þegar sérstakar ástæður eru til, svo sem ef uppboð hefur verið mjög yfirgripsmikið, ef uppboðsskuld hefur ekki greiðzt á gjalddaga o. s. frv.

Ef brestur verður á greiðslum af hálfu ráðins innheimtumanns, ber honum að greiða 5% ársvöxtu af því fé, er greiðsludráttur verður á, enda má sækja hann til greiðslu á varnarþingi uppboðs. Dómari leitar sátta í því máli.

#### 49. gr.

Nú hafa verðbréf með skráðu gengi hér á landi eða erlendis, svo sem ríkis-skuldabréf, veðdeildarbréf, hlutabréf o. s. frv., verið tekin fjárnámi, og er uppboðshaldara þá rétt að selja þau eða láta banka eða miðlara selja þau.

Kröfur, sem teknar hafa verið fjárnámi, er uppboðshaldara rétt að innheimta 57 eða láta innheimta, jafnskjótt sem þær falla í gjalddaga. Ef annar en uppboðshaldari 25. maí annast innheimtu, þá kveður hann á um tryggingu af hendi innheimtumanns og semur um þóknun fyrir starfann, að því leyti sem hún greiðist ekki af skuldunaut, enda hafi fógeti eða skiptaráðandi ekki gert slíkar ráðstafanir áður. Eftirrit af fjárnámsgerð um innheimtukuröfur og vottorð uppboðshaldara um innheimtuumboð er full sönnun innheimtuheimildar.

Ráðinn innheimtumaður greiðir innheimtufé til uppboðshaldara með þeim hætti, er uppboðshaldari ákveður. Hann fer síðan með það fé sem áður er mælt um uppboðsandvirði.

#### IV. KAFLI Niðurlagsákvæði.

##### 50. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda 1. júlí 1949.

Frá sama tíma eru úr gildi numin þessi lagaákvæði:

Jónsbók, Kaupbálkur 22. kap., um heimild handveðshafa til útlagningar veðs til eignar eftir virðingu og sölu veðs.

Tilskipun 21. júní 1793, um lögsagnarmörk borgaralegra uppboðshaldara og skiptaráðenda, 3. gr.

Kancellibréf 22. apríl 1817, um veðskuldabréf yngri veðhafa, 1. og 2. gr.

Opið bréf 3. júní 1818, um ýmsar ráðstafanir varðandi uppboð í dánar- og þrotabúum.

Kancellibréf 19. marz 1819, um skyldur uppboðshaldara.

Kancellibréf 25. jan. 1820, um boð á uppboðum.

Skiptalög nr. 3 12. apríl 1878, 31. gr., 1. málsgr., 1. og 2. másl., sbr. við 90. gr.

Lög nr. 29 16. des. 1885, um lögtök o. fl., 10. gr., 2. og 3. másl.

Lög nr. 16 16. sept. 1893, um sérstaka heimild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókum, 1. gr.

Lög nr. 32 11. júlí 1911, um úrskurðarvald sáttanefnda, 12. gr., að því leyti sem þar segir um uppboðshald hreppstjóra.

Lög nr. 27 27. júní 1921, um aukatekjur ríkissjóðs, 38. gr., 1. og 2. málsgr., að því leyti sem þar segir um birtingu nauðungaruppboðs.

Lög nr. 42 15. júní 1926, um skipströnd og vogrek, 17. gr., 2. málsgr., nema 1. másl.

Lög nr. 23 7. maí 1928, um nauðungaruppboð á fasteignum og skipum.

Lög nr. 95 5. júní 1947, um lögræði, 39. gr., 2. másl.

Svo eru og úr lögum numin öll önnur lagaákvæði, er fara í bága við lög þessi.

##### 51. gr.

Aðgerðir, sem fram fara vegna uppboðs eftir gildistöku laga þessara, fara eftir þeim. Þó skal uppboð, sem byrjað er áður en lög þessi koma til framkvæmdar, en heldur síðan áfram, fara eftir eldri lögum.

Nú hefur uppboð verið birt, áður en lög þessi komu til framkvæmdar, og skal þá, ef þess er kostur, tilkynna uppboð samkvæmt 22. eða 40. gr., svo og birta uppboð framar en gert hefur verið samkvæmt ákvæðum téðra greina, ef því verður við komið og einhver aðila krefst þess.

*Gjört í Reykjavík, 25. maí 1949.*

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Árni Tryggvason.

(L. S.)

*Bjarni Benediktsson.*



58  
25. maí

## L Ö G

um breyting á raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946.

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

## 1. gr.

35. gr. laganna skal orða svo:

1. Úr raforkusjóði má veita rafmagnsveitum ríkisins lán, sem veitast til allt að 30 ára, til að koma upp tilteknum mannvirkjum.
2. Úr raforkusjóði má einnig veita rafmagnsveitum ríkisins rekstrarlán og bráða-birgðalán til skemmri tíma, þar á meðal til að greiða rekstrarhalla, sem verða kann af mannvirkjum fyrstu árin eftir að þau eru gerð.
3. Úr raforkusjóði má og veita einstökum bændum, sem einir eða fleiri saman reisa vatnsaflsrafstöðvar til heimilisnota utan þess svæðis, sem héraðsrafmagnsveitum er ætlað að ná til í náinni framtíð, lán úr raforkusjóði, að upphæð allt að  $\frac{2}{3}$  stofnkostnaðar viðkomandi vatnsvirkjana og línulagna heim að bæjarvegg. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um lánskjör og skilyrði til lánveitinga.
4. Úr raforkusjóði má enn fremur veita bændum, sem eru svo í sveit settir sem um getur í 3. tölulið og ekki hafa aðstöðu til vatnsvirkjunar, lán til að koma upp mótorrafstöðvum á heimilum sínum, að upphæð allt að  $\frac{3}{5}$  stofnkostnaðar rafstöðvarinnar. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um lánskjör og skilyrði til lánveitinga.

## 2. gr.

2. málgr. 38. gr. laganna skal orða svo:

Lán þau, sem um getur í 35. gr., tölulið 2, 3 og 4, ákveður ráðherra að fengnum tillögum raforkumálastjóra.

## 3. gr.

Aftan við 39. gr. laganna bætist ný málgr., svo hljóðandi:

Útlánsvextir lána skv. 35. gr., tölulið 3, þurfa þó ekki að vera hærri en 2% og skv. tölul. 4  $2\frac{1}{2}$ %.

## 4. gr.

Aftan við 53. gr. laganna bætist nýr tölul., svo hljóðandi:

15. umsóknir um lánveitingar úr raforkusjóði skv. 35. gr., tölulið 3 og 4.

## 5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 25. maí 1949.*

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Árni Tryggvason.

(L. S.)

*Bjarni Ásgeirsson.*

## L Ö G

59

25. maí

## um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1945.

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

Ríkisreikningurinn fyrir árið 1945 samþykkist með eftirgreindum niðurstöðutölum:

Innborganir:				Áætlun:	Reikningur:
1.	Tekjur samkvæmt	2. gr.	fjárlaga	kr. 77 410 000.00	kr. 120 444 668.20
2.	—	3. —	A. —	29 935 255.00	— 43 249 767.93
3.	—	3. —	B. —	10 193.00	— 5 556.39
4.	—	4. —	—	722 430.00	— 842.112.78
5.	—	5. —	—	100 000.00	— 1 303 264.91
6.	Eignahreyfingar samkv. 20. gr. fjárlaga			1 742 773.00	— 9 824 911.93
			Greiðslujöfnuður	— 234 743.00	— 12 055 450.08
				Kr. 110 155 394.00	kr. 187 725 732.12

Útborganir:					
1.	Gjöld samkvæmt	7. gr.	fjárlaga	kr. 1 575 650.00	kr. 1 424 846.64
2.	—	8. —	—	200 000.00	— 315 326.27
3.	—	9. —	—	1 214 357.00	— 1 430 443.71
4.	—	10. —	I. —	1 698 982.00	— 2 463 451.35
5.	—	10. —	II. —	244 668.00	— 243 350.53
6.	—	10. —	III. —	883 800.00	— 1 270 388.12
7.	—	11. —	A. —	6 989 008.00	— 9 161 992.12
8.	—	11. —	B. —	607 810.00	— 1 049 060.91
9.	—	11. —	C. —	2 756 675.00	— 3 392 624.10
10.	—	11. —	D. —	650 000.00	— 814 449.53
11.	—	12. —	—	8 174 535.00	— 9 914 592.57
12.	—	13. —	A. —	17 823 947.00	— 22 936 730.27
13.	—	13. —	B. —	3 572 950.00	— 2 768 395.99
14.	—	13. —	C. —	4 551 350.00	— 4 720 033.52
15.	—	13. —	D. —	700 000.00	— 376 839.32
16.	—	14. —	A. —	2 362 218.00	— 2 603 147.48
17.	—	14. —	B. —	14 167 848.00	— 18 795 333.85
18.	—	15. —	A. —	1 741 418.00	— 2 092 597.82
19.	—	15. —	B. —	1 855 150.00	— 2 104 613.35
20.	—	16. —	A. —	8 044 898.00	— 9 549 968.85
21.	—	16. —	B. —	819 150.00	— 2 049 568.10
22.	—	16. —	C. —	924 350.00	— 924 486.25
23.	—	17. —	—	7 580 325.00	— 9 296 392.30
24.	—	18. —	—	2 322 586.00	— 4 304 721.06
25.	—	19. —	1. —	4 000 000.00	— „
26.	—	19. —	2. —	4 500 000.00	— „

59	27.	Gjöld samkvæmt 19. gr. 3. fjárlaga	kr. 250 000.00	kr. 29 208 149.65
25. maí	28.	Eignahreyfingar samkv. 20. gr. fjárlaga	— 9 943 719.00	— 44 514 228.46
			Kr. 110 155 394.00	kr. 187 725 732.12

*Gjört í Reykjavík, 25. maí 1949.*

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Árni Tryggvason.

(L. S.)

*Jóhann Þ. Jósefsson.*

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

### HANDHAFAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

#### 1. gr.

45. gr. laganna orðist svo:

Lögreglustjórar — í Reykjavík tollstjóri — innheimta tekju- og eignarskatt á manntalsþingum ár hvert. Sé skatturinn eigi greiddur innan mánaðar frá gjalddaga, skal greiða dráttarvexti,  $\frac{1}{2}\%$  fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem greiðsla dregst. Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett fyllri ákvæði um innheimtuna, svo sem að gjalddagar skuli vera fleiri en einn á ári, þar sem það þykir henta, um tilbúning og sölu skattmerkja og þess háttar. Einnig getur fjármálaráðherra með reglugerð skyldað kaupgreiðendur til að gefa skýrslur um mannahald og halda eftir og skila til innheimtumanns upp í þinggjöld manna hluta af kaupum þeirra til lúkn- ingar gjöldunum, og má í reglugerðinni setja ýtarlegri ákvæði um allt, er að þessu lýtur. Kaupgreiðandi ábyrgist þá fé það, er hann hefur haldið eftir sem geymslufé. Fé þetta og gjöld, er ekki hefur verið haldið eftir vegna vanrækslu kaupgreiðanda, má taka lögtaki hjá honum sem eigin skattar væru. Nú vanrækir kaupgreiðandi að halda fé eftir upp í gjöldin, skila innheimtufé eða umkröfðum skýrslum, og má þá einnig beita sektum, ef eigi er úr bætt innan hæfilegs frests, er innheimtumaður ákveður.

Enn fremur getur ráðherra með reglugerð ákveðið, að innheimta skuli fyrir fram upp í væntanlega skatta yfirstandandi árs hjá hverjum gjaldanda fjárhæð, er nemi allt að helmingi þeirra þinggjalda, sem honum bar að greiða næstliðið ár. Nú breytir ríkisskattanevnd skatti svo seint, að tilkynning um það hefur eigi náð innheimtumanni fyrir gjalddaga skattsins, og skal hann þá innheimta eða endurgreiða þann skatt síðar á árinu.

#### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 25. maí 1949.*

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Árni Tryggvason.

(L. S.)

*Jóhann Þ. Jósefsson.*

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 37 29. apríl 1946, um áhrif kjötverðs á framfærsluvísitölu.

61

25. maí

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

## 1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Rétt til niðurgreiðslu samkvæmt 2. gr. hafa þó ekki:

1. Þeir, sem hafa landbúnað að atvinnu að einhverju leyti.
2. Atvinnurekendur, sem hafa 3 menn eða fleiri í þjónustu sinni.
3. Þeir, sem fá laun sín greidd að nokkru eða öllu leyti með fæði.
4. Þeir, sem hafa hreinar tekjur, sem nema persónufrádrætti margfölduðum með 2,5 eða meira, umreiknuðum með þeirri vísitölu, sem umreikningur tekua miðast við á hverjum tíma. Nú eru hreinar tekjur lægri en að framan greinir, en þó ekki þeim mun lægri sem niðurgreiðslunni nemur, og skal þá borga hluta hennar unz tekjurnar að viðbætti niðurgreiðslu nema 2,5 sinnum persónufrádrætti samkvæmt framansögðu.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og skulu ákvæði þeirra lögð til grundvallar við útreikning og framkvæmd niðurgreiðslna frá 20. september 1948 að telja.

*Gjört í Reykjavík, 25. maí 1949.*

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Árni Tryggvason.

(L. S.)

*Jóhann P. Jósefsson.*

## L Ö G

um eignarnám á lóðum vegna bygginga fyrir Menntaskólann í Reykjavík

62

25. maí

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

## 1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að láta taka eignarnámi eftirtaldar lóðir í Reykjavík og mannvirki, er á þeim standa, vegna bygginga fyrir Menntaskólann í Reykjavík:

- a. Nr. 2 c og 4 a við Amtmannsstíg.
- b. Nr. 7 við Bókhöðustíg.
- c. Neðri hluta lóðarinnar nr. 14 við Þingholtsstræti, allt að 105 flatarmetrum.

1949

196

62

2. gr.

25. maí

Eignarnámið skal fara fram samkvæmt lögum nr. 61 14. nóv. 1917.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 25. maí 1949.*

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Árni Tryggvason.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

63

17. maí

## AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forsetinn, herra Sveinn Björnsson, hefur tekið sér hvíld frá störfum um stundarsakir og mun dvelja erlendis nokkrar vikur. Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

*Forsætisráðuneytið, 17. maí 1949.*

Stefán Jóh. Stefánsson.

Birgir Thorlacius.

64

20. maí

## AUGLÝSING

um samning milli Íslands og alþjóðaflugmálastofnunarinnar  
varðandi flugþjónustu.

Hinn 16. september 1948 var í Montreal undirritaður samningur milli Íslands og ráðs alþjóðaflugmálastofnunarinnar um flugþjónustu á Íslandi. Samkvæmt samningi þessum ber Íslandi að láta í té tiltekna flugþjónustu vegna millilandaflugs, en kostnaðurinn greiðist af Íslandi, Bandaríkjunum, Belgíu, Bretlandi, Canada, Danmörku, Frakklandi, Hollandi, Noregi og Svíþjóð.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 20. maí 1949.*

Bjarni Benediktsson.

Agnar Kl. Jónsson.

**AUGLÝSING****65**

25. maí

**um afnám vegabréfsáritana.**

Með orðsendingum sendiherra Íslands og sendiherra Írlands í London, dags. 19 og 20. maí 1949, munu vegabréfsáritanir vegna ferðalaga milli Íslands og Írlands verða felldar niður frá 1. júní 1949 að telja.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanrikisráðuneytið, 25. maí 1949.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Agnar Kl. Jónsson.*

**AUGLÝSING****66**

30. maí

**um staðfestingu alþjóðasamnings varðandi loftflutninga milli landa.**

Hinn 21. ágúst 1948 tilkynnti sendiherra Íslands í Póllandi utanrikisráðuneyti Póllands í umboði forseta Íslands, að Ísland óskaði eftir að gerast aðili að alþjóðasamningi þeim um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa, er undirritaður var í Varsjá hinn 29. október 1929. Samkvæmt 38. gr. samningsins telst aðild Íslands frá og með 21. nóvember 1948.

Auk Íslands eru þessi ríki aðilar að Varsjársmningnum: Ástralía, Bandaríki Ameríku, Belgía, Brazílía, Bretland, Canada, Danmörk, Finnland, Frakkland, Grikkland, Holland, Írland, Ítalía, Júgóslavía, Lettland, Líbería, Liechtenstein, Mexíko, Noregur, Nýja-Sjáland, Pólland, Rúmenía, Sovétríkin, Spánn, Suður-Afrika, Svíss, Svíþjóð, Tékkóslóvakía, Ungverjaland og Þýskalanda.

Texti samningsins er birtur sem fylgiskjal með lögum nr. 41/1949.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanrikisráðuneytið, 30. maí 1949.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Agnar Kl. Jónsson.*

**AUGLÝSING****67**

31. maí

**um viðbótarsamning milli Íslands og Póllands.**

Hinn 7. apríl 1949 var undirritaður í Varsjá viðbótarsamningur við pólsk-íslenska viðskiptasamninginn frá 14. júní 1948. Viðbótarsamningur þessi gildir til ársloka 1949.

Samkvæmt samningi þessum selja Íslendingar Pólverjum meðal annars 650 smálestir af gærum, 20000 tunnur af saltsild, en kaupa í staðinn 60000 smálestir

67 af kolum, 600 smálestir af ómöluðum rúgi, 3000 smálestir af rúgmjöli, 1000 smá-  
31. maí lestir af sykri og nokkuð af járn- og stálvörum.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 31. maí 1949.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Agnar Kl. Jónsson.*

68  
25. maí

## L Ö G

um bifreiðaskatt o. fl.

### HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Að vér höfum samkvæmt 7. gr. laga, dagsettra í dag, um breyting  
á lögum nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl., höfum látið fella megin-  
mál þeirra og 3. gr. laga nr. 34 1933 inn í lög nr. 84 1932 og gefum þau út  
svo breytt:

#### 1. gr.

- Greiða skal sérstakt innflutningsgjald og skatt af bifreiðum, sem hér segir:
- af benzíni 31 eyri innflutningsgjald af hverjum lítra, og tekur gjald þetta einnig til benzínbirgða innflytjenda, sem til eru í landinu, þá er lög þessi ganga í gildi, og sömuleiðis til birgða einstakra manna eða félaga, en undanþegnir hækkun þessari skulu þó vera 300 lítrar hjá hverjum eiganda;
  - af hjólbörðum og gúmmislöngum á bifreiðar 3 — þrjár — krónur í innflutningsgjald af hverju kg;
  - af bifreiðum, sem aðallega eru gerðar til fólksflutninga, 36 — þrjátíu og sex — krónur á ári af hverjum fullum 100 kg þunga þeirra;
  - af bifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzín, 90 — níutíu — krónur í þungaskatt árlega af hverjum fullum 100 kg af þunga þeirra.  
Verði ágreiningur um gerð bifreiðar, sker fjármálaráðherra úr;
  - af bifhjólum 60 — sextíu — krónur árlega af hverju hjóli.  
Undanþegar gjaldi samkvæmt c- og d-liðum eru skólábifreiðar.

#### 2. gr.

Undanþegar skatti samkvæmt 1. gr. c- og d-lið eru bifreiðar erlendra sendisveita og erlendra ræðismanna, ef þeir eru eigi íslenskir ríkisborgarar. Enn fremur eru undanþegnir þessum skatti vagnar, sem renna á spori eða eru notaðir eingöngu af slökkviliði eða til sjúkraflutninga, eða til aksturs á snjó.

Eigendur jeepbifreiða eigi rétt á endurgreiðslu skatts samkvæmt c-lið 1. gr., ef þeir sanna með vottorðum frá hlutaðeigandi skattanefndum, að bifreiðarnar hafi verið notaðar næstliðið ár að mestu eða öllu leyti við framleiðslu og jarðyrkjustörf.

#### 3. gr.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um skilgreiningu á benzíni, um hvornig skuli reikna gjaldið af benzíni, svo og önnur atriði, er þurfa þykir vegna innheimtu innflutningsgjalds og skatts samkv. 1. gr.

Heimilt er að setja í slíka reglugerð ákvæði um gjaldfrest á innflutningsgjaldi af benzíni, er miðast við sölu af birgðum innflytjanda. **68**

25. maí

Sama innflutningsgjald, sem segir í 1. gr. b-lið, skal greiða af hjólbörðum og gúmmíslöngum, sem fylgja bifreiðum, er fluttar eru til landsins.

#### 4. gr.

Eindagi skatts þess, sem um ræðir í 1. gr., c—e-lið, er 1. janúar ár hvert, og skal skatturinn innheimtast þar, sem bifreið er skrásett. Skattskyldan telst frá afhendingu bifreiðamerkis, ef um nýskrásetta bifreið er að ræða, en ella frá 1. jan. næsta ár á undan, og reiknast skatturinn hlutfallslega fyrir hluta úr ári, hvort svo sem stendur á, að merki hefur verið afhent á skattárinu eða skattskyld bifreið hefur ónýtt. Skatturinn telst aðeins fyrir heila mánuði, þannig að 15 dagar eða meira telst heill mánuður, en minna broti er sleppt. Lækka skal þó skattinn samkvæmt c—e-lið 1. gr. að rétttri tiltölu, ef einkennismerki bifreiðar er afhent lögreglustjóra í skrásetningarmyndum hennar til geymslu um tíma, þó aldrei skemur en 3 mánuði, en sleppa skal broti úr mánuði við frádrátt skattsins, þannig að meira en hálfur mánuður skal reiknast sem heill mánuður, en hálfum mánuði eða minna broti skal sleppt.

Skattinn skal sá greiða, sem er skráður eigandi á gjalddaga, eða síðast var það, ef bifreið er ónýtt. Hafi bifreið skipt um eiganda (nothafa), án þess að það hafi verið tilkynnt til skráningar, hvílir greiðsluskyldan jafnframt á hinum nýja eiganda (nothafa).

Við aðalskoðun bifreiðar ár hvert skal eigandi hennar eða umráðamaður færa sönnur á, að greiddur hafi verið af henni bifreiðaskattur fyrir síðastliðið skattár, svo og skoðunargjald og váttryggingariðgjald ökumanns fyrir sama tímabil. Að öðrum kosti skal skoðunarmaður neita um skoðun á henni, taka af henni einkennismerki hennar og afhenda þau lögreglustjóra, en lögreglustjóri skal ekki afhenda þau aftur, fyrr en færðar hafa verið sönnur á greiðslu fyrrgreindra gjalda.

Sé ekki komið með bifreið til skoðunar á tilsettum tíma og gjöldin af henni eru ekki greidd, skal lögreglustjóri eftir kröfu skattheimtumanns eða skoðunarmanns stöðva bifreiðina, hvar sem hún hittist, og taka merki hennar til geymslu, svo sem að framan segir.

Bifreiðaskatturinn, skoðunargjald af bifreiðum og váttryggingariðgjald ökumanns hafa lögtaksrétt, og skal bifreiðin vera að veði fyrir gjöldum þessum, og skal það veð ganga fyrir öðrum veðum.

#### 5. gr.

Sama gjald af benzíni, er segir í 1. gr. a., skal greiða af öllum benzínbirgðum innflytjenda, sem til eru í landinu þá er lög þessi ganga í gildi, sömuleiðis af birgðum einstakra manna eða félaga. Þó skulu gjaldfrjálsir 300 lítrar hjá hverjum eiganda.

Gjaldið skal greiða hvort heldur benzínið er í vörzlum eiganda sjálfs eða ekki. Sérhver sá, er á eða hefur umráð yfir 300 lítrum af benzíni eða meira þann dag, er lög þessi ganga í gildi, skal skyldur að tilkynna það innheimtumanni innan 10 daga. Skal hann skyldur að aðstoða við að kanna birgðir hans og mæla, ef til kemur.

Sama gjald af hjólbörðum og gúmmíslöngum á bifreiðar og segir í 1. gr. b. skal og greiða af öllum birgðum innflytjenda og heildverzlana, sem til eru í landinu, þá er lög þessi ganga í gildi.

Innheimtumaður getur krafizt upplýsinga hjá benzíninnflytjendum og benzín-sölum um sölu samkvæmt verzlunarbókum til viðskiptamanna, áður en lög þessi ganga í gildi.



25. maí **6. gr.** Innheimtu gjaldsins annast lögreglustjórar, en í Reykjavík tollstjóri, og fer um reikningsskil eftir því, sem ráðuneytið skipar fyrir.

**7. gr.**

Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett ákvæði um endurgjald á innflutningsgjaldi af benzíni, er sönnur eru færðar á, að það hafi ekki verið notað eða verið ekki notað til bifreiða. Má í reglugerðinni setja ákvæði, er takmarki endurgreiðslu við ársnotkun, er nemi að minnsta kosti 250 lítrum hjá hverjum notanda, svo og aðrar takmarkanir, er nauðsynlegar þykja til að tryggja, að heimildin til endurgreiðslu gjaldsins nái réttum tilgangi.

Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að setja reglur um atvinnuréttindi bifreiðastjóra samtímis því, sem benzínkömmtunin væri afnumin.

**8. gr.**

Tekjum samkvæmt lögum þessum skal varið sem hér segir:

- a. Í brúasjóð renni fjárhæð, sem svarar 5 auru innflutningsgjaldi af hverjum lítra af benzíni, er Alþingi ráðstafar, og skulu fyrstu tekjur hans ganga til byggingar Þjósárbrúar.
- b. Til viðhalds og umbóta akvegum renni fjárhæð, sem svarar 21 eyris innflutningsgjaldi af hverjum lítra af benzíni og tekjum samkvæmt b—e-lið 1. gr.

**9. gr.**

Brot gegn lögum þessum og gegn reglugerðum þeim, er samkvæmt þeim verða settar, varða sektum frá 10—500 kr., nema þyngrri refsing liggja við eftir öðrum lögum.

Mál út af broti gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim, sæta sömu meðferð og almenn lögreglumál.

**10. gr.**

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 27 14. apríl 1947, lög nr. 53 7. maí 1946 og lög nr. 101 29. des. 1948.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Næsta bifreiðaskattsár skal vera 1. apríl til 31. desember 1949, að báðum dögum meðtöldum. Fyrir það ár skal einungis greiða  $\frac{3}{4}$  af þeim bifreiðaskatti, sem lögum samkvæmt átti að greiða á skattárinu 1. apríl 1949 til 31. marz 1950.

*Gjört í Reykjavík, 25. maí 1949.*

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

**Jón Pálmason.**  
(L. S.)

**Árni Tryggvason.**

*Jóhann Þ. Jósefsson.*

## AUGLÝSING

69

13. apríl

um vegabréfsáritanir til hernámssvæða vesturveldanna í Þýzkalandi.

Með orðsendingu, dags. 8. apríl 1949, hefur brezka sendiráðið í Reykjavík tilkynnt utanríkisráðuneytinu að það hafi frá og með 11. apríl fengið heimild til að árita vegabréf íslenzkra ríkisborgara og erlendra manna búsettra á Íslandi, sem fara ætla til hernámssvæða vesturveldanna í Þýzkalandi.

Vegabréfsáritanir verða þó undir flestum kringumstæðum ekki veittar öðrum en þeim, sem ferðast í verzlunarerindum, fara um landið (transit visum), eða fara af fjölskylduástæðum (samúðarástæðum).

Fyrir verzlunarmenn gilda eftirfarandi reglur: Þeir geta fengið 30 daga dvalarleyfi í landinu og er heimilt að koma inn í og fara úr landinu eftir óskum á því tímabili, án sérstakrar heimildar. Til þess að fá áritun í vegabréf sitt þurfa þeir að leggja fram meðmælabréf frá viðskiptamálaráðuneytinu, þar sem m. a. eftirfarandi er tekið fram:

- a. Nafn umsækjanda.
  - b. Þjóðerni, fæðingarstaður og fæðingarár.
  - c. Á vegum hvaða fyrirtækis umsækjandi fer.
  - d. Áætlaður komudagur til Þýzkalands.
  - e. Hvaða vörur umsækjandi hefur áhuga á að kaupa.
- Nauðsynlegt er, að sótt sé um vegabréfsáritun með nægum fyrirvara.

*Utanríkisráðuneytið, 13. apríl 1949.*

F. r.

Agnar Kl. Jónsson.

## AUGLÝSING

70

31. maí

um viðskiptasamning milli Íslands og Finnlands.

Hinn 20. maí 1949, var undirritaður í Helsingfors viðskiptasamningur milli Íslands og Finnlands. — Samningurinn gekk þegar í gildi, og gildir hann um viðskipti milli landanna á tímabilinu frá 20. maí 1949 til 30. júní 1950.

Samkvæmt samningi þessum er gert ráð fyrir að Finnland kaupi af Íslandi:

25 000 tonn af síld,

60 smálestir af meðalalýsi,

90 smálestir af fódurlýsi,

25 smálestir af iðnaðarlýsi,

3½ af hundraði af því síldarmjöli, sem verður útflutt af framleiðslu sumarsins 1949, þó ekki yfir 1000 smál.,

2 af hundraði af síldarlýsisframleiðslu sumarsins 1949, þó ekki meira en 200 smálestir,

saltaðar gærur fyrir 105 000 sterlingspund,

kindagarnir fyrir 18 000 sterlingspund.

Auk þess eru möguleikar á sölu til Finnlands á niðursoðnum fiskafurðum, hraðfrystum fiski og ýmsum vörum fyrir 100 000 sterlingspund.

70

31. maí

Frá Finnlandi er gert ráð fyrir að Ísland kaupi eftirtaldar vörur:

Timbur .....	223 000	sterlingspund
Staura og fleira .....	17 000	—
Krossvið .....	23 000	—
Þilplötur og aðrar plötur til bygginga .....	19 000	—
Blaðapappír .....	46 000	—
Prentpappír og skrifpappír .....	20 000	—
Umbúðapappír .....	18 000	—
Annan pappír og pappa .....	21 000	—
Ýmislegar vörur .....	40 000	—

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 31. maí 1949.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Agnar Kl. Jónsson.*

71

31. maí

## AUGLÝSING

### um viðskiptasamning milli Íslands og Bretlands 1949.

Á árinu 1949 hafa verið gerðir eftirfarandi samningar um viðskipti milli Íslands og Bretlands:

1. Samningur um fisklandanir í Bretlandi frá 1. apríl til 31. ágúst 1949, undirskrifaður í London hinn 1. apríl 1949.
2. Samningur um fisksölur til hernámssvæða vesturveldanna í Þýzkalandi á tímabilinu frá 15. febrúar 1949 til 31. október 1949, undirskrifaður í London hinn 20. maí 1949.
3. Almenn bókun um samningaumleitanir, sem fram fóru í London dagana 10. febrúar til 13. apríl 1949, undirskrifuð í London 13. apríl 1949.

Á grundvelli þessarar almennu bókunar, hafa eftirtaldir sérsamningar verið gerðir:

- a. Samningur um sildarmjöl af sumarframleiðslu 1949, undirskrifaður í London hinn 30. apríl 1949.
- b. Samningur um sildarlýsi og hvallýsi af sumarframleiðslu 1949, undirskrifaður í London hinn 30. apríl 1949.
- c. Samningur um hraðfrystan fisk, undirskrifaður í London hinn 30. apríl 1949.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 31. maí 1949.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Agnar Kl. Jónsson.*

## BRÁÐABIRGÐALÖG

72

29. júní

um breyting á lögum nr. 85 15. desember 1948, um aðstoð til útvegsmanna, er síldveiðar stunduðu sumarið 1948.

## HANDHAFFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Að sjávarútvegsmálaráðherra hefur tjáð oss, að 1. júlí 1949 renni út, samkvæmt 4. gr. laga nr. 85 1948, greiðslufrestur á skuldum útgerðarmanna, sem stunduðu síldveiðar sumarið 1948 og aðstoð hafa fengið samkvæmt 2. gr. téðra laga. Nú sé skuldaskilum síldarútvegsmanna ekki lokið og til þess að gera þeim kleift að hefja síldveiðar á þessu sumri vegna útvegunar reksturslána o. fl., beri brýna nauðsyn til að framlengja framangreindan greiðslufrest til 15. október 1949.

Vegna þessa gefum vér út bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

## 1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Útgerðarmenn og útgerðarfyrirtæki, sem stunduðu síldveiðar sumarið 1948 og aðstoð fá samkvæmt 2. gr., skulu hafa greiðslufrest til 15. október 1949 á öllum skuldum og vöxtum af þeim, sem stofnað hefur verið til vegna útgerðarinnar.

Greiðslufrestur þessi nær ekki til þeirra krafna, sem tryggðar eru með lögveði eða sjóveði í eignum útgerðarmanna eða útgerðarfyrirtækja.

Tímabilið frá gildistöku laga þessara til 15. október 1949 telst ekki með fyrningartíma skulda, sem greiðslufrestur er veittur á, víxilréttur né neinna réttargerða.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 29. júní 1949.*

Emil Jónsson.

Jón Pálmason.

Árni Tryggvason.

(L. S.)

---

*Jóhann D. Jósefsson.*

73

2. júlí

## BRÁÐABIRGÐALÖG

um viðauka við lög nr. 100 29. desember 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Að forsætisráðherra hefur tjáð oss, að við framkvæmd á 11. gr. laga nr. 100 29. desember 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, hafi komið í ljós að brýna nauðsyn beri til að fulltrúar útgerðarinnar, sem um ræðir í lagagreininni, hafi atkvæðisrétt á fundum viðskiptanefndar um verðlagsákvarðanir á nauðsynjavörur til útgerðarinnar, svo og skipaviðgerðir.

Vegna þessa gefum vér út bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

## 1. gr.

Aftan við 11. gr. laganna bætist nýr málslíður, svo hljóðandi:

Fulltrúar þessir hafa atkvæðisrétt á fundum viðskiptanefndar um verðlagsákvarðanir á útgerðarvörur og skipaviðgerðir.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 2. júlí 1949.*

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Árni Tryggvason.

(L. S.)

---

*Stefán Jóh. Stefánsson*

74

2. júlí

## BRÁÐABIRGÐALÖG

um togarakaup ríkisins.

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Með lögum nr. 50 25. maí 1949, um viðauka við lög nr. 109 31. desember 1945, um togarakaup ríkisins, var ríkisstjórninni veitt heimild til lántöku vegna togarakaupa. Í sammingsviðræðum, sem fram hafa farið um lán þetta, hefur komið í ljós, að nauðsynlegt sé að lánsheimild þessi sé orðuð nokkuð á annan veg en gert var. Telur ríkisstjórnin því brýna nauðsyn bera til þess, að sett verði bráðabirgðalög um lántöku þessa í stað tilgreindra laga.

Fyrir því eru hér sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. grein stjórnarskrárinnar nr. 33 1944 á þessa leið:

## 1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta smíða allt að tíu togara í Bretlandi með það fyrir augum, að þeir verði seldir einstaklingum, félögum eða bæjar- og sveitarfélögum.

Til þessara framkvæmda er ríkisstjórninni heimilt að taka allt að kr. 32 775 000 eða £ 1 250 000 lán til þess tíma og með þeim kjörum, sem um semst. Veðsetja skal togarana með 1. veðrétti til tryggingar láninu og skal sú veðsetning halda fullu gildi þótt togararnir verði seldir.

## 2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán eða lána bæjar- og hreppsfélögum, sem kaupa togara þessa, allt að 10% af kostnaðarverði skipanna, enda þarfnist viðkomandi bæjar- eða hreppsfélög þessa fjárstuðnings að álitum ríkisstjórnarinnar.

Ábyrgðirnar eða lánin eru bundin því skilyrði, að viðkomandi skip verði rekin af bæjar- eða hreppsfélögum eða félögum, sem njóta bakábyrgðar bæjar- eða hreppfélaga. Lán þessi mega vera afborgunarlaus fyrstu tvö árin, en greiðist síðan upp með jöfnum afborgunum á 10 árum.

Samkvæmt þessu er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs eða lána allt að 1,5 millj. króna.

## 3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 50 25. maí 1949, um viðauka við lög nr. 109 31. desember 1945 um togarakaup ríkisins.

## 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 2. júlí 1949.*

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

**Jón Pálmason.**  
(L. S.)

**Árni Tryggvason.**

---

*Stefán Jóh. Stefánsson.*

75

19. apríl

**AUGLÝSING****um afnám vegabréfsáritana.**

Með orðsendingum sendiherra Íslands og sendiherra Írlands í London, dags. 30. marz og 12. apríl 1949, hafa vegabréfsáritanir vegna ferðalaga milli Íslands og Írlands verið felldar niður frá 12. apríl 1949 að telja.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utánríkisráðuneytið, 19. apríl 1949.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Agnar Kl. Jónsson.*

76

31. maí

**AUGLÝSING****um viðskiptasamning milli Íslands og Tékkóslóvakíu.**

Hinn 16. febrúar 1949 var undirritaður í Prag viðskiptasamningur milli Íslands og Tékkóslóvakíu.

Samkvæmt samningi þessum, er gildir frá 1. marz 1949 til 30. apríl 1950, selja Íslendingar Tékkum hraðfrystan fisk, fiski- og síldarmjöl, lýsi, gærur, saltsíld, niðursoðnar fiskafurðir, ull, loðskinn, hreistur og sútuð fiskroð.

Frá Tékkóslóvakíu verða keyptar meðal annars eftirtaldar vörur: sykur, vefnaðarvörur ýmiss konar, skófatnaður, byggingarvörur, vélar og verkfæri, hjólbarðar og búsaðhöld.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utánríkisráðuneytið, 31. maí 1949.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Agnar Kl. Jónsson.*

**AUGLÝSING****um viðskiptasamning milli Íslands og Hollands.**

77

31. maí

Hinn 17. desember s. l. var undirritaður í Haag viðskiptasamningur milli Íslands og Hollands, og er aðalefni hans sem hér segir:

1. Ríkisstjórnir Íslands og Hollands skulu gefa út nauðsynleg leyfi á tímabilinu frá 1. desember 1948 til 30. nóvember 1949, fyrir vörum, útfluttum frá Íslandi til Hollands, samkvæmt lista I, sem fylgir samningnum, og skal þar ráða magn það eða upphæð, sem talið er á eftir hverri vörutegund.
2. Ríkisstjórn Íslands skal gefa út gjaldeyris- og innflutningsleyfi, en ríkisstjórn Hollands útflutningsleyfi fyrir vörum, sem keyptar verða í Hollandi á tímabilinu frá 1. desember 1948 til 30. nóvember 1949, og skulu þau nema sömu

- upphæð og þeirri, sem hollenzk vörukaup frá Íslandi nema, samkvæmt 1. 77 grein. Að því er tekur til vörutegunda þeirra, sem taldar eru upp í lista II, 31. maí sem fylgir samningnum, skulu leyfi þau, er ríkisstjórnir Íslands og Hollands gefa út, gilda um útflutning til Íslands, er nemi að minnsta kosti vörumagnni því eða upphæðum, sem þar eru talin, þó hafa íslenzk stjórnarvöld óbundnar hendur varðand veitingu innflutnings- og gjaldeyrisleyfa fyrir þeim vörum, sem merktar eru nr. 1, 13, 14, 15, 18, 28, 29, 30, 31 og 32 á lista II.
3. Greiðslur fyrir vörur, sem keyptar verða eða seldar samkvæmt samningnum, skulu af hálfu beggja aðila fara fram í sterlingspundum.
  4. Þá er tekið fram, að eigi megi skilja neitt ákvæði sammingsins á þann veg, að einstaklingar eða fyrirtæki, í hvoru landinu sem er, geti fengið leyfi þau, sem hér um ræðir, eigi þau ekki rétt til þeirra samkvæmt gildandi ákvæðum í hlutaðeigandi landi.
  5. Ekkert ákvæði sammingsins eða lista þeirra, sem honum fylgja, má skilja á þá leið, að það hamli frekari viðskiptum milli landanna.

**Listi I.****Útflutningur frá Íslandi til Hollands.**

	Magn	Verðmæti í 1000 kr.
1. Sildarmjöl .....	30% af heildarframleiðslu vetrarins 1948—49, og skulu þar með teljast þau 25%, sem þegar hefur verið um samið.	
2. Fiskimjöl .....	3000 smál. Verði ekki nægilegt fiskimjöl til reiðu, skal afhenda sildarmjöl til jafns við það, sem á vantar.	
3. Offalmjöl .....	280 smál.	
4. Þorskalýsi .....	800 smál.	
5. Söltuð fiskflök ....	4000 tunnur	
6. Kálfskinn .....	50 smál.	
7. Fiski- og loðskinn .		625
8. Hraðfryst þorsklök	4500 smál.	

Þá varð og samkomulag um, að Ísland selji Hollandi eftirfarandi vörur:

1. 30% af þeirri framleiðslu sildarmjöls frá sumrinu 1949, er til útflutnings kæmi.
2. 7½% af sumar- og vetrarsíldarlýsi, er til útflutnings kæmi, þó ekki yfir 2000 smálestir.

Að því er varðar síldarlýsi, var svo um samið, að íslenzka ríkisstjórnin veitti útflutningsleyfi fyrir ofangreindu magni, svo fremi að kaupendur og seljendur kæmu sér saman um verð og skilmála.

Ákveðið er, að greiðsla fyrir þessar tvær vörutegundir fari fram í sterlingspundum utan við samninginn um jafnvirðis kaup.

**Listi II.****Útflutningur frá Hollandi til Íslands.**

	Magn smál.	Verðmæti í 1000 kr.
1. Smjör .....	200	”
2. Kartöflumjöl .....	”	260
3. Dextrin, glukóse, sterkja til manneldis, þ. á m. framleiðsla úr maís, hrísgrjónum og hveiti í pökkum, svo og aðrar matvörur af svipuðu tagi .....	”	400
4. Kakósmjör, kakóduft og kakóhúð .....	”	800
5. Haframjöl .....	”	700
6. Bökunarvörur, þ. á m. bökunarduft, maizenamjöl, ger, búðingsduft, rismjöl, kjötseyðisteningar, Coco-Cola sýróp, ýmsar súpur .....	”	700



77 31. maí		Magn smál.	Verðmæti í 1000 kr.
7.	Aldinmauk .....	"	100
8.	Þurrkaðar síkoriúrætur .....	"	200
9.	Blómlaukar, þ. á m. blómfræ og plöntur .....	"	200
10.	Laukur, nýtt grænmeti, þurrkað og niðursoðið grænmeti .....	"	700
11.	Framleiðsla úr ávöxtum, þ. á m. pulp og safi .....	"	100
12.	Vegna Áfengisverzlunar ríkisins:		
	a. Spíritus og brennd vín .....	"	450
	b. Kjarnar .....	"	350
	c. Lyf, deyfilyf o. fl. ....	"	150
13.	Línolía .....	100	"
14.	Kókosolía .....	150	"
15.	Sojuolía .....	100	"
16.	Olein .....	30	"
17.	Feitisýrur (acid oils), tengkawanfeiti, sterin og salatolía .....	"	500
18.	Hreinsað parafínvax .....	5	"
19.	Skófátnaður (nema gúmmískófátnaður) .....	"	350
20.	Bifreiðaútbúnaður (gljálögur o. fl.) .....	"	25
21.	Búsáhöld (nema rafmagns) .....	"	100
22.	Gervileður (þ. á m. rexín) .....	"	75
23.	Hreinlætisvörur, þ. á m. tannpasta, gólf- og skógljái, línsterkja og hreinlætisvörur úr plasti .....	"	100
24.	Málning, lakk og fernis .....	"	250
25.	Tilbúinn fatnaður, þ. á m. kvenkápur og kjólar, regnkápur, skyrtur, náttföt, brjóstahaldarar, belti, hálsbindi, treflar, hattar, húfur, sokkabönd, axlabönd .....	"	625
26.	Lampar til logsuðu og kveikinga .....	"	10
27.	Hrájárn (pigiron) .....	170	"
28.	Boltar, rær, skrúfur o. fl. ....	80	"
29.	Galvanhúðað vírnet .....	75	"
30.	Galvanhúðaður gaddavír nr. 14 eða 12½ með 4 göddum á 4 þumbl. bili .....	350	"
31.	Logsuðuvír .....	20	"

Jafnframt hefur orðið samkomulag um, að ríkisstjórn Íslands muni eins og áður veita innflutningsleyfi fyrir vindlum (og e. t. v. skornu tóbaki, ef svo um semst).

Íslenzka samninganefndin tjáði sig hafa áhuga á að kaupa frá Hollandi nokkurt magn af sildartunnum og sólaleðri, og svaraði hollenzka nefndin því til, að þessar vörur mundu fást keyptar í Hollandi með nokkrum takmörkunum.

Íslenzka samninganefndin gerði sölusamninga um magn það af hraðfrystum þorskflökum, sildar- og fiskimjöli, er greinir hér að framan.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utánrikisráðuneytið, 31. maí 1949.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Agnar Kl. Jónsson.*

## TILSKIPUN

78

29. júní

um viðauka við tilskipun nr. 8 11. apríl 1933, um alþjóðlegar sjóferðareglur, sem fylgt skal á íslenskum skipum.

### HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Samkvæmt lögum nr. 56 23. júní 1932, um ráðstafanir til öryggis við siglingar, og tilskipun nr. 8 11. apríl 1933, um alþjóðlegar sjóferðareglur, sem fylgt skal á íslenskum skipum, setjum hér með eftirfarandi nánari fyrirmæli og reglur, er fylgja skal á síldveiðum á íslenskum skipum:

#### 1. gr.

Með orðinu „herpinót“ er í reglum þessum átt við síldarnót, sem kastað er frá tveimur bátum, sem hvor um sig hefur helming nótarinnar innanborðs. „Hringnót“ er síldarnót, sem öll er höfð í einum báti og kastað frá honum eða sjálfu veiðiskipinu.

#### 2. gr.

Nótabátar, sem hreyfast fyrir einhvers konar vélaafli, skulu hlíta sömu reglum um stjórn og siglingu sem önnur vélskip. Að nýttu til skulu þeir hafa uppi lögboðin siglingaljós samkvæmt 1. og 2. lið 7. gr. hinna alþjóðlegu sjóferðareglna, meðan þeir eru lausir við veiðiskipið og hafa ekki byrjað að kasta nótinni. Sé um herpinótabáta að ræða, skal ein slík ljósamstæða vera fyrir báða.

Eftir að byrjað er að kasta nótinni, skal hvor báturinn um sig aðeins hafa ljós samkvæmt 4. lið 7. gr. sjóferðareglnanna. Þetta ákvæði á einnig við um hringnótabáta.

#### 3. gr.

Skip eða bátur telst þá fyrst hafa byrjað að kasta nótinni, er hún rennur út viðstöðulaust. Það losar ekki skip eða bát frá skyldu til að víkja fyrir öðrum skipum eða bátum, þótt nokkur hluti nótarinnar sé dreginn á eftir skipinu eða bátinum í sjónum.

#### 4. gr.

Þegar mörg skip eru saman komin til síldveiða á takmörkuðu svæði, skal skipstjórnarmönnum skylt að gæta fyllstu varúðar og fylgja nákvæmlega ákvæðum hinna alþjóðlegu sjóferðareglna.

Enginn skipstjórnarmaður má aðhafast neitt það, er truflað geti veiðar annarra skipa, svo sem að meina nótabátum að komast að síldartorfu, stygga síldartorfu að þarflausu eða kasta fyrir torfu, sem aðrir eru byrjaðir að kasta fyrir.

#### 5. gr.

Brot á tilskipun þessari varða sektum allt að kr. 50 000.00, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

#### 6. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi þegar í stað.

*Gjört í Reykjavík, 29. júní 1949.*

Emil Jónsson.

Jón Pálmason.  
(L. S.)

Árni Tryggvason.

*Emil Jónsson.*

## AUGLÝSING

### um viðskiptasamning milli Íslands og Danmerkur.

Hinn 17. júní var í Reykjavík undirritaður svohljóðandi viðbótarsamningur við samning frá 4. júní 1948, um viðskipti milli Íslands og Danmerkur:

Samningurinn er gerður á íslensku, dönsku, norsku, finnsku og sænsku og birtist hér með íslenski textinn, en hann er undirskrifaður af fulltrúa Íslands einum.

### MILLIRÍKJASAMNINGUR

#### milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um gagnkvæma veitingu ellilífeyris.

*Forseti lýðveldisins Íslands, Hans Hátign konungur Danmerkur, forseti lýðveldisins Finnlands, Hans Hátign konungur Noregs og Hans Hátign konungur Svíþjóðar, sem hafa komið sér saman um að gera með sér milliríkjasamning um gagnkvæma veitingu ellilífeyris, hafa útnefnt sem umboðsmenn sína:*

Forseti lýðveldisins Íslands:

Skrifstofustjóra í félagsmálaráðuneytinu, *Jónas Guðmundsson;*

Hans Hátign konungur Danmerkur:

Félagsmálaráðherra *Johan Ström;*

Forseti lýðveldisins Finnlands:

Ráðherra *T. Leivo-Larsson;*

Hans Hátign konungur Noregs:

Félagsmálaráðherra *Aaslaug Aasland;*

Hans Hátign konungur Svíþjóðar:  
Félagsmálaráðherra *Gustav Möller*;

100  
3. nóv.

sem, að fengnum nauðsynlegum umboðum, hafa orðið ásáttir um eftirfarandi:

1. gr.

Sérhvert samningsríkja skuldbindur sig til að veita ríkisborgurum hinna samningsríkjanna ellilífeyri samkvæmt ákvæðum samnings þessa.

Nú hefur maður áður átt ríkisfang í einhverju samningsríkja og hefur ekki öðlzt ríkisfang í neinu öðru ríki, og nýtur hann þá samkvæmt þessum samningi sama réttar og ríkisborgarar þess samningsríkis, er hann átti ríkisfang í.

2. gr.

Ellilífeyrir tákna í samningi þessum ellistyrk ásamt uppbótarstyrkjum, sem í sambandi við hann eru, og veittur er samkvæmt hinni almennu tryggingalöggjöf, er gildir á hverjum tíma í viðkomandi landi. Samningurinn tekur ekki yfir samþykktir um lífeyri, sem einkafyrirtæki eða sveitarfélög hafa gengið undir að inna af hendi, né heldur til annars konar lífeyris, er tilteknir hópar landsmanna njóta.

3. gr.

Um aldurstakmark og önnur skilyrði til að fá lífeyri og halda honum, svo og um fjárhæð og útreikning lífeyris, fer eftir ákvæðum þeim, sem í dvalarlandinu gilda.

Skilyrði réttar til ellilífeyris í dvalarlandinu er að aðili hafi dvalið þar samfleytt að minnsta kosti 5 síðustu árin, áður en hann gerir tilkall til lífeyris. Vist um stundarsakir utan dvalarlands á þessu tímabili skiptir ekki máli.

4. gr.

Dvalarlandið skal standa straum af öllum útgjöldum, sem veiting ellilífeyris hefur í för með sér samkvæmt samningi þessum.

5. gr.

Samningur þessi leggur engar hömlur á rétt samningsríkja til þess að setja almenn ákvæði um rétt útlendinga til dvalar í viðkomandi landi, enda verði þau ákvæði ekki til þess að auðvelda það, að gengið verði á snið við þennan samning.

6. gr.

Samning þennan skal fullgilda, og fullgildingarskjölum komið til varðveislu í norska utanríkisráðuneytinu eins fljótt og auðið er.

Samningurinn gengur í gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru tveir almanaksmánuðir frá afhendingardegi fullgildingarskjálanna.

7. gr.

Nú vill eitthvert samningsríkja segja upp samningi þessum og skal það þá tilkynna það skriflega norsku ríkisstjórninni, sem skal tafarlaust skýra hinum samningsríkjunum frá tilkynningunni og á hvaða degi hún hafi borizt.

Uppsögnin gildir aðeins fyrir það land, sem upp segir, og öðlast gildi frá næsta 1. janúar eftir að 6 mánuðir minnst eru liðnir frá því er norsku ríkisstjórninni barst uppsögnin.

Þessu til staðfestu hafa umboðsmenn hvers ríkis fyrir sig undirritað þennan milliríkjasamning.



- 100 Gert í Osló hinn 27. ágúst 1949 í einu eintaki á íslenzku, dönsku, finnsku, norsku  
3. nóv. og sænsku. Samninginn skal varðveita í skjalasafni norska utanríkisráðuneytisins, sem senda skal staðfest eftirrit hverju hinna samningsríkjanna.

Jónas Guðmundsson.

## LOKABÓKUN

Í sambandi við undirritunina í dag á samningnum milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um gagnkvæma veitingu ellilífeyris, hafa umboðsmenn samningsríkjanna lýst yfir því, sem hér fer á eftir:

Það hefur verið tilætlun samningslandanna að koma á jafnræði með ríkisborgurum hinna landanna og landsins eigin ríkisborgurum að því er snertir þau framlög, sem af hálfu hins opinbera eru veitt til ellilífeyrisþega.

Þegar um er að ræða lögheimiluð framlög, skulu því framlögin til manna, sem samningurinn nær til, vera þau sömu og til ríkisborgara dvalarlandsins. Þegar um er að ræða uppbætur frá sveitarfélögum, skal sérhvert landanna leitast við að tryggja þeim mönnum, sem samningurinn nær til, einnig slíkar uppbætur.

Til þess að sýna, hve langt samningur þessi nær, hafa hin einstöku lönd skýrt svo frá, að samkvæmt gildandi löggjöf falli undir samninginn þær greiðslur, sem hér greinir:

### Á Íslandi:

- |                                  |   |                              |
|----------------------------------|---|------------------------------|
| 1. Ellilífeyrir .....            | } | Lögboðinn.                   |
| 2. Barnalífeyrir .....           |   |                              |
| 3. Bætur til konu .....          | } | Lögheimilað að nokkru leyti. |
| 4. — til ósjálfbjarga gamalmenna |   |                              |
| 5. Sjúkrasamlagstillag .....     |   |                              |

### Í Danmörku:

1. Ellilífeyrir ásamt eftirfarandi viðbótum samkvæmt almannatryggingalögum: hækkun lífeyris vegna frestunar lífeyristöku, hækkun vegna örorku, hækkun til þeirra, sem eru ósjálfbjarga, makabætur, ekkju- eða ekkilsbætur, hækkun vegna blindu, lífeyrishækkun, hækkun vegna aldurs, fatastyrkur, eldiviðarstyrkur, hækkun vegna barna, persónuleg hækkun.
2. Réttur til upptöku á elliheimili eða í íbúð fyrir lífeyrisþega.
3. Læknishjálp, hjúkrun og umönnun (79. gr.).

### Í Finnlandi:

1. Ellilífeyrir.
2. Lífeyrishækkun, þar með talin hækkun vegna barna samkvæmt 41. og 42. gr. laga um almennan ellilífeyri.
3. Jarðarfararstyrkur.

### Í Noregi:

1. Ellilífeyrir.
2. Makabætur.
3. Barnalífeyrir.
4. Greftrunarstyrkur.

**Í Svíþjóð:****100**

3. nóv.

1. Almennur ellilífeyrir.
2. Staðaruppbót á ellilífeyri.
3. Makabætur.
4. Hækkun vegna blindu.
5. Sérstakur styrkur vegna barna ellilífeyrisþega.

Með orðunum „fjarvera um stundarsakir“ í 3. gr. samningsins er átt við fjarveru, sem ekki er lengri en 4 mánuðir. Þó getur lengri fjarvera talizt fjarvera um stundarsakir, þegar sérstaklega stendur á. Þannig má taka tillit til þess, hve lengi lífeyrisþegi hefur alls dvalizt í dvalarlandinu og hvað það er, sem veldur fjarveru hans.

Samningsríkin eru ásátt um, að lengri dvöl í dvalarlandinu en þau 5 ár, sem nefnd eru í 2. mgr. 3. gr., verði ekki gerð að skilyrði til réttar til ellilífeyris að því er varðar fólk það, sem samningurinn tekur yfir.

Lokaákvæði þessi öðlast gildi um leið og ofangreindur samningur og skulu hafa sömu verkanir og ná til sama tíma og hann.

Þessu til staðfestu hafa umboðsmenn hvers ríkis fyrir sig undirritað þessa lokabókun.

Gert í Osló hinn 27. ágúst 1949 í einu eintaki á íslenzku, dönsku, finnsku, norsku og sænsku. Lokabókunina skal varðveita í skjalasafni norska utanríkisráðuneytisins, sem senda skal staðfest effirrit hverju hinna samningsríkjanna.

**Jónas Guðmundsson.**

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 3. nóvember 1949.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Agnar Kl. Jónsson.*

**FORSETA BRÉF****101**

8. nóv.

**um að reglulegt Alþingi 1949 skuli koma saman til fundar  
mánudaginn 14. nóvember 1949.**

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:*

Ég hef ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að reglulegt Alþingi 1949 skuli koma saman til fundar mánudaginn 14. nóvember n. k.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í dómkirkjunni, er hefst kl. 13.30.

*Gjört í Reykjavík, 8. nóvember 1949.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Stefán Jóh. Stefánsson.*

102

2. nóv.

## AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 47 30. júní 1942,  
fyrir Háskóla Íslands.

Samkvæmt tillögu ráðuneytisins staðfesti forseti Íslands í dag svofellda breytingu á reglugerð nr. 47 30. júní 1942, fyrir Háskóla Íslands:

1. gr.

30. gr., b, orðist þannig:

Til prófs í tannlækningum:

1. Efnafræði: Kennt það sama og í læknisfræði.
2. Líffærafræði: Kennslan er bókleg og lögð sérstök áherzla á lýsingu og gerð tanna og munnsvæðis.
3. Lífeðlisfræði: Kennslan er bókleg og lögð sérstök áherzla á næringarfræði og meltingu.
4. Meinafræði: Kennslan er bókleg. Auk almennrar sjúkdómafræði og sóttkveikjufræði skal lögð rækt við kennslu í sjúkdómafræði tanna og munnhols.
5. Lyfjafræði: Kennslan er bókleg. Auk almennrar lyfjafræði skal lögð sérstök rækt við deyfilyf og sótthreinsandi efni.
6. Handlæknisfræði:
  - I. Almenn handlæknisfræði: Kennslan er bókleg og sameiginleg með læknanemum, er búa sig undir fyrsta hluta læknaprófs.
  - II. Sérhæf handlæknisfræði. Kennslan er bókleg og verkleg.
7. Tannholds- og beinhimnusjúkdómar: Kennslan er bókleg og verkleg.
8. Krónu- og brúargerð, ásamt tannréttingu: Kennslan er bókleg og verkleg.
9. Tannsmíði: Kennslan er bókleg og verkleg.
10. Tannfylling: Kennslan er bókleg og verkleg.

2. gr.

48. gr., B, orðist svo:

Próf í tannlækningum:

Prófinu er skipt í þrennt.

Áður en stúdentinn segir sig til fyrsta hluta prófsins, skal hann hafa lokið undirbúningsprófi í efnafræði.

Prófgreinar í fyrsta hluta tannlæknaprófs eru:

1. Líffærafræði (anatomia).
2. Lífeðlisfræði (physiologia).

Prófið er munnlegt.

Prófgreinar í öðrum hluta tannlæknaprófs eru:

1. Meinafræði (pathologia).
2. Lyfjafræði (pharmacologia).

Prófið er munnlegt.

Prófgreinar í þriðja hluta tannlæknaprófs eru:

1. Handlæknisfræði (chirurgia).
2. Tannholds- og beinhimnusjúkdómar (periodontia).
3. Krónu- og brúargerð og tannrétting.

4. Tannsmíði.  
5. Tannfylling.

102  
2. nóv.

Prófið er munnlegt og verklegt (tvöföld einkunn).

Eigi má líða lengur en þrjú kennslumissiri milli undirbúningsprófs og fyrsta hluta, þrjú kennslumissiri milli fyrsta og annars og sex kennslumissiri milli annars og þriðja hluta. Ef lengra líður á milli, eru undangengnir prófhlutar ógildir. Undanþágu má veita, ef stúdent hefur verið veikur, enda sé það staðfest af lækni háskólans.

Fyrsti og annar hluti embættisprófs í læknisfræði jafngildir fyrsta og öðrum hluta prófs í tannlæknisfræði. Nái stúdent eigi 2. einkunn lakari í handlæknisfræði og tannholds- og beinhimnusjúkdómum, stentz hann eigi prófið.

Þetta birtist hér með þeim, er hlut eiga að máli.

*Menntamálaráðuneytið, 2. nóvember 1949.*

F. h. r.

**Birgir Thorlacius.**

## FORSETA BRÉF

103  
29. nóv.

um breyting á forsetabréfi 11. júlí 1944, um hina íslenzku fálkaorðu.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:*

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra fellst ég á eftirfarandi breytingu á forsetabréfi frá 11. júlí 1944, um hina íslenzku fálkaorðu:

Aftan við 6. gr. bætist:

Keðjan, ásamt stórkrossstjórnunni, er jafnframt æðsta stig orðunnar, og ber stórmeistari það einn íslenzkra manna. Stórmeistari getur sæmt þjóðhöfðingja annarra ríkja þessu stigi orðunnar.

*Gjört í Reykjavík, 29. nóvember 1949.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson.

## AUGLÝSING

## um viðskiptasamning milli Íslands og Frakklands.

Í samningaviðræðum, sem fram hafa farið í París, hafa samninganefndir Íslendinga og Frakka komið sér saman um það, sem hér fer á eftir, fyrir tímabilið 5. október 1949 til 30. september 1950:

1. Fyrir vörur, sem útflutningur er eða verður bannaður á frá Frakklandi og upp eru taldar í hjálögðum lista A, skal franska ríkisstjórnin veita útflutningsleyfi, en íslenska ríkisstjórnin tilsvareandi innflutningsleyfi. Þar sem verðmæti vöruflokka er tilgreint á nefndum lista, skal samanlögð upphæð leyfa eigi vera lægri en verðmæti það, sem tilgreint er.
2. Ríkisstjórn Íslands skal leyfa útflutning til Frakklands á vörum þeim, sem upp eru taldar í hjálögðum lista B, með því magni, sem þar greinir; franska ríkisstjórnin skal veita tilsvareandi innflutningsleyfi.
3. Greiðsla á vörum þeim, sem taldar eru upp í lista B, svo og greiðsla á þeim kostnaði, sem þar af leiðir, skal fara fram með greiðslum inn á opinn reikning í frönkum hjá Frakklandsbanka á nafn Landsbanka Íslands, svo sem ráð er fyrir gert í fransk-íslenska viðskiptasamningnum 15. júní 1946.
4. Fé það, sem greitt er inn á þann reikning, má nota til greiðslu á vörum, sem upp eru taldar í lista A og verða fluttar út frá frankasvæðinu til Íslands, svo og kostnað, sem af þeim kaupum leiðir.
5. a. Í framkvæmd þessa samnings skulu Frakklandsbanki og Landsbanki Íslands reikna með gengi því á frönkum og íslenskum krónum, sem svarar til gengis sterlingspunds í París og Reykjavík.

Gengi sterlingspundsins í Reykjavík skal vera meðalgengi það, sem gildir fyrir þá mynt.

Gengi sterlingspunds í París skal ákveðið í byrjun hvers mánaðar, og skal þá tekið tillit til gengis Bandaríkja-dollars í London og París. Gengi Bandaríkja-dollars í London skal vera hið opinbera gengi þeirrar myntar. Gengi Bandaríkja-dollars í París skal ákvarðað með því að taka meðaltal gengis þeirrar myntar á frjálsum markaði í París yfir ákveðið tímabil. Það gengi skal kallað „samanburðargengi“.

Frakklandsbanki skal tilkynna Landsbanka Íslands hvaða tímabil tekið er til samanburðar til þess að reikna gengi Bandaríkja-dollars í París, svo sem ráð er fyrir gert hér að framan, svo og um aðferðir þær, sem notaðar verða til þess að ákvarða og endurskoða gengi sterlingspunds í París.

- b. Í hvert skipti sem breytt verður gengi sterlingspunds í París, svo sem það hefur verið ákvarðað samkvæmt a-lið hér að framan, skal Frakklandsbanki færa inneign Landsbanka Íslands í frönkum á hinum opna reikningi til samræmis við þá breytingu, sem átt hefur sér stað.
6. Hverju sinni sem innstæðan á reikningi Landsbankans hjá Frakklandsbanka er ekki nægileg til að fullnægja þörf Landsbanka fyrir frankagjaldeyri þá getur hann aukið innstæðu sína með því að láta af hendi við Frakklandsbanka, samkvæmt skilmálum hins síðarnefnda, íslenskar krónur allt að jafngildi 75 millj. franka — eða hvern annan gjaldeyri, sem er eftir samkomulagi þjóðbankanna.

Frakklandsbanki endurselur Landsbankanum gegn frönkum þá upphæð í íslenskum krónum eða öðrum gjaldeyri, sem hann hefur tekið við, eftir því sem upphæðir verða síðar fyrir hendi á reikningi Landsbankans hjá Frakklandsbanka, eftir reglum, sem þjóðbankarnir koma sér saman um.

Krónuupphæðir þær, sem Frakklandsbanki kann að kaupa samkvæmt ofangreindu skulu færast honum til tekna á reikningi er honum verður opnaður hjá Landsbankanum. Ef til þess kæmi, að pundsgenginu í Reykjavík yrði breytt, þá skal Landsbankinn hækka eða lækka upphæðina á reikningnum til samræmis við gengisbreytinguna. 104  
12. nóv.

Samkomulag þetta er undirskrifað af Péttri Benediktssyni, sendiherra fyrir, hönd Íslands og Hervé Alphand, forstjóra viðskiptadeildar franska utanríkisráðuneytisins fyrir hönd Frakklands.

## A-LISTI

## Franskur útflutningur til Íslands.

## Framleiðsla úr dýraríkinu og jurta-ríkinu:

	Verðmæti í milljón frönkum
Niðursuðuvörur	
Nýir ávextir	
Vín og sterkir drykkir .....	40

## Málmar og efnavörur:

Fósfat-áburður	
Kalíáburður	
Sjávarsalt	
Lyf	
Snyrtivörur	
Ljósmyndafilmur	
Kvikmyndafilmur, ólýstar og lýstar	

Raftækjakol	
Ýmsar kemiskar vörur	
Hjólbarðar	

## Timbur og Pappír:

Spónn og krossviður .....	20
---------------------------	----

## Vefnaðarvara:

Bómullargarn

Netagarn

Vefnaðarvara

Prjónles (nærföt, sokkar, efni til kvenhattagerðar o. fl.) .....	50
--	----

## Glervörur:

Vörur úr gleri, einkum rúðugler

Leir og postulínsvörur

## LISTE A

## Exportations Françaises vers l'Islande.

## Produits animaux et végétaux:

	Valeurs en millions de francs
Conserves	
Fruits frais	
Vins et spiritueux .....	40

## Produits minéraux et Chimiques:

Phosphates	
Potasse d'Alsace	
Sel marin	
Spécialités pharmaceutiques	
Articles de parfumerie	
Pellicules photographiques	
Films cinématographiques vierges et impressionnés	
Charbons électro-techniques	
Produits chimiques divers	
Pneumatiques	

## Bois et papiers:

Placages et contreplaqués .....	20
---------------------------------	----

## Articles textiles:

Fils de coton préparés pour la vente au détail	
Fils pour la fabrication des filets de pêche	
Tissus	
Bonneterie .....	50

## Verrerie:

Articles en verre, notamment verre à vitres	
Faïence et porcelaine	

**104 Málmar, vélar og rafmagnsvörur:**  
12. nív.

Járnsmiðavörur	
Járnvörur („Isenkram“) og véla- verkfæri .....	5
Efni til sjómerkja	
Efni til miðstöðvarhitunar	
Vinnuvélar	
Landbúnaðarvélar og varahlutir	
Mótorar	
Netahnýtingavélar	
Fólksbílar, vörubílar, sendiferðabíl- ar, almenningsbílar og varahlutir	60
Úr og úrsmiðavörur .....	5
Ljósmynda og kvikmyndataeki, op- tísk tæki .....	5
Ýmisleg efni til véla og raftækja	
<b>Ýmislegt:</b>	
Nylon-þráður til veiðarfæra	
Reykjarpípur og glysvarningur ....	2
Ýmislegt	

Métaux, matériel mécanique et électrique:	
Produits sidérurgiques	
Quincaillerie, outillage mécanique .	5
Matériel de balisage maritime	
Matériel de chauffage central	
Machines-outils	
Machines agricoles et pieces de rechange	
Moteurs a combustion interne	
Machines a fabriquer les filets de peche	
Automobiles de tourisme, fourgon- nettes, camionnettes, autocars, pieces détachées et accessoires ..	60
Horlogerie .....	5
Appareils photographiques et ciné- matographiques, instruments d'optique .....	5
Matériel mécanique et électrique divers	
<b>Divers:</b>	
Crin nylon pour la peche	
Pipes et articles de Paris .....	2
Divers	

## B-LISTI

## Íslenzkur útflutningur til Frakklands.

Frystur fiskur .....	4.500	smálestir
Harðfiskur .....	300	—
Fryst og söltuð sild ..	1.200	—
Þorskhrogn .....	15.000	tunnur
Síldarlýsi .....	300	smálestir
Ýmislegt svo sem nið- ursoðinn fiskur, þorskalýsi, steinbits- roð, fryst hrogn o. fl.	40 millj.	frankar

## LISTE B

## Exportations Islandaises vers la France.

Poissons congelés .....	4.500 T.
Stockfish .....	300 T.
Harengs congelés ou salés	1.200 T.
Rogue de morue .....	15.000 barils
Huile de hareng .....	300 T.
Divers, notamment conser- ves de poissons, huile de fole de morue, peau de loup marin, rogue con- gelés, etc. ....	40 mill. de Frs.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utarríkisráðuneytið, 12. nóvember 1949.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Agnar Kl. Jónsson.*

## FORSETA ÚRSKURÐUR

um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.

105

6. des.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:*

Samkvæmt 15. gr. stjórnarskrárinnar og tillögu forsætisráðherra set ég hér með eftirfarandi ákvæði um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.:

- I. Forsætisráðherra Ólafur Thors. Undir hann heyra eftirgreind mál: Stjórnarskráin, Alþingi, nema að því leyti sem öðruvísi er ákveðið, almenn ákvæði um framkvæmdastjórn ríkisins, skipun ráðherra og lausn, forsæti ráðuneytisins, skipting starfa ráðherranna, mál, sem varða stjórnarráðið í heild, Þingvallanefnd og mál varðandi meðferð Þingvalla. Enn fremur félagsmál, þar undir alþýðutryggingar, atvinnubætur, vinnudeilur, sveitarstjórnar- og framfærslumál. Félagsdómur. Almenn styrktarstarfsemi, þar undir styrkveitingar til berkla-sjúklinga og annarra sjúklinga, sem haldnir eru langvinnum sjúkdómum, sjúkra-sjóðir, ellistyrktarsjóðir, öryrkjasjóðir, slysatryggingasjóðir, lífsábyrgðasjóðir og aðrir tryggingasjóðir, þar með talið Brunabótafélag Íslands, nema sérstaklega séu undan teknir. Byggingarfélag.
- II. Ráðherra Bjarni Benediktsson. Undir hann heyrir dómaskipun, dómsmál, önnur en félagsdómur, þar undir framkvæmd refsíðma, hegningar- og fangahús, til-lögur um náðun, veiting réttarfarslegra leyfisbréfa, málflutningsmenn, lög-reglumálefni, þar á meðal gæzla landhelginnar, áfengismál, strandmál, sífja-réttarmál, erfðaréttarmál, persónuréttarmál, eignarréttarmál, yfirfjárráðamál, lög um kosningar til Alþingis og kjördæmaskipting, umsjón með framkvæmd alþingiskosninga, ríkisborgararéttur, útgáfa Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs, húsameistari ríkisins, verzlunarmál, sem ekki eru í úrskurði þessum falin öð-urum ráðherrum, þar undir verzlunarskólar. Menntamál, þar undir skólar, sem ekki eru sérstaklega undan teknir, útvarpsmál og viðtækjaverzlun. Barnavernd-armál. Menntamálaráð. Leikhúsa- og kvikmyndamál. Kirkjumál. Enn fremur utanríkismál.
- III. Ráðherra Björn Ólafsson. Undir hann heyra fjármál ríkisins. Þar undir skatta-mál, tollamál og önnur mál, er varða tekjur ríkissjóðs, svo sem ef verzlun er rekin til að afla ríkissjóði tekna. Undirskrift ríkisskuldabréfa, fjárlög, fjár-aukalög og reikningsskil ríkissjóðs, hin umboðslega endurskoðun, embættisveð. Eftirlit með innheimtumönnum ríkisins, laun embættismanna, eftirlaun, lífeyrir embættismanna og ekkna þeirra, peningamál, þar undir peningasláttu. Yfirleitt fer þessi ráðherra með öll þau mál, er varða fjárhag ríkisins eða landsins í heild, nema þau eftir eðli sínu eða sérstöku ákvæði heyri undir annan ráðherra. Hagstofan. Viðskiptamál, þar undir innflutningsverzlun og utanríkisverzlun, önnur en verzlun með sjávarafurðir. Bankar, sparisjóðir, gjaldeyrismál og verðlagsmál (dýrtíðarráðstafanir).
- IV. Ráðherra Jóhann Þ. Jósefsson. Undir hann heyra sjávarútvegsmál, þar undir Fiskifélagið og fiskimálanefnd, sildarútvegsmál (sildarverksmiðjur, sildarút-vegsefnd), utanríkisverzlun með sjávarafurðir. Landssmiðjan. Mælitækja- og vogaráhaldamál. Skipagöngur. Atvinna við siglingar. Stýrimannaskólinn. Skipa-



**107**  
6. des. skoðun ríkisins. Mæling og skrásetning skipa. Vitamál. Hafnarmál. Iðnaðarmál, þar undir iðnskólar, iðnaðarnám, iðnfélög. Eftirlit með verksmiðjum og vélum. Einkaréttarleyfi. Veðurstofan. Ríkisprentsmiðjan. Heilbrigðismál, þar á meðal sjúkrahús og heilsuhæli. Enn fremur flugmál, þar undir flugvallarekstur.

V. **Ráðherra Jón Pálmason.** Undir hann heyra landbúnaðarmál, þar undir ræktunarmál, þar á meðal skógræktarmál og sandgræðslumál, búnaðarfélag, búnaðarskólar, garðyrkjuskólar, húsmæðraskólar í sveitum, dýralækningamál, þjóðjarðamál, Búnaðarbanki Íslands. Enn fremur rafmagnsmál, þar á meðal rafmagnsveitur ríkisins og rafmagnseftirlit. Vatnamál, þar undir sérleyfi til vatnsorkunotkunar, jarðboranir eftir heitu vatni og gufu. Námurekstur. Kaupfélög og samvinnufélög. Atvinnudeild háskólans. Rannsóknarráð ríkisins. Vegamál. Póst-, síma- og loftskýtamál.

Ráðherrafundi skal halda um nýmæli í lögum og mikilvæg stjórnarmálefni. Svo skal og ráðherrafundi halda, ef einhver ráðherra æskir að bera þar upp mál.

Með úrskurði þessum er úr gildi felldur forsetaúrskurður frá 4. febrúar 1947, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl., svo og forsetaúrskurður frá 28. febrúar 1947, um breyting á þeim úrskurði.

*Gjört í Reykjavík, 6. desember 1949.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Ólafur Thors.*

**106**  
14. des.

## AUGLÝSING

um afnám vegabréfsáritana.

Samkomulag hefur náðst við ríkisstjórn Hollands um afnám vegabréfsáritana fyrir íslenska ríkisborgara, sem ferðast vilja til Hollands, og gagnkvæmt, enda sé ekki um lengri dvöl að ræða en 3 mánuði og eigi dvöl í atvinnuskyni.

Samkomulagið gekk í gildi 1. desember 1949.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 14. desember 1949.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Agnar Kl. Jónsson.*

## L Ö G

107

30. des.

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1950 með viðauka.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1950 með 100% viðauka vitagjald, þær aukatekjur ríkissjóðs, sem taldar eru í I.—VI. kafla laga nr. 27 27. júní 1921, stimpilgjald samkvæmt lögum nr. 75 27. júní 1921 og síðari lögum, sem hafa ákvæði um stimpilgjald, leyfisbréfagjöld og lestagjald.

Enn fremur heimilast ríkisstjórninni að innheimta á sama tíma með 50% viðauka eignarskatt samkvæmt 14. gr. l. nr. 6 9. jan. 1935, álagðan á árinu 1950, svo og gjöld til ríkissjóðs samkv. IX. kafla laga nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum, að undanskildum gjöldum samkvæmt 58. gr. laganna, með 200% viðauka.

## 2. gr.

Viðaukann skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundruðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1950.

*Gjört í Reykjavík, 30. desember 1949.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Björn Ólafsson.*

## L Ö G

108

30. des.

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1950.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927 skal árið 1950 heimilt að innheimta af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álagningu, svo og sýningar á íslenskum kvikmyndum.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 30. desember 1949.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Bjarni Benediktsson.*

## L Ö G

## um bæjarstjórn í Húsavík.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Húsavíkurkaupstúrn skal vera kaupstaður og sérstakt lögsagnarumdæmi. Nær umdæmið yfir allan núverandi Húsavíkurhrepp og heitir Húsavíkurkaupstaður.

Umdæmi þetta er hér eftir sem hingað til í alþingiskjördæmi Suður-Þingeyjarsýslu. Þar sem í lögum þessum er talað um kaupstað eða kaupstaðarbúa, er átt við allt hið nýja umdæmi og íbúa þess.

## 2. gr.

Sýslumaður Þingeyjarsýslu er jafnframt bæjarfógeti Húsavíkurkaupstaðar.

## 3. gr.

Verzlunarlóð kaupstaðarins skal vera hin sama og nú er.

## 4. gr.

Málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af bæjarstjórn. Í henni eru kjörnir bæjarfulltrúar, kosnir af bæjarbúum, sem kosningarrétt hafa eftir gildandi lögum.

Bæjarstjórn kýs bæjarstjóra og ákveður laun hans, enda greiðast þau úr bæjarsjóði.

## 5. gr.

Um kosningu bæjarfulltrúa, tölu þeirra og kjörtímabil fer samkv. lögum um sveitarstjórnarkosningar.

## 6. gr.

Bæjarstjórn kýs sér forseta úr flokki bæjarfulltrúa, og stjórnar hann umræðum á fundum og sér um, að það, sem ályktað er, sé ritað í gerðabókina. Fundir bæjarstjórnar skulu fara fram í heyranda hljóði. Einstök mál má þó ræða innan luktra dyra, þegar bæjarstjórn ákveður.

Til þess að lögmæt ákvörðun sé gerð, verður minnst helmingur bæjarfulltrúa að vera á fundi. Atkvæðamagn skal ávallt ráða. Séu jafnmörg atkvæði með og móti, fellur atkvæðisefnið, nema við kosningar, þá ræður hlutkesti. Um kosningu nefnda skal farið samkv. lögum um sveitarstjórnarkosningar.

Það skal kunnbert bæjarbúum, hvar og hvenær bæjarstjórn heldur almenna fundi. Aukafundi má halda, þegar bæjarstjóra þykir nauðsyn til bera eða þegar minnst helmingur bæjarfulltrúa æskir þess. Bæjarstjóri skal á undan fundum skýra bæjarfulltrúum frá, hver málefni koma fyrir. Allir bæjarfulltrúar, sem eru á fundi, skulu rita nöfn sín undir gerðabókina, strax og bókun er lokið, og á sérhver fulltrúi rétt á að fá ágreiningsatriði sitt stuttlega bókað.

Bæjarstjórn setur sjálf fundarskóp sín, en ráðherra staðfestir þau.

## 7. gr.

Framkvæmd ákvarðana þeirra, sem bæjarstjórn tekur, og forstaða bæjarmálefna er á hendi bæjarstjóra, nema þar, sem annað er sérstaklega ákveðið af bæjarstjórn.

Virðist forseta einhver ákvörðun bæjarstjórnar ganga út yfir valdsvið hennar, **109**  
vera gagnstæð lögum eða skaðleg fyrir bæjarfélagið eða miði til að færast undan **30. des.**  
skyldum þeim, er á því hvíla, má hann fella hana úr gildi um sinn með því að  
rita álit sitt um hana í gerðabókina. Um þetta skal hann, svo fljótt sem verða  
má, senda ráðherra skýrslu, og leggur hann úrskurð á málið. Eftirrit af skýrslu  
forseta skal senda bæjarstjórninni, svo að hún geti gert athugasemdir við hana,  
áður en hún fer til ráðherra. Með samþykkt, er ráðherra staðfestir, skal setja  
fastar nefndir til að fara með einstök bæjarmál, og skal í henni kveðið á um skipun,  
verksvið og vald þeirra. Þó má bæjarstjórn fela einum eða fleirum bæjarfulltrú-  
anna framkvæmd einstakra bæjarstarfa eftir reglum, er hún setur um það.

Allir bæjarfulltrúar eru skyldir að taka að sér þau sérstöku bæjarstörf, sem  
þeim eru falin á hendur. Fyrir nefndarmenn kosna utan bæjarstjórnar gilda  
sömu synjunarástæður og starfstímatakmörk og um bæjarfulltrúana.

#### 8. gr.

Í málefnum, er snerta uppeldi og fræðslu barna, hefur formaður skólanefndar  
sæti og tillögurétt á fundum bæjarstjórnar, en atkvæðisrétt því aðeins, að hann sé  
bæjarfulltrúi.

#### 9. gr.

Bæjarstjórn skipar sýslunarmenn bæjarins og veitir þeim lausn.  
Lögregluþjóna og næturverði skipar bæjarstjórn eftir tillögu bæjarfógeta, en  
hann getur veitt þeim lausn án samþykkis bæjarstjórnar.  
Bæjarstjórn gerir tillögur um skipun yfirsetukvenna og sáttanefndarmanna.

#### 10. gr.

Bæjarstjórn ræður byggingarmálum bæjarins, en byggingarnefnd annast fram-  
kvæmd þeirra. Skipa hana bæjarstjóri, sem er formaður hennar, og fjórir menn, er  
bæjarstjórn kýs, tvo úr sínum flokki.

Þyki lóðareiganda eða lóðarhafa rétti sínum hallað með úrskurði bæjarstjórnar  
eða byggingarnefndar, má skjóta honum til ráðherra.

Nú þykir bæjarstjórn rétt, að sett verði fyllri ákvæði um byggingarmál bæjar-  
ins en þá eru í lögum, og má setja þau með samþykkt, er bæjarstjórn semur eftir  
tillögum byggingarnefndar og ráðherra staðfestir.

Í byggingarsamþykkt má ákveða sektir fyrir brot svo og setja reglur um  
greiðslu þess kostnaðar, er ákvæði byggingarsamþykktar hafa í för með sér. Svo  
má og ákveða þar hæfileg gjöld fyrir leyfi þau, sem bæjarstjórn og byggingar-  
nefnd veitir.

#### 11. gr.

Bæjarstjórn ræður hafnarmálum bæjarins samkv. almennum hafnarlögum.

#### 12. gr.

Bæjarstjórn og bæjarstjóri sérstaklega skal hafa nákvæmar gætur á fjárstjórn  
bæjarins og sjá um, að skattar, útsvör og aðrar tekjur séu rétt heimtar og í tækan  
tíma og teknar lögtaki, ef þess þarf með; enn fremur gæta þess, að geymt sé og  
eftir atvikum ávaxtað fé bæjarins, þangað til á því þarf að halda til þess að greiða  
gjöld hans. Bæjarstjórn hefur ábyrgð á innistæðum, skuldabréfum og öðrum eign-  
um bæjarins.

#### 13. gr.

Gjaldkeri skal, þegar þess er krafizt, gefa bæjarstjórninni nákvæma skýrslu,  
er sýni bæði, hvað goldizt hafi í bæjarsjóð og hvað úr honum hafi verið greitt.

**109** Eigi má greiða neitt úr bæjarsjóði nema eftir ávísun bæjarstjóra. Bæjarstjóri ávísar 30. des. útgjöldum kaupstaðarins samkvæmt reglum þeim, sem um það eru settar í samþykktinni um stjórn málefna kaupstaðarins.

## 14. gr.

Fyrir opinber uppboðsþing, sem bærinn lætur halda í sínar þarfir, skal ekkert gjald greiða í rikissjóð.

## 15. gr.

Bæjarstjórninni er skylt að láta rikisstjórninni og hagstofunni í té skýrslur þær, sem beðið er um, svo sem um fólkstölu, skepnuhöld, atvinnuvegi og annað ástand.

## 16. gr.

Bæjarstjórnin má ekki án samþykkis ráðherra takast á hendur neina skuldbindingu til langframa, sem hvílir ekki á henni samkvæmt lögum, ekki taka af innistæðufé bæjarins, ekki selja né veðsetja fasteignir hans né kaupa nýja fasteign, ekki taka stærri lán eða til lengri tíma en svo, að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem í hönd fer, né heldur endurnýja slík lán eða fresta greiðslu þeirra.

## 17. gr.

Þegar við lok hvers reikningsárs skal gjaldkeri semja reikning um tekjur og gjöld bæjarins umliðið ár og senda bæjarstjóra fyrir lok marz mánaðar. Lætur bæjarstjóri reikninginn liggja bæjarbúum til sýnis fimmtán daga á hentugum, auglýstum stað.

Endurskoðendur kaupstaðarins eru tveir, og kýs bæjarstjórn þá hlutfallskosningu. Starf það hafa þeir á hendi í þrjú ár og mega ekki eiga sæti í bæjarstjórn þann tíma. Þeir hafa þóknun úr bæjarsjóði fyrir starfa sinn. Auk reikninga bæjarsjóðs skulu þeir rannsaka reikninga þeirra sjóða og stofnana, sem bæjarstjórn hefur umsjón með. Þeir skulu hafa lokið rannsókn á reikningunum innan mánaðar frá því, er þeir fengu þá á hendur.

Þegar gjaldkeri hefur svarað athugasemdum endurskoðenda. — en það skal hann hafa gert innan fimmtán daga, — skal leggja reikninginn fyrir bæjarstjórn, er úrskurðar hann og veitir gjaldkera kvittun. Þó má enginn taka þátt í úrskurði, er snertir þau störf, er honum hafa verið sérstaklega á hendur falin.

Nú vill reikningshaldari eða annar, sem hlut á að máli, eigi viðurkenna, að úrskurður bæjarstjórnar sé réttur, enda sé honum lögð peningaábyrgð á hendur, og má hann þá skjóta málinu til dómstólanna.

Þegar lagður hefur verið úrskurður á reikning gjaldkera, á að auglýsa ágríp af honum, er bæjarstjóri semji. Á það ágríp að vera svo fullkomið, að í því séu tilgreind aðalatriði í tekjum og gjöldum bæjarins.

## 18. gr.

Fyrir lok septembermánaðar ár hvert skal senda ráðherra reikninga yfir umliðið reikningsár.

Komi það fram, að bæjarstjórn hafi greitt ólögmat gjöld, neitað að greiða gjöld, er hvíla á bænum að lögum, eða á annan hátt ranglega beitt valdi sínu, skal ráðherra gera þær ráðstafanir, er við þarf, og — ef nauðsyn krefur — með lögsoðna koma fram ábyrgð á hendur þeim bæjarfulltrúum, sem átt hafa þátt í þessum ályktunum.

## 19. gr.

Bæjarstjórn semur reglugerð fyrir slökkviliðið, en ráðherra staðfestir hana. Má ákveða sektir fyrir brot gegn ákvæðum reglugerðarinnar, og renna þær í bæjar-sjóð. Með mál út af brotum gegn þeirri reglugerð skal farið sem almenn lögreglumál.

109

30. des.

## 20. gr.

Bæjarstjórn hefur umsjón með öllum þeim fyrirtækjum, er bærinn á eða starf-rækir, en falið getur hún sérstökum mönnum alla nánari stjórn og umsjón stofn-ana þessara.

## 21. gr.

Með samþykkt þeirri, er um getur í 7. gr., má setja nánari reglur um sérhvert atriði í stjórn bæjarins samkvæmt grundvallarreglum þessara laga, þar á meðal ákveða sektir fyrir brot á þeim.

## 22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gerir ráðherra ráðstafanir til, að þau komi þá þegar til framkvæmda.

## Ákvæði um stundarsakir.

1. Hreppsnefnd Húsavíkurhrepps fer með stjórn kaupstaðarins, þangað til bæjar-stjórnarkosningar hafa farið fram.
2. Skipti á eignum og skuldum Suður-Þingeyjarsýslu — svo og ábyrgðarskuld-bindingum — á milli sýslunnar og Húsavíkurkaupstaðar skulu fara fram hið fyrsta. Rísi nokkur ágreiningur, sker ráðherra úr.

*Gjört í Reykjavík, 30. desember 1949.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Ólafur Thors.*

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 61 31. maí 1947,  
um váttryggingarfélög fyrir fiskiskip.

110

30. des.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Aftan við 2. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Bátaábyrgðarfélag það, sem nú starfar í Vestmannaeyjum, er undanþegið ákvæðum þessara laga. Þó skal því skylt að tryggja skip og báta, sem skrásett eru í Vestmannaeyjum og eru innan þeirra stærðartakmarka, sem ákveðin eru í 2. gr. laganna. Einnig skal það háð 22. gr. laganna um aðstoð.

## 2. gr.

Bráðabirgðaákvæði laganna og lög nr. 25 1. apríl 1948, um breyting á lögum nr. 61 31. maí 1947, um váttryggingarfélög fyrir fiskiskip, eru úr gildi numin.

1949

246

110

30. des.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

3. gr.

*Gjört í Reykjavík, 30. desember 1949.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

Jóhann P. Jósefsson.

111

des.

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 8/1944, um breyting á lögum nr. 44/1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í 3. gr. laga nr. 8/1944 færist Bakkagerðishérað aftur fyrir Egilsstaðahérað.

2. gr.

Í stað b-liðar 4. gr. l. nr. 8/1944 koma tveir liðir, svo hljóðandi:

- a. *Selfosshérað:* Villingaholtshreppur, Hraungerðishreppur, Gaulverjabæjarhreppur, Sandvíkurhreppur, Selfosshreppur og Grafningshreppur. Læknissetur að Selfossi.
- b. *Hveragerðishérað:* Ölfushreppur, Hveragerðishreppur og Selvogshreppur. Læknissetur í Hveragerði.

3. gr.

Í stað breytinganna í 6. gr. l. nr. 8 1944 á 43. tölul. 1. gr. laga nr. 44/1932 komi: Síðuhérað verði: Kirkjubæjarhérað.  
Læknissetur á Breiðabólstað á Síðu verði: Læknissetur á Kirkjubæjarklaustri.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1950.

*Gjört í Reykjavík, 30. desember 1949.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

Jóhann P. Jósefsson.

## L Ö G

112

30. des.

um breyting á lögum nr. 98 9. júlí 1941, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Heimildir þær, sem ríkisstjórninni voru veittar með ákvæðum 3. gr. laga nr. 98 9. júlí 1941, sbr. lög nr. 129 29. desember 1947, skulu gilda til ársloka 1950.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1950.

*Gjört í Reykjavík, 30. desember 1949.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

Björn Ólafsson.

## L Ö G

113

30. des.

um breyting á lögum nr. 60 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1950 með 450% álagi gjald samkvæmt lögum nr. 60 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum, nema af gosdrykkjum samkvæmt 1. tölulið 4. kafla 2. gr. laganna, sem henni heimilast að innheimta með 550% álagi, og öli samkvæmt 3. tölulið sama kafla, sem heimilað er að innheimta með 600% álagi.

Hækkun þessi tekur þó ekki til gjalds af kaffibæti samkvæmt 1. lið 3. kafla laganna.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 30. desember 1949.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

Björn Ólafsson.



114  
30. des.

## L Ö G

um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1950.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Til 1. febrúar 1950 er ríkisstjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði til bráðabirgða, í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1949, öll venjuleg rekstrarútgjöld ríkisins og önnur gjöld, er talizt geta til venjulegra fastra greiðslna þess, þótt ákvæðin séu og heimiluð til eins árs í senn.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1950.

*Gjört í Reykjavík, 30. desember 1949.*

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

*Björn Ólafsson.*

115  
30. des.

## L Ö G

um framlengingu heimilda í l. nr. 92 29. des. 1948, um viðauka við lög nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Heimildir þær, sem veittar eru í 1. gr. laga nr. 92 29. des. 1948, tölulíðum 1—6 og 8—13, skulu vera í gildi á árinu 1950.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1950.

*Gjört í Reykjavík, 30. desember 1949.*

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

*Ólafur Thors.*

## L Ö G

116

30. des.

um framlenging á III. kafla laga nr. 100 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Ákvæði III. kafla laga nr. 100 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, skulu gilda til 1. febr. 1950.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 30. desember 1949.*

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

*Björn Ólafsson.*

## L Ö G

117

30. des.

um tekjuskattviðauka 1950.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Auk skatta þeirra, sem í 6. gr. laga nr. 6 1935, sbr. 1. gr. laga nr. 20 1942, og í lögum nr. 21 1942 getur, skal árið 1950 leggja á tekjur ársins 1949 skattaauka samkvæmt eftirfarandi reglum:

Af skattskyldum tekjum lægri en 8000 kr. greiðist enginn skattauki.

Af skattskyldum tekjum yfir 8000 kr., en undir 9000 kr., greiðast 2%.

Af	9—10 þús. kr.	greiðist	20 kr.	af	9 þús. og	4 % af afgangi.
—	10—12	— — —	60	— —	10 — —	5 — — —
—	12—14	— — —	160	— —	12 — —	6 — — —
—	14—17	— — —	280	— —	14 — —	7 — — —
—	17—20	— — —	490	— —	17 — —	8 — — —
—	20—25	— — —	730	— —	20 — —	9 — — —
—	25—30	— — —	1180	— —	25 — —	10 — — —
—	30—40	— — —	1680	— —	30 — —	11 — — —
—	40—100	— — —	2780	— —	40 — —	12 — — —
—	100—125	— — —	9980	— —	100 — —	10 — — —
—	125—150	— — —	12480	— —	125 — —	7 — — —
—	150—200	— — —	14230	— —	150 — —	5 — — —
—	200	— — —	16730	— —	200 — —	— — —

117  
30. des.

2. gr.

Um álagningu, gjalddaga, lögtaksrétt, viðurlög og innheimtu þessa skatts fer að lögum um tekjuskatt og eignarskatt (sbr. lög nr. 20 20. maí 1942, 14. gr. a.).

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 30. desember 1949.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

Björn Ólafsson.



